



Saga Nonna

Ímyndir og aðdráttarafl í Nonnabókum Jóns Sveinssonar

Helga Birgisdóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs
2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar
við doktorspróf í íslenskum bókmenntum

Reykjavík, 29. september 2021

Torfi H. Tulinius
deildarforseti

Doktorsnefnd:
Dagný Kristjánsdóttir, leiðbeinandi
Gunnþórunn Guðmundsdóttir
Sveinn Yngvi Egilsson

Saga Nonna: Ímyndir og aðdráttarafl í Nonnabókum Jóns Sveinssonar

© Helga Birgisdóttir
Reykjavík 2021

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

orcid.org/0000-0001-8043-5546

Ég tileinka ritgerðina tveimur konum:
móðurömmu minni, Helgu Jónínu Dagbjartsdóttur
og föðurömmu minni, Jónínu Sigrúnu Ásgeirsdóttur Kaaber

Ágrip

Saga Nonna fjallar um bernskuminningar Jóns Sveinssonar (1857–1944), Nonnabækurnar svokölluðu, ímyndir aðalsöguhetjunnar og aðdráttarafl bókanna. Nonnabækurnar eru tólf talsins. Sjö þeirra fjalla um bernskuævintýri Nonna og eru þær meginviðfangsefni þessarar ritgerðar. Þær komu út á frummálinu, þýsku, á árunum 1913–1934. Jón Sveinsson kvaddi Ísland fyrir fullt og allt tólf ára gamall, tók kaþólska trú og starfaði innan Jesúitareglunnar alla tíð. Nonnabækurnar nutu gríðarlegra vinsælda víða um lönd og Jón Sveinsson fylgdi þeim eftir með fyrirlestrum um æskuævintýri sín víðs vegar um heiminn.

Í þessari ritgerð eru Nonnabækurnar túlkaðir með því að beita aðferðum sjálfsævisagnafræða. Sýnt er fram á hvernig Nonnabækurnar hverfast um þrjú meginvið, en það eru bernska, þjóðerni og trú. Gerð er grein fyrir lykilhugtökum í barnabókmenntarannsóknum, hugmyndinni um „barnið“ í vestrænu samfélagi ásamt því að gerð er stutt grein fyrir upphafi barnabókaútgáfu. Þessi umfjöllun myndar fræðilegan grundvöll greiningar á Nonnabókunum.

Í ritgerðinni er bæði rannsökuð sjálfsmyndasköpun Jóns Sveinssonar og persónusköpun Nonna. Jón Sveinsson fullyrti að hinn ungi, íslenski Nonni og jesúítinn Jón Sveinsson væru einn og sami maðurinn en í ritgerðinni eru færð rök fyrir að svo sé alls ekki. Í kaflanum „Íslendingurinn“ beinist athyglin að þeim þætti sjálfsmyndarinnar er snýr að uppruninum þar sem landið, þjóðin og norðrið eru í brennidepli. Í „Kaþólikkanum“ beinist athyglin að þeim þætti sjálfsmyndarinnar sem snýr að kaþólskri trú. Hér er staða Nonnabókanna sem kaþólskra barnabóka rannsökuð og það hvernig sögumanni tekst að samþætta hið lútherska upphaf Nonna á Íslandi og hinn kaþólska veruleika í Evrópu. Í „Hetjunni“ er sýnt fram á hvernig Jón Sveinsson sveigir bernskuminningar sínar að hinni gríðarvinsælu ævintýrasagnahefð og mótar Nonna sem hetju, bæði hvað varðar karlmannlegar og trúarlegar dyggðir.

Í lokakafla ritgerðarinnar er fjallað um það tímabil þegar Nonnabækurnar voru á hátindi vinsælda sinna. Rætt er um alþjóðlegar barnabækur og leitast við að meta hvort Nonnabækurnar séu dæmi um slíkar bækur, að í þeim hafi verið búið til hið alþjóðlega barn. Þetta var barn sem allir gátu samsamað sig, sigurvegari og fórnarlamb, hið hæfa barn og hið svikna barn en fyrst og fremst barnið sem alltaf þraukar og lifir af, framandi og spennandi. Þegar Evrópa var í sárum eftir styrjaldir 20. aldar var brýn þörf fyrir slíka sögupersónu, einmitt þessar bækur.

Abstract

The Irresistible North: Image and attraction in the Nonni books by Jon Svensson (*Saga Nonna: Ímyndir og aðdráttarafl í Nonnabókum Jóns Sveinssonar*) revolves around the childhood memories of Jón Sveinsson (1857–1944), the so-called Nonnabækurnar (The Nonni books), the various images of the protagonist as well as the series' various attractive elements which are the main theme of this dissertation. They were published in the original language, German, in the years 1913–1934. Jón Sveinsson left Iceland for good at the age of 12, converted to Catholicism and became a Jesuit priest for the remainder of his natural life. The Nonni books became well-known worldwide and Jón Sveinsson followed up on his success as a writer of children's books and gave lectures on his childhood memoirs around the world.

The Nonni books are analyzed in this dissertation using theories and themes from autobiographical studies or life writing. It is explained how the Nonni books deal with three main areas: childhood, nationality, and religion. Key concepts in children's literature research are discussed, as well as the idea of the *child* in Western society and the origins of publication of children's literature. This discussion forms the theoretical framework for the analysis of the Nonni books.

This dissertation presents a research into the identity creation of Jón Sveinsson and the character creation of Nonni. Jón Sveinsson warranted that the young, Icelandic Nonni and Jón Sveinsson the Jesuit were one and the same person, but here it is argued that this is not the case. The chapter "Íslendingurinn" focuses on the parts of the identity that are connected to the origins, with special emphasis on the homeland, the nation, and the North. In "Kaþólikkinn" the focus is on the elements of the identity that have to do with Catholicism. It researches the status of the Nonni books as Catholic children's literature and how the narrator manages to combine Nonni's Lutheran origins in Iceland and his Catholic life in Europe. In "Hetjan" we see how Jón Sveinsson manages to adapt his childhood memories to the widely popular tradition of the adventure story and portrays Nonni as a hero, with regards to both masculine and religious virtues.

The final chapter discusses the era when the Nonni books were at the height of their popularity, the interwar period, as well as international children's literature and how the Nonni books fit within that tradition. It evaluates whether the Nonni books are an example of this type of literature and if it has succeeded in creating the

international child which allows people to identify with as winners and victims; the capable child, the betrayed child, and primarily the child that endures and survives, always exotic and exciting. These books and this character seem to have been an answer to people's wishes in the aftermath of the 20th century world wars in Europe.

Efnisyfirlit

| | | |
|----------|---|------------|
| 1 | Leiðin heim..... | 11 |
| 1.1 | Um Nonnabækurnar | 13 |
| 1.2 | Fyrri rannsóknir | 19 |
| 1.3 | Markmið og rannsóknarspurning..... | 21 |
| 1.4 | Straumar og stefnur í barnabókmenntarannsóknum..... | 24 |
| 1.5 | Rannsóknir á íslenskum barnabókum | 34 |
| 1.6 | Um Sögu Nonna | 39 |
| 2 | Barnið og bókin | 45 |
| 2.1 | Um barnið..... | 45 |
| 2.2 | Ungur lesandi..... | 47 |
| 2.3 | „Fyrstu“ útgefnu barnabækurnar í Evrópu | 50 |
| 2.4 | Um upphaf barnabóka á Íslandi..... | 55 |
| 2.5 | Skilgreiningarvandi barnabókarinnar | 58 |
| 3 | Íslendingurinn | 69 |
| 3.1 | Sjálfsævisögulegir textar..... | 70 |
| 3.2 | Hin „sanna“ sjálfsævisaga | 72 |
| 3.3 | Draumur um land, þjóð – og sjálf | 88 |
| 3.4 | Ísland, fagra Ísland | 96 |
| 3.5 | Ímyndir Íslendinga í Nonnabókunum | 106 |
| 3.6 | Heima á Möðruvöllum | 120 |
| 4 | Kapólikkinn | 130 |
| 4.1 | Útgáfa kapólska barnabókmennta í Evrópu | 131 |
| 4.2 | Hugmyndafræði kapólskra barnabóka | 136 |
| 4.3 | Persónur í kapólskum anda..... | 151 |
| 4.4 | Saga af trúskiptum..... | 157 |
| 4.5 | Fórnir Nonna | 167 |
| 4.6 | Kapólski trúboðinn frá Íslandi..... | 169 |
| 5 | Hetjan | 172 |
| 5.1 | Barnabækur í stríði og milli stríða..... | 174 |
| 5.2 | Karlmannlegar hetjur..... | 178 |
| 5.3 | Kapólsk hetja | 188 |
| 6 | „Að sigra eða ekki, þar liggur efinn“ | 205 |

| | | |
|----------|---------------------------|------------|
| 6.1 | Öld barnsins | 205 |
| 6.2 | Hinn hæfi Nonni | 208 |
| 6.3 | Svik og sameining | 211 |
| 6.4 | Mikilvæg þemu..... | 214 |
| 7 | Summary..... | 218 |
| 8 | Heimildaskrá | 224 |

Formáli

Ég var eitt af þessum börnum sem spændi upp barnabókahillurnar í bókasöfnunum, las sömu bækurnar aftur og aftur, beið eftir *Bókatiðindum* með öndina í hálsinum fyrir hver jól og byrjaði að lesa barnabækur á ensku og dönsku um tíu ára gömul af einskærri forvitni og sárri þörf á fleiri bókum. Ég fór mjög snemma að lesa bæði unglinga- og fullorðinsbækur en hef aldrei vaxið upp úr barnabókunum. Það er því vel við hæfi að á fullorðinsárum skuli ég hafa sérhæft mig í barnabókmenntafræðum og doktorsritgerðin skuli vera á því sviði en hún fjallar um einhverjar ástsælustu og áhrifaríkustu sögur íslenskra barnabóka, Nonnabækur Jóns Sveinssonar.

Eins og margar doktorsritgerðir á *Saga Nonna* sér langa sögu en sem betur fer er hún afskaplega ánægjuleg. Ég hef unnið að verkinu, með bæði stuttum og löngum hléum og samfara öðrum störfum, námi, barneignum og barnsburðarleyfum, frá vormisseri 2009. Meðan á samningu ritgerðarinnar stóð var ég til að mynda aðjúnkt við Menntavísindasvið, stundakennari við Hugvísindasvið, verkefnastjóri við Háskóla Íslands, íslensku- og umsjónarkennari við Hagaskóla sem og íslenskukennari og brautarstjóri í Tækniskólanum. Ýmsum hlutastörfum gegndi ég einnig, störfum sem á einn eða annan hátt tengjast rannsóknum, greinaskrifum, ritstjórn og fyrirlestrahaldi á sviði barnamenningar og barnabókmennta.

Ég er ánægð með að hafa fengið tækifæri til að afla mér svo víðtækrar starfsreynslu, reynslu sem án efa skilar sér í betri ritgerð. Á svo langri vegferð hafa vitaskuld margir komið að sem ljúft er að minnast og þakka. Ber hér að nefna allt mitt góða samstarfsfólk, sem bæði meðvitað og ómeðvitað, hefur verið mér mikil stoð og stytta. Vil ég sérstaklega þakka samstarfsfólki mínu meðal íslenskumanna á Menntavísindasviði, bæði þeim sem ég vann með við upphaf doktorsnáms míns og þeim sem voru til staðar þegar ég sneri til baka haustið 2020 og lauk þá loks við ritgerðina. Anna Sigríður Þráinsdóttir og Hanna Óladóttir eiga þar mikið þakklæti skilið fyrir vináttu og bæði faglegan og andlegan stuðning sem á sér ótal birtingarmyndir. Vinkonum mínum úr vinnurýminu í Gimli þakka ég jafnframt samfylgdina og Kolfinnu Jónatansdóttur sérstaklega, en við höfum stutt hvor aðra með ráðum og dáð árum saman.

Leiðbeinandi minn við doktorsritgerðina var Dagný Kristjánsdóttir. Kann ég henni betri þakki en ég get nokkru sinni fært í orð fyrir samvinnuna og vináttuna en

hvort tveggja og meira til nær langt út fyrir ramma þessarar ritgerðar. Þau hjónin, Dagný og Kristján Jóhann Jónsson, hafa reynst mér afskaplega vel á alla lund og þakka ég Kristjáni fyrir gagnrýninn og vandaðan yfirlestur. Í doktorsnefndinni voru Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson og var ávallt gott að leita til þeirra. Sveinn Yngvi var jafnframt leiðbeinandi minn í meistararitgerðinni en hann hefur, bæði sem leiðbeinandi og kennari, haft mikil áhrif á mig sem nemanda og fræðimann.

Tvisvar hef ég hlotið styrk til að sinna ritgerðinni. Árið 2010 hlaut ég aðstoðarkennarastyrk frá Háskóla Íslands og árið 2011 fékk ég tveggja ára styrk frá Rannsóknarnámssjóði. Þá ber að geta þess að ritgerðin er að stórum hluta skrifuð í júní yfir nokkurra ára skeið. Júní er mánuðurinn þegar sólin skín, fuglarnir syngja, kennslu er lokið og börn eru enn í leikskóla eða frístundaheimili. Þeir eru ófáir dagarnir þar sem ég hef setið í kyrrð og ró inni í mannlausum vinnuherbergjum skólastofnana og notið þess að fá frið til að skrifa. Júní er því og verður minn uppáhaldsmánuður. Allt þetta hefði þó ekki verið nærri jafn skemmtilegt hefði ég ekki haft gaurana mína þrjá til að lífga upp á lífið og tilveruna. Kærastinn til tveggja áratuga, Ólafur Sólimann, fær mig alltaf til að brosa og synir okkar tveir bæta sífellt gleði og fjöri við lífið.

Allir þeir sem hér hafa verið nefndir lögðu verkinu lið á einn eða annan hátt og það hafa fleiri gert. Sjálf ber ég ábyrgð á því sem aflaga hefur farið.

1 Leiðin heim

Því verður ekki með orðum lýst, hvernig mér var innanbrjósts. Ég elskaði móður mína svo innilega. Ég gat ekki svarað henni fyrir gráti. Tárin streymdu án afláts niður vanga mína.¹

Í *Nonna: Broti úr æskusögu Íslendinga, eigin frásögn* (1922), bernskuminningum Jóns Sveinssonar, er að finna nákvæma lýsingu á því hvers vegna Nonni, tólf ára, kveður móður sína fyrir fullt og allt um borð í skútunni Valdemar frá Rønne. Samkvæmt frásögninni í *Nonna* má drengurinn vart mæla fyrir gráti og tárin streyma linnulaust niður kinnar hans. Þegar mæðginin hafa kvaðst hallar hann sér yfir borðstokkinn og horfir á eftir litlum árabát sigla með móðurina í land.² Mæðginin sáust aldrei frammar en viðskilnaðurinn markar í senn endalok og upphaf; endalok þeirrar tilveru sem Jón Sveinsson þekkti á Íslandi og upphaf lífs hans meðal íbúa á meginlandi Evrópu og kaþólskra manna. Þar gat hann sér síðar frægðar sem mjög vinsæll barnabókahöfundur og einn sá allra þekktasti meðal kaþólikka. Jón Sveinsson var betur þekktur undir gælunafninu Nonni, höfundur Nonnabókanna sem byggjast á bernsku höfundarins og eru viðfangsefni þessarar ritgerðar.

Hér er ekki um ævisögulega rannsókn að ræða en þar sem söguefni höfundar byggist á hans eigin ævi og aðalsögupersónan ber hans nafn er nauðsynlegt að gera grein fyrir honum. Þegar fjallað er um höfund Nonnabókanna í þessari ritgerð er rætt um Jón Sveinsson en gælunafnið Nonni er notað þegar átt er við aðalsögupersónu Nonnabókanna og bókmenntalegan staðgengil Jóns Sveinssonar. Óhjákvæmilega er þó um einhverja skörun að ræða og í ritgerðinni er gerð ítarleg grein fyrir ímyndasköpun Jóns Sveinssonar og tengslum hans við Nonna.

Jón Stefán Sveinsson fæddist 16. nóvember 1857 og ólst upp á Möðruvöllum í Hörgárdal og síðan á Akureyri. Tólf ára gömlum bauðst honum að fara til Frakklands til náms í kaþólskum skóla og það þáði hann. Hann var aðeins þrettán ára þegar hann snerist til kaþólskrar trúar. Að loknu framhaldsnámi gerðist hann kennari við Sankti Andrésarskólann, alþjóðlegan menntaskóla jesútía í Ordrup í Danmörku, og kenndi þar frá árinu 1883 til 1912. Eftir nær þrjá áratugi í starfi lét Jón Sveinsson af störfum sem

¹ Jón Sveinsson, *Nonni*, 90.

² Sama rit, 90–92.

kennari við skólann í kjölfar veikinda.³ Þá byrjaði hann að skrifa af fullri alvöru og árið 1913 kom út á þýsku sagan sem gerði hann frægan, *Nonni: Erlebnisse eines jungen Isländers von ihm selbst erzählt* eða *Nonni: Brot úr æskusögu Íslendinga, eigin frásögn* eins og hún kallast í íslenskri þýðingu frá 1922. Ellefu bækur fylgdu í kjölfar *Nonna* og alls urðu Nonnabækurnar svokölluðu því tólf talsins. Sú síðasta kom út árið 1949, fimm árum eftir lát höfundarins.⁴ Engin þeirra var upphaflega skrifuð á íslensku heldur voru þær ýmist ritaðar á dönsku, þýsku eða frönsku. Upphaf og brot sumra sagnanna er að finna í dagbókum Jóns Sveinssonar og sumar þeirra komu fyrst út, að hluta eða í heild, í kaþólskum tímaritum á meginlandi Evrópu. Allar sögurnar komu hins vegar fyrst út í bókarformi á þýsku hjá útgáfufyrirtæki Jóns Sveinssonar, hinu kaþólska Herder.⁵

Nonnabækurnar slógu rækilega í gegn þegar þær komu út á öðrum og þriðja áratug 20. aldar og Jón Sveinsson fylgdi þeim eftir með fjölda fyrirlestra um æskuævintýri sín víðs vegar um heim. Alls hafa bækurnar verið þýddar á um 30 tungumál frá því þær fyrst komu út og seldar í um sjö milljónum eintaka.⁶ Íslensk börn dáðu sögupersónuna Nonna og það gerðu börn á meginlandi Evrópu líka og hið sama var einnig að segja um börn í Japan og Ameríku. Jón Sveinsson var langþekktasti og áhrifamesti listamaður Íslendinga erlendis á fyrri hluta 20. aldar enda skrifuðu honum fjölmargir landar hans og báðu hann að greiða götu sína í útlöndum, þeirra á meðal Halldór Laxness.⁷ Jón Sveinsson, eða Jon Svensson eins og hann var oft kallaður í Evrópu, lést 16. október 1944 í loftvarnarbyrgi undir St. Franziskus-spítalanum í Köln og var grafinn í Melaten-kirkjugarðinum þar í borg.

Flestir Íslendingar líta á Jón Sveinsson sem Íslending og Akureyring og í þeirra hugum er hann fyrst og fremst höfundur Nonnabókanna og einn helsti barnabókahöfundur Íslendinga þótt hann byggi aðeins á Íslandi lítinn hluta ævi sinnar og kynni hvorki að tala né skrifa lipra íslensku á fullorðinsárum. Bækur hans eru jafnframt meðal fyrstu frumsömdu „íslensku“ barnabókanna þótt enginn þeirra hafi

³ Um þessi veikindi svo og erfiðleika við kennslu og í samskiptum við yfirboðara fjallar Gunnar F. Guðmundsson í *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 279–288.

⁴ Þetta er bókin *Nonni í Japan* en Jón Sveinsson samdi sjálfur fyrstu 39 kaflana í bókinni. Reglubróðir hans og vinur, Hermann Krose, lauk við bókina og nýtti sér dagbækur Jóns Sveinssonar til að létta sér verkið (Freysteinn Gunnarsson, „Inngangur að *Ferð Nonna umhverfis jörðina: Nonni í Japan*,” 5–6).

⁵ Fjallað er sérstaklega um útgáfu kaþólskra barnabóka í Evrópu í kaflanum „Kaþólikkinn“.

⁶ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 7.

⁷ Fjallað er um samskipti Halldórs og Jóns Sveinssonar í bók Halldórs Guðmundssonar, *Halldór Laxness, ævisaga* (2004, 145). Sjálfur fjallar Halldór um kynni sín af Jóni Sveinssyni í greininni „Við Nonni“, 156–172. Gunnar F. Guðmundsson greinir einnig frá kynnum Halldórs og Jóns Sveinssonar (*Pater Jón Sveinsson: Nonni*, sjá einkum 8–9, 310, 314–315, 335–336, 345–346, 351).

verið frumrituð á íslensku, og þær hafa haft mikil áhrif á þróun íslenskra barnabókmennta.⁸

1.1 Um Nonnabækurnar

Bækur Jóns Sveinssonar fjalla um bernsku höfundarins og ferðalög hans, bæði á æsku- og fullorðinsárum, aðalsöguhetjan er ætíð hin sama eða hin sjálfsævisögulega „persóna“ Jóns Sveinssonar, Nonni.⁹ Ekki er vitað til þess að Jón Sveinsson hafi skipað bókum sínum í flokka en hann lagði áherslu á að bækurnar væru ætlaðar öllum heimsins börnum, sama hvaðan þau kæmu eða hværrar trúar þau væru.¹⁰ Sagnfræðingurinn og ævisöguritarinn Gunnar F. Guðmundsson flokkar Nonnasögur (þ.e. heilar bækur og stakar sögur) í fjóra flokka eftir viðfangsefnum þeirra eða þemum: 1) heimspekilegar/siðfræðilegar sögur, 2) kaþólskar helgisögur, 3) spennusögur og 4) ferðasögur. Hann skipar ekki hverri sögu í flokk heldur tiltekur dæmi um sögur í hverjum þeirra.¹¹

Hér er farin sú leið að skipta Nonnabókunum tólf eftir sögutíma þeirra í tvo flokka, bernskusögur og fullorðinssögur, þ.e. þær sem eiga sér stað þegar Nonni er um það bil 8–13 ára gamall og svo hinar sem gerast þegar hann er orðinn fullorðinn maður. Bernskusögurnar sjö eru meginviðfangsefni þessarar ritgerðar enda rannsóknarsvið hennar barnabækur. Jafnframt eru þetta vinsælustu bækur höfundarins og oftast vísað til þeirra þegar talað er um Nonnabækurnar. Þær rúma bernskuminningar Jóns Sveinssonar og í þeim er bókmenntapersónan Nonni mótuð. Fullorðinssögurnar tilheyra annarri bókmenntagrein, ferðasögum, og fjalla um allt aðra persónu, þ.e. hinn fullorðna og þaulreynda rithöfund og jesúíta Jón Sveinsson sem segir sögur af samtíma sínum, ekki fortíð sinni. Í flokk bernskusagna falla:

⁸ Um þetta fjallar Silja Aðalsteinsdóttir í *Íslenskar barnabækur 1780–1979*. Hún helgar Nonna stóran hluta kaflans um bernskuminningar og segir að frá honum sé „prakkarasögurnar“ svokölluðu komnar (110–117). Dagný Kristjánsdóttir skrifar um Nonna í *Bókabörnum* (102–158) og ræðir þar meðal annars frásagnaraðferð bókanna og persónusköpun. Nánar er fjallað um upphaf íslenskra barnabókmennta í 2.4, Um upphaf barnabóka á Íslandi.

⁹ Hugtakið „persóna“ á rætur að rekja til latínu er latneska orðið *persōna* var notað um grímu leikara eða skapgerðartýpu í leik eða opinberu lífi (*Íslensk orðsifjabók*, 707). Hér er því ekki átt við samskonar persónu og til að mynda aðalpersónu bókar eða fyrstu persónu frásögn. (Abrams og Galt-Harpham, *A Glossary of Literary Terms*, 257–258). Carl Gustav Jung nýtti sér þetta latneska orð í hugtakasmíð sinni og lagði áherslu á að persóna væri sú gríma – ímynd – sem maður vill sýna öðrum út á við og er því sú sama og maður sjálfur – án þess þó að sýna allt eða segja frá öllu (sjá til dæmis Jung, *Four Archetypes: Mother, Rebirth, Spirit, Trickster*, 65–66).

¹⁰ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 128–129.

¹¹ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 328–329.

- *Nonni* (þý. 1913, ísl. 1922)
- *Nonni og Manni* (þý. 1914, ísl. 1925)
- *Á Skipalóni* (þý. 1928, ísl. 1928)
- *Sólskinsdagar* (þý. 1914, ísl. 1924)
- *Borgin við Sundið* (þý. 1922, ísl. 1923)
- *Ævintýri úr Eyjum* (þý. 1927, ísl. 1927) og
- *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* (þý. 1934, ísl. 1956)

Sögusvið bernskusagnanna er ýmist Ísland eða Danmörk. *Nonni og Manni*, *Á Skipalóni* og *Sólskinsdagar* gerast að öllu leyti á Íslandi áður en Nonni fer að heiman. Þessar þrjár bækur hafa að geyma mislanga sögukafla sem lýsa ævintýrum hins unga Nonna, heima, á öðrum bæjum eða úti í náttúrunni.

Nonni og Hvernig Nonni varð hamingjusamur segja frá því hvernig það atvikaðist að Nonna var boðið til náms í Frakklandi, frá ævintýralegrri og hættulegri sjóferð til Danmerkur og fyrstu dögum Nonna í Kaupmannahöfn. Þar lýkur *Nonna* en *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* tekur síðan upp þráðinn þar sem frá var horfið og segir frá því hvað varð til þess að Nonni tók kaþólska trú í Kaupmannahöfn og svo því þegar hann fær að halda ferð sinni áfram til Frakklands, móttökunum sem hann fékk í kaþólska skólanum í Amiens, skólagöngu hans og svo loks því þegar Manni, yngri bróðir hans, er sendur á eftir bróður sínum og þeir sameinast í Frakklandi.

Danmörk er sögusvið bókanna *Borgin við Sundið* og *Ævintýri úr Eyjum: Nonni ferðast um Sjáland og Fjón*. *Borgin við Sundið* skiptist í tvær sögur, „Um Kaupmannahöfn þvera og endilanga“ og „Á opnum bát yfir Eyrarsund til Svíþjóðar“. Fyrri sagan segir frá því hvernig Nonna tekst að aðlagast lífinu í Kaupmannahöfn, heimilishaldinu hjá tilsjónarmanninum Hermann Grüder, þar sem Nonni býr á meðan hann bíður eftir því að komast til Frakklands, samskiptum hans við óknyttastráka í Kaupmannahöfn og veru hans í kaþólskum skóla. „Á opnum bát yfir Eyrarsund til Svíþjóðar“ er öllu æsilegri saga en hún fjallar um ferð Nonna og vinar hans, Valdimars, alla leið til Svíþjóðar. Þeir undirbúa ferðalagið vandlega, leggja svo í hann og lenda í ýmsum æsandi ævintýrum, bæði á sjó og landi, og komast að lokum klakklaust heim, reynslunni ríkari. Í *Ævintýri úr Eyjum* ákveða Nonni og Valdimar að fara fótgangandi yfir Sjáland og á ferð sinni lenda þeir í miklum ævintýrum, hitta meðal annars tatara og ferðast með þeim hluta leiðar sinnar. Bókinni lýkur á því að Nonni kveður Grüder og stígur um borð í gufuskip sem flytur hann til Frakklands.

Bækurnar fimm, sem næst eru taldar upp, segja síðan sögu Nonna, sögur og ævintýri sem hinn aldni rithöfundur sagði síðar meir á fyrirlestraferðum sínum um heiminn. Að auki er til í handriti ófullgert verk Jóns Sveinssonar sem fjallar um ferðalag hans frá Danmörku til Frakklands og dvöl hans þar og ber titilinn *Nonni í Frakklandi*.¹²

- *Nonni segir frá* (þý. 1936, ísl. 1952)¹³
- *Yfir holt og hæðir* (da. 1908, ísl. 1954)¹⁴
- *Eldeyjan í Norðurhöfum* (þý. 1933, ísl. 1954)¹⁵
- *Nonni í Ameríku* (þý. 1948/1949, ísl. 1955) og
- *Nonni í Japan* (þý. 1949, ísl. 1956)

Nonni segir frá fjallar um trúboð Jóns Sveinssonar í Danmörku á þeim árum er hann var kennari í Ordrup. Næstu tvær bækur, *Yfir holt og hæðir* og *Eldeyjan í Norðurhöfum*, segja frá Íslandsheimsóknum Jóns Sveinssonar árin 1894 og 1930 og síðustu bækurnar tvær, *Nonni í Ameríku* og *Nonni í Japan* fjalla um heimsreisu hans.

Þrátt fyrir að hafa skrifað mjög mikið um eigin ævi er ýmislegt sem Jón Sveinsson skrifar ekki um. Bækurnar fjalla *ýmist* um drenginn Nonna eða gamla manninn sem leggur land undir fót. Engin Nonnabókanna fjallar um unglínginn Nonna eða unga manninn Jón Sveinsson, nema helst *Nonni segir frá* þar sem hann er fullorðinn kennari og trúboði í Danmörku þótt hann sé óneitanlega líkari öldungi en manni á léttasta skeiði. Saga Nonna er því aldrei öll sögð heldur sett saman úr völdum köflum og á milli þeirra eru eyður, inni í þeim þagnir. Í Nonnabókunum skapar Nonni sjálfan sig og nýtir við þá sköpun valda kafla og valin ár úr ævi sinni. Í ritgerðinni er sýnt hvernig hann skáldar í eyðurnar og hleypur yfir það sem hann kærir sig ekki um að fjalla um. Hann endurfæðist ekki sem fuglinn Fönix heldur sem drengurinn Nonni og um leið ljær hann lífi sínu merkingu og breiðir yfir vonbrigði sín – breytir þeim í sigra og ævintýri og öðlast um leið ótrúlegar vinsældir.

¹² Handrit þetta er á Nonnasafni í Þjóðdeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

¹³ Þessari bók er skeytt saman úr köflum sem áður höfðu birst í tímaritum og blöðum. Útgáfan Herder lét steypa þeim saman í bók.

¹⁴ Þessi ferðasaga kom upphaflega út í dönskum tímaritum, fyrst árið 1895 í *Museum, Tidsskrift for Historie og Geografi* og stuttu seinna í *Nordisk Ugeblad*. Brátt var hún þýdd á ýmis tungumál og á þýsku þegar árið 1895 og birtist þá í tímaritinu *Alte und neue Welt*. Sagan kom út í bókarformi undir titlinum *Et ridt gennem Island* árið 1908 og síðan í þýskri þýðingu árið 1911.

¹⁵ Áður en bókina kom út höfðu kaflar eða hlutar hennar birst í þýsku tímariti, *Kalksberger Korrespondenz*, árið 1930.

1.1.1 Þýðingar Nonnabókanna

Íslenskar þýðingar á Nonnabókunum eru lagðar til grundvallar þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir. Rannsókn þessi er ekki á sviði þýðingarfræða en nauðsynlegt er að gera grein fyrir því hvaðan og úr hvaða tungumálum Nonnabækurnar koma og ekki síður skiptir máli að vita hvaðan íslensku þýðingarnar koma. Þessar upplýsingar varpa til að mynda ljósi á það við hverju íslensk börn tóku þegar þau lásu Nonnabækurnar og hvaðan þær komu í menningarlegu og samfélagslegu tilliti.

Allar íslensku bækurnar eru þýðingar úr þýsku. Á því tungumáli komu þær út hjá Herder, sem var útgáfufyrirtæki Jóns Sveinssonar alla tíð og frumútgáfur allra bóka hans birtust þar. Saga Nonnabókanna er þó fremur flókin vegna þess að þjóðerni höfundar og frásagna er afar snúid. Nonnabækurnar fjalla um æsku höfundarins en söguefnið sækir hann þó líka í íslenskar dagbækur föður síns, Sveins Þórarinssonar. Hann fær þær í hendur á fullorðinsárum og les þar bæði um eigin bernskubrek og annað efni sem hann tekur síðan upp í eigin sögur og gerir stundum að sínum eigin ævintýrum.¹⁶ Ýmislegt annað í Nonnabókunum er fengið úr þekktum sögum sem tilheyra barnabókmenntum af meginlandi Evrópu sem Jón Sveinsson las á ýmsum tungumálum.¹⁷

Þó að Nonnabækurnar hafi verið frumútgefnar sem heildstæð verk á þýsku hafði höfundur unnið að þeim í fjöldamörg ár og sumar birtust upphaflega, að hluta eða í heild, í tímaritum áður en þær voru endursamdar á þýsku og gefnar út á bók. Upphafssagan *Nonni* var til að mynda fyrst samin á dönsku og kaflar úr henni birtust á því tungumáli í tímaritinu *Katholsk ungdom* (Kafólsk æska). Sagan var svo endursamin á þýsku, með miklum erfiðismunum, og gefin út árið 1913¹⁸. Annað dæmi má taka af bókinni *Nonni og Manni* sem er samsteypa tveggja sjálfstæðra sagna, „Nonni og Manni fara á sjó“ og „Nonni og Manni fara á fjöll“. Fyrri sagan kom fyrst út í *Nordisk Ugeblad for Katholske Kristne* (Norrænt vikublað fyrir kafólsk ungmenni, 1914) og sama ár í tímaritinu *Jesuitenkalender* (Dagatal jesúíta). Seinni sagan er frumrituð á þýsku og var fyrst gefin út í köflum í tímaritinu *Die Katholischen Missionen* (Kafólska trúboðið) á tímabilinu janúar-september 1914. Þaðan ratar sagan svo í bókina *Sonntage* eða *Sólskinsdagur*. *Sonntage* er hins vegar samsett úr nokkrum stuttum sögum sem allar

¹⁶ Sjá 3.6.1, Eins og blóm í haga.

¹⁷ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 117–118.

¹⁸ Fjallað er um tungumálakunnáttu og skriftir Nonna í 3.5.2, Tunga hinna glæsilegu forfeðra.

nema ein voru samdar á dönsku og birtust í danska tímaritinu *Varden* (Varðan) á árunum 1905–1913. Árið 1914 voru þær svo gefnar út á bók í þýskri þýðingu.¹⁹

Vegna alls þessa er erfitt að tala um „frumtexta“ Nonnabókanna með nokkurri vissu. Þá er líka vitað að Jón Sveinsson kunnir mörg tungumál en líkast til ekkert þeirra til hlítar. Ritstjórar unnu ítarlega með texta hans og ómögulegt er að skera úr um hvað kom frá honum sjálfum og hvað kom frá þeim.²⁰ Fjallað er um tungumálaörðugleika Jóns Sveinssonar í þessari ritgerð en ekki er fengist við þýðingasamanburð, til dæmis breytingar á orðalagi eða þess háttar.²¹ Það er efni bókanna og „andi“ sem er til umfjöllunar og því ekki gerð grein fyrir breytingum í þýðingum nema þær skipti máli fyrir efni bókanna og viðfangsefni ritgerðarinnar. Þetta á sérstaklega við um fyrstu Nonnabókina og umfjöllun um það þegar Nonni ákveður að gerast kaþólskur, viðhorf til kaþólskra manna svo og þær breytingar sem Jón Sveinsson gerði síðar á fyrri hluta bókarinnar, einkum hvað varðar viðhorf til stríðsrekstrar. Þetta er til umræðu í þeim hluta ritgerðarinnar sem kallast „Kaþólikkinn“.

Æskusagan *Nonni* var þýdd á íslensku árið 1922, nær tíu árum eftir að bókin kom út á þýsku. Fyrstur til að gefa út Nonnabækur á Íslandi var bókbindarinn og bókaútgefandinn Ársæll Árnason (1886–1961). Hann var mikill aðdáandi Nonnabókanna eins og fram kemur í grein sem hann skrifaði um rithöfundinn og birtist í *Eimreiðinni* árið 1920. Þar segist hann meðal annars óska þess að íslenskir lesendur þurfi ekki að bíða lengi eftir að fá bækur séra Jóns Sveinssonar og kveðst „vona að þær fái sömu hlýlegu viðtökurnar hér sem annarstaðar, þó þær geti aldrei selst í jafn mörgum þúsundum eintaka og þær þegar hafa selst í útlöndum“.²² Greinin er hvort tveggja í senn, kynning á Jóni Sveinssyni sjálfum og bókum hans, og þar er jafnframt að finna nokkur textadæmi úr bæði *Nonna* og *Nonna og Manna*, væntanlega í þýðingu Ársæls sjálfs eða séra Árna Sigurðssonar sem upphaflega átti að þýða *Nonna*. Þetta eru þó ekki alfyrstu kynni íslenskra lesenda af *Nonna* litla því að árin 1913 og 1914 birtust brot úr fyrsta kafla *Nonna* í tímaritinu *Vísisdrengnum* sem Einar Gunnarsson gaf út.²³ Ekki

¹⁹ Árið 1927 var *Nonni og Manni* þýdd á ensku og gefin titillinn *Lost in the Arctic: Adventures of Two Boys*. Útgáfufyrirtækið The Catholic Truth Society of Ireland gaf bókina út. Útgáfufyrirtækið er hluti af því sem kallast Catholic Truth Societies og þessi „samfélög“ eða útgáfufyrirtæki er að finna á Englandi, Írlandi, í Bandaríkjunum og Ástralíu.

²⁰ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 293–295.

²¹ Sjá 3.5.2, Tunga hinna glæsilegu forfeðra.

²² Ársæll Árnason, „Jón Sveinsson,“ 352–361.

²³ Um er að ræða upphafskafla *Nonna* þegar drengurinn fær þær fréttir að honum bjóðist að halda til Frakklands í skóla („Nonni eptir sjera Jón Sveinsson“ (a), 2–3 og „Nonni eptir sjera Jón Sveinsson“ (b), 6–8) sem og kaflinn þegar Nonni áttar sig á alvöru þess að yfirgefa fjölskyldu sína en um leið þeim

kemur fram hver þýddi þetta Nonnabrot en líklegt er að þar hafi Freysteinn Gunnarsson verið að verki. Hann þýddi fyrstu heildarútgáfu *Nonna* á íslensku og síðan nær allar Nonnabækurnar sem á eftir fylgdu að *Eldeyjunni í Norðurhöfum* undanskilinni, en Haraldur Hannesson þýddi hana. Magnús Jónsson vann með Freysteini að þýðingu *Nonna og Manna*. Á vegum Bókaverzlunar Ársæls Árnasonar voru gefnar út bækurnar *Nonni* (1922), *Nonni og Manni* (1925), *Á Skipalóni* (1928), *Nonni í Kaupmannahöfn* (1923, fyrri hluti af *Borginni við Sundið*), *Borgin við Sundið: Framhald af Nonna: ný æfintýri* (1923), *Ferðin til Hróarskeldu: Í tatara höndum* (fyrri hluti af *Ævintýri úr Eyjum*, 1927). Síðan varð nokkurt hlé á útgáfu Nonnabóka á íslensku en árið 1948 tók Ísafoldarprentsmiðja við og gaf út ritsafn Jón Sveinssonar í nokkrum útgáfum. Freysteinn Gunnarsson ritaði formála að flestum bókunum. Þar víkur hann stundum að fyrri þýðingum sínum og kveðst litlu hafa breytt fyrir utan að færa stafsetningu og málfar til betri vegar.²⁴

möguleikum sem felast í því að flytjast til útlanda („Nonni eptir sjera Jón Sveinsson“ (c), 9–11) og „Nonni eptir Jón Sveinsson“ (d), 14–16).

²⁴ Sjá til dæmis formála Freysteins Gunnarssonar (7) sem birtist í þriðju íslensku útgáfu *Nonna*. Lauslegur samanburður á nokkrum kaflabrotum *Nonna* staðfestir að mismunandi útgáfur Nonnabókanna á íslensku eru nánast óbreyttar efnislega þótt stundum sé blæbrigðamunur hvað varðar orðalag. Sem dæmi má taka fyrstu blaðsíðuna í *Nonna* eins og hún birtist í fyrstu íslensku útgáfunni 1922 og svo þriðju útgáfunni frá 1958. Þær eru hvað efni, orð og uppsetningu varðar algjörlega eins. Þegar þessi blaðsíða er borin saman við fyrstu blaðsíðuna í þýskri frumútgáfu sögunnar frá 1913 og þriðju útgáfunni á þýsku kemur í ljós að þýðing Freysteins er mjög bókstafleg og víkur lítið sem ekkert frá þýska frumtextanum. Hér eru tekin dæmi af fyrstu línunum *Nonna* sem í þýsku frumútgáfunni, og þriðju íslensku útgáfunni eru svona:

Der 31. Juli 1870 war für mich ein großer Tag. Er follte mir die größte Überraschung bringen, die ich je erlebt habe.

Es war in der friedlichen, reizend gelegenen meinen Stadt Akureyri am Eyjarfjörður in Nord- Island.

Das Wetter war bezaubernd schön. Die ganze seine Stadt war wie gebadet in leuchtendem Sonnenschein.

Draußen auf der Reede, der Stadt gerade gegenüber, lag eine menge fremder Schiffe vor Unter, namentlich dänische, norwegische, englische und französische. (Jon Svansson, *Nonni : Erlebnisse eines jungen Isländers von ihm selbst erzählt* (a), 1)

Íslenski textinn er þýddur nánast orðrétt:

Ekkert hefur komið mér eins á óvart á ævi minni og það, sem kom fyrir mig síðasta júlí 1870.

Sá dagur verður mér lengi minnistæður.

Ég átti heima á Akureyri. Það er lítill og kyrrlátur kaupstaður, sem stendur á ljómandi fallettum stað við Eyjarfjörð á norðanverðu Íslandi.

Veðrið var yndislegt. Allur kaupstaðurinn ljómaði í glitrandi geislahafi.

Úti á höfninni lá fjöldi útlendra skipa við akkeri, þau voru dönsk, norsk, ensk eða frönsk. (Jón Sveinsson, *Nonni: Brot úr æskusögu Íslendinga, eigin frásögn*, 9).

1.2 Fyrri rannsóknir

Bókmenntarannsóknir á Nonnabókunum hafa verið af fremur skornum skammti. Silja Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur í íslenskum barnabókum, helgar Nonnabókunum stóran hluta kaflans „Bernskuminningar“ í bókinni *Íslenskar barnabækur 1780–1970* sem kom út árið 1981 og er eina íslenska barnabókmenntasagan sem gefin hefur verið út. Hún setur Nonnabækurnar í bókmenntasögulegt samhengi og telur þær til prakkarasagna. Silja fjallar einnig um Nonnasögur í greininni „Trú og siðferði í íslenskum barnabókum“ í greinasafninu *Raddir barnabókanna* (1999).

Í umfjöllun um sagnagerð þriðja áratugar síðustu aldar í fjórða bindi *Íslenskrar bókmenntasögu* (2006) ræðir Árni Sigurjónsson um Jón Sveinsson og verk hans í stuttu máli.²⁵ Í bókinni *Eldur á Möðruvöllum I* (2001) skrifar guðfræðingurinn Torfi K. Stefánsson Hjaltalín meðal annars um Nonnabækurnar og ber þær saman við dagbækur Sveins Þórarinssonar amtsskrifara, föður Jóns Sveinssonar, og aðrar samtímaheimildir.²⁶ Gert Kreutzer hefur ritað grein um tengsl Nonnabókanna við Íslendingasagnahefðina (1995) og aðra um hlutverk Jón Sveinssonar sem kennara og trúboða í Danmörku (1995) auk nokkurra smærri greina sem birst hafa í þýska tímaritinu *Island*. Dagný Kristjánsdóttir helgar Jóni Sveinssyni langan kafla í *Bókabörnum: Íslenskar barnabókmenntir verða til* (2015) og hefur haldið fyrirlestra um efnið. Hún fjallar um verk Jóns Sveinssonar í ljósi evrópskra drengjabókmennta og greinir frásagnaraðferð bókanna. Þá er fjallað um Jón Sveinsson, ævi hans og verk, í stuttu máli í *Icelandic Writers* (Íslenskir rithöfundar) sem kom út árið 2004 auk þess sem minnst er á hann í fleiri erlendum yfirlitsritum um íslenska rithöfunda, til að mynda í litháísku bókinni *LinkIslandu literatúra: Eskizai* (Íslenskar bókmenntir: Svipmyndir, 2009).

Nokkuð hefur verið skrifað um ævi Jóns Sveinssonar. Gunnar F. Guðmundsson er höfundur ævisögu Jóns Sveinssonar, *Pater Jón Sveinsson – Nonni* sem kom út árið 2012 og hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðibóka og rita almenns efnis. Bókin er fyrsta íslenska ævisaga Jóns Sveinssonar. Gunnar hefur að auki birt greinar um ævi, störf og verk Jóns Sveinssonar í tímariti kaþólsku kirkjunnar, *Krossinum*.²⁷ Þá

²⁵ Árni Sigurjónsson, „Nokkrir aðrir höfundar,“ 121–124.

²⁶ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Eldur á Möðruvöllum*, 553–576.

²⁷ Greinarnar eru þessar: „Jón Sveinsson og ættjörðin í norðri: Inngangur að bréfum“ (2003); „Nonni fer til náms“ (2006); „Manni og Nonni“ (2007); „Sannleikurinn“ í Nonnabókunum“ (2009). Gagnrýni um

skal nefnd bókin *Nonni og Nonnahús* (1993) eftir Jón Hjaltason þar sem æviferill Jón Sveinssonar er rakinn og fjallað um húsið sem hann ólst upp í á Akureyri og kallað er Nonnahús. Þar hefur lengi verið safn til minningar um Jón Sveinsson og ritverk hans.

Tvær ævisögur Jóns Sveinssonar hafa komið út á erlendum tungumálum, báðar eftir jesúíta. Sú fyrri er á tékknesku og er eftir séra Jan Hrubý, kennara við menntaskóla erkibiskupsstólsins í Prag, *Nonni: Skald z púlnocní výspy* (Skáldið frá landi miðnætursólarinnar, 1939) en sú síðari, *Jón Svensson: Ein Lebensbild „Nonnis“ dargestellt nach seinen Tagebüchern* (Jón Sveinsson: Ævisaga Nonna, byggð á dagbókum hans, 1949), er eftir samverkamann og náinn vin Jóns Sveinssonar, Hermann A. Krose en meginheimildir hans eru sjálfar Nonnabækurnar. Þá samdi systir Maria Mida, bandarísk nunna við Convent of Holy Names, meistaraprófsritgerð um ævi Jóns Sveinssonar sem ber titilinn *Jón Svensson und seine Nonnibücher* (Jón Sveinsson og Nonnabækur hans, 1939).²⁸ Einnig hefur komið út á þýsku yfirlitsverk um ævi og störf Jóns Sveinssonar eftir Brynhildi Pétursdóttur, *Jón Svensson: Nonni. Leben und Werk* (Jón Sveinsson: Líf og verk, 2011). Árið 2019 kom út á þýsku bókin *Im Schatten der Verdammnis: Nonni – sein Weg aus kirchlicher Verengung* (Í skugga fordæmingar: Nonni og vegferð hans undan oki kirkjunnar) eftir Ottmar Fuchs. Þar fjallar höfundurinn á mjög persónulegan hátt um eigin bernsku, barnatrú sína og leið sína að nýrri guðfræði og speglar eigin vegferð í lífi Jóns Sveinssonar. Bókin fylgir mjög nákvæmlega bók Gunnars F. Guðmundssonar, *Pater Jón Sveinsson*, sem kom út í þýskri þýðingu árið 2017. Af ævisögulegum toga er einnig kafli tileinkaður Jóni Sveinssyni í bókinni *Das literarische Feldkirch* (Hin bókmenntalega Feldkirch, 2017) eftir Philipp Schöbi en Jón bjó í Feldkirch og starfaði þar við jesúitaskólann Stella Matutina á árunum 1914–1919.

Í íslenskum dagblöðum hafa einnig birst nokkrar blaðgreinar sem heiðra Jón Sveinsson á merkisafmælum svo og greinar þar sem sagt er frá ævi hans og rifjaðar upp persónulegar minningar um hann og bækur hans.²⁹

bók Gunnars, sjá Helga Birgisdóttir, „Gunnar F. Guðmundsson, Pater Jón Sveinsson – Nonni [ritdómur].“

²⁸ Ritgerðin er aðgengileg á Nonnasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

²⁹ Hér má sem dæmi nefna grein Boga Th. Melsteð í *Ársriti hins íslenska fræðafjelags* (1927), „Sjera Jón Sveinsson, rithöfundur“, sem er skrifuð í tilefni af sjötugsafmæli hans, grein Stefáns Einarssonar, „Jón Sveinsson áttæður“ (1948) og ekki ósvipuð grein eftir Harald Hannesson, „Nonni áttæður“ (*Eimreiðin*, 1937, 413–431). Þá er ótalin grein Bjarna Guðmundssonar, „Minning um Nonna“ (*Eimreiðin*, 1971) og stutt grein Björns Bjarnasonar, „Í minningu Nonna“ (*Börn og menning*, 2007). Um Jón Sveinsson er líka fjallað í nokkrum endurminningabókum, til að mynda *Þau gerðu garðinn frægan* eftir Valtý Stefánsson (1956) þar sem segir frá heimsókn Nonna til landsins árið 1930. Þekkt er grein Halldórs Laxness, „Við

Á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er sérstakt Nonnasafn við hliðina á Íslandssafni. Haraldur Hannesson (1912–1989), hagfræðingur og forstöðumaður bókasafns Seðlabanka Íslands, kynntist ungur Jóni Sveinssyni og skrifaði um hann yfirlitsgreinina „Nonni áttæður“ (1937). Haraldur tók það að sér að safna skriflegum gögnum og öðru sem Jón Sveinsson lét eftir sig og fá það sent til Íslands. Haraldur vann að þessu verki í nokkur ár, skráði og bjó um gögnin. Safnið var fært íslensku þjóðinni að gjöf árið 1987 og hefur síðan verið í vörslu Landsbókasafns Íslands. Þetta safn er stofn Nonnasafnsins. Þá skal haft í huga að í Nonnabókunum sjálfum, inngangsorðum sem þýðendur skrifa, er oft að finna áhugaverðar upplýsingar um rithöfundinn og sögur hans.

1.3 Markmið og rannsóknarspurning

Allt höfundarverk Jóns Sveinssonar fjallar um líf hans sjálfs og staðgengil hans í textanum, Nonna. Því varð ekki hjá því komist að rannsóknin hverfðist um Jón Sveinsson þótt hér sé ekki leitast við að skrifa ævisögu rithöfundarins heldur að rýna í bækur hans. Rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á Nonnabækur Jóns Sveinssonar og í henni felst róttæk endurskoðun á viðteknum sögnum um Jón Sveinsson og barnabækur hans. Flestar sagnirnar eru frá Jóni Sveinssyni sjálfum komnar.

Jón fullyrti að saga Nonna væri sönn og í henni væri lýst ævi hans eins og hún var. Hamingjurík æska hans hefði verið frjáls og glöð og hann verið sannkallað sólskinsbarn. Ein af fyrstu umfjöllunum um Nonnabækurnar á Íslandi tekur trúverðugleika þessa í raun til umræðu. Ársæll Árnason skrifar: „Ætla mætti að maður, sem fer við tólf ára aldur úr fátækum föðurhúsum og elur svo allan sinn aldur meðal mestu menningarþjóða heimsins, þroskast þar og menntast án nokkurra áhrifa að heiman, myndi að miklu leyti gleyma því, sem gerst hefði á æskuárum hans hér. En hið gagnstæða gerist með Jón Sveinsson; hann lítur ekki smáum augum á neitt sem minnið geymir frá æskuárum hans og æskustöðvum.“³⁰

Halldór Laxness afgreiðir bernskuminningar Jóns á fremur kaldhæðinn hátt í greininni „Við Nonni: Nokkrar endurminningar um Jón Sveinsson“ sem birtist fyrst í *Reisubókarkorni* (1950) og síðar í *Af skáldum* (1972) og loks í fyrstu bók skáldævisögu

Nonni: Nokkrar endurminningar um Jón Sveinsson“ sem birtist fyrst í *Reisubókarkorni* (1950), síðan í *Af skáldum* (1972) og loks í *túninu heima* (1975). Þá er ýmsan fróðleik að finna um ævi Jóns Sveinssonar og verk hans í Nonnasafni á Akureyri.

³⁰ Ársæll Árnason, „Jón Sveinsson,“ 353.

sinnar: *Í túninu heima* (1975). Halldór segir þar ekki að Jón Sveinsson geti ekki munað æskuár sín eins og þau voru, engin ástæða sé heldur til þess af því að þeim hafi aldrei lokið. Hann segir: „Jón Sveinsson sagði mér frá því, og hefur einhverstaðar skrifað eða látið hafa eftir sér á prenti, að þessi óvenju mikilfeinglega og glæsilega kona [móðir Jóns Sveinssonar], sem ljósmyndir af henni bera vott um, hún hafi tekið af þessum einlægum og opineygum tólf vetra sveini það loforð, sem í hans huga jafnbrýndi eið, að sá dagur skyldi aldrei yfir hann renna á jörðinni að hann héldi ekki áfram að vera sá tólf vetra sveinn sem hann var á þeim degi er hann kvaddi hana.“³¹

Í *Íslenskri bókmenntasögu IV* fjallar Árni Sigurjónsson um sagnagerð á þriðja áratug 20. aldarinnar og nefnir tvo barnabókahöfunda, Sigurbjörn Sveinsson fyrst og síðan „Jón Sveinsson (Nonna) sem birti þrjár bækur á þessu tímabili, sem verða kannski fremur taldar frásagnir en skáldskapur“.³² Á öðrum stað í sömu bók kallar hann bækur Jón Sveinssonar einnig „frásögur“.³³

Silja Aðalsteinsdóttir ræðir ekki ævisagna- og/eða sannleiksgildi Nonnabókanna í barnabókmenntasögu sinni en segir réttilega að Nonnabækurnar hafi haft mikil áhrif á íslenskar barnabækur og bætir svo við að það hafði „síðan þótt tilvalið að skrifa um prakkarastrik ungra drengja og gáskafull tiltæki og ævintýraleg ferðalög og svaðilfarir“. Arfur Nonna, miðað við það sem segir í barnabókmenntasögunni, virðist því fyrst og fremst tengjast bernskusagna- og prakkarabókahefðinni á Íslandi, strákasögum sem „snúast aðallega um hrekkjabrögð og brellur af ýmsu tagi“.³⁴ Mörg fleiri dæmi mætti nefna um það að Nonnabækurnar séu taldar fallegar og fjörlegar bernskuminningar, einkenni þeirra sé sakleysi og trúverðugleiki höfundar sem nær beinu og ómengdu sambandi við bernskuár sín.³⁵

Í þessari ritgerð er ekki aðeins sannleiksgildi Nonnabókanna og hinn „sjálfsævisögulegi samningur“³⁶ hans dreginn í efa heldur einnig sú mynd sem gefin er af hamingjusamri æsku höfundar. Um leið er sýnt fram á að Nonnabækurnar eru langt frá því að vera raunverulegar minningar um bernskuárin eða „aðeins“ prakkarabækur

³¹ Halldór Laxness, *Í túninu heima*, 157.

³² Árni Sigurjónsson, „Inngangur“, 22.

³³ Árni Sigurjónsson, „Sagnagerð á þriðja áratug aldarinnar“, 121.

³⁴ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 117.

³⁵ Þessi skilningur á verkum Jóns Sveinssonar hélt velli allt fram til sósíalskrar túlkunar Silju Aðalsteinsdóttur í *Íslenskum barnabókum* (110–117) þar sem hulu er lyft af stéttamun sem mótar líf barna á hans tíð. *Ævisaga Nonna, Pater Jón Sveinsson: Nonni*, eftir Gunnar F. Guðmundssonar sem rekur hinn raunverulega æfiferli Jóns Sveinssonar eftir heimildum hefur verið ómetanleg fyrir rannsóknina sem hér liggur fyrir.

³⁶ Um þetta er nánar fjallað í kafla 3.2. hér á eftir.

eða ugluspeglar. Þær eru bókmenntaverk, mótaðar bækur, byggðar á íslenskri bókmenntahefð, evrópskri drengjasagnahefð og í anda kaþólskra barnabóka með boðun kristinnar trúar í huga. Sýnt er fram á að aðdráttarafl bókanna eigi sér djúpar rætur, sem koma í ljós þegar grafist er fyrir um „ævintýrið um Nonna“. Þannig má sjá úr hverju „ævintýrið“ er gert, hvernig það er sett saman og hver markhópur og áhrif þess urðu?

Í ritgerðinni er lögð fram sú rannsóknartilgáta að aðdráttarafl og vinsældir Nonnabókanna byggist fyrst og fremst á bókmenntapersónunni Nonna og jákvæðum boðskap bókanna sem hafi fallið einkar vel að hugmyndafræði fyrri heimsstyrjaldarinnar og áranna á milli stríða. Jón Sveinsson hafi einkum nýtt sér þrjú mikilvæg svið sem sögur hans hverfist um – *bernsku*, *þjóðerni* og *trú*. Í ritgerðinni er því haldið fram að sviðin séu samofin þeirri ímynd sem Jón Sveinsson byggði upp af Nonna í bókum sínum og fjölda fyrirlestra. Þessi ímynd hafi þjónað hagsmunum hans sjálfs og byggist á persónulegum goðsögnum og einsleitri mynd af Íslandi og Íslendingum. Hún hafi vakið áhuga Evrópubúa á árunum á milli stríða og gengið aftur í ótal formum, bæði hér heima og erlendis. Þó að Nonnabækurnar falli ekki, í óbreyttri mynd, að smekk nútímalesenda, hafi meginsviðin þrjú staðist tímans tönn. Þau hafa verið og eru enn afar mikilvæg í barnabókmenntum. Í ritgerðinni er sýnt fram á sterk tengsl þeirra við alþjóðlega barnabókmenntahefð dagsins í dag.

Rannsóknin er byggð á kenningum barnabókafræða um sviðssetningu hins fullorðna höfundar á barninu og bernskunni, sjálfsævisagnafræðum, eftirlendufræðum og nýrri kenningum um hlutskipti barna í alþjóðasamfélagi. Nonni er dæmi um bæði hið kunnuglega og hið framandi. Eins og hið alþjóðlega barn er hann bæði innflytjandi og heimamaður, talsmaður nýlendubúa og nýlenduhera í margvíslegum skilningi. *Saga Nonna* tengir hann þar með við umræðu um fjölþjóðasamfélag samtímans og stöðu barna og barnabóka í því.

Sú saga sem hér er sögð af Nonna er ekki sama sagan og hann sagði sjálfur en ávinningur þessarar rannsóknar er fyrst og fremst sá að varpa nýju ljósi á Nonnabækurnar. Samhliða henni er lagður grunnur að frekari rannsóknum á íslenskri barnabókmenntasögu. Sagan af Nonna hefst með honum en teygir sig allt til dagsins í dag og áhrifa hans gætir enn. Ávinningur rannsóknarinnar felst einnig í því að sýna fram á tengsl bókanna við evrópskar barnabókmenntir, einkum vinsælar ævintýrasögur og kaþólskar barnabókmenntir.

1.4 Straumar og stefnur í barnabókmenntarannsóknum

Nonnabækurnar teljast til barnabóka en eitt megineinkenni þess bókmenntasviðs er að bækurnar eru skrifaðar af fullorðnum fyrir börn. Kynslóðabilið er þannig innbyggður og fagurfræðilegur þáttur sagnanna sem skilja sig frá sögum fyrir fullorðna vegna hins tvíþætta ávarps (e. *address*)³⁷ þar sem tveir lesendur eru til staðar, barnið og hinn fullorðni. Því hefur verið haldið fram að hinn fullorðni „smygli“ sér ætíð inn í verk ætluð börnum og á það afar vel við um höfundarverk Jóns Sveinssonar.³⁸

Lengi þótti ekki ástæða til að rannsaka barnabækur sérstaklega enda voru þær, og eru að sumu leyti enn, álitnar síðri bókmenntir en viðurkenndar fagurbókmenntir ætlaðar fullorðnum auk þess sem saga þeirra er styttri en saga þeirra bóka sem ætlaðar eru fullorðnum. Barnabækur hafa stundum verið settar í flokk með meintum „lágmenningarbókmenntum“, svo sem leynilögreglusögum, ástarsögum og hrollvekjum svo nokkuð sé nefnt.³⁹ Peter Hunt segir þetta ekki koma á óvart þar sem bókmenntir feðraveldisins tróni eftar í stigveldi bókmenntanna og séu kvennabókmenntum æðri en hvort tveggja sé yfirskipað barnabókmenntum.⁴⁰

Í ljósi þessa kemur ekki á óvart að rannsóknir á barnabókmenntum þóttu lengi léttvægari en rannsóknir á bókmenntum fyrir fullorðna. Allir töldu sig geta skrifað um og metið barnabækur og hið sama gilti lengi um kennslu þessa bókmenntasviðs. Árið 1994 sagði Hunt háðskur að úrvinda fræðimenn virtust líta á barnabókmenntafræði sem einskonar hvíld eða athvarf frá „fullorðinsrannsóknum“.⁴¹ Þetta hefur breyst því að barnabókmenntafræði er nú blómstrandi fræðigrein í mörgum háskólum hins vestræna heims og Fiona McCulloch þakkar það ekki síst hversu stórt og breitt bókmenntasvið barnabókmenntir eru og hve fjölbreyttar rannsóknir eru stundaðar undir hatti þess.⁴² Maria Nikolajeva telur þó að enn örlí á því viðhorfi bókmenntafræðinga að barnabækur séu einsleitar og kyrrstæðar bókmenntir. Þeir sem eru þessarar skoðunar gera sér, að

³⁷ Hugtakið „ávarp“ er mikið notað í barnabókmenntafræðum og var fyrst kynnt til sögunnar í bók Barböru Wall, *The Narrator's Voice* (1991).

³⁸ Þetta er eitt helsta umfjöllunarefnið í bók Perrys Nodelman, *The Hidden Adult* (2008).

³⁹ Hughes. „Children's Literature,“ 550; Hunt, „Instruction and Delight,“ 17–19; McCulloch, *Children's Literature in Context*, 140–155.

⁴⁰ Hunt, „Instruction and Delight,“ 17–23.

⁴¹ Hunt, *An Introduction to Children's Literature*, 16–19.

⁴² McCulloch, *Children's Literature in Context*, 141.

mati Nikolajevu, hvorki grein fyrir fjölbreytileika bókmenntasviðsins né þeirri miklu þróun sem hefur einkennt barnabókmenntir og rannsóknir á þeim síðustu áratugi.⁴³

Barnabókmenntarannsóknir eru ungt fyrirbæri og segja má að fyrir 1960 hafi alþjóðlegar rannsóknir á sögum fyrir börn ekki verið til. Í Evrópu einkenndist umfjöllun um barnabókmenntir og ritdómar af ráðleggingum til foreldra, bókavarða og annarra áhugasamra einstaklinga um hvað þeir ættu að kaupa fyrir börnin eða til kennara um það hvernig þeir ættu að hvetja nemendur til að lesa og þróa lestrarvenjur sínar. Varla voru rædd sérstök einkenni barnabóka né heldur fagurfræði þeirra.⁴⁴

Hér á Íslandi voru rit- og útgáfufregnir ráðandi fram yfir miðja 20. öld frekar en bókadómar og voru þeir í sama anda og rætt er um hér að framan. Taka má dæmi af útgáfu bókarinnar *Blómsturkarfan* (*Das Blumenkörbchen*) árið 1869 eftir Christoph von Schmid. P. Pjetursson skrifar í tilefni af útgáfu bókarinnar stuttan pistil sem birtist í *Þjóðólfi*. Hann þakkar húsfrúnni Sigríði Einarsdóttur fyrir að hafa „snúið“ þessum „enska rittlingi á íslenzku“, látið prenta hann og gefið prestekknasjóðnum upplagið. Þá er nákvæm lýsing á stærð og umbroti bókarinnar áður en kemur að dómi: Þetta er „ágæt barnabók, bæði fögur og skemmtileg“ og allur frágangur vandaður. Þá er þess getið að þessi „snotri rittlingur“ sé sérlega vel til þess fallinn að „glæða guðsotta og góðar tilfinningar“.⁴⁵

Akademísk umfjöllun um barnabækur „fæddist“ á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar.⁴⁶ Áhugi á börnum, barnamenningu og barnabókmenntum jókst mjög á þeim árum, ekki síst vegna vaxandi áhuga þjóðfræðinga á leikjum og menningu barna, sagnfræðinga á sögu bernskunnar og kennslufræðinga á þroskasálfræði. Sú bók sem einkum hafði áhrif á fræðilegar rannsóknir á barnabókum var *L'Enfant et la vie familiale sous l'Ancien Régime* (Barnið og fjölskyldulífið á tímum einveldisins, 1960) eftir Philippe Ariès en nánar er greint frá þessu áhrifamikla verki í kafla 2.1, Um barnið.

Kvenfrelsisbaráttan hafði líka áhrif, konur sóttu í auknum mæli út á vinnumarkað og í háskólana og þar af leiðandi bar meira á áhugamálum þeirra þar en áður. Femínísk fræði nutu aukinna vinsælda og virðingar, mikil gróska var í menningarfræðum svo og uppeldis- og menntunarfræðum og margir þeirra fyrstu sem rannsökuðu

⁴³ Nikolajeva, *Børnebogens byggekloster*, 13.

⁴⁴ McCulloch, *Children's Literature in Context*, 140–141; Reynolds, *Children's Literature*, 31–40.

Sjá einnig umfjöllun Karínar Lesnik-Oberstein um upphaf barnabókmenntarannsóknna og viðhorf til þeirra: „Introduction. Children's Literature,“ 1–5.

⁴⁵ P. Pétursson, „Bókafregn í hag prestaekknasjóðnum,“ 191.

⁴⁶ McCulloch, *Children's Literature in Context*, 140–141; Reynolds, *Children's Literature*, 34–37.

barnabókmenntir voru kennslu- og uppeldisfræðingar.⁴⁷ Í Skandinavíu skipti líka miklu máli á áttunda áratug liðinnar aldar að áherslur í bókmenntarýni færðust frá nýrýni yfir í rannsóknir á bókmenntum sem samfélagslegu fyrirbæri – félagslegt raunsæi ruddi sér leið inn í allar bókmenntir og bókmenntafræði.⁴⁸ Allt þetta og fleira átti þátt í að greiða leið barnabókmenntafræða sem í dag eru blómstrandi fræðasvið.

Hægt er að beita ýmsum aðferðum við að flokka og draga fram helstu rannsóknaráherslur á sviði barnabókmenntafræða. Maria Nikolajeva byggir til að mynda umfjöllun sína í bókinni *Børnebogens byggeklodser* (Byggingarefni í barnabókum, 2001) á viðhorfi fræðimannanna sjálfra til bókmenntanna⁴⁹ en algengust er sú aðferð að byrja á „byrjuninni“, þ.e. fyrstu rannsóknunum, og vinna sig svo áfram frá elstu rannsóknum til þeirra yngstu. Meðal helstu og áhrifaríkustu aðferðanna sem beitt hefur verið við að rannsaka barnabókmenntir eru aðferðir sálfræði og sálgreiningar, frásagnarfræði, áhersla á kyn í barnabókmenntum,⁵⁰ viðtökufraði og eftirlendufraði. Á síðustu áratugum hefur orðið vart við aukinn áhuga á hugrænum fræðum,⁵¹ alþjóðafræðum og vistrýni⁵² í tengslum við rannsóknir á barnabókmenntum. Hér er ekki fjallað sérstaklega um allar rannsóknaraðferðir sem tengjast

⁴⁷ Reynolds, „Introduction,“ 123.

⁴⁸ Eriksson, *Life and Fiction*, 26–27.

⁴⁹ Nikolajeva, *Børnebogens byggeklodser*, 13.

⁵⁰ Margar rannsóknir á barnabókmenntum fjalla um málefni tengd kyni og kynhneigð og eiga flestar rætur að rekja til kenninga femínisma. Lissa Paul („Enigma Variations,“ 149) bendir á að akademískur áhugi á barnabókmenntum hafi fyrst komið fram snemma á áttunda áratug síðustu aldar, á sama tíma og kenningar annarrar bylgju femínisma urðu áberandi. Frá tíunda áratug liðinnar aldar er algengara að talað sé um kynjafræði (e. *gender studies*) en femínísk fræði og undir þau falla þá einnig hinsegin fræði og karlafræði (e. *queer studies*, *masculinity studies*) og fjallað er um börn, bæði drengi og stúlkur, sem jaðraða samfélagshópa (Paul, „Feminist Criticism,“ 99).

⁵¹ Hugræn fræði (e. *cognitive science*) hafa verið fyrirferðarmikil í bókmennta- og málvísindarannsóknnum síðustu 30–40 ár. Þau einkennast af því að mál og bókmenntir eru skoðuð með hliðsjón af mannum sem lífheild og reynslu hans í veröldinni. „Hugræn fræði“ eru að vissu leyti regnhlífarhugtak yfir þverfaglegar rannsóknir sem eiga sameiginleg ýmis áhugamál, sjónarhorn og forsendur. Hugræn sálfræði ruddi sér fyrst til rúms upp úr 1980 og vakti áhuga í bókmenntafræði (e. *cognitive literary studies*) um svipað leyti. Fræðimenn á sviði hugrænna bókmenntafræða hafa þróað nýstárlegar rannsóknaraðferðir (Crane, „Cognitive Historicism,“ 15–17; Zunshine, *Introduction to Cognitive Literary Studies*, 1–2; Richardson, „Cognitive Literary Criticism,“ 544–545. Ég bendi á bók Bergljótar Kristjánsdóttur, *Hugraun*, einkum kaflann „Við erum ekki kýr á beit í haga skilnings og þekkingar“ (263–292) til glöggvunar á fræðasviðinu. Í *Reading for Learning: Cognitive Approaches to Children's Literature*, 4, fjallar Maria Nikolajeva um gagnsemi hugrænna fræða við rannsóknir á barnabókmenntum.

⁵² Vistrýni (e. *ecocriticism*) fjallar um samspil bókmennta og náttúru með ýmsum hætti og hefur hún átt miklu fylgi að fagna. Vistrýni er regnhlífarhugtak en ekki ein ákveðin aðferð við að rannsaka bókmenntir. Meðal vistrýna eru skiptar skoðanir um hvaða kenningar og nálgun best sé að nota til að varpa ljósi á viðfangsefnið. Um miðjan tíunda áratug liðinnar aldar komu út fyrstu barnabókmenntarannsóknirnar á sviði vistrýni (Buell, *The Environmental Imagination*, 4; Glotfely, „Introduction: Literary Studies in an Age of Environmental Crisis,“ xviii).

barnabókmenntum heldur einblínt á þær aðferðir og það sem kalla má „fræðilega afstöðu“ sem mestu máli skipta fyrir þessa rannsókn.

1.4.1 Rannsóknaraðferðir og fræðileg afstaða

Rannsóknir á sjálfinu eru undirstaða ýmissa rannsóknaraðferða og hugtök þeim tengd eru notuð víða, til dæmis í eftirlendufræðum og ímyndafræðum. Í þessari rannsókn er það sjálf – þetta „ég“ – sem talar í Nonnabókunum miðlægt rannsóknarefni, einkum í tengslum við kenningar á sviði æviskrifa og sjálfsævisagnafræða, og því sem við kemur sviðsetningunni á Nonna og sjálfum Jóni Sveinssyni sem Íslendingi.

„Ég“, sjálfið og sálin hafa frá fyrstu tíð verið áberandi í rannsóknum á barnabókmenntum. Meðal fyrstu kenninga sem notaðar voru markvisst við greiningu barnabóka voru fræði sem fengust við „innri heim“ barnsins, kenningar sem hafa það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á börnin, efla þroska þeirra og hjálpa þeim um leið til að skilja eigið sjálf. Þetta var einkum gert með kenningum á sviði sálfræði og síðar sálgreiningar.⁵³ Sköpunarþráin og klínískur áhugi fór oft saman. Þess eru dæmi að höfundar barnabóka hafi einnig verið starfandi sálfræðingar eða sálgreinendur.⁵⁴ Þegar langt var liðið á 20. öld höfðu verið gefnar út þó nokkuð margar rannsóknir þar sem blandað er saman aðferðum sálfræði og sálgreiningar og voru barnasálfræðingar höfundar sumra þeirra..⁵⁵

Ein áhrifamesta rannsókn á sviði sálgreiningar og barnabókmenntafræða er bók barnasálgreinandans Brunos Bettelheim (1903–1990), *The Uses of Enchantment: The Meaning and Importance of Fairy Tales* (Álög og töfrar: Merking og mikilvægi ævintýra, 1976). Bettelheim fjallar um ótta, þrá og sköpun barna og ræðir tilfinningalegt og táknrænt mikilvægi ævintýra fyrir börn. Með vísan í klínískar sjúkrasögur heldur Bettelheim því fram að gömlu ævintýrin geti gert börnum kleift að takast á við eigin ótta á táknrænan hátt ef rétt er á spilunum haldið. Ef börn læsu og legðu eigin skilning í þessi ævintýri kæmust þau til aukins þroska og gætu sæst við ótta sinn. Þannig tækju þau út mikilvægan tilfinningaþroska og yrðu betur undir framtíðina búin.⁵⁶ Kenningar

⁵³ Bosmajian, „Psychoanalytical Criticism,“ 86–87; Reynolds, *Children's Literature*, 38–42.

⁵⁴ Þessi áhugi á innra lífi barnsins er áberandi í *The Cool Web: Pattern of Children's Reading* sem kom út 1977. Árið 1981 kom út bók Nicholas Tucker, *The Child and the Book: A Psychological and Literary Exploration* þar sem hann tengir kenningar Jean Piaget um þroska barnsins við barnabókmenntir.

⁵⁵ Nefna má *Narratives of Love and Loss* (1987) eftir Margaret og Michael Rustin.

⁵⁶ Bettelheim, *The Uses of Enchantment*, 17–19, 24, 45–66. Í *Íslenskar barnabækur 1780–1979* fjallar Silja Aðalsteinsdóttir um íslensk ævintýri í tengslum við barnabókmenntir og gerir þar grein fyrir kenningum Bettelheims (sjá einkum bls. 69–72).

Bettelheims um ótta barna og nauðsyn þess að börn takist á við hann, hafa haft mikil áhrif á rannsóknir barnabókmennta. Bettelheim hefur þó verið harkalega gagnrýndur, meðal annars af Jack Zipes⁵⁷ og Mariu Tatar.⁵⁸

Bettelheim byggir rannsóknir sínar á kenningum Sigmunds Freud en bæði kenningar hans og Carls Jung hafa haft mikil áhrif á rannsóknir á barnabókmenntum. Kenningar Jacques Lacan hafa einnig haft áhrif á barnabókmenntarannsóknir og má þá einkum nefna rannsóknir Karenar Coats en bók hennar, *Looking Glasses and Neverlands* (Speglar og ævintýraheimar) kom út árið 2004. Þar beitir hún kenningum Lacans til að ræða fjölda barnabókmenntatexta. Coats er undir miklum áhrifum frá rannsóknum Jacqueline Rose. Bók hennar, *The Case of Peter Pan, or the Impossibility of Children's Fiction* (Mál Péturs Pan eða hinn ómögulegi skáldskapur barna, 1984),⁵⁹ hefur haft mikil áhrif á barnabókmenntarannsóknir. Rose byggir á kenningum sálgreiningarinnar, einkum túlkun Lacans á verkum Sigmunds Freud og telur barnabókmenntir mikilvægar fyrir tilurð sjálfsmyndar barna þar sem sjálfið er búið til í tungumálinu. Tungumál segir hún vera miðil frásagna. Á meðan börn lesa eru þau að læra, gera tilraunir með tungumálið og skapa eigin sjálfsmynd. Sá hluti verks hennar, sem tengist því að í uppbyggingu hinnar skálduðu barnæsku sé að finna langanir og þrjár hinna fullorðnu, hefur haft mikil áhrif. Rose heldur því fram að „barnið“ í barnabókmenntum sé tálsýn sem byggð sé á hugmyndum hinna fullorðnu um hvað þeir vilja að æska sé og tákni.⁶⁰ David Rudd hefur gert kenningar Rose að rannsóknarefni og efast um þá gjá sem hún gerir ráð fyrir að sé milli barna og fullorðinna. Nánar er rætt um hugmyndir Rose og Davids Rudd í kafla 2.5, Skilgreiningarvandi barnabókarinnar, þar sem til rannsóknar er sú rödd eða þær raddir sem heyrast í barnabókum.

Röddin sem talar – persónan á bak við röddina – skiptir miklu máli innan frásagnarfræða sem er vinsæl rannsóknaraðferð innan barnabókmenntafræða. Frásagnaraðferð skiptir vitaskuld miklu máli í barnabókum rétt eins og öðrum

⁵⁷ Zipes hefur víða gagnrýnt Bettelheim og er til dæmis mjög harðorður í garð hans í greininni „On the Use and Abuse of Folk and Fairy Tales with Children“ (1977).

⁵⁸ Maria Tatar fjallar um kenningar Bettelheims og gagnrýnir þær í *Off With Their Heads! Fairy Tales and the Culture of Childhood* (1992).

⁵⁹ David Rudd og Anthony Pavlik ræða áhrif bókar Rose og önnur mikilvæg verk á sviði barnabókmenntarannsóknna sem komu út á níunda áratug liðinnar aldar í „The (Im)Possibility of Children's Fiction,“ (sjá einkum bls. 223–226). Rudd ræðir einnig áhrif kenningar Rose hvað varðar barnabókmenntarannsóknir í „The Development of Children's Literature,“ 8.

⁶⁰ Rose, *The Case of Peter Pan*, 1–2, 9–11.

bókmenntum og tengist flóknum kóðum, hefðum tungumálsins og gefnum hugmyndum okkar um tungumál.

Peter Hunt hefur efast um kosti þess að beita kenningum frásagnarfræði á barnabækur, þar sem frásagnarfræðin sem fræðigreinin byggist á lestri hinna fullorðna á textum fyrir aðra fullorðna og ekki víst að það tengist reynslu barna. Því talar hann fyrir bókmenntakenningum sem hafi sérstöðu barnsins í huga.⁶¹ Frásagnarfræði hefur engu að síður reynst barnabókmenntafræðingum frjór jarðvegur. Grundvallarrit á þessu sviði er *The Poetics of Children's Literature* (Skáldskaparfræði barnabókmennta, 1986) eftir Zohar Shavit. Hún veltir því fyrir sér hvar og hvernig barnabókmenntir falli inn í svokölluð bókmenntaleg fjölkerfi (e. *literary polysystem*) en með því er átt við kerfi stigveldis og skörunar sem skipuleggur og mótar texta á menningarlegum og alþjóðlegum grundvelli.⁶² Samkvæmt Shavit er ósamræmi á milli hins unga lesanda og hins fullorðna og hún kallar texta, sem bæði fullorðnir og börn geta lesið, tvíbenta texta (e. *ambivalent*) og segir þá tilheyra fleiri en einu bókmenntakerfi í senn og þess vegna sé hægt að lesa þá á ólíka vegu af ólíkum lesendahópum.⁶³

Líta má á áhrifamikla rannsókn Barböru Wall, sem birtist í *The Narrator's Voice: The Dilemma of Children's Fiction* (Rödd sögumannsins: Vandkvæði barnabókanna, 1991), sem framhald á rannsókn Shavit. Wall leggur fram sögulegt yfirlit og stillir þannig upp stílfraðilegum viðmiðum til þess að greina barnabækur frá öðrum rituðum verkum. Samkvæmt Wall eru barnabókmenntir bækur sem skrifaðar eru sérstaklega fyrir börn og tala til þeirra og til að geta gert það þarf skilning á því hvað barn sé og hvað greini það á hugrænan, tilfinningalegan og sálfræðilegan hátt frá fullorðnum. Sá hluti rannsóknar Wall sem hefur hlotið mesta athygli er umfjöllun hennar um innbyggðan lesanda barnabókanna, þ.e.a.s. við hverskonar lesanda er talað, og hverskonar ávarp sé að finna í barnabókum. Dagný Kristjánsdóttir nýtir sér kenningar Wall í umfjöllun sinni um Nonnabækur Jóns Sveinssonar og sú umræða er tekin upp síðar í þessari ritgerð þegar spurt er hvaða rödd heyrst og hvernig í Nonnabókunum og hverjir leggi við hlustir.⁶⁴

Lesandinn og/eða hlustandinn er viðfangsefni viðtökufraeða (e. *reader response criticism*) og helstir kennismiða eru Stanley Fish, Wolfgang Iser og Louise

⁶¹ Hunt, „Narrative Theory and Children's Literature,“ 191–192.

⁶² Hugmyndin um bókmenntalegt fjölkerfi fær Shavit frá Itamar Even-Zohar (*Polysystem Studies*, 1990).

⁶³ Shavit, *Poetics of Children's Literature*, 63, 66.

⁶⁴ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 104. Sjá nánari umfjöllun um kenningar Wall um einfalt, tvöfalt og tvíþætt ávarp í barnabókum í 2.5.2, Innbyggðir lesandinn.

Rosenblatt.⁶⁵ Mikilvægi viðtökurannsóknna á sviði barnabókmenntafræða birtist í því hvað þær segja okkur um hinn innbyggða lesanda textans eða um textana sem um ræðir hverju sinni og hvernig börn bregðast við á meðan þau lesa.⁶⁶ Ein fyrsta og áhrifamesta viðtökufraeðirannsókn á barnabókmenntum er sú sem Aidan Chambers birti í greininni *The Reader in the Book* (Lesandinn í bókinni, 1977). Þar styðst hann við hugmyndir Wolfgangs Iser (1974) um innbyggða lesandann (e. *implied reader*) til að sýna að barnabækur skapi slíkan lesanda með því að koma á sérstöku sambandi barnsins við vinalegan sögumann sem veit hvernig á að skemmta börnum en gætir þess jafnframt að þau hagi sér vel.⁶⁷ Kenningar um hinn innbyggða lesanda nýtast vel við rannsóknir á Nonnabókunum, þ.e.a.s. vangaveltur um það hver var hinn innbyggði lesandi höfundar þegar hann mundaði pennann. Voru það ungir eða fullorðnir lesendur sem hann vildi hrífa, leikmenn eða fulltrúar kirkjunnar? Það hefur haft áhrif á það hvernig bækurnar voru skrifaðar og móttöku þeirra og litast af mörgum þáttum sem verða ræddir hér síðar. Fjallað er sérstaklega um hinn innbyggða lesanda í kafla 2.5.2 sem eitt af lykilatriðum við skilgreiningu á barnabókum auk þess sem vangaveltur um hinn innbyggða lesanda liggja sem leiðarstef um alla ritgerðina.

Hinn innbyggði lesandi Nonnabókanna er barn og barnið hefur verið rannsakað sem ein birtingarmynda „hins“ (e. *other*) sem er kúgaður af þeim sem ráða. Í því ljósi kemur ekki á óvart að rannsóknir á barnabókmenntum, eftirlendufræði og kynjafræði tengjast gjarnan, þar sem innan allra þessara fræða er fjallað um undirokaða hópa. Í tilfelli nýlenduvelldanna eru það nýlenduþegnarnir, í tilviki kynjanna eru það konur en í tilfelli barna og barnabóka eru það börnin.⁶⁸

Perry Nodelman var einna fyrstur barnabókmenntafræðinga til að beita kenningum eftirlendufræða á barnabókmenntir og það gerði hann í greininni „The Other: Orientalism, Colonialism, and Children’s Literature“ (Hinn: Óríentalismi, nýlendustefna og barnabókmenntir, 1992). Nodelman tengir kenningar Edwards Said um óríentalisma (*Orientalism*, 1978) við samband hinna fullorðnu og barna í

⁶⁵ Ross Johnston, „Reader Response,“ 133–134; Thompkins, „An Introduction to Reader-Response Criticism,“ x–xi.

⁶⁶ Benton, „Reader-Response Criticism,“ 115–116; Ross Johnston, „Reader Response,“ 135.

⁶⁷ Um mikilvægi Chambers er meðal annars rætt hér: Benton, „Reader-Response Criticism,“ 80; Cocks, „The Implied Reader. Response and Responsibility,“ 93–94; Ross Johnston, „Reader Response,“ 135.

⁶⁸ Eftirlendufræði, barnabókmenntafræði og hugmyndir um „hinn“ eru til rannsóknar í þeim hluta ritgerðarinnar sem ber heitið „Íslendingurinn“. Sjá einkum kafla 3.4, Ísland, fagra Ísland.

barnabókmenntum og heldur því fram að barnabækur séu bókmenntir nýlenduvæðingar þar sem hinir fullorðnu undiroka börnin, tala fyrir þau og misnota þau á margan hátt.⁶⁹

Allt frá útgáfu skáldsögunnar *Robinson Crusoe* (1719)⁷⁰ til dagsins í dag hafa barnabókmenntir um heim allan fjallað um nýlendur, nýlenduhera og nýlenduþegna á ævintýralegan hátt en ekki er mjög langt síðan farið var að beita kenningum eftirlendufræða (e. *post-colonialism*) til að greina og túlka barnabókmenntir. Þá hefur gjarnan verið litið á kynþáttahatur og fyrirlitningu á öðrum kynþáttum en þeim hvíta í barnabókum og þetta er rætt í ritgerðinni í sambandi við nýlendustefnuna sem hafði sín áhrif á Jón Sveinsson á skólaárum hans í Frakklandi og birtist hér og þar í textum hans. Kenningum eftirlendufræða verður beitt í þessari rannsókn enda fjalla Nonnabækurnar á margvíslegan hátt um glötuð heimkynni og leit að heimkynnum.

Vangaveltur um heimkynni, stað sem maður tilheyrir og tungumál er jafnframt viðfangsefni samanburðarrannsókna (e. *comparative studies*). Síðustu áratugi hefur Emer O'Sullivan rannsakað og kynnt samanburðarránnóknir á barnabókmenntum af hvað mestri elju og munar þar mestu um bók hennar *Comparative Children's Literature* (Samanburðarfræði og barnabókmenntir, 2005). Sullivan segir barnabækur ávallt hafa flætt yfir málfræðileg og menningarleg landamæri og að þær hafi frá upphafi þróast út frá alþjóðlegum frekar en þjóðlegum þáttum. Samanburðarbókmenntafræði tengir saman tungumál, svæði og tíma með því til dæmis að rannsaka hvernig einn og sami texti er meðhöndlaður á ólíkum stöðum, tímum og málsvæðum eða hvaða viðtökur hann hlýtur. Þá snúast rannsóknirnar einnig um það hvernig ýmis verk eru löguð að ólíkum stöðum og tímaskeiðum.⁷¹ Í grundvallaratriðum má segja að innan samanburðarbarnabókmenntafræða sé því haldið fram að ekki sé mögulegt að rannsaka (barna)bókmenntir einnar þjóðar með því að einangra þær, þ.e. án þess að taka hinn stóra heim einnig með í reikninginn.

Þegar söguhetjur ferðast á milli staða ferðast þær um leið á milli menningarsvæða, gildiskerfa og persónulegra tengsla. Til að botna í gagnvirkum tengslum rýmis, staðar og sjálfsmýnda í barnabókmenntum hafa fræðimenn meðal annars leitað á náðir eftirlendufræða og útópískra rannsókna (e. *utopian studies*) svo og til rannsókna á sviði

⁶⁹ Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.3, Draumur land, þjóð – og sjálf. Fullyrða má að það sé orðin viðtekin skoðun meðal barnabókmenntafræðinga að fullorðnir tali fyrir munn barna eins og nýlenduhera töluðu fyrir nýlenduþegna. Einnig hefur verið bent á annað grundvallarþema sem sé afar líkt með eftirlendubókmenntum og barnabókmenntum, þ.e. hvernig frásögnin hverfist um „heimilið“ eða missi þessa heimilis. Sjá umfjöllun á þessum nótum í „There's No Place Like Home“ eftir Clare Bradford.

⁷⁰ Fjallað er nánar um *Robinson Crusoe* í kafla 5.2.1, Ævintýrahætja á eyðieyju.

⁷¹ O'Sullivan. 2002. „Comparing Children's Literature,“ 33–42.

alþjóðavæðingar (e. *globalization*) til þess að skilja stöðu barnsins í nútímasamfélagi og til að ná betur utan um svið barnabókmennta. Þetta er viðmið rannsóknarinnar sem hér er lögð fram. Nonnabækurnar eru rannsakaðar í tengslum við íslenskar, evrópskar og kaþólskar barnabókmenntir.

Alþjóðavæðing er hugtak sem notað er yfir flókna blöndu efnahagslegra, menningarlegra, stjórnmálalegra, félagslegra og tæknilegra ferla sem urðu mjög áberandi á seinni hluta 20. aldar. Áhrif þessara ferla ná út yfir þjóðleg og svæðisbundin mörk og hafa sumir ályktað sem svo að rætur alþjóðavæðingar sé að finna í langri sögu heimsvalda- og nýlendustefnu. Hugtakið sjálf var hins vegar ekki á hvers manns vörum fyrr en eftir fall Berlínarmúrsins og lok kalda stríðsins árið 1989.⁷² Orðræða alþjóðavæðingarinnar leggur oft áherslu á alheimsporpið (e. *global village*) þar sem gert er ráð fyrir að öll heimsins börn hafi aðgang að sömu vörum og sömu textum. Staðreyndin er hins vegar sú að dyr alheimsporpsins standa ekki öllum börnum opnar í sama mæli og fer aðgangur þeirra meðal annars eftir efnahagslegum aðstæðum þeirra. Í raun hafa ekki öll börn aðgang að sömu barnabókum við sömu aðstæður, né lesa þau þær við sömu aðstæður eða skilja þær sama skilningi. Þau hafa ekki forsendur til þess.⁷³ Um þetta er nánar rætt síðar í ritgerðinni, einkum í kafla 6.3, Svik og sameining.

Alþjóðavæðingin byggist á nýjum formum pólitískra, efnahagslegra og menningarlegra tengsla en innan þessara tengsla eru andstæður og spennan milli hins einsleita og misleita, samþættingar og sundrunar, samræmis og misræmis, hins alþjóðlega og hins staðbundna. Fyrst og fremst eru þó áhrif alþjóðavæðingar á lönd heimsins mismikil og það eru einnig áhrif hennar á börn og unglina.⁷⁴ Clare Bradford hefur rannsakað sérstaklega hugtakið „þverþjóðleiki“ (e. *transnationalism*) sem hún telur eiga betur við rannsóknir á barnabókmenntum en alþjóðahyggja eða hnattvæðing sem hún segir einblína of mikið á hið sameiginlega og líta fram hjá því sem skilur að fólk, tungumál, þjóðir og lönd.⁷⁵ Hér er tekið undir þessi rök og litið er á sjálf bókmenntapersónunnar Nonna sem þverþjóðlegt, líkt og rætt er í síðasta hluta ritgerðarinnar, „Að sigra eða ekki, þar liggur efinn“.

Eins og Mallan og Bradford benda á snúast barnabækur í grundvallaratriðum um mótun sjálfsmýndar hinnar ungu sögupersónu og leið hennar til aukins skilnings á

⁷² Bradford, „Children’s Literature in a Global Age,“ 24.

⁷³ Bullen og Mallan, „Local and Global,“ 57–58.

⁷⁴ Bradford og Baccolini, „Journeying Subjects,“ 41.

⁷⁵ Bradford, „Children’s Literature in a Global Age,“ 24–25.

heiminum. Flestar barnabækur fjalla jafnframt á einn eða annan hátt um ferðalagið til og frá heimilinu (andlegu eða raunverulegu) og því skipta þemu og minni á borð við ferð, stað og rými miklu máli í barnabókmenntum.⁷⁶ Segja má að barnabókmenntir feti leið á milli staðbundinna/þjóðlegra myndhverfinga og þema og síðan ógrynni mynda og tilvísana sem finna sér leið inn í hið staðbundna við kynni barna af alþjóðlegum fjölmiðlum. Þetta á við um barnabókmenntir nútímans og í ritgerðinni er sýnt fram á tengsl þeirra og Nonnabókanna, með hvaða hætti Nonnabækurnar tengjast barnabókmenntum vorra daga.

Þversögn menningarlegrar alþjóðavæðingar er sú að á annan bóginn sameinar hún ólíka menningarheima, hún eyðir með öðrum orðum staðbundnum þáttum, en á hinn bóginn eflir hún meðvitund okkar um svæðisbundinn mun.⁷⁷ Barnabókmenntir og barnakvikmyndir benda á þverstaður alþjóðavæðingarinnar sem koma fram í spennunni á milli hins staðbundna og hins alþjóðlega og kemur þetta skýrt fram í Nonnabókunum.⁷⁸ Annars vegar virðast margir textar sem eru framleiddir og markaðssettir í hinum vestræna heimi styðja þá skoðun að alþjóðavæðingin fæði af sér menningarlega samheldni og einsleitni. Hins vegar sýna barnabókmenntir einnig fram á mikilvægi hins staðbundna og nostalgíuna sem vaknar ef þessi þrá er bæld.⁷⁹ Í ritgerðinni er fjallað sérstaklega um mikilvægi nostalgíu í Nonnabókunum, í lýsingu á Íslandi og hinni íslensku þjóð.⁸⁰

Í stað þess að líta á hið staðbundna og hið alþjóðlega sem tvo ósamrýmanlega þætti þá tjá barnabækur oft tengslin þar á milli þar sem hugtökin „staður“ og „að tilheyra“ eða „vera staðbundinn“ verða fljótandi þar sem ný tengsl og nýir staðir koma í stað hinna fyrri og stækka jafnvel og auðga þau tengsl sem fyrir voru. Þessi tengsl koma vel í ljós í undirþemum sem er að finna í mörgum barnabókum sem reyna að ræða flókinn samruna andstæðra póla – samfélags og einstaklings, hins persónulega og hins opinbera, fátæktar og auðs, frelsis og flóttu, gamallar og nýrrar tækni svo dæmi séu nefnd. Markmiðum þessara tilrauna til að ná sáttum á milli hins staðbundna og hins alþjóðlega er náð með málamiðlunum sem óhjákvæmilega festa í sessi hin alþjóðlegu viðmið. Nostalgía kemur einnig fram í bókmenntum og tjáir löngun eftir tíma þegar lífið var einfaldara, hægara, og þegar fjölskylda og samfélag voru enn mikilvægari hluti

⁷⁶ Bullen og Mallan, „Local and Global,“ 58.

⁷⁷ Sama rit, 58–61.

⁷⁸ Sjá umfjöllun í 6.2, Hinn hæfi Nonni, og 6.3, Svik og sameining.

⁷⁹ Sjá 3.6.1, Eins og blóm í haga, og 3.6.2, Út í heim.

⁸⁰ Sjá einkum kafla 3.6.1, Eins og blóm í haga.

en nú er við mótun sjálfsmyndar. Þetta skiptir miklu máli í greiningu á Nonnabókum Jóns Sveinssonar, þeirri ímynd sem hann bregður upp af sjálfsævisögulegu sjálfi sínu, Nonna, og hvernig hann talaði til lesenda sinna.

1.5 Rannsóknir á íslenskum barnabókum

Hér á landi hefur lítið verið ritað um barnabækur miðað við nágrannalöndin og fáir fræðimenn hafa sérhæft sig á því sviði. Engu að síður má segja að eftir að barnabækur ruddu sér til rúms og íslenskur barnabókamarkaður varð til hafi Ísland fylgt helstu straumum og stefnum erlendis, bæði hvað varðar barnabókaútgáfu og rannsóknir á þeim. Hér verða nefndar nokkrar rannsóknir á íslenskum barnabókmenntum en enn er hvergi að finna gagnrýnið yfirlit yfir þær. Þó að fræðasviðið sé ekki stórt hér á landi er mikilvægt að öðlast yfirsýn yfir það til að staðsetja þessa rannsókn innan fræðasviðsins.

Eins og á Norðurlöndum, Englandi og í Þýskalandi snerist umfjöllun um barnabækur í blöðum og tímaritum lengi um það hvað börn ættu að lesa svo og bókadóma sem ætlað var að aðstoða fólk við að velja bestu bækurnar fyrir börnin.⁸¹ Fáar bækur voru gefnar út fyrir börn og sumir viðurkenndu að erfitt væri að setja sig í spor þeirra. Þetta er áhyggjuefni ónefnds greinarhöfundar árið 1895 sem fjallar um nauðsyn barnabóka og hversu erfitt sé að semja þær. Tilfni hugleiðinganna er íslensk útgáfa á *Dæmisögum Esóps*:⁸²

Rit þetta hefir verið álitid allmerkilegt, og sérstaklega mun það vera hentugt, sem barnabók. – Þeirra er mikil þörf hér á landi, því að vér höfum engar góðar barnabækur, fyrir utan stafrófskverin, sem eru þó ekki eins og vera ætti. – Allar tilraunir, sem gerðar hafa verið hér á landi til að gefa út bækur handa börnum, hafa farið út um þúfur; bækurnar hafa verið lítt brúklegar. Þetta kemur til af því, að svo fáir þekkja hugsunarhátt barnanna.⁸³

Áhyggjur af þessu tagi eru aðallega settar fram í tengslum við umfjöllun um fræðandi bækur og kennslubækur eins og gert er í *Ísafold* í mars 1889 en þar er einnig minnst á skortinn á barnabókum: „... það eru vandræði, þegar þau eru farin að geta lesið. Það eru vandræði þegar börn eru að biðja um einhverja bók til að lesa, að verða allt af að svara: hún er ekki til, ekki við þitt hæfi, greyið.“⁸⁴ Þetta má þó ekki skilja svo að börn

⁸¹ Sjá einnig Reynolds, *Children's Literature*, 38–41.

⁸² Eftir því sem ég kemst næst er þessi útgáfa *Dæmisagna Esóps* sú fyrsta sem gefin var út íslensku en þýðandi var Steingrímur Thorsteinsson (1831–1913).

⁸³ „Nýtt rit,“ *Fjallkonan*, 1895, 187.

⁸⁴ „Kennslubækur og önnur kennsluáhöld,“ *Ísafold*, 1898, 45.

hafi ekki haft neitt að lesa. Um og eftir miðja 19. öld varð sífellt meira til af kennsluefni fyrir börn og þar flæddi gjarnan saman gagn og gaman. Þýðingar á klassískum barnabókum eins og *Dæmisögum Esóps* fjölgaði einnig ár frá ári.⁸⁵

Fyrir 1930 höfðu fáar frumsamdar íslenskar barnabækur verið gefnar út. Samkvæmt yfirliti Silju Aðalsteinsdóttur í *Íslenskum barnabókum* voru gefnar út á bilinu 0–5 frumsamdar íslenskar barnabækur ár hvert frá 1900–1930.⁸⁶ Eftir 1930 fór þeim að fjölga nokkuð hratt enda sköpuðust þá forsendur fyrir sérstökum barnabókamarkaði hér á landi. Þessar breytingar komu ekki til af engu. Samfélagið var að breytast, fólk flyktist úr sveitum í þorp og bæi við sjávarsíðuna sem hafði í för með sér ný barnasamfélög og ný uppvaxtarskilyrði.⁸⁷

Börn og barnamenning nutu meiri athygli en áður eins og sýnir sig til að mynda í auknum áhuga skólamanna, bókafélks og barnavina á skólanum sem birtist mjög skýrt í umræðum og deilum um Austurbæjarskólann í Reykjavík sem tók til starfa árið 1930.⁸⁸ Á þeim tíma var mikil gerjun í menntamálum á Íslandi og sagnfræðingurinn Loftur Guttormsson heldur því fram að kalla megi tímabilið 1925–1940 vakningartíma í íslenskum uppeldis- og menntunarmálum.⁸⁹ Þetta hafði bæði bein og óbein áhrif á barnabókmenntir og umræðu um þær. Um 1935 hófst svo það sem Silja Aðalsteinsdóttir kallar „gullöld“ íslenskra barnabóka – fleiri og betri íslenskar barnabækur voru gefnar út en nokkru sinni fyrr og margir höfundanna voru kennarar við hinn framsækna Austurbæjarskóla. Umræða um barnabækur jókst líka þótt hún einkenndist sem fyrr af áhyggjum af skorti á viðeigandi lestrarefni og foreldrar voru hvattir til að vera gagnrýnir varðandi það lesefni sem börnunum þeirra stóð til boða.⁹⁰

Umfjöllun í blöðum og tímaritum jókst eftir því sem leið á 20. öld og fyrstu rannsóknir á lestarvenjum íslenskra barna voru gerðar snemma á áttunda áratug aldarinnar.⁹¹ Upp úr miðri öld var almennt farið að veita bókmenntum minnihlutahópa meiri athygli en áður, þar á meðal bókmenntum barna og kvenna. Hér á Íslandi hafði

⁸⁵ Christensen, *Videbegær*, 21–53; Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 51–66.

⁸⁶ Erfitt er að segja til um nákvæman fjölda frumsaminnna íslenskra barnabóka á tímabilinu en líkast til eru þær á bilinu 15–30 (Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 242).

⁸⁷ Dagný Kristjánsdóttir, „Frá Laugamýri til Lundúna,“ 564–565; Dagný Kristjánsdóttir, *Öldin öfgafulla*, 133; Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 149.

⁸⁸ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 149–151.

⁸⁹ Loftur Guttormsson, „Náms- og kennsluhættir,“ 219–222.

⁹⁰ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 192–193.

⁹¹ Þetta voru bækur Símonar Jóh. Ágústssonar, *Börn og bækur I og II*, sem komu út á árunum 1972–1976 og segja frá niðurstöðum könnunar á lestri og lestrarvenjum barna. Þar er um að ræða fyrstu undirstöðurrannsókn sem gerð hefur verið á lestrarvenjum íslenskra barna.

kvenréttindabaráttan mikil áhrif eins og víðar, ekki síst stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar sem barðist bæði fyrir konur og börn. Árið 1971 tók meira að segja hópur í Kvenréttindafélagi Íslands, Úrnar svokölluðu, sig til, las bækur á jólamarkaði og gaf út leiðbeiningar handa foreldrum og öðru áhugafólki.⁹² Á áttunda áratugnum var síðan farið að kenna barnabókmenntir við Háskóla Íslands. Fljótlega fóru nemendur að skrifa BA-ritgerðir og MA-ritgerðir á sviði barnabókmennta og ekki leið á löngu þar til fyrstu akademísku ritin og greinarnar á sviði íslenskra barnabóka komu út.

Árið 1974 lauk Silja Aðalsteinsdóttir við kandidateitritgerðina *Þjóðfélagsmynd íslenskra barnabóka: Athugun á barnabókum íslenskra höfunda á árunum 1960–1970*, undir handleiðslu Sveins Skorra Höskuldssonar sem hafði kennt barnabókmenntir við Háskóla Íslands. Árið 1976 kom ritgerðin út í bókarformi og er þetta fyrsta útgefna fræðilega ritið á sviði íslenskra barnabókmennta. Í bókinni eru teknar til athugunar alls 159 bækur, gefnar út á árunum 1960–1970, og er ætlunin að „athuga hvaða mynd íslenskar barnabækur gefa af íslensku þjóðfélagi“.⁹³ Bókunum er skipt í þrjá flokka eftir söguhetjum, þ.e. blandaðar bækur, drengjabækur og stúlknabækur. Því næst var „íhuga[ð] kerfisbundið hvaða upplýsingar ætti að fá úr bókunum“⁹⁴ með því að nýta atriðaskrá með fimmtán atriðum. Bókinni er skipt í fimmtán kafla auk eins kafla með upplýsingum um höfunda bókanna og lokakafla sem hefur að geyma niðurstöður. Meðal einstakra kafla má nefna 4) Umhverfi, 7) Skóli, menntun, framtíðardraumar og 13) Þjóðernisstefna, afstaða til annarra þjóða og kynþátta.

Hér er um samanburðarrannsókn að ræða þar sem megináhersla er lögð á samfélagslega hlið sagnanna sem til athugunar eru, hvaða mynd sögurnar gefa af samfélaginu og hvaða skilaboð þær senda ungum lesendum, en bestar þykja Silju þær bækur sem fjalla um raunveruleikann, reyna að skýra hann og taka börn alvarlega. Því miður sé meginþorri íslenskra barnabóka þessa tímabils dæmigerðar afþreyingarsögur þar sem veröld barnsins er stöðnuð óskaveröld.⁹⁵

Næsta bók Silju er fyrsta og til þessa dags eina íslenska barnabókmenntasagan sem samin hefur verið. Bókin spratt að nokkru leyti upp úr námskeiði í barnabókmenntum sem hún kenndi haustið 1977 en eins og fram kemur í inngangi

⁹² [án höf.], „Barnabækur,“ 30

⁹³ Silja Aðalsteinsdóttir, *Þjóðfélagsmynd íslenskra barnabóka*, 9.

⁹⁴ Sama rit, 13, 35.

⁹⁵ Sama rit, 35, 124–127.

bókarinnar á verkið sér þó dýpri rætur.⁹⁶ Verkið vatt upp á sig, óx að vöxtum og höfundur lauk því ekki fyrr en árið 1979. Niðurstaðan var *Íslenskar barnabækur: 1780–1979* sem kom út árið 1981.

Barnabókmenntasögunni var ákaflega vel tekið, enda hefur ekkert sambærilegt verið skrifað, hvorki fyrr né síðar, þar sem rannsókn verksins tók til *allra* barnabóka sem skrifaðar höfðu verið frá upphafi til ársins 1979. Bókin hlaut lofsamlega umfjöllun í fjölmiðlum þar sem hún var meðal annars kölluð „tímamótaverk“. ⁹⁷ Jóhann Hjálmarsson ritar nokkuð ítarlegan ritdóm sem birtist í *Morgunblaðinu* og hrósar Silju fyrir hversu umfangsmikla bók hún hefur skrifað og að það hafi hún gert af samviskusemi og vandvirkni. Það sem hann finnur þó helst að bókinni eru pólitískar skoðanir Silju sem komi berlega í ljós. Jóhann kallar höfundinn „marxista“ og er ekki sáttur við það hversu mjög pólitík litar skoðanir hennar á barnabókum.⁹⁸ Silja liggur vissulega ekki á skoðunum sínum og í viðtali í *Þjóðviljanum* segir hún, sem svar við því hvort það muni ekki fæla fólk frá bókinni að hún lýsi skoðunum sínum svo afdráttarlaust yfir, að það sé örugglega „mun meira gagn í svona bók ef maður veit hvar höfundurinn stendur“.⁹⁹

Barnabókmenntasaga Silju hefur nýst kennurum, bókmenntafræðingum og öllum bókavinum ákaflega vel og hún hefur notið mikilla vinsælda. Engu að síður hefur bókin aldrei verið endurútfegin, ef til vill vegna þess að hún er barn síns tíma og skrifuð undir áhrifum hugmyndafræðigagnrýnninnar sem var ráðandi í bókmenntafræði áttunda áratugarins – hugmyndafræði hins skandinavíska og róttæka raunsæis.

Næsta fræðilega bókin um íslenskar barnabækur kom ekki út fyrr en árið 1999 en það er greinasafnið *Raddir barnabókanna* sem Silja ritstýrði. Í bókinni eru níu greinar eftir fræðimenn og áhugafólk um barnabókmenntir. Sex höfðu ekki birst áður á prenti en þrjár höfðu verið gefnar út áður á öðrum vettvangi.¹⁰⁰ Sex árum síðar kom annað greinasafn út, *Í Guðrúnarhúsi*. Allar greinarnar í þeirri bók fjalla um verk Guðrúnar Helgadóttur og er ritstýrt af Dagnýju Kristjánsdóttur og Brynhildi Þórarinsdóttur. Þessar tvær bækur eru þær fyrstu sem taka sérstaklega til umfjöllunar sérkenni og fagurfræði íslenskra barnabóka. Barnamenningarhugtakið er tekið til umræðu í

⁹⁶ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 7–8.

⁹⁷ AL, „Íslenskar barnabækur í tvær aldir“, 22.

⁹⁸ Jóhann Hjálmarsson, „Stríðið við Andrés önd“, 12.

⁹⁹ KÁ, „Eins og æsispennandi morðsaga: Rætt við Silju Aðalsteinsdóttur cand. mag. um íslenska barnabókmenntasögu“, 8–9.

¹⁰⁰ Sjá umfjöllun um bókina hér: Ágústa Pálsdóttir, „Icelandic Children’s Literature“, 229.

greinasafninu *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (2005)¹⁰¹ og sama ár var fjallað um það hugtak og bækur um börn, og það sem börn (mögulega) lásu, í bókinni *Miðaldabörn* (2005) í ritstjórn Ármanns Jakobssonar og Torfa H. Tulinius. Nýjasta fræðiritið íslenska á sviði barnabókmennta er *Bókabörn* (2015) Dagnýjar Kristjánsdóttur. *Bókabörn* bera undirtitilinn *Íslenskar barnabókmenntir verða til* sem vísar til þess að til umræðu eru fyrstu íslensku höfundarnir sem skrifuðu um og fyrir börn. Þeir höfðu allir mikil áhrif á hugmyndir Íslendinga um börn og bernsku, svo ekki sé minnst á sjálfar barnabókmenntirnar. Höfundarnir eru Jónas Hallgrímsson, Jón Sveinsson, Sigurbjörn Sveinsson og Jóhann Magnús Bjarnason. Auk þess að fjalla sérstaklega um verk þessara höfunda er í bókinni ítarlegur kafli um skilgreiningu hugtaksins „barnabók“ svo og umfjöllun um upphaf barnabóka á Vesturlöndum og síðan sérstaklega á Íslandi.

Styttri ritgerðir um íslenskar barnabókmenntir hafa einnig birst á prenti. Síðustu tvo áratugi hafa birst yfirlitskaflar um barnabókmenntir og einstaka höfunda í bókmenntasögum. Hér má nefna kafla eftir Dagnýju Kristjánsdóttur og Margréti Tryggvadóttur í *Íslenskri bókmenntasögu* sem Mál og menning gaf út en kaflar þeirra, þótt fróðlegir séu, eru aukageta í bókmenntasögu fullorðinsbóka og fjalla aðallega um helstu skáldsögur fyrir börn á 20. öld.¹⁰² Í *Öldinni öfgafullu*, bókmenntasögu 20. aldar sem ætluð er framhaldsskólanemum, er bæði fjallað um barna- og unglingabækur og menningu unga fólksins.¹⁰³ *Tíminn er eins og vatnið* (2007) eftir Brynju Baldursdóttur og Hallfríði Ingimundardóttur er líka bókmenntasaga liðinnar aldar og þar er að finna tvo stutta kafla um íslenskar barnabækur.¹⁰⁴ Silja Aðalsteinsdóttir samdi einnig yfirlitskafla um sögu íslenskra barnabóka sem birtist í íslenskri bókmenntasögu á ensku, *A History of Icelandic Literature* (2006).

Fjöldi greina um íslenskar barnabækur hefur einnig birst í tímaritum hér á landi. Einkum má nefna *Tímarit Máls og menningar*, *Mími*, *Skímu: Mál gagn móðurmálskennara* og tímaritið *Börn og menning* (sem fram til 1997 kallaðist *Börn og bækur*). Margar BA-ritgerðir hafa verið skrifaðar við háskóla á Íslandi sem hafa

¹⁰¹ Sjá nánar: Dagný Kristjánsdóttir, „Barnamenning“, 31–38.

¹⁰² Dagný Kristjánsdóttir fjallar um barnabækur í kjölfar heimsstyrjaldanna („Frá Laugamýri til Lundúna“, 564–585). Margrét Tryggvadóttir fjallar um íslenskar barnabækur eftir 1970 („Íslenskar barnabækur eftir 1970“, í *Íslensk bókmenntasaga V*, 2006, 313–372).

¹⁰³ Dagný Kristjánsdóttir, *Öldin öfgafulla*. Sjá einkum kaflana „Unglingurinn verður til“, „Uppreisnin á barnaheimilinu“ og „Blessuð litlu börnin II“.

¹⁰⁴ Þetta eru kaflarnir „Barna- og unglingabækur“, 214–217, og „Bókmenntir fyrir börn og unglinga“, 271–273.

barnabækur á einn eða annan hátt að viðfangsefni sínu og sömuleiðis fjalla allmargar MA-ritgerðir um barnabókmenntir. Doktorsritgerðir á sviði íslenskra barnabóka eru fáar. Anna Heiða Pálsdóttir samdi doktorsritgerðina „History, Landscape and National Identity: A Comparative Study of Contemporary English and Icelandic Children’s Literature“ (Saga, landslag og þjóðleg sjálfsmynd: Samanburðarrannsókn á enskum og íslenskum samtímabarnabókum, 2002) en þar er um að ræða samanburðarrannsókn á 86 enskum og íslenskum barnabókum sem flestar komu út á árunum 1970–1999. Doktorsritgerð Olgu Holowniu, sem var unnin bæði við Háskóla Íslands og Háskólann í Varsjá, ber titilinn „Myth and Cliché Reevaluated in the Poetry of Carol Ann Duffy and Þórarinn Eldjárn“ (Endurmat á goðsögnum og klisjum í ljóðum Carol Ann Duffy og Þórarins Eldjárn, 2010) og fjallar meðal annars um skáldskap breska skáldsins Carol Ann Duffy og Þórarins Eldjárn þar sem lögð er áhersla á „bullljóð“ (e. *nonsense*) auk þess sem skáldskapur þeirra er settur í bókmenntasögulegt samhengi. Þá varði Þórdís Þórðardóttir doktorsritgerð sína árið 2012, „Menningarläsi: Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum“. Markmið rannsóknarinnar fólst í að skapa nýja þekkingu á hlutverki barnaefnis í uppeldi og menntun íslenskra leikskólabarna.

Síðustu tvo áratugi hefur rannsóknum á íslenskum barnabókmenntum fjölgað og jafnframt því fólki sem sinnir fræðirannsóknum á þessu sviði. Þeim greinum hefur fjölgað sem birtast í blöðum og tímaritum og haldnar eru ráðstefnur, bæði innlendar og alþjóðlegar, þar sem fjallað er um íslenskar barnabókmenntir. Íslenskir fræðimenn hafa einnig flutt fyrirlestra á erlendri grund og birt rannsóknir sínar í erlendum bókum og tímaritum. Þá hefur lokaritgerðum á háskólastigi haldið áfram að fjölga og barnabókmenntanámskeið eru haldin oftar en áður og njóta mikilla vinsælda. Sífelld fleiri fræðimenn sinna rannsóknarsviðinu og ávallt bætist í hóp þeirra nemenda sem velja sér þetta sérsvið. Alþjóðleg samvinna fræðimanna á sviði barnabókmennta hefur einnig aukist talsvert.

1.6 Um Sögu Nonna

Ritgerðin *Saga Nonna* skiptist í fimm hluta auk þessa inngangskafila. Í kaflanum „Barnið og bókin“ eru tekin til umfjöllunar lykilhugtök er tengjast rannsóknum á barnabókmenntum svo og upphafi þeirra, bæði á meginlandi Evrópu og Íslandi. Fjallað er sérstaklega um hugmyndina um „barnið“ og það sem börn lásu og lesið var fyrir þau

áður en farið var að gefa út sérstakar barnabækur, en það voru einkum kennslukver og trúarlegar bækur. Þá er rætt um breytt viðhorf til barna samfara upplýsingaröld og rómantík og upphaf barnabókamarkaðarins. Því næst er gerð grein fyrir fyrstu barnabókunum sem gefnar voru út á Íslandi og frumsömdu barnaefni á Íslandi á 19. öld. Þá er fjallað um það hvernig barnabókmenntir hafa verið skilgreindar, þ.e.a.s. hvað sé barnabók og hvað ekki, og fjallað sérstaklega um hinn innbyggða lesanda barnasagna, þann sem sögumaður talar til. Einnig er rætt um það mat sem lagt hefur verið á gæði barnabóka og hvaða rödd fær að hljóma í barnabókmenntum en hún tengist völdum, enda er það svo að sögur fyrir börn eru fyrst og fremst verkfæri fullorðinna til að tjá sig – ekki barna.

Næstu þrjú kaflar bera heitin „Íslendingurinn“, „Kafólikkinn“ og „Hetjan“ og vísa þau til flókinnar sjálfsmyndasköpunar Jóns Sveinssonar. Sjálfsmyndin (e. *identity*), það hvernig hann vill að aðrir sjái hann og skilgreini, byggist á vel völdum ímyndum (e. *image*), en ímynd saman stendur af þeim skoðunum, viðhorfum og áhrifum sem tiltekinn hlutur, persóna, land o.s.frv. hefur – einskona samnefnari þess hvernig viðkomandi er skynjaður.¹⁰⁵

Í hverjum kafla er sjónum beint að einum eða öðrum þætti fyrirbærisins „sjálfsmyndar“, þ.e.a.s. hvaðan kemur sá sem talar, hver er hann og hvað vill hann? Jón Sveinsson fullyrti, eins og fjallað er um síðar í ritgerðinni, að Nonnabækurnar væru sannar, að hann væri sjálfur pilturinn Nonni sem bækurnar fjalla um og að hann hefði alla tíð varðveitt innra með sér hjartalag og sál 13 ára drengs. Með öðrum orðum: Hann fullyrti að hin unga bókmenntapersóna Nonni og hinn raunverulegi Jón Sveinsson, maður af holdi og blóði, féllu saman og að um fullkomna speglun væri að ræða. Í ritgerðinni eru aftur á móti færð rök fyrir því að svo sé alls ekki. Jón Sveinsson „smíðar“ Nonna bæði úr íslenskum og alþjóðlegum fyrirmyndum og þær ímyndir sem upp úr standa eru ímynd Íslendingins, hins kafólska mann og rithöfundarins.

Þjóðerni og uppruni skipta máli fyrir sjálfsmyndina og í kaflanum „Íslendingurinn“ beinist athyglin að þeim þætti hennar sem snýr að landi og þjóð og er jafnframt sá hluti ímyndarinnar sem Jón Sveinsson markaðssetti einkum, enda sá sem gerði hann einstakan í augum lesenda sinna. Hann fór alfarinn frá Íslandi tólf ára gamall árið 1870 og spurningin um „þjóðerni“ hans er ekki einföld. Athyglinni er beint að því

¹⁰⁵ Osborne og Wintle, „The Construction and Allocation of Identity Through Images and Imagery,“ 15–18.

hvernig Nonni, hinn bókmenntalegi staðgengill Jóns Sveinssonar, er skapaður og hvaða hlutverki Ísland gegnir í því sköpunarferli. Þetta kemur skýrt fram í bókunum sem gerast á Íslandi en ekki síður í sögunum sem gerast á meginlandi Evrópu þar sem sögupersónan heldur fast í „uppruna“ sinn.

Í upphafi kaflans eru Nonnabækurnar felldar í flokk æviskrifa (e. *life writing*) og taldar til sjálfsævisögulegra texta. Fjallað er um helstu grundvallarhugtök æviskrifa og rætt er sérstaklega um upphaf bókmenntagreinarinnar sjálfsævisögu sem rakið er til Ágústínusar kirkjuföður og Rousseaus auk þess sem hugtakið „sjálfsævisaga“ er skilgreint. Það hugtak hefur tekið miklum breytingum meðal fræðimanna þar sem sú trú að hægt sé að segja „allt“ og tjá hinn endanlega sannleika mætir vaxandi efasemdum. Þar hafa femínískir fræðimenn lagt margt til málanna og minnt á raddir hinna þöggðu – kvenna og annarra minnihlutahópa.

Gerð er grein fyrir hinum svokallaða „sjálfsævisögulega sáttmála“ Philippe Lejeune þar sem sjálfsævisagnahöfundar heita því að segja sannleikann samkvæmt bestu vitund en möguleikinn til að gera það er dreginn í efa, enda illmögulegt að tjá allt og segja frá öllu. Stuðst er við rannsóknir á sjálfsævisögum og kenningar um þær, einkum til að rannsaka samskeyti og brotafleti í sjálfsmynd Jóns Sveinssonar. Hér er meðal annars átt við rannsóknir fræðimanna eins og Pauls Johns Eakin, Sidonie Smith, Juliu Watson og Leigh Gilmore. Í þessum rannsóknum eru möguleikinn til að segja sannleikann og tilvist hins heilsteypa sjálfs dregin í efa og þessari aðferðafræði verður að beita til að greina texta sem er borinn fram sem samnefnari Nonna og Jóns Sveinssonar.

Stór hluti „hins heilsteypa sjálfs“ byggist á völdum – og jákvæðum – myndum af íslenskri þjóð, menningu, sögu og náttúru. Varpað er ljósi á hve brotakennd þessi mynd í raun er með því að beita kenningum eftirlendufræða og ímyndafræða, einkum hvað varðar hugmyndina um „hinn“ (e. *other*). Leidd eru rök að því að Nonnabækurnar séu „meðvitaðar fantasíur“ eins og Philippe Lejeune kemst að orði, þar sem nostalgískar og að mörgu leyti ósannar minningar eru láttnar tákna heildina.

Næsti kafli ritgerðarinnar kallast „Kapólikkinn“. Fjallað er um þann hluta Nonnabókanna og þeirrar sjálfsmyndar sem Jón Sveinsson skapar og snýr að kapólskum sið. Hinn kapólski þáttur sjálfsmyndarinnar var óneitanlega stór hluti af sjálfsmynd og ímynd Jóns Sveinssonar en hann ræddi hann sjaldan á opinberum vettvangi og aldrei í sambandi við barnabækur sínar. Jón Sveinsson snerist til kapólsku 13 ára í Danmörku og 32 ára að aldri gekk hann í raðir jesúíta. Hann lifði og starfaði

meðal þeirra alla ævi. Hann kvæntist aldrei og eignaðist engin börn. Þáttur trúarinnar skiptir miklu máli við rannsókn á höfundarverki Jóns Sveinssonar, bæði hvað sjálfsmynd hans varðar og sjálfar Nonnabækurnar, auk þess sem vera hans í Evrópu og samneyti við menntamenn á meginlandi í álfunna um langa ævi hafði mikil áhrif á hann. Hvernig birtist kaþólsk trú á síðum Nonnabókanna? Hvernig samþættir sögumaður hið lútherska upphaf sem var barnatrú hans, grundvöllur sjálfsmynda hans og hið nýja upphaf, menntun og ævi meðal kaþólskra manna á meginlandi Evrópu? Þessi atriði eru til athugunar í „Kaþólikkanum“.

Þó að kaþólskan sé gríðarstór og mikilvægur þáttur í lífi Jóns Sveinssonar sjálfs gat hann ekki sett trúna á oddinn í bókunum. Kaþólskan birtist því aðeins í mjög umrituðu formi í Nonnabókunum en bækurnar tilheyra engu að síður kaþólskum barnabókmenntum. Fjallað er um kaþólskar barnabókmenntir í Evrópu á seinni hluta 19. aldar og fram á miðja 20. öld og könnuð staða Nonnabókanna innan þeirra. Spurt er hvernig Nonnabækurnar falli að hugmyndafræði kaþólskra barnabóka og jafnframt hvernig umfjöllunarefni þeirra og aðalsöguhetjan og aðrar persónur falla að hinu kaþólska móti. Rætt er sérstaklega um trúskipti innan kaþólskra barnabóka sem og trúskiptin eins og þau birtast í Nonnabókunum og í hverju mikilvægi þeirra felst. Sjálfsmynd Nonna er skoðuð í samanburði við sjálfsævisögur annarra trúskiptinga, til dæmis heilags Ágústínusar og Rousseaus. Litið er til verka Massimos Leone (2003) sem skilgreinir trúskiptin sem þriggja þrepa ferli og sögu – sögu sem trúskiptingar segja í sífellu til að vinna bug á andlegu ójafnvægi. Einnig er rætt um kenningar Patriks Riley (2004) en hann telur að trúskiptin séu bæði grundvöllurinn sem sjálfsævisagnahöfundar byggja tilvist sína og sjálfsmynd á og það sem splundrar henni. Ummerki alls þessa í Nonnabókunum verða rannsökuð.

Þá er gerð grein fyrir því í „Hetjunni“ hvernig Nonnabækurnar eru skrifaðar inn í form ævintýrasagna sem voru vinsælustu barnabókmenntir Evrópu meðan Jón Sveinsson var á dögum. Sýnt er fram á að Nonni er mótaður í anda hefðbundinnar, vestrænnar hetju sem er karlkyns, gagnkynhneigð og tekst óttalaus á við allar áskoranir. Nonni er þó betri en aðrar hetjur og færð eru rök fyrir því að í persónu Nonna fléttist saman einkenni hefðbundinnar hetju og kaþólskrar trúarhetju.

Það er ekki ofmælt að ævi kaþólikkans og jesúítans Jóns Sveinssonar hafi verið þyrnum stráð. Í Nonnabókunum gat Jón búið til vettvang fyrir sjálfan sig þar sem hann gleymdi brostnum draumum og vonbrigðum og skilgreindi sjálfan sig sem hetju og

hermann guðs. Karlmennskuímyndin sem brugðið er upp í Nonnabókunum er nátengd hinni trúarlegu ímynd Nonna. Hér verður gerð grein fyrir hefðbundnum hugmyndum um hetjur í vestrænni menningu og bókmenntum og sýnt hvernig „sama“ hetjan birtist í bók eftir bók. Nonni er slík hetja og fellur vel að móti ævintýrahetjanna sem tröllriðu evrópskum barnabókamarkaði á seinni hluta 19. aldar og fyrstu áratugum þeirrar tuttugustu. Hér er ekki eingöngu fjallað um veraldlegar hetjur heldur einnig hetjuímyndir kristinnar trúar. Sýnt er hvernig ólíkar hetjuhugmyndir fléttast saman í Nonnabókunum og í persónu Nonna. Stuðst er við nýlegar rannsóknir á hetjuímyndum og karlmennskufyrirmyndum sem kaþólska kirkjan hefur velþóknun á. Um þetta fjallar Tine van Oesselaer meðal annarra í rannsóknum sínum á trúarhetjum (2009) og jafnframt er stuðst við rannsóknir Yvonne Maria Werner á kaþólska trúboðinu á Norðurlöndum á 19. öld og fyrri hluta þeirrar tuttugustu en þar er að finna mikilvægar upplýsingar til skilnings á myndinni sem Jón Sveinsson bjó til af sjálfum sér.¹⁰⁶

Lokakafli ritgerðarinnar kallast „Að sigra eða ekki, þar liggur efinn“ og þar eru niðurstöður dregnar saman. Jón Sveinsson var heimsfrægur rithöfundur á sínum tíma. Nonnabækurnar hafa verið þýddar á tugi tungumála og seldar í milljónum eintaka. Enn í dag leggja erlendir ferðamenn leið sína í Nonnahús á Akureyri og sumir kannast einungis við Ísland úr Nonnabókunum. Yngra fólk man frekar eftir sjónvarpsþáttunum sem styðjast við sögurnar um Nonna og Manna.¹⁰⁷ Nonnabækurnar njóta enn nokkurra vinsælda en þær jafnast engan veginn á við þær miklu vinsældir sem bækurnar nutu fyrir á árum og markast nær eingöngu við sögulegan áhuga fullorðinna. Í síðasta kafla ritgerðarinnar er fjallað um þann tíma þegar Nonnabækurnar nutu mestrar frægðar og vinsælda, upp úr heimsstyrjöldinni fyrri og síðan langt fram yfir miðja öld.

Leidd eru rök að því að Nonnabækurnar séu dæmi um alþjóðlegar barnabækur og að í þeim birtist hið alþjóðlega barn (e. *global child*). Það er barnið sem allir vildu eiga, allir geta fundið sjálfa sig í og það er jafnframt dáð fyrir hugrekki og þrautseigju. Jafnframt var barnið framandi eða eins og fræðimaðurinn Homi Bhabha orðar það, „same but not quite“.¹⁰⁸ Með þessum orðum vísar hann til nýlendubúa, einkum þeirra sem komast hvað lengst áfram í samfélagi nýlenduherranna. Þessi litli munur kemur þeim áfram og bætir stöðu þeirra en um leið er þetta munurinn sem nær að halda þeim

¹⁰⁶ Niðurstöðurnar er að finna í bókinni *Christian Masculinity* (2011).

¹⁰⁷ Sjónvarpsþættirnir *Nonni und Manni* voru sameiginlegt verkefni íslenskra kvikmyndagerðarmanna og þýskra. Þeir voru frumsýndir 26. desember 1988 á ZDF-stöðinni í Vestur-Þýskalandi. Alls voru þættirnir sex talsins og sá síðasti var sýndur í janúar 1989.

¹⁰⁸ Bhabha, *The Location of Culture*, 123.

niðri. Hér er einkum stuðst við kenningar um alþjóðahyggju (e. *globalism*) og þverþjóðahyggju eða þverþjóðleika (e. *transnationalism*).

Í ritgerðinni eru vinsældir Nonnabókanna skýrðar með þránni eftir nákvæmlega þessum sögumanni og þessari tegund bóka á tímum þegar Evrópa var í sárum eftir styrjaldir. Nonni lætur sem hann sé „hæfur“ en staðreyndin er sú að hann þarf að leika hlutverk hins hæfa barns vegna þess að hann hefur ekki úr öðru að spila. Fjallað er um boðskap Nonnabókanna og erindi Jóns Sveinssonar við lesendur. Boðskapurinn er í stuttu máli sá að alltaf sé hægt að endurskapa sig, umskapa líf sitt og ráða hvað maður gerir úr því fyrir trúna og með guðs hjálp. Þetta var inntakið í lífsstarfi Jóns Sveinssonar og markmiðið með Nonnabókunum.

2 Barnið og bókin

Í rannsókn þessari er rýnt í Nonnabækur Jóns Sveinssonar sem barnabækur og til þess nýttar hugmyndir, viðhorf og kenningar sem falla undir barnabókmenntarannsóknir. Hér er því mikilvægt að fjalla um hugtökin „barn“ og „barnabækur“ auk annarra hugtaka, en þessi hugtök og viðurkenndur skilningur manna á þeim frá einu tímabili til annars hefur mótað skrif um börn og fyrir börn í vestrænum samfélögum. Fjallað er hér fyrst um hugtakið „barn“, sögu þess og skilning á því en það hefur óhjákvæmilega mótað alla barnabókaútgáfu. Þá er í stuttu máli gerð grein fyrir fyrstu útgefnu bókunum sem ætlaðar voru börnum á meginlandi Evrópu en þær eiga sér trúarlegar og kennslufræðilegar rætur og hafa óneitanlega haft áhrif á skrif Jóns Sveinssonar. Einnig er fjallað um fyrstu bækur ætlaðar börnum á Íslandi og sömuleiðis fyrstu frumsömdu íslensku barnabækurnar, enda falla Nonnabækurnar í þann flokk. Loks er fjallað um skilgreiningar á hugtakinu „barnabók“ og hvað einkennir barnabækur öðru fremur, hvort sem um er að ræða gamlar eða nýjar bækur.

2.1 Um barnið

Þó að við vitum að mannskepnan hafi frá örófi alda skemmt sér á einn eða annan hátt við sögur og söng af einhverju tagi og jafnvel þótt við getum reiknað með því að börn hafi alltaf haft gaman af einhverjum þessara sagna¹⁰⁹ er erfitt að fullyrða á einfaldan hátt að barnasögur hafi ávallt verið til. Sömuleiðis orkar tvímælis að halda því fram að barnið og bernskan hafi alltaf verið til – að minnsta kosti ekki á sama hátt og nú, og hefur sú umræða orðið enn flóknari síðustu áratugi í umræðum um alþjóðavæðingu og þverþjóðahyggu. Maria Nikolajeva segir til dæmis að ef við föllumst á að barnabækur séu bækur sem beint er að ákveðnum lesendahópi geti slíkar bækur ekki orðið til fyrr en lesendahópurinn er viðurkenndur sem sérstakur hópur í samfélaginu.¹¹⁰ Þar er hún á sömu slóðum og þeir fræðimenn sem miða upphaf barnabóka við tilurð barnabókaútgáfu.¹¹¹

¹⁰⁹ Sjá til að mynda umfjöllun um munnlega hefð og barnasögur hjá Norton, *Through the Eyes of a Child*, 38–40.

¹¹⁰ Nikolajeva, *Børnebogens byggeklodser*, 13–14.

¹¹¹ Þetta er gjarnan gert í umfjöllun um upphaf barnabókaútgáfu í Bretlandi en um það hefur Matthew Grenby mikið skrifað, til að mynda í *The Child Reader, 1700–1840*.

Nútímarannsóknir á „barninu“ sem fyrirbæri eru einkum raktar til sagnfræðingsins Philippe Ariès (1914–1984) en fáar bækur hafa haft jafn mikil áhrif á hugmyndir og rannsóknir á börnum og bók hans *L'Enfant et la vie familiale sous l'Ancien Régime* (Barnið og fjölskyldulífið á tímum einveldisins, 1960).¹¹² Þar færir Ariès rök fyrir því að í miðaldasamfélagi Evrópu hafi barnið ekki verið til að því leyti að menn voru ekki meðvitaðir um bernskuárin sem sérstakt þroskaskeið á mannsævinni. Þetta segir hann augljóst þegar litið er til hugtaka, lista, klæðaburðar, leikja og viðhorfa til kynferðis. Smám saman fengu börn eigin tilverurétt og sjá má skýr merki þessara umskipta á 17. öld. Á seinni hluta aldarinnar hafði barnið öðlast sess í fjölskyldunni og allt sem hafði eitthvað með barnið og fjölskylduna að gera þótti þá athyglinnar vert.¹¹³

Ariès hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir þá kenningu að hugmyndin um bernsku hafi ekki verið til á miðöldum og endurreisnartímanum svo og fyrir það að vera ekki nógu vel að sér í sögu sálfræðinnar og því ekki skilið þau djúpstæðu sálrænu og félagslegu áhrif sem breytingarnar sem hann lýsir höfðu bæði á börn og fullorðna. Loks hefur hann verið gagnrýndur fyrir vinnubrögð sín og yfirborðslega nálgun. Bókin hafði engu að síður djúp áhrif enda átti hún sér fáa keppinauta um langa hríð.¹¹⁴

Á seinni hluta 20. aldar hófu fræðimenn að rannsaka breytingar á hugmyndum manna um börn og bernsku og kenningar Ariès um skeytingarleysi gagnvart börnum voru skoraðar á hólmi, einkum þær að bernskan hefði þróast frá hinu „slæma“ til hins „góða“, frá hinum myrku miðöldum til dagsins í dag þar sem bernska er hafin upp í hæstu hæðir.¹¹⁵ David Kline hefur fjallað um barnabókmenntir á miðöldum og segir að enn þann dag í dag noti bókmenntafræðingar „úreltar hugmyndir“ Ariès og veiti þeim byr í seglin með því að huga ekki að því lesefni sem börn miðalda áttu kost á.¹¹⁶ Gillian Adams er sömu skoðunar. Hún telur jafnframt að því miður hafi fræðimann yfirfært nútímahugmyndir um barnabækur og þörf barna fyrir þær á miðaldir. Þessar, að mati

¹¹² Íslenskir fræðimenn hafa fjallað um kenningar Ariès. Loftur Guttormsson helgar Ariès langan kafla í bókinni *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, 15–56. Að auki er fjallað er um kenningar Ariès í nokkrum köflum bókarinnar *Miðaldabörn* (2005) sem ritstýrt er af Ármanni Jakobssyni og Torfa H. Tulinius (sjá einkum inngang ritstjóra og grein Gunnars Karlssonar, „Barnfóstur á Íslandi að fornu“). Þá fjallar Dagný Kristjánsdóttir nokkuð ítarlega um hugmyndir Ariès um æskuna í *Bókabörnum* (2015, 22–27). Að auki má nefna grein Ármanns Jakobssonar, „Troublesome Children in the Sagas of Icelanders“ (2003).

¹¹³ Ariès, *Of Childhood: A Social History of Family Life*. Þetta ræðir hann sérstaklega í kaflanum „The Idea of Childhood“ svo og „The Discovery of Childhood“, 27–32, 50–51. Þessar hugmyndir ganga í gegnum alla bókin og eru teknar saman í stuttu máli á bls. 128–133.

¹¹⁴ Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, 22–28; Vann, „The Youth of Centuries of Childhood,“ 287–289; Wilson, „The Infancy of the History of Childhood,“ 135–136.

¹¹⁵ Hanawalt, „Medievalists and the Study of Childhood,“ 440–442.

¹¹⁶ Kline, „Medieval Children's Literature,“ 1–3.

Adams, þröngsýnu skoðanir á því *hvað* barnabækur séu og um *þörfina* á barnabókum á miðöldum hafi gert það að verkum að þetta bókmenntasvið hefur að mörgum verið talið „tómt“ og því nær ekkert rannsakað.¹¹⁷

2.2 Ungur lesandi

Nonni, aðalpersónan í Nonnabókunum, er mjög vel lesinn, rétt eins og Jón Sveinsson sjálfur. Samkvæmt dagbókum Jóns Sveinssonar hafði hann talsvert af lesefni með sér til Danmerkur – trúarrit, kennslubækur og bækur tengdar íslenskum menningararfi. Ekki er þó vitað til þess að hann hafi tekið sérstakt barnaefni með sér.¹¹⁸ Samkvæmt því sem segir í *Nonna* og *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* las Nonni ósköpin öll meðan á ferðinni yfir hafið stóð, til að mynda Eddukvæðin öll, Íslendingasögur, mannkynssögu og fleira. Jafnframt kemur fram í bókunum að Nonni hafi lesið heilmikið heima á Íslandi og því hafi hann haldið áfram eftir að hann kom á erlenda grund. Eins og títt er um börn les Nonni því ýmislegt annað en efni sem sérstaklega er beint að börnum.¹¹⁹

Matthew O. Grenby hefur rannsakað sögu barnabóka en samkvæmt honum er til sægur heimilda þess efnis að börn, einkum börn breska aðalsins og efri stétta, hafi lesið og notið alls kyns sagna löngu áður en skilgreindar „barnabækur“ komu til sögunnar. Nær allar sögur og allir textar sem börn lásu og hlustuðu á voru einnig ætlaðir fullorðnum og ekki var litið á efni, sem börn höfðu gaman af, sem sérstakan undirflokk bókmennta. Hugtakið „barnabókmenntir“ var ekki haft á orði fyrr en eftir miðja 18. öld þegar lesendahópurinn „börn“ hafði verið viðurkenndur og bækur ekki auglýstar undir því heiti. Jafnframt segir Grenby að þeir, sem létu sig börn og þeirra málefni varða, hafi stöðugt fjallað um skort á viðeigandi lesefni fyrir börn. Þannig hafi barnabækur verið skilgreindar á grundvelli þess sem þær voru *ekki* fremur en þess sem þær voru.¹²⁰

Í bókinni *Children's Literature: A Reader's History, from Aesop to Harry Potter* (Barnabókmenntir: Saga lesandans frá Esópi til Harrys Potter, 2008) fjallar Seth Lerer um sögu hins unga lesanda og það sem börn hafa lesið og lesa enn – ekki það sem einhverjir aðrir ákveða að séu barnabækur.¹²¹ Hann ræðir til dæmis mögulegt barnaefni

¹¹⁷ Adams, „Medieval Children's Literature,“ 4–5.

¹¹⁸ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 98.

¹¹⁹ Jón Sveinsson, *Nonni*, 240–243; Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 12–13, 51, 66.

¹²⁰ Grenby, *The Child Reader 1700–1840*, 7–10.

¹²¹ Lerer, *Children's Literature*, 2.

frá því fyrir Krists burð og bendir á að til eru heimildir um að í Kína til forna, Forn-Egyptalandi og Súmer, í hinum frjósama hálfmána, hafi börn hlustað á sögur og í Grikklandi og Róm til forna (50 f.Kr.–500 e.Kr.) nutu börn þess að hlusta á sagnaljóð á borð við *Ilíonskviðu* og *Ódysseifskviðu* Hómers og dæmisögur Esóps.¹²² Á miðöldum (500–1500) hlustuðu börn á og lásu Bjólfskviðu, sögur um Róland, Arthúrssagnir og sögur um Hróa hött svo fátt eitt sé nefnt.¹²³ Í íslenskum baðstofum var öldum saman farið með kvæði og rímur, ævintýri og þjóðsögur, auk þess sem Íslendingasögur, fornaldar- og riddarasögur áttu hug allra, ungra og aldinna.

Ýmsar samfélagsbreytingar á tímabili endurreisnar (1500–1650) í Evrópu urðu til þess að ryðja brautina fyrir viðurkenndar barnabókmenntir. Þar má nefna byltingu í prentiðnaði auk þess sem læsi jókst sífellt og þar af leiðandi þekking almennings. Eftir því sem fleiri börn sóttu skóla og lærðu að lesa – þeim mun meira var prentað gagnert fyrir þau. Hreyfing mótmælenda gegn valdi Rómarkirkjunnar á 16. og 17. öld hafði hér sín áhrif. Barátta ólíkra hópa mótmælenda á meginlandi álfunnar og á Englandi varð til þess að efla trúboð og trúfræðslu í Norður-Evrópu og baráttumenn nýrra siða urðu meðal hinna fyrstu til að semja bækur fyrir börn. Til dæmis lét Marteinn Lúther sjálfur mjög til sín taka í fræðslumálum þegar hann samdi Kverin tvö (Katekismus), hið meira fyrir fullorðna og hið minna fyrir einfeldninga og börn.¹²⁴

Fylgismenn Lúthers og aðrir andstæðingar kaþólsku kirkjunnar litu á börn sem syndum hlaðnar sálir í örvæntingarfullri þörf fyrir björgun og heittrúarsinnar eyddu heilmiklu púðri í að útbúa lesefni sem kenndi ungum lesendum eitthvað uppbyggilegt, stuðlaði að guðhræðslu barna, bjó þau undir dauðann og veitti von um frelsun á dómsdegi. Þannig yrði þeim ef til vill bjargað frá logum helvítis. Þessar bækur voru margar skelfilegar aflestrar en Mary V. Jackson bendir á að bækurnar voru oft engu minna skelfilegar en raunveruleikinn. Hún fjallar um breskar barnabækur en á Bretlandi rak hvert stríðið annað og hver plágan aðra frá 1640 og langt fram eftir níttjándu öldinni. Bækur voru skárri en raunveruleikinn að því leyti að þótt þær fjölluðu um erfiðleika, kvöl og pínu var þó von á himnaríkisvist eftir ömurlega vist á jörðinni - sögupersónur eygðu því einhverja von.¹²⁵

¹²² Þetta er rætt í kaflanum „Speak Child: Children’s Literature in Classical Antiquity.“

¹²³ Clifton, „Of *Arthur and of Merlin* as Medieval Children’s Literature,“ 9–11; Townsend, *Written for Children*, 3–12.

¹²⁴ Jackson, *Engines of Instruction, Mischief, and Magic*, 18–19; Weinreich, *Historien om børnelitteratur*, án blaðsíðutals, í kaflanum „Kirken og skolen“.

¹²⁵ Jackson, *Engines of Instruction, Mischief, and Magic*, 23–26. Sjá einnig Paul, „Learning to be Literate,“ 127–130.

Samdar voru svipaðar bækur víðs vegar um álfuna auk þess sem bækur „ferðuðust á milli landa“, þýddar, stældar eða þeim stolið án þess að menn sæju neitt við það að athuga. Stafrófskver og lestrarbækur nutu hylli en auk kennslubóka lásu börn bækur um siðferði og mannasiði, bækur sem sögðu hvernig þau ættu að haga sér í kirkju, í skóla, við matborðið o.s.frv. Þekkt bók af þessum toga var skrifuð á latínu af Erasmusi frá Rotterdam (1466–1536). Hún kom út árið 1526 og bar titilinn *De cicilitate morum purilium* (Um siðaða hætti barna). Víða um Evrópu var hún lengi nýtt til kennslu í latínu. Barnabíblur voru einnig vinsælar og margar voru myndskreyttar. Danska bókinn *Børne Speigel* (Barnaspegil, 1568) hefur til dæmis að geyma rímuð heilræðakvæði sem ungir lesendur áttu að „spegla sig í“ og reyna að líkja eftir.¹²⁶

Á svipuðum tíma og gefnar voru út skelfilegar sögur af helvítisvist syndugra barna og börnin lásu um rétta borðsiði voru prentuð blöð og bækur með ævintýrum og dæmisögum. Krossferðir 11. og 12. aldar höfðu opnað nýjar verslunarleiðir og kynnt nýja texta fyrir íbúum Evrópu. Þegar á 12. öld hafði safn ævintýra borist til Evrópu með arabískum og persneskum kaupmönnum sem ferðuðust land úr landi auk þess sem ævintýri voru sögð af fólki sem hafði ferðast víða eða kom langt að. Sömu ævintýrin voru til í mörgum mismunandi útgáfum í ýmsum löndum og börn um allan heim hlustuðu á þau og nutu þeirra.¹²⁷ Jón Sveinsson þekkti vel til ævintýra og í miklu uppáhaldi hjá honum var ævintýrasafnið *Púsund og ein nótt*.¹²⁸

Börn hrifust mjög af dæmisögum og Marteinn Lúther viðurkenndi meira að segja sjálfur að sumar væru viðeigandi lesefni fyrir börn. Hann þýddi tuttugu dæmisögur Esóps og ætlaði að þýða fleiri en lést áður en til þess kæmi. Torben Weinreich hefur bent á vinsældir dæmisagna Esóps sem í mörgum Evrópulöndum voru meðal fyrstu prentuðu barnabókanna. Dæmisögurnar eru gott dæmi um það hversu alþjóðlegar barnabækur eru og að þær hafa ekki þróast úr „engu“ eða orðið til á ákveðnum tíma heldur eru hluti af aldalangri menningarsögu mannkyns. Íslenskir prestar voru meira að segja byrjaðir að yrkja vísur fyrir börn út frá þessum gömlu sögum á 16. og 17. öld.¹²⁹

¹²⁶ Stybe, *Fra Askepot til Anders And*, 13.

¹²⁷ Sama rit, 24–27. Þekktasta ævintýrasafn heims, *Púsund og ein nótt*, á rætur að rekja til Egyptalands. Frakkinn Antoine Galland varð fyrstur til að þýða það á evrópskt tungumál á árunum 1704–1717 (í tólf bindum). *Púsund og ein nótt* er þó ekki fyrsta ævintýrasafnið sem gefið var út á evrópskum tungum.

¹²⁸ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 12. Um lestraráhuga Nonna fjallar Gunnar F. Guðmundsson í *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 66–67.

¹²⁹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 27–29; Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1789–1979*, 205–208.

Svo virðist vera að svo lengi sem bækur og handrit, jafnvel leirtöflur, hafa verið til hafi sögur ratað til barna og haft fagurfræðilegt og kennslufræðilegt gildi. Það skiptir nær engu máli hvaða texta við skilgreinum sem „fyrstu barnabókina“ því oftast er hægt að finna eldra dæmi sem fellur að þeirri skilgreiningu sem við miðum við.¹³⁰ Öllu einfaldara er hins vegar að tímasetja upphaf skipulegrar barnabókaútgáfu í Evrópu.

2.3 „Fyrstu“ útgefnu barnabækurnar í Evrópu

Þörfin fyrir sérstakar barnabækur og barnabókamarkað hélst í hendur við samfélagsþróun og hugmyndafræðilega þróun Evrópu, tækniþróun, aukið læsi og myndun borgarastéttarinnar og eftir miðja 18. öld var farið að gefa út barnabækur með skipulögðum hætti víða í Evrópu.¹³¹ Undir lok aldarinnar höfðu útgáfufyrirtæki sem sérhæfðu sig í barnabókum sprottið upp eins og gorkúlur og gróin útgáfufyrirtæki gátu ekki afneitað vinsældum barnabókanna. Farið var að bjóða upp á barnabækur í almenningubókasöfnum og dómar tóku að birtast í tímaritum ásamt annarri umfjöllun um barnabækur.¹³² Fiona McCulloch segir að aukin meðvitund um það hversu sérstök börn eru og ólík hinum fullorðinu hafi haft sitt að segja um auknar vinsældir barnabóka, ekki síst vegna áhrifa frá hugmyndafræði Johns Locke (1632–1704) og Rousseaus, auk þess sem það hafði mikil áhrif að nokkuð dró úr barnadauða og vonin um að börnin kæmust til manns óx að sama skapi.¹³³

Í barnabókmenntasögum hins vestræna heims er sögu barnabókmennta alla jafna skipt í tímabil og þau hin fyrstu eru sögð vera barnabækur upplýsingarinnar,¹³⁴ sem

¹³⁰ Grenby, *The Child Reader 1700–1840*, 3–4.

¹³¹ Brown, *A Critical History of French Children's Literature. Volume One: 1600–1830*, 85–87; Jackson, *Engines of Instruction, Mischief, and Magic*, 1–9; Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 17–29; Weinreich, *Børnelitteratur – en grundbog*, 146–151.

¹³² Jackson, *Engines of Instruction, Mischief, and Magic*, 1–7; Reynolds, *Children's Literature*, 11–12.

¹³³ McCulloch, *Children's Literature in Context*, 8–9.

¹³⁴ Á síðari hluta 17. aldar hófst það tímabil í sögu hins vestræna heims sem kallað er upplýsingin eða upplýsingaröld. Gjarnan er miðað við að upplýsingin hafi staðið yfir í um eina öld eða til 1800. Heiti stefnunnar er gagnsætt: Það átti að fræða, upplýsa og mennta fólk. Upplýsingin var tímabil mikillar þekkingaröflunar. Þessi þekking var tilkomin vegna þess að maðurinn notaði í auknum mæli vísindaleg vinnubrögð byggð á skynsemi og raunhyggju frekar en trú á yfirnátúruleg öfl. Hin kristna kirkja varð fyrir aukinni gagnrýni eftir að heimssýn hinna nýju vísinda og vinnubrögð urðu ofan á. Upplýsingin átti helstu upptök sín í Vestur-Evrópu: Frakklandi, Bretlandi, Þýskalandi og víðar. Þegar upplýsingunni lauk tók rómantíkin við. Með hugtakinu iðnbylting (eða iðnvæðing) er vísað til þess tímabils í mannkynssögunni sem hófst rétt eftir miðja 18. öld. Helsta einkenni iðnbyltingarinnar var vélvæðing sem gerði mönnum kleift að stækka framleiðslueiningar og stunda verksmiðjurekstur með ódýru vinnuafli. Um iðnvæðinguna sjá til dæmis Vries, „The Industrial Revolution and the Industrious Revolution,“ 249–270.

hefst um 1700/1750, og tímabil barnabóka í anda rómantíkur¹³⁵ sem hefst um og upp úr 1800 og er þessum tveimur tímabilum oft stillt upp sem algjörum andstæðum.¹³⁶ John Locke var einn af helstu hugsuðum upplýsingaaldar.¹³⁷ Árið 1693 var gefin út ritgerð hans „Some thoughts concerning education (Um menntun) en þar heldur hann því fram, þvert á kenningar í anda Descartes og heittrúarmanna um erfðasyndina, að barnið sé ekki spilt né syndum hlaðið við fæðingu heldur „óskrifað blað“ eða *tabula rasa* sem bíður þess að vera kennt og fyllt af fróðleik. Hugmyndin um erfðasyndina hafði því langt í frá jafn mikið vægi og áður og lögð áhersla á ábyrgð hinna fullorðnu varðandi menntun barnanna. Ritgerðin var brátt þýdd á öll helstu tungumál Evrópu og nær allir sem létu sig menntun barna varða viðurkenndu þau áhrif sem ritgerð Locke hefði haft á þá.¹³⁸

Locke mælti með því að börn læsu ánægjunnar vegna og taldi að efla ætti lestrargleði þeirra með sögum á móðurmáli þeirra. Aðalatriðið var engu að síður að fræða og í grundvallaratriðum má skipta barnabókum upplýsingaraldar í tvo hópa: Kennslukver og siðbætandi sögur og síðan viðvörunarsögur og fyrirmyndarsögur.¹³⁹ Í siðbætandi sögum skiptust á fræðsla og skemmtun. Fræðslan var aðallega um rétta hegðun, skyldur og stéttvíst hugarfar væntanlegs góðborgara. Formið var oft samtal kennara og duglegs nemanda og inn á milli fræðslukaflanna var svo skotið smásögum og ævintýrum svo börnin entust til að hlusta á uppfræðsluna. Fyrirmyndarsögur fjölluðu hins vegar um góð börn og voru lesendum góðar fyrirmyndir. Aðrar voru viðvörunar- eða slysasögur sem sýndu hvernig góðu börnin áttu *ekki* að haga sér en þær urðu gríðarlega vinsælar í Evrópu á 18. og 19. öld. Slíkum sögum var meðal annars ætlað að bjarga barninu frá sjálfu sér, kenna því og gera það hæft til inngöngu í samfélag fullorðinna manna.¹⁴⁰

¹³⁵ Hugtakið rómantík er erfitt viðureignar. Kristján Jóhann Jónsson fjallar um hugtakið og rannsóknir á íslenskri rómantík í doktorsritgerð sinni, *Grímur Thomsen*, 16–39. Tímabilið nær frá því um 1800–1850/1900 og er talið einkennast af trú á einstaklinginn, hughyggju og vilja skálda til að hrífa lesendur með sér.

¹³⁶ Dæmi um undantekningu frá þessari andstæðuhugsun er að finna bók í Dagnýjar Kristjánsdóttur, *Bókabörn*, 35–50.

¹³⁷ Ekki er einhugur um hve mikil áhrif – og hversu frumlegur – Locke var en Gillian Avery heldur því fram að ekki sé um brautryðjandaverk að ræða heldur endurspeglun á breyttum viðhorfum innan samfélagsins (Avery, „The Beginnings of Children’s Reading to c.1700,“ 12).

¹³⁸ Cunningham, *The Invention of Childhood*, 108–115; Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 36–37.

¹³⁹ Hunt, *An Introduction to Children’s Literature*, 40–42; McCulloch, *Children’s Literature in Context*, 8–10; Stybe, *Fra Askepot til Anders And*, 19–21.

¹⁴⁰ Dagný Kristjánsdóttir *Bókabörn*, 38–42; Stybe, *Fra Askepot til Anders And*, 149.

Samkvæmt hugmyndasmiðum rómantíkur er engin þörf á því að bjarga barninu frá sjálfu sér, meira máli skiptir að forða því frá hinum spillta heimi. Rómantíkin hóf barnið til skýjanna og þrín eftir að endurheimta sakleysislega sýn þess á heiminn er eitt af megininkennum hennar.¹⁴¹ Hugmyndasmiður rómantíkurinnar og helsti merkisberi var Jean-Jacques Rousseau (1712–1778). Hann hafði gríðarleg áhrif á hugmyndir manna um barnið, einkum með bókinni *Émile, ou de l'éducation* (Emil, eða um menntun, 1762) sem kom út nær 70 árum eftir útgáfu ritgerðar Locke, sem Rousseau viðurkenndi að hefði haft mikil áhrif á sig. Rousseau leit ekki aðeins á barnið sem „óskrifað blað“ eins og Locke heldur sem svo að það stæði nær náttúrunni en hinir fullorðnu. Rousseau boðaði að bernskan væri dýrmætasta aldurskeið mannsins og það ætti að hefta frelsi barnsins eins lítið og mögulegt væri því að eðlislæg snilld barnsins myndi gera því kleift að læra sjálft af náttúrunni hvað best væri og réttast. Börn ættu jafnframt aðeins að lesa eina bók fyrir tólf ára aldur, *Robinson Crusoe*, því að hún kenndi þeim að bjarga sér sjálf í hinum náttúrulega heimi.¹⁴² Það á alls ekki að þvinga börn til að lesa, sagði hann, heldur eiga þau sjálf að uppgötva hvenær þau hafa þörf fyrir að lesa. Auk þess taldi Rousseau menntun ekki mögulega fyrr en um 14 ára aldur. Þrátt fyrir tregðu Rousseaus til að leyfa ungviðinu að lesa blésu skoðanir hans ótöldum kynslóðum menntafrömuða hugmyndir í brjóst og þeir skrifuðu bækur sem höfðu áhrif á mjög mörg börn – og fullorðna líka.¹⁴³

Í upphafi 19. aldar voru ævintýri og þjóðsögur taldar óviðeigandi lesefni fyrir börn. Mótmælendur litu hreinlega á slíkar sögur sem miðlun hjátrúar og bæði Locke og Rousseau vörðu við þeim. En, heillaðir af hugsjónum Rousseau og eftirsjá skáldanna eftir upphafinni bernsku, beindu höfundar barnabókmenntum inn á nýjar brautir og um þetta leyti, samfara vaxandi þjóðernishreyfingum í Evrópu, kom upp nýr áhugi á fortíðinni og menningu alþýðunnar. Skáld og fræðimenn beindu sjónum að menningararfi alþýðunnar en í hvers kyns þjóðlegum fróðleik var andi hverrar þjóðar

¹⁴¹ Um þetta fjallar Stroup í „The Romantic Child“ (2004). Sjá einnig Sky, „Myths of Innocence and Imagination, 363–369.

¹⁴² Since we must have books, there is one book which, to my thinking, supplies the best treatise on an education according to nature. This is the first book Emile will read; for a long time it will form his whole library, and it will always retain an honoured place. It will be the text to which all our talks about natural science are but the commentary. It will serve to test our progress towards a right judgment, and it will always be read with delight, so long as our taste is unspoiled. What is this wonderful book? Is it Aristotle? Pliny? Buffon? No; it is Robinson Crusoe (Rousseau, *Émile*, án bls., rafræn bók).

¹⁴³ Sjá umfjöllun í tengslum við Rousseau og barnabókmenntir hér: Heywood, *Catholicism and Children's Literature in France*, 51–52; Winge, *Dansk Børnelitteratur 1900–1945 med Særligt Henblik på Børneromanen*, 21–26.

talinn búa. Þjóðverjar voru brautryðjendur í söfnun og útgáfu þjóðsagna og þekktustu ævintýrin eru söfn hinna þýsku Grimm-bræðra, Jacobs og Wilhelms sem þeir birtu á árunum 1812–1822 undir titlinum *Kinder und Hausmärchen*. Söfnun bræðranna þýsku varð til að ýta við fræðimönnum um alla Evrópu sem fóru að safna þjóðsögum og kvæðum og gefa út.¹⁴⁴ Ýmsir frumsöndu ævintýri fyrir börn. Þar á meðal Hans Christian Andersen og listræn ævintýri hans, *Eventyr, fortalte for børn* (Ævintýri, fyrir börn, 1835–1842) sem öll börn gleypu í sig, þar á meðal Nonni en samkvæmt Jóni Sveinssyni las hann ævintýri Andersens í Kaupmannahöfn.¹⁴⁵

Þessi saga „fyrstu“ barnabókanna í Evrópu, sem hér hefur verið rakin stuttlega og á fremur einfaldaðan hátt, er mun yngri en saga fullorðinsbókmennta en því hefur þó verið haldið fram að barnabækur gangi í gegnum sömu ferli og bækur fyrir fullorðna og því hefur einnig verið haldið fram að barnabækur þróist alls staðar í heiminum með sama hætti.¹⁴⁶ Zohar Shavit segir til dæmis að barnabækurnar hafi farið í gegnum sömu þróunarstig hvort sem þær byrjuðu að þróast fyrir hundrað árum eða tvö hundrað árum auk þess sem sömu menningarþættir og stofnanir taki þátt í sköpun þeirra.¹⁴⁷

Samkvæmt Shavit gerðist það, samfara aukinni menntun barna á síðari hluta 18. aldar og þeirri nítjándu og með tilkomu sérstakra barnabóka, að upp kom togstreita um það sem börnin *áttu* að lesa og það sem þau raunverulega *vildu* lesa.¹⁴⁸ Þannig hafi barnabækur frá upphafi einkennst af andstæðunum innræting eða ánægja, upplýsing eða rómantík, uppfræðsla eða listir. Í barnabókmenntasögum eru andstæðurnar milli upplýsingar og rómantíkur oft teknar mjög bókstaflega. Þetta hefur verið gagnrýnt enda er það villandi og oft mikil einföldun að stilla tveimur tímabilum upp sem hreinum andstæðum en Nina Christiansen segir einmitt að uppstillingin upplýsing/rómantík sé oft eins og varða sem auðveldi fræðimönnunum lífið og gefi bæði falska og einfaldaða mynd af sögu barnabóka.¹⁴⁹

¹⁴⁴ Stybe, *Fra Askepot til Anders And*, 52–57; Tatar, *The Hard Facts of the Grimm's Fairy Tales*, 25–26. Hér má nefna söfn hinna sænsku George Stephens og Gunnar Olof Hyltén-Cavallius, *Svenska folksagor och Äfventyr* (1844–1849), hinna norsku Peter Christen Asbjørnsen og Jørgen Moe sem söfnuðu ævintýrum og birtu í *Norske Folkeeventyr* (1841–1844).

¹⁴⁵ Í öðru sambandi kveðst hann hafa lesið sögur H. C. Andersens í hjáverkum veturinn sem hann var í Kaupmannahöfn hjá Grüder (*Ævintýri úr Eyjum*, 29).

¹⁴⁶ Sjá umfjöllun um þetta hjá O'Sullivan í *Comparative Children's Literature*, 45–47.

¹⁴⁷ Shavit, „The Historical Model of the Development of Children's Literature,“ 27–28. Maria Nikolajeva er skoðanasystir Shavit hvað þetta varðar eins og lesa má um í bókinni *Children's Literature Comes of Age* (1996).

¹⁴⁸ Shavit, „The Historical Model of the Development of Children's Literature,“ 28.

¹⁴⁹ Christensen, *Videbegær*, 148–152.

Saga barnabókarinnar er sannarlega krókóttari en svo að rekja megi sig beina leið frá einni bók til annarrar þar til við staðnæmumst við bækur dagsins í dag. Vissulega einkenndust barnabækur upplýsingartímabilsins mun meira af uppfræðslu, innrætingu og kennslu en barnabækur rómantíkurinnar, en Christiansen bendir á að á seinni hluta 18. aldar hafi verið erfitt að tala um nákvæm mörk á milli fagurbókmennta og kennslubóka.¹⁵⁰

Rómantíkin er sögð vera tímabil barnsins, þar sem öll ást og athygli hafi beinst að því, en þó er villandi að segja að „barnið hafi *orðið* til“ á því tímabili. Frekar mætti segja að aukin áhersla hafi verið lögð á ímyndunarafl barnsins og skemmtun hafi þá hlotið aukið vægi í barnabókum. Fantasúr og ævintýri bera nefnilega nær undantekningarlaust með sér boðskap sem ungum lesendum er ætlað að tileinka sér.¹⁵¹ Bettina Kümmerling-Meibauer bendir á að á barnabækur voru sem fyrr tengdar því hlutverki að búa börnin undir framtíðina og móta þau og þannig sluppu barnabækur rómantíkurinnar ekki undan hinu kennslufræðilega hlutverki sínu eftir því sem leið á 19. öldina.¹⁵²

Ímynd barnsins varð enn flóknari en áður eftir því sem 20. öldin nálgaðist og bækurnar urðu fleiri. Um aldamótin 1900 var bókmenntagreinin fullsköpuð. Sífelld bættust við fleiri höfundar og fleiri lesendur sem skiptust smám saman í markhópa – ung börn, eldri börn, stelpur og stráka. Það var sá fjölbreytilegi evrópski bókmenntamarkaður sem Jón Sveinsson skrifaði fyrir. Þá hafði hann menntast á Íslandi, í Danmörku, Frakklandi, Belgíu og á Bretlandi, var læs á nokkur tungumál og hafði kennt piltum í um tvo áratugi. Það er óhætt að segja að bakgrunnur Jóns Sveinssonar hafi ekki verið síður fjölbreytilegur en hið lokkandi svið barnabókmenntanna sem hann heillaðist af.

Það voru ekki aðeins barnabókmenntir meginlandsins sem mótuðu og höfðu áhrif á Nonnabækurnar. Jón Sveinsson þekkti einnig íslenskan bókmenntaarf en það verður að viðurkennast að barnabókamarkaðurinn var ekki stór á þriðja ársfjórðungi 19. aldar, árunum sem drengurinn Nonni bjó á Íslandi. Nýjum stefnum og straumum í heimspeki og bókmenntum skolaði yfirleitt seint á Íslandsstrendur, hér voru menn lengur að taka við sér, hér „fæddist“ barnabókin og barnabókamarkaðurinn síðar en í nágrennalöndunum og var að auki í mun smærri sniðum eins og rætt er í næsta kafla.

¹⁵⁰ Christensen, *Videbegær*, 21–22.

¹⁵¹ Austin, „Children of Childhood,“ 77–84; Sky, „Myths of Innocence and Imagination,“ 366–367.

¹⁵² Kümmerling-Meibauer, „Images of Childhood in Romantic Children’s Literature,“ án bls.

2.4 Um upphaf barnabóka á Íslandi

Silja Aðalsteinsdóttir segir að upphaf sérstakra íslenskra barnabóka megi rekja til ársins 1739, en þá hafi fyrsta íslenska barnabókin, *Barnaljóð* eftir séra Vigfús Jónsson, komið út.¹⁵³ Loftur Guttormsson gagnrýnir þetta og segir *Barnaljóð* ekki vera barnabók heldur „kristilegar heilræðavísur í anda hústöflunnar og húsagans“.¹⁵⁴ Silja heldur fast við sitt og bendir á að dæmisögum hafi oft verið snúið í bundið mál og notaðar til fræðslu og skemmtunar fyrir börn. *Barnaljóð* séu dæmi um slíkt barnaefni.¹⁵⁵

Bókin sem Loftur Guttormsson telur þá fyrstu á íslensku er *Sumar-Gjöf handa Børnum frá Sra. Gudmundi Jónssyni Prófasti í Árness-Sýsslu og Sóknar-Presti til Olafs-valla á Skeidum* frá árinu 1795 sem kom út á íslensku 56 árum eftir að *Barnaljóð* voru samin. *Sumargjöf handa börnum* er þýðing á danskri bók, sem kom út árið 1790, sem var upphaflega snarað úr þýskri bók sem gefin var út 1783.¹⁵⁶ Loftur er í hópi þeirra sem telja barnabækur ekki verða til fyrr en farið er að gefa út bækur sérstaklega ætlaðar þeim, Silja er hins vegar í liði með þeim sem telja barnabækur vera það efni sem beinir máli sínu til barna. Dagný Kristjánsdóttir, skoðanasystir Silju, færir rök fyrir því hvernig þeir sem skrifuðu fyrir börn hafi yfirleitt reynt að láta gagn og gaman vinna saman.¹⁵⁷ Bækur ætlaðar börnum á síðari hluta 19. aldar voru oft en ekki endursagðar eða þýddar úr dönsku, alfarið eða að hluta til án þess að upprunalega textans væri getið. Þetta var alvanalegt alls staðar¹⁵⁸ og ferðalag *Sumargjafarinnar* frá Þýskalandi til Íslands með viðkomu í Danmörku er dæmigert fyrir evrópskar barnabókmenntir þeirra tíma.

Vegna þess hve frjálsglega var farið með höfundarverk á 19. öld getur verið erfitt að sjá hversu mikið af því barnaefni sem þó kom út á íslensku á þeim árum er frumsamið. Það er mögulegt að höfundar frumsamins barnaefnis á íslensku þá öldina séu nokkru fleiri en þeir þrír sem Silja Aðalsteinsdóttir telur upp í barnabókmenntasögu

¹⁵³ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 39; Silja Aðalsteinsdóttir, „Íslenskar barnabækur: Sögulegt yfirlit“, 9.

¹⁵⁴ Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, 201 (nmgr. 76).

¹⁵⁵ Silja Aðalsteinsdóttir, „Íslenskar barnabækur: Sögulegt yfirlit“, 9. Oft hefur verið fjallað um „fyrstu íslensku barnabókina“ í greinum og bókaköflum um upphaf þeirra en nýlega umfjöllun er að finna í *Bókabörnum* (Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 37–38).

¹⁵⁶ Danska útgáfan ber titilinn *Tidsfordriv og Undervisning for Børn, fra Deres Femte til Deres Tiende Alders Ár, i Små Historier* og var þýðing á þýskri bók eftir Johann August Ephraim Götze (1731–1793) sem hét *Zeitvertreib und Unterricht für Kinder von Achten bis Zwölften Jahre in Kleinen Geschichten, Gesprächen und Briefen* og kom út í Leipzig árið 1783.

¹⁵⁷ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 37–39.

¹⁵⁸ Sama rit, 57; Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 44.

sinni, þ.e. Jóhann Halldórsson (1809–1843), Jónas Hallgrímsson (1807–1845)¹⁵⁹ og Torfhildur Þ. Hólm (1845–1918).¹⁶⁰ Silja segir hvorki Torfhildi Hólm né Jóhann Halldórsson hafa haft „skáldlega krafta“ til að „yfirvinna þá staðreynd að enn var ekki runninn upp tími fyrir sérstakt lestrarefni handa börnum á Íslandi“.¹⁶¹

Bæði Silja og Dagný gera Jónas Hallgrímsson að umtalsefni í bókmenntasögum sínum, einkum ævintýri hans. Dagný er Silju sammála um fegurð ævintýra Jónasar og báðar ræða þær tengsl þeirra við listræn ævintýri H. C. Andersens og *Grasaferð* fær fallega umfjöllun hjá þeim báðum sem fyrsta íslenska smásagan sem lögð er barni í munn. Silja talar um sögur hans sem barnaefni. Það gerir Dagný Kristjánsdóttir ekki. Hún segir Jónas ekki hafa skrifað barnabækur „enda voru þær ekki orðnar til sem bókmenntasvið á Íslandi og varla í Danmörku heldur þegar hann gekk þar um garða“. Dagný vill staðsetja verk hans „á mörkum rómantískrar upphafningar á bernskunni og þeirrar vaxandi tilfinningasemi sem fylgdi síðrómantíkinni um og upp úr miðri nítjándu öld“.¹⁶² Þannig hafi Jónas verið boðberi barnabóka framtíðarinnar og fantasíunnar.

Þær hugmyndir, sem hér hafa verið raktar um börn og barnabækur, mótuðu Jón Sveinsson. Í sínum eigin bókum ítrekar hann það að hafa alist upp á menningarheimili og verið vel lesinn. Allar líkur eru á því að það sé rétt, enda var faðir hans bókelskur maður og safnari auk þess sem fjölskyldan bjó um hríð á amtmannsbústaðnum á Akureyri þar sem án efa hafa verið til margar bækur. Vafalítið þekkti Jón Sveinsson þá höfunda og þau verk sem hér hafa verið nefnd, einkum sögur Torfhildar þar sem þau skrifuðust á árum saman og móðir Jóns, sem fluttist til Vesturheims þar sem Torfhildur bjó einnig, sendi syni sínum oft efni úr íslenskum blöðum og tímaritum sem þar voru gefin út.¹⁶³ Jón Sveinsson var umkringdur börnum og unglingum hvar sem hann starfaði, í Danmörku, Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu og á Englandi. Oft voru þetta nemendur Jóns sem hann skemmti með því að segja þeim sögur.

Þegar Jón Sveinsson sigldi brott frá Íslandi sumarið 1870 höfðu fáar barnabækur komið út hér á landi. Þær sem þó höfðu verið gefnar út voru lestrarbækur, stafrófskver, safnrit, smásagnasöfn – sum með ljóðum í bland. Það þótti nokkur viðburður ef gefin

¹⁵⁹ Margt hefur verið ritað um verk Jónasar Hallgrímssonar en í bók Dagnýjar Kristjánsdóttur, *Bókabörn*, 69–99, er að finna nýja nálgun að verkum hans þar sem fjallað er um ævintýri hans og „Grasaferð“ sem mögulegar barnasögur og hugtakið „rómantíska barnið“ sérstaklega rannsakað.

¹⁶⁰ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 49. Sjá einnig Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 57–65.

¹⁶¹ Silja Aðalsteinsdóttir, „Íslenskar barnabækur: Sögulegt yfirlit“, 12.

¹⁶² Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 98.

¹⁶³ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 193–194, 215.

var út barnabók, svo mikill raunar að jafnvel fyrirhuguð útgáfa barnabókar var auglýst í dagblöðum landsins. Þannig má sjá auglýsingu undir fyrirsögninni „Spánnýtt!“ í *Dagskrá* 1., 6. og 13. maí 1899 þar sem Sig. Júl. Jóhannesson segist hafa í „hyggju að gefa út í sumar safn af sögum og kvæðum handa börnum, bæði þýtt og frumsamið“. Fram kemur að reynt verði að vanda mjög til verksins og „ef til vill“ verði bókin með myndum.

Snemma á 20. öld fjölgaði fólki í bæjum til muna, einkum í Reykjavík, og að sama skapi fækkaði þeim sem bjuggu í sveitum. Hið borgaralega samfélag var að þróast, börn hinna nýju bæja héldu hópinn og smám saman myndaðist gjá á milli heims barna og fullorðinna sem ekki hafði verið til í bændasamfélaginu. Forsendur þess að gefa út íslenskar barnabækur urðu nú smám saman raunhæfar og á fyrstu þremur áratugum 20. aldar komu út um 50 barnabækur hér á landi.¹⁶⁴

Um og upp úr 1900 fóru að koma út hér á landi bækur sem Silja Aðalsteinsdóttir kallar „fyrstu alíslensku frásögunar handa börnum“. ¹⁶⁵ Þetta eru frumsamdar bernskuminningar, ljúfar sögur um sólríka sumardaga bernskunnar. Fyrsta bernskuminningin sem spannar skáldsögu að lengd er *Bernskan* eftir húsmannssoninn Sigurbjörn Sveinsson (1878–1950) sem kom út í tveimur bindum árið 1907.¹⁶⁶ Það var ekki fyrr en árið 1922 að *Nonni* var þýdd á íslensku. Nonnabókunum var frábærlega vel tekið hér á landi sem annars staðar og segja má að Sigurbjörn og Jón hafi í árdaga íslenskra barnabóka gnæft yfir aðra höfundu og haft mikil áhrif á bókmenntasviðið. Saman sköpuðu þeir ímynd íslensku sveitarinnar sem paradís barnsins. Margir höfundar tóku upp þráðinn frá Nonna og Sigurbirni, og fóru að skrifa stuttar sögur um líf og leiki barna í sveit og borg á Íslandi og oftast en ekki voru þessar sögur byggðar á bernsku höfundanna sjálfra.¹⁶⁷

Jón Sveinsson og Sigurbjörn höfðu mikil áhrif á íslenskar barnabókmenntir. Það hafði verið hlutskipti Jóns Sveinssonar að reyna að skapa sér sérstöðu á markaði þar sem margir voru um hituna og á þekktu bókmenntasviði á meginlandi álfunnar, en nú var hann annar tveggja frumkvöðla á Íslandi og bækur hans þær fyrstu sinnar tegundar og einstakar þegar þær birtust löndum hans í þýðingum.

¹⁶⁴ Dagný Kristjánsdóttir, „Frá Laugamýri til Lundúna,“ 564–565. Til samanburðar má nefna að í Danmörku kom út 31 barnabók árið 1900, þar af 21 í fyrstu útgáfu (Winge, *Dansk Børnelitteratur 1900–1945 med Særligt Henblik på Børneromanen*, 107).

¹⁶⁵ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 102.

¹⁶⁶ Dagný Kristjánsdóttir fjallar ítarlega um Sigurbjörn og verk hans í *Bókabörnum*, 161–204.

¹⁶⁷ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 117–125.

2.5 Skilgreiningarvandi barnabókarinnar

Í greininni „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn“ minnst Dagný Kristjánsdóttir á það hve löng og ströng sú umræða sé orðin, hvað sé barnabók og hvað ekki. Þar er hvergi botn að finna og sumir telja óþarft að miða við aldur til greiningar á skáldskap því að „góð fullorðinsbók sé jafnframt góð barnabók. Sumir telja muninn á bókum fyrir börn og fullorðna augljósan en aðrir segja slíkan greinarmun ekki vera til staðar. Svo eru það þeir sem telja þessa aðgreiningu vera tilbúning bókaútgefenda sem vilja græða sem mest á því að mynda sérstaka markhópa“.¹⁶⁸ Loks má benda á það sjónarmið að skilgreiningar á barnabókum takmarki oft umfjöllun um þær og jafnvel sé best að hafna engri einni aðferð við að skilgreina barnabók því að sérhver skilgreining hafi sína kosti og þjóði upp á einstaka möguleika til að túlka barnabækur.¹⁶⁹

Í *The Case of Peter Pan, or, The Impossibility of Children's Fiction* gengur Jacqueline Rose svo langt að segja að barnabækur séu óhugsandi því þær séu alls ekki um barnið, hafi aldrei verið það og geti ekki verið það. Þetta þýði ekki að barnabækur séu ekki til, heldur sé barnið í barnabókum búið til af fullorðnum höfundum og barnabækur snúist um hið óhugsandi samband hins fullorðna og barnsins þótt aldrei sé rætt um þetta samband í sögunum. Rose heldur því fram að ef barnabækur búi til ímynd barns innan bókar sé það gert til að uppfylla óskir og þrár hinna fullorðnu – utan bóka. Hún lítur á barnabækur sem svið þar sem hinir fullorðnu geti leyft löngunum sínum og þrám að leika lausum hala og það á vissulega við um Jón Sveinsson og Nonnabækurnar eins og rökstutt verður í þessari ritgerð.¹⁷⁰

David Rudd er sammála þeirri fullyrðingu Rose að „barn“ barnabókarinnar sé hugarsmið hins fullorðna, að það sé sviðsett sem fagurt, saklaust, flekklaust og kynlaust – sem einskonar blæti sem leyfir hinum fullorðnu að segja tímabundið skilið við eigin ófullkomleika. Hann er einnig sammála því að „barnið“ hafi verið upphafið eins og það stæði utan hins útsmogna tungumáls og sjálfsmyndarvanda hins fullorðna og þess vegna sé meðal annars ómögulegt að nokkur barnabók tali til barna og fyrir börn sem hóp. Honum finnst hins vegar ekki rökrétt að draga því næst þá ályktun að barnabækur „séu óhugsandi“ eða að þær þjóni fyrst og fremst þörfum hinna fullorðnu. Það sé fræðileg blindgata. Ójafnvægið á milli hins fullorðna höfundar og barnsins þarf ekki

¹⁶⁸ Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn“, 17–19.

¹⁶⁹ Rudd, „The Development of Children's Literature“, 9.

¹⁷⁰ Rose, *The Case of Peter Pan, or, The Impossibility of Children's Fiction*, 1–2.

endilega að vera slæmt, segir hann, og börn eru alls ekki með öllu valdalaus í lestrarferlinu.

Fyrir rúmum 35 árum benti Rose vissulega á áskoranir sem fræðimenn á hinu nýja sviði barnabókmenntafræða stóðu frammi fyrir og hún benti réttilega á að ímynd barnsins og barnabókarinnar væri síður en svo klippt og skorin og átti stóran þátt í að færa barnabókarannsóknir inn á svið póststrúktúralískrar bókmenntaumræðu. Nú á tímum nýtur fræðasviðið hins vegar meiri virðingar og sífellt fleiri rannsóknir eru stundaðar á börnum og barnabókum, ekki síst í tengslum við krosslestur (e. *cross reading*) og tengsl barna- og fullorðinsbóka.¹⁷¹ Því ætti frekar að fjalla um *möguleika* barnabóka en *ómöguleika* þeirra. Innblásinn af kenningum Bakhtíns segir Rudd að barnabækur séu *adeins* ómögulegar eða óhugsandi ef litið er á þær sem einangraðar frá öðrum tegundum bókmennta.¹⁷²

Rose er einnig tíðrætt um einangrun barnabókanna og samkvæmt henni eru barnabækur heimur þar sem hinn fullorðni (höfundur, skapari) er í fyrsta sæti, barnið (lesandi, vara, móttakandi) er í öðru sæti en hvorki barn né fullorðinn fari inn á svæðið þar á milli – og þar af leiðandi séu engin tengsl á milli barns og fullorðins. Séu barnabækur rannsakaðar í anda Bakhtíns, segir Rudd, væri áherslan einmitt lögð á svæðið þar á milli, svæðið þar sem „allt gerist“ („border zone“ samkvæmt Bakhtín) í stað þess að leggja áherslu á einangraða (fullorðna) höfunda sem sitja við stjórnvölinn, óvirka lesendur (börn) og einangraða texta sem bjóða lesendum upp á fyrirfram ákveðna hugmynd um ímynd barnsins.¹⁷³ Mögulegt er að taka afstöðu á þrjá vegu: Með Rose og halda því fram að barnabækur séu óhugsandi vegna valdamisvægis, með Rudd og telja barn barnabókarinnar staðsett á einskona blendingssvæði eða hreinlega með því að afneita kenningum Rose – og Rudds – og segja hinn fullorðna höfund hafa góðan „aðgang að barninu“ í barnabókum og vera í samtali við það, enda hafi hann eitt sinn sjálfur verið barn og þekki eflaust fjöldamörg börn sjálfur. Þessi þriðji möguleiki er þó þeim annmörkum háður að byggjast á hugmyndum hvers einstaklings um börn og hvað

¹⁷¹ Með krosslestri er átt við að lesa þvert á kynslóðabilið – þ.e.a.s. sama bókin er þá lesin bæði af börnum og fullorðnum. Þetta á til dæmis við um Harry Potter-bækur J. K. Rowling sem þá teljast til „krossbókmennta“ eða *crossover fiction*. Heilmikið hefur verið skrifað um fyrirbærið á síðustu 15 árum eða svo, þar á meðal í bók Söndru L. Beckett, *Crossover Fiction: Global and Historical Perspectives* (2009). Í bókinni ræðir hún vinsældir krosslestrar í nútímasamfélagi en bendir einnig á að hann sé alls ekki nýtt fyrirbæri og eigi sér langa sögu.

¹⁷² Rudd, „Children’s Literature and the Return to Rose,“ 290–291. Sjá einnig: Grenby, „Children’s Literature: Birth, Infancy, Maturity,“ 43.

¹⁷³ Sama rit, 294–295.

það sé að vera barn, sem og hvað viðkomandi man um það hverskonar barn hann sjálfur var.

Maria Nikolajeva skilgreinir barnabækur sem bókmenntir sem eru skrifaðar, gefnar út, markaðssettar og miðlað af sérhæfðu fólki til barna sem mikilvægasta lesendahópsins. Með börnum á hún við þá sem eru undir átján ára aldri.¹⁷⁴ Það er alvanalegt að miðað sé við skeið æsku og unglingsára þegar barna- og unglingsbækur eru skilgreindar. Þó skal haft í huga að himinn og haf skilur á milli tveggja ára barns og sautján ára unglings og bókmenntir ólíkra aldurshópa sem teljast til barna- og unglingsbóka eru æði ólíkar auk þess sem yngstu börnin lesa (eða skoða) einna helst myndabækur sem eru sérstakur flokkur bókmennta með sín eigin fagurfræðilegu gildi.

Ef til vill er hugtakið „barnabækur“ meira til vandræða en gagns, ef til vill er það barn síns tíma og hreinlega óþarfi. Þessu veltir Katharine Jones fyrir sér og stingur upp á því að við höfnum hugtakinu „barnabækur“ og tökum þess í stað upp hugtakið „bækur barnsins“ eða „bækur fyrir börn“ (e. *child literature*). Þannig vill hún leggja áherslu á að um sé að ræða bókmenntir sem skrifaðar eru nær eingöngu af fullorðnum sem hafi vissar hugmynd um barnið, bernskuna og hið barnslega og hafi barnið alla jafna sem innbyggðan lesanda bókanna. Hún stingur einnig upp á hugtakinu „kynslóðabókmenntir“ (e. *generation literature*) í stað „barnabóka“ til að leggja áherslu á að þetta séu bókmenntir sem eru skrifaðar, keyptar og metnar af kynslóð fullorðinna einstaklinga sem voru einu sinni börn og muni höfða til kynslóða barna sem munu seinna verða fullorðin.¹⁷⁵

Hvernig sem því vîkur við eru ýmsar fræðilegar leiðir til að velja og lýsa helstu einkennum barnabóka. Hér er vakin athygli á fjórum atriðum sem einkenna oft barnabækur og umræðuna um þær: 1) Fullyrðingin um að barnabækur séu einfaldar og viðhorf til þessa einfaldleika, 2) yfirlýst og dulin markmið barnabókahöfunda og innbyggðir lesendur, 3) viðhorf til gæða barnabóka, og loks 4) völd og valdleysi í barnabókum. Allt eru þetta eru atriði sem einkenna barnabækur og viðbrögð gagnrýnenda við þeim.

¹⁷⁴ Nikolajeva, *Børnebogens byggekodser*, 14. Í *Aesthetic Approaches to Children's Literature* (50–58) fjallar Nikolajeva um hugtakið barnabókmenntir og hvernig það getur nýst við rannsóknir á bókum fyrir börn. Hún lítur bæði til sögulegra þátta og þess hvaða atriði við höfum almennt til hliðsjónar þegar við skilgreinum bókmenntagreinir eða bókmenntasvið auk þess sem hún leggur áherslu á að hugtakið „bókmenntagrein“ er ekki annað en verkfæri sem við notum til að auðvelda okkur að fjalla um texta. Með öðrum orðum, við megum ekki treysta um of á verkfærin né láta þau hamla túlkun okkar.

¹⁷⁵ Jones, „Getting Rid of Children's Literature,“ 305.

2.5.1 Yfirborð og undirtextar barnabókanna

Perry Nodelman hefur fjallað um einfaldleika barnabóka og um leið það sem greinir barnabækur frá fullorðinsbókum.¹⁷⁶ Hið sama hafa fleiri fræðimenn gert, til að mynda Maria Nikolajeva sem gagnrýnir viðhorf fræðimanna til meints einfaldleika bókmennta sem ætlaðar eru börnum. Bæði Nikolajeva og Nodelman gæta hagsmuna barnabókanna og eru viðhorf þeirra og viðbrögð að ýmsu leyti dæmigerð fyrir barnabókmenntafræðinga sem árum saman þurftu að réttlæta rannsóknarefni sitt og rökstyðja það að sögur fyrir börn væru verðugar akademískrar athygli.

Í greininni „Interpretation and the Apparent Sameness of Children’s Novels“ (Túlkun og augljós líkindi barnabóka, 1985) fjallar Nodelman um muninn á bókum fyrir fullorðna og börn og segir fullorðinsbækur byggjast á frumleika og nýjungum en barnabækur á endurtekningum og þekkjanleika. Hann kemst að þessari niðurstöðu eftir að hafa skoðað úrvals barnabækur sem njóta vinsælda og segir að það sem einkenni þessar bækur sé ekki frumleiki og áhugaverð þemu heldur það hvernig verkin tala saman, hvernig þau eru *eins* – þ.e. hvað er líkt með þeim. Í öllum barnasögum, fullyrðir hann, er að finna sömu andstæðurnar, svo sem heimili og útleigð, flóttu og öryggi, hið kunnuglega og hið framandi, hið ókunna og hið kunnuglega, ótta og viðurkenningu, einangrun og samveru, óreiðu og mynstur, auk þess sem myndað er ákveðið jafnvægi á milli þessara öfga.¹⁷⁷

Þessi andstæðupör má auðveldlega heimfæra upp á bækurnar um hinn unga Nonna. Í sögunum sem gerast heima á Íslandi myndar heimilið og faðmur móðurinnar öryggi, þar er allt kunnuglegt, reglubundið og þar er fjölskyldan saman. Ævintýrin gerast utan heimilisins og þar er að finna ótta, óreiðu og hið einkennilega og framandi. Í bernskusögunum sem gerast utan Íslands, í Danmörku eða Frakklandi, flækjast málin ögn þar sem drengurinn er vissulega *ekki* heima hjá sér, fjarri móður sinni, fjölskyldu og öllu því sem er öruggt, þekkjanlegt og þægilegt. Hér má sem dæmi taka söguna *Borgin við Sundið* sem gerist í Danmörku og hefst um það leyti sem Nonni stígur af

¹⁷⁶ Hér skulu nefndar greinarnar „Children’s literature as Women’s Writing“ (1988) og „Interpretation and the Apparent Sameness of Children’s Literature“ (1985), svo og bækurnar *The Pleasures of Children’s Literature* (1992, 1996 (2. útgáfa) og *The Hidden Adult* (2008) þar sem fjallað er um þetta sama.

¹⁷⁷ Nodelman, „Interpretation and the Apparent Sameness of Children’s Literature,“ 18. Á ensku eru andstæðupörin sem hann telur upp þessi: „home and exile, escape and security, the familiar and the foreign, the strange and the comfortable, fear and acceptance, isolation and togetherness, the disorderly and the patterned.“

skipsfjöl og á danska grund í fyrsta sinn. Ísland, mamma og guð halda áfram að vera kjölfesta Nonna en hann eignast annað heimili í Danmörku, aðra velgjörðarmenn og hjá þeim telur hann sig nokkuð öruggan. Ævintýrin sjálf, sem eru ótal mörg, gerast öll utan þessa tímabundna heimilis og þegar komið er til baka úr þeim færast ró yfir piltinn.

Gæði barnabóka eru ekki reist á sama grunni og gæði fullorðinsbóka að því er Nodelman segir, barnasögur byggjast á endurtekningum, á því að taka sömu og svipaða hluti upp aftur og aftur og bestu barnabókahöfundarnir gera þetta á nýstárlegan og fjölbreyttan hátt.¹⁷⁸ Vissulega endurtók Jón Sveinsson sig aftur og aftur. Hann sagði sömu sögunar hvað eftir annað í fyrirlestrum sínum¹⁷⁹ og töluverðar endurtekningar er líka að finna í bókum hans. Augljósasta dæmið um endurtekningar eru bækurnar *Nonni* og *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* en þær fjalla að mestu, eins og áður hefur verið sagt, um hið sama: Tildrög utanfarar Nonna, siglinguna til Danmerkur og fyrstu dagana í Kaupmannahöfn. Bygging allra sagnanna er að auki mjög svipuð, spenna byggð upp með líkum hætti, stíllinn ávallt eins, og ævintýrin sjálf ekki svo ósvipuð hvert öðru, en „hættan“ sem um ræðir felst alla jafna í óblíðum náttúruöflum (úfinn sjór, blindbylur, þoka, kuldi o.s.frv.), hættulegum dýrum á borð við hvali, mannyg naut, ísbirni eða mávager. Sjaldgæfara er einkennilegt og nýstárlegt fólk (sem reynist vera bestu skinn) á borð við útilegumenn, sígauna í *Ævintýri úr Eyjum* og morðingja í *Sólskinsdögum*. Halldór Laxness orðaði það svo að þetta væru alltaf sömu Nonnarnir sem Jón Sveinsson skrifaði um.¹⁸⁰ Á yfirborðinu virðast Nonnabækurnar því ansi einfaldar en til að skilja barnabækur, hvort sem það eru sögur Jóns Sveinssonar eða aðrar sögur, þörfnumst við annarskonar og fjölbreyttari nálgunar og greiningaraðferða, eins og Nodelman bendir á. Og það er ekki skrítið að barnabækur virðist einfaldari en bækur ætlaðar fullorðnum lesendum, þeim er ekki aðeins beint að börnum heldur fjalla þær oft en ekki um aðalpersónu á barnsaldri og hinum unga lesanda er boðið að samsama sig þessari aðalpersónu. Með öðrum orðum: Textanum er sjónbeint¹⁸¹ gegnum barnið eða hina barnslegu aðalpersónu og því er sjónarhorn bókarinnar barnslegt. Í Nonnabókunum er

¹⁷⁸ Nodelman, „Interpretation and the Apparent Sameness of Children’s Literature,“ 19–20.

¹⁷⁹ Gunnar F. Guðmundsson fjallar um fyrirlestra Jóns Sveinssonar í kaflanum „Rithöfundur og fyrirlesari“ (293–312) í *Pater Jón Sveinsson: Nonni*.

¹⁸⁰ Gunnar F. Guðmundsson fjallar um samskipti Halldórs Laxness og Jóns Sveinssonar, sjá einkum bls. 314 o.áfr. í *Pater Jón Sveinsson: Nonni*.

¹⁸¹ Dagný Kristjánsdóttir ræðir hugtakið í greininni „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn“ (26–27). Hugtakið sjónbeining (e. *focalization*) er upphaflega komið frá frásagnarfræðingnum Gérhard Genette. Í umfjöllun sinni vísar Dagný til barnabókafræðingsins Bodil Kampp. Sjá einnig Nikolajeva, *Aesthetic Approaches to Children’s Literature*, 188–190.

sögunni til að mynda sjónbeint í gegnum hinn 10–13 ára gamla Nonna; lesendur sjá heiminn með hans augum og samsama sig honum. En þótt sjónbeiningin sé barnsleg er sögumannsröddin ekki endilega rödd barns og söguhöfundur (e. *the implied author*) er það vitaskuld ekki. Þetta flækir hina að því er virðist einföldu frásögn barnabókarinnar og felur oft í sér átök á milli barnslegra viðhorfa og viðhorfa hinna fullorðnu.¹⁸²

Í *The Hidden Adult* (Feluleik hins fullorðna, 2008) segist Nodelman ekki líta á barnabækur sem bókmenntasvið sem meitlað sé í stein og óumbreytanlegt. Það sé breytilegt og kenningar um það sömuleiðis. Það sem hann leggi hins vegar áherslu á sé óumflýjanlegur þroska- og aldursmunur þess sem skrifar og þess sem tekur á móti textanum. Lesendur barnabóka hafi þörf fyrir að vera ávarpaðir á ákveðinn hátt og boðið sérvalið efni. Stíll barnabóka sé einnig einfaldur, að minnsta kosti í samanburði við það sem skrifað sé fyrir þroskaðri lesendur og meiri áhersla sé þar lögð á söguþráð en lýsingar á fólki, stöðum og tilfinningum. Þó megi ekki rugla saman hugtökunum „barnalegur“ og „barnslegur“. Hinir einföldu og afdráttarlausu textar barnabóka feli oft í sér flóknari undirtexta og þetta sé gert, samkvæmt Nodelman, með því að gefa í skyn flóknari „undirtexta“ (e. *shadow text*) eða vísbendingar sem gefa dýpri merkingu og skýringar á því sem yfirborðstextinn virðist segja.¹⁸³

Hin barnslegu viðhorf og hin fullorðnu takast ávallt á í barnabókum og Nodelman segir einfaldleika barnabóka aðeins segja hálfan sannleikann, þeim fylgi skuggi – flóknari skilningur á heiminum og fólki sem sé ekki orðaður og komist aldrei upp á yfirborðið. Hið einfalda yfirborð feli en gefi þó vísbendingar um hið ósagða sem sé *ekki svo einfalt* og þar sé að finna þetta samband hins fullorðna og barnsins sem brjótist fram á stöku stað og er einmitt eitt af því sem einkennir Nonnabækur Jóns Sveinssonar. Um það er fjallað ítarlega í þessari ritgerð, svo sem í tengslum við ímynd Íslands, Íslendinga í sögum Jóns og hinn trúarlega þátt þeirra. Í þessu sambandi er einnig að finna hið

¹⁸² Nodelman, „Interpretation and the Apparent Sameness of Children’s Literature,“ 20. Maria Nikolajeva hefur líka fjallað um einfaldleika barnabóka og endurtekningar og leggur áherslu á að ekki eigi að leggja neikvæða merkingu í orðið „eftirlíkingu“ þar sem í henni felst ákveðin list. Hún gagnrýnir Nodelman fyrir það sem hún kallar „afsakandi“ sjónarhorn (d. *apologetiske standpunkter*) til barnabóka og að það sé bókmenntasviðinu alls ekki til framdráttar. Nikolajeva gengur svo langt að segja að það líti út fyrir að Nodelman hafi aldrei komist lengra í lestri sínum á barnabókum en að *Grísunum þremur*, að hann telji barnabækur minni háttar bókmenntir, kyrrstætt og óumbreytanlegt bókmenntasvið þar sem ekkert hafi gerst síðustu hundrað árin (*Børnebogens byggekodser*, 19–21).

¹⁸³ Nodelman, *The Hidden Adult*, 196–197, 206–208.

flókna ávarp barnabókanna sem ekki er að finna í bókum fyrir fullorðna, en ávarp í barnabókum getur ýmist verið einfalt, tvöfalt eða tvíþætt.¹⁸⁴

2.5.2 Innbyggði lesandinn

Hinn innbyggði lesandi allra barnabóka er barn og þessi innbyggði lesandi er það sem einna helst aðgreinir barnabækur frá öðrum bókmenntagreinum.¹⁸⁵ Tilgangur flestra barnabókahöfunda með skrifum sínum er góður því, eins og Dagný Kristjánsdóttir segir, þá væri höfundurinn varla að skrifa bókina ef hann bæri ekki hag barna fyrir brjósti á einn eða annan hátt. Það er þó mismunandi hvernig höfundar taka á þessu máli:

Sumir rithöfundar segjast ekki skrifa meðvitað fyrir börn sem innbyggða lesendur heldur fyrst og fremst fyrir sjálfa sig og þá kannski fyrir barnið í sér, það barn sem þeir eitt sinn voru. Þeir segjast ekki laga textann að þörfum eða þroska barna og myndu skrifa alveg eins fyrir fullorðna.¹⁸⁶

Þá má spyrja hversu alvarlega við eigum að taka yfirlýsingar höfunda, séu þær fyrir hendi, um markmið sitt með ritun barnabóka og hvert svo sem markmiðið kann að vera er ekki víst að það gangi eftir – ekki er víst að börnin taki á móti eða bregðist við textanum á þann hátt sem sögumaður ætlast til.

Barbara Wall hefur fjallað um hið mikilvæga samband sögumanns og hlustanda í *The Narrator's Voice: The Dilemma of Children's Fiction* og nýtir sér þar frásagnarlíkan Seymours Chatman (1978). Samkvæmt Chatman er um að ræða sex aðila sem mynda þrjú pör þegar frásögn er annars vegar. Þar standa fjórir innan textans og tveir utan hans. Utan textans eru hinn raunverulegi höfundur og hinn raunverulegi lesandi. Textinn innan bókarinnar eru skilaboðin sem færast frá hinum raunverulega höfundi (e. *real author*) til hins raunverulega lesanda (e. *real reader*). Fyrsta parið innan textans er söguhöfundurinn (e. *implied author*) og mótleikari hans, sögulesandinn (e. *implied reader*). Næsta par er sögumaður (e. *narrator*) og sögumóttakandi (e. *narratee*). Sögumaðurinn er röddin sem segir söguna og sögumóttakandinn er þessi óljósa vera sem sögumaðurinn, innan textans, ávarpar.¹⁸⁷

¹⁸⁴ Nodelman, *The Hidden Adult*, 8–88. Nodelman ræðir þetta í tengslum við ákveðna bókmenntatexta og er umfjöllunin nokkuð löng en til einföldunar má benda á samantekt á bls. 76.

¹⁸⁵ Mjør, Birkeland og Risa, *Barnelitteratur*, 27.

¹⁸⁶ Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 18–19.

¹⁸⁷ Chatman, *Story and Discourse*, 147–157. Söguhöfundur er í raun hið innbyggða viðhorf höfundar til efnis sögunnar og hins innbyggða lesanda eða sögulesandans. Þegar um barnabækur er að ræða skapar söguhöfundurinn sögulesanda sem byggist á hugmyndum hans á áhugamálum, getu og vilja lesanda á ákveðnum aldri og ákveðnu þroskastigi. Söguhöfundur/sögulesandi í barnabókum er þannig viðhorfið

Það er hinn innbyggði lesandi sem vekur athygli Wall og hún segir að það sé ekki hvað sagt sé heldur hvernig og við hvern sem ákvarðar hvort um barnabók sé að ræða eða ekki.¹⁸⁸ Með öðrum orðum, það er ávarpið (e. *address*) sem skiptir máli og það getur verið með þrennskonar hætti í barnabókum: Einfalt (e. *single*), tvöfalt (e. *double*) eða tvíþætt (e. *dual*). Með einföldu ávarpi ávarpar sögumaður hinn unga lesanda eingöngu og reynir að tala eins og barn við barn. Tvöfalt ávarp einkennist hins vegar af því að bæði er gert ráð fyrir ungum og gömlum lesanda og það getur hljómað eins og talað sé niður til lesandans. Tvíþætt ávarp er það hins vegar þegar samtímis er talað bæði til barna og fullorðinna sem skilja söguna á mismunandi hátt. En hvernig sem höfundur ætlar sér að ávarpa lesendur sína er tvítog hins fullorðna og barnsins ávallt til staðar og kemur fram í ávarpinu.¹⁸⁹ Samkvæmt Wall einkennast elstu barnabækurnar einkum af hinu (oft) niðrandi einfalda ávarpi en þó séu til bækur sem gefnar voru út fram á þessa öld og einkennast af einföldu ávarpi, einkum smábarnabækur. Þá kom upp krafan um að losna við hið valdsmannlega yfirbragð fullorðna sögumannsins og tvöfalt ávarp varð einfaldara og einlægnin meiri. Wall segir tvíþætt ávarp hins vegar vera „þriðja stig frásagnartækni barnabóka“ – þar sé um ræða flóknari og listfengnari barnabækur.¹⁹⁰

Við verðum að horfast í augu við það að sem fullorðnir lesendur lesum við og skiljum bækur öðruvísi en börn – enda erum við ekki börn og bernskuminningar flestra eru brotakenndar og óáreiðanlegar. Því fylgir ábyrgð sem tengist hinum innbyggða lesanda barnabóka og er óhjákvæmilega afleiðing þeirra hugmynda og skoðana sem fullorðið fólk hefur um börn og ungt fólk og stöðu þeirra í samfélaginu. Umræðan um hlutverk barnabóka tengist alltaf pólitík af því að það er ekkert valdajafnvægi á milli barnanna sem lesa bækurnar og fullorðna fólksins sem skrifar, gefur út og gagnrýnir bækurnar eða tengist þeim á annan hátt.

eða afstaðan sem þarf til að brúa bilið milli hins fullorðna og barnsins í textanum. Barbara Wall ræðir sína túlkun á kenningum hans í *The Narrator's Voice*, sjá einkum bls. 3–8 fyrir aðgengilegt yfirlit.

¹⁸⁸ Wall, *The Narrator's Voice*, 1–2.

¹⁸⁹ Sama rit, 3–4, 9, 35–36. Gott er að lesa kaflann „Problems of Audience“ þar sem Wall ræðir verk James Barrie, Arthur Ransome og T. H. Whiter til að átta sig á einföldu, tvöföldu og tvíþættu ávarpi. Samantekt á hugmyndum Wall er að finna í *Aesthetic Approaches to Children's Literature* eftir Mariu Nikolajevu (262–264). Af íslenskum fræðimönnum hefur Silja Aðalsteinsdóttir („Raddir barnabókanna: Um frásagnartækni í barnabókum,“ 81–84) einkum fjallað um kenningar Barböru Wall um ávarp í barnabókum.

¹⁹⁰ Wall, *The Narrator's Voice*, 35–38.

2.5.3 Gæðamat á barnabókum

Eitt af því sem einkennt hefur barnabókmenntir gegnum tíðina er umræðan um kennsluhlutverk þeirra, uppeldismarkmið og þá ábyrgð sem lögð er á herðar barnabókahöfundum og þeim sem miðla lesefni til barna. Hvernig eigum við að meta hvað barnið skilur og hvað ekki og hvað situr eftir í huga þess að lestri loknum og hvað ekki? Hvað ætti barnið að skilja og hvað er óæskilegt að það skilji?¹⁹¹ Þetta vekur upp spurningar um hvað sé viðeigandi en spurningin um hvað sé viðeigandi og við hæfi lesenda er fyrst og fremst í gildi þegar kemur að barnabókum á okkar tímum.

Gæðamat barnabóka hefur ávallt tengst deilunni um listrænt og kennslufræðilegt hlutverk barnabóka, og algeng eru tvö viðhorf: Barnabók er góð ef hún hefur fræðslugildi eða barnabók er góð ef hún hefur listrænt gildi. Torben Weinreich segir barnabækur alltaf hafa verið og muni ávallt vera í einhverjum skilningi orðsins uppeldisrit/fræðslurit (d. *pædagogik*) en það sé hins vegar ekki hið sama og segja að þær séu kennslubækur. Barnabækur, segir Weinreich, eru uppeldisrit/ fræðslurit að því leyti að þær endurspeglar ávallt gefnar hugmyndir um það hvað barn sé og hvaða sögur börn vilji heyra, að ekki sé talað um þær sögur sem hvert samfélag hafi þörf fyrir og eigi að segja börnum. Weinreich bendir á að við mat á gæðum barnabóka blandist ávallt saman nokkur sjónarmið, þar á meðal fagurfræðileg, uppeldisfræðileg og hugmyndafræðileg viðhorf.¹⁹² Nikolajeva er á svipuðum slóðum þegar hún skiptir viðhorfum til barnabóka í fjóra flokka eftir því hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar gæðamatinu:

1. Hefðbundin, uppeldisfræðileg viðhorf; barnabækur sem hafa uppeldis- og fræðslugildi fyrir börn eru góðar.
2. Lestrar- og sálfræðileg viðhorf; allar barnabækur sem börn kunna að meta eru góðar.
3. Bókmenntafræðileg viðhorf; góð barnabók er líka góð fyrir fullorðna.
4. Fagurfræðileg viðhorf; góð barnabók hefur sína eigin sérstöku eiginleika og tvísæi.

Sjálf telur Nikolajeva best að meta barnabækur eftir þeim mælikvörðum sem liggja næst gæðamati á fullorðinsbókum en um þetta eru skiptar skoðanir eins og annað.¹⁹³

¹⁹¹ Sjá bókarkafliann „Kunst eller Pædagogik“ (bls. 51–55) í *Børnelitteratur* eftir Torben Weinreich.

¹⁹² Weinreich, *Børnelitteratur*, 51–52.

¹⁹³ Íslenska þýðingin á fjórum flokkum Nikolajevu er sótt til Dagnýjar Kristjánsdóttur („Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 19)

Hvort sem við erum sammála Nikolajevu eða ekki verður því ekki neitað að mikill meirihluti barnabóka er skrifaður af fullorðnu fólki og allir rithöfundar hafa sinn eigin hugmyndafræðilega grundvöll, eigin hugmyndir um hvað sé rétt og hvað sé rangt og það er ómögulegt að þær rati ekki á einhvern hátt inn í skrif þeirra fyrir börn.

2.5.4 Völd og rödd

„Fullorðnir höfundar geta ekki horfið aftur til bernsku sinnar hvernig svo sem hún er skilgreind; það hefur óhjákvæmilega orðið rof. ... Sambandsleysi hins fullorðna við bernskuna útilokar „raunverulega“ barnabók,“ segir Peter Hunt.¹⁹⁴ Raunar segir hann að hvort sem tilgangur barnabókahöfunda er göfugur eða ekki snúist barnabókmenntir um völd, nánar tiltekið valdabaráttu. Fullorðnir skrifa og börn lesa og þetta þýðir að fullorðna fólkið hefur völdin og þá er ýmist verið að stjórna börnunum eða þau að reyna að komast hjá því að þeim sé stjórnað.¹⁹⁵ Sá munur er alltaf á barnabókum og fullorðinsbókum að fullorðnir skrifa fullorðinsbækur en það heyrir til algjörra undantekninga ef barn skrifar barnabók. Og sá munur er á börnum og fullorðnum að barnið er háð hinum fullorðna. Á þetta bendir Dagný Kristjánsdóttir þegar hún segir:

Það segir sig sjálft að staða barnsins sem er öðrum háð og valdalaust hlýtur að setja mark sitt á bækur fyrir börn, bæði efni þeirra og innihald. Sá sem túlkar þessa stöðu er hins vegar hinn fullorðni höfundur.¹⁹⁶

David Rudd hefur hins vegar bent á að með því leggja svo mikla áherslu á (meint) raddleysi barna í samfélaginu afneitum við því að þau séu samfélagsverur. Hann segir jafnframt að með því að staðsetja barnið innan stigveldis samfélagsins sem „raddlaust“, vegna þess að hinir fullorðnu ýmist þaggi rödd þeirra eða skapi hana sjálfir, stuðli það að því að skilgreina barnið sem hjálparvana. Rudd heldur því fram að barnið taki vissulega þátt í að skapa ímynd sína og segir það vitleysu að börn hafi enga rödd, að bókmenntir þeirra séu einvörðungu búnar til handa þeim í stað þess að þau skapi þær sjálfar. Þau séu líka skapandi og gerendur á bókmenntasviðinu.¹⁹⁷

Flestar þessara bókmenntalegu tilrauna barna fara hljótt eða eru í munnlegri geymd og Rudd viðurkennir að aðeins útgefin verk virðast tekin gild sem „bókmenntir“

¹⁹⁴ „Equally, however, childhood is defined, adult writers cannot think their way into it; there is inevitably some gap. ... The very nature of the relationship between adulthood and childhood precludes the existence of a “true” children’s book (Hunt, „Instruction and Delight,“ 15).

¹⁹⁵ Sama rit, 14–15.

¹⁹⁶ Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 18.

¹⁹⁷ Rudd, „Border Crossings,“ án blaðsíðutals.

og að hinir fullorðnu hafi umsjón með því sem tekið sé gilt sem barnabókmenntir. Börn eiga engu að síður þátt í að skapa sig sjálf og sína menningu en samband barna og fullorðinna – og þar af leiðandi barnabóka – sé flókið segir Rudd og líkir þessu „svæði“ við einskona blending (e. *hybrid*), eins og áður hefur verið rætt, því ekki sé hægt að skilja að bernsku og fullorðinsár enda sé hinn fullorðni ekki dáið barn, heldur barn sem hefur lifað af.¹⁹⁸ Hvað sem því líður verður ekki um það deilt að börn eru almennt undir vald hinna fullorðnu sett og að það eru hinir fullorðnu sem rannsaka, skrifa, gefa út, auglýsa, kaupa og hafa umsjón að langmestu leyti með skáldskap og lesefni sem börnum er ætlað að lesa og njóta.

Það er ávallt talað *fyrir* barnið en hver getur talað fyrir undirskipaðan þjóðfélagshóp sem ekki hefur eigin rödd í samfélaginu? Þessu hafa fræðimenn á sviði eftirlendufræða velt fyrir sér. Barnabókmenntafræðingar á borð við Perry Nodelman, Roderick McGillis og Meena Khorana hafa tengt saman barnabókmenntafræði og eftirlendufræði og segja að líta megi á barnið sem hliðstæðu nýlendubúa.¹⁹⁹ Það er ávallt talað *fyrir* barnið og það er ávallt *túlkað* af einhverjum öðrum. Það er hinn fullorðni sem talar fyrir hönd barnsins og stóra spurningin er: Hvernig nálgumst við rödd barnsins sjálfs? Þetta er spurning sem verður æ áleitnari við lestur Nonnabókanna. Hér að framan hefur verið sagt að Jón Sveinsson noti barnabækur sínar sem vettvang þar sem hann uppsker ást og virðingu og hlustað er á hann. En hvaða rödd er það sem talar? Er það Íslendingur, Evrópubúi, kaþólikki, jesúíti eða rithöfundur sem lætur í sér heyra? Nostalgía eða nútími? Gamall maður eða barn? Og hagsmunir hvers, langanir og þrár eru í fyrirrúmi? Allt þetta er vert að hafa í huga þegar skoðaðar eru ímyndir Íslendingsins, kaþólikkans, hetjunnar og rithöfundarins.

¹⁹⁸ Sama rit,“ án blaðsíðutals. Sjá einnig: Rudd, „Children’s Literature and the Return to Rose,“ 296.

¹⁹⁹ Sjá kafla 3.3, Draumur um land, þjóð – og sjálf.

3 Íslendingurinn

Lesendur fá aldrei alla lífssögu Jóns Sveinssonar. Það sem þeir fá að lesa um í bókum hans eru valdar sögur af íslenska drengnum Nonna sem er hin sjálfsævisögulega „persóna“ Jóns Sveinssonar, þ.e.a.s. sú „gríma“ sem Jón Sveinsson kaus að sýna öðrum af „sjálfum sér“ á bernskuárum.²⁰⁰ Þeir fá einnig að lesa um Íslandsferðir og fyrirlestraferðir hins fullorðna Jóns Sveinssonar um víða veröld þar sem hann sagði söguna af því „hvernig Nonni varð hamingjusamur“. Líf unglingsins, kaþólikkans, jesúítans, prestsins og íþróttakennarans Jóns Sveinssonar er lesendum Nonnabókanna hins vegar nánast lokuð bók.

Ímynd aðalpersónu Nonnabókanna grundvallast á ímyndum tengdum uppruna hennar og íslensku þjóðerni svo og hugmyndum um karlmannlegar og kristilegar hetjur. Skýrust er myndin af Íslandi í þeim sögum sem gerast á eldeyjuni sjálfri, lengst í norðri, áður en Nonni heldur af stað út í heim. Þetta eru bækurnar *Nonni*, *Nonni og Manni*, *Á Skipalóni*, *Sólskinsdagar* og *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*.

Fyrst er upphafssagan *Nonni* (1913) og síðust er *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* (1934) en með þessum bókum opnast hringur og lokast. Ferðalagið hefst og því lýkur þegar Nonni finnur „sanna hamingju“ í Frakklandi. Söguþráður bókanna er í meginatriðum hinn sami: Aðalpersónan Nonni er kynnt, fjallað er um það þegar honum er boðið að fara til Frakklands til náms auk þess sem greint er frá undirbúningi fararinnar og sjóferðinni til Danmerkur. *Nonna* lýkur stuttu eftir komuna til Danmerkur en í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* er sagan rakin áfram. Lesendur fylgjast með ferðalagi aðalpersónunnar til Frakklands og dvölinni þar en sögunni lýkur þegar Manni kemur til Frakklands og þeir bræður sameinast á ný eftir langan aðskilnað. Bókinni lýkur á hugleiðingum hins aldna rithöfundar sem útskýrir fyrir lesendum hvernig hann öðlaðist sanna hamingju. Það gerir hann undir lokin og er hamingja summan af ævi hans; þegar allar forspár móðurinnar hafa komið fram, heitið sem þeir bræður gefa Franz Xavier er orðið að veruleika og trúin hefur gefið lífi hans tilgang og frið. Bækurnar *Á Skipalóni*, *Sólskinsdagar* og *Nonni og Manni* gerast að öllu leyti á Íslandi, áður en boðið um Frakklandsdvölinna gjörbreytir lífi söguhetjunnar.

Í þessum bókum er grunnurinn að ímynd söguhetjunnar lagður fram en hún byggist á sjálfsm mynd höfundar og er jafnframt mótuð á Íslandi, úr ímyndum íslenskrar

²⁰⁰ Rætt er um hugtakið „persónu“ í nmgr. 9.

menningar, þjóðháttar og náttúru. Í þeim Nonnabókum sem gerast utan Íslands og/eða eftir að æskuskeiðinu lýkur er lögð rík áhersla á íslenskt þjóðerni aðalsöguhetjunnar. Ávallt er Nonni kynntur sem Íslendingur og það kemur mjög snemma fram eftir að hann kynnist nýju fólki að hann er íslenskur.

Hér eru Nonnabækurnar skilgreindar sem sjálfsævisögulegir textar, gerð er grein fyrir bókmenntagreininni og kenningum tengdum „sjálfinu“, svo sem sjálfmynd og ímynd. Persónan Nonni er tengd Íslandi í víðum skilningi, bæði landinu sjálfu, náttúru þess og landslagi, sem og fólkinu og menningunni. Hugað er að stöðu lands og þjóðar sem eftirlendu Danmerkur svo og ýmsum staðalímyndum Íslands og Íslendinga sem Jón Sveinsson ýmist nýtti sér til framdráttar eða afneitaði. Þá er fjallað ítarlega um „sannleikann“ í sjálfsævisögulegum textum og hvernig Jón Sveinsson velur úr, tekur út og bætir við, eftir því sem hentar.

3.1 Sjálfsævisögulegir textar

Nonnabækurnar teljast til sjálfsævisagna (e. *autobiography*) eða sjálfsævisögulegra texta (e. *autobiographical text*) en textar af því tagi snúast um einn einstakling og sögu hans og greina frá þroska sjálfsmýndar hans á einn eða annan hátt. Bæði Freud og Lacan rannsökuðu og lögðu fram kenningar um *sjálfið* en sjálfið er vettvangur fyrir samningagerð þads og yfirsjálfis, sjálfið er með öðrum orðum aðeins hluti sálarlífsins.²⁰¹ Sjálfið og sjálfsmýndin eru engu að síður nátengd enda byggir sjálfsmýndin á sjálfinu – hvort sem við gerum okkur grein fyrir því eða ekki. Sjálfið er nefnilega ekki eins meðvitað og við vildum að það væri, það er óstöðugt og því breytanlegt, en hin samfélagslega regla, Hinn, krefst þess að við teflum fram nógu stöðugri sjálfsmýnd til að aðrir geti tekið afstöðu til hennar. Umræða og efasemdir um gegnheila sjálfsmýnd er eins og rauður þráður í öllum sjálfsævisagnarannsóknum.

Sjálfsmýnd er sú mynd sem maður byggir upp af sjálfum sér, sú mynd sem maður telur að sé maður sjálfur og grundvöllur þess hvernig maður hagar sér, bregst við og skilur umhverfi sitt og annað fólk. Uppistaða sjálfsmýndarinnar er hið meðvitaða sjálf

²⁰¹ Um nánara yfirlit yfir kenningar sálgreiningarinnar vísast til bóka Sigmunds Freud, *Um sálgreiningu* (1976) og *Ritgerðir* (2002). Um sálgreiningu í bókmenntarannsóknum sjá Dagný Kristjánsdóttur, *Kona verður til*, 32–38, 41–42. Til að fræðast um áhrif Lacans á bókmenntakenningar og rannsóknir skal, auk doktorsritgerðar Dagnýjar Kristjánsdóttur (350–353), bent á grein Sveins Yngva Egilssonar, „Myndmál sálma: Tilraun til túlkunar með hliðsjón af sálgreiningu Jacques Lacan,“ 143–171, og bókinu *Lacan and the Destiny of Literature* (2009) eftir Ehsan Azari, einkum kaflann „Lacan, Literary Theory and Criticism“.

en það byggir líka á því sem lúrir undir niðri, þeim hluta sjálfsins sem við erum ekki endilega meðvituð um. Sjálfsmynd hvers og eins byggir á ótal flokkum, svo sem kyni, kynþætti, þjóðerni, stétt, trú, stjórnmálaskoðunum svo fátt eitt sé nefnt – bæði neikvæðum og jákvæðum þáttum – og mismunandi er hve mikið vægi hver þáttur hefur í sjálfsmynd einstaklings auk þess sem það er breytilegt eftir tíma og stað. Sjálfsmyndin er því alls ekki meitluð í stein heldur fljótandi og síbreytileg. Hún er jafnframt byggð á samskiptum, reynslu, tungumáli og tungumálakunnáttu. Við erum því sífellt að endurskilgreina hver við erum og hvað það er sem skilgreinir okkur og samkvæmt þessum skilningi er sjálfsmynd hvers og eins margföld.²⁰²

Tengd sjálfsmyndinni er sú ímynd sem við leggjum fram og sýnum öðrum. Ímynd er ávallt valin mynd, oft vandlega uppbyggð og þróuð, sem einstaklingur ber á borð og er einskonar hlutur fyrir heildina, ef svo má að orði komast, og er ætlað að vera lýsandi fyrir viðkomandi einstakling. Þannig byggði Jón Sveinsson til að mynda vandlega upp ímynd sína sem íslenski drengurinn Nonni, sem hann vissulega var, en sú ímynd segir þó alls ekki alla söguna. Sömuleiðis er ímyndasköpun einstaklings nátengd öðrum ímyndum sem honum standa nærri, svo sem ímynd þjóðar hans, tungumáls, landsvæðis sem hann tilheyrir o.s.frv. Í tilfelli Nonna er sú ímynd sem hann varpar fram af sjálfum sér nátengd ímynd hins hreina, fagra og hættulega Íslands, ímynd bókmenntaþjóðarinnar og ímynd ævintýradrengsins og kaþólska drengsins.

Í Nonnabókunum er hula dregin yfir allt það sem neikvætt hefur verið, flókið og erfitt og goðsögnin um landið góða og þjóðina góðu, ásamt heimilinu og fjölskyldunni, mynda kjarna þeirrar „heilsteypu“ ímynda Nonna. Þessi heilsteypa ímynd er goðsögn sem byggist á afneitun. Það eru ekki aðeins lesendur sem Jón Sveinsson blekkir í sögum sínum af Nonna heldur líka sjálfan sig. Jón Sveinsson var íslenskur útlendingur erlendis, útlendur Íslendingur í augum Íslendinga. Hann var innflytjandi í augum Dana og Frakka sem hann bjó lengst með. Í greiningu minni á Nonnabókunum eru færð rök fyrir því að sú sjálfsmynd sem Nonna er gefin og ímyndarsmíð Jóns Sveinssonar takist á. Að ímyndin sem fullyrt er í Nonnabókunum að sé hin rétta mynd Nonna sé tvístruð og fljótandi.

²⁰² Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 32–37. Sjá einnig umfjöllun Freeman og Borckmeier í „Narrative Integrity“, 75–99.

3.2 Hin „sanna“ sjálfsævisaga

Á undan fyrstu bókinni um Nonna fer stuttur formáli höfundar sem í þýðingu Freysteins Gunnarssonar hljóðar svo:

Vagga mín stóð á Norður-Íslandi, norður undir heimsskautsbaug. Ég er því kvistur á hinni nyrztu grein germanska Þjóðarmeidsins. Mestan hluta ævi minnar hef ég þó dvalist meðal Þjóðverja, og þeim á ég að miklu leyti menntun mína að þakka. Það er því engin furða, þótt ég beini nú orðum mínum til þýzkra lesenda á móðurmáli þeirra.

En látum nú íslenska drenginn taka til máls og segja sögu sína.²⁰³

Þriðju þýsku útgáfunni (frá 1916) fylgir einnig formáli höfundar og þar er tekið skýrt fram, og „að gefnu tilefni“, að Nonni sé sönn saga en ekki skáldskapur.²⁰⁴ Jón Sveinsson hefur þar með gert sjálfsævisögulegan sáttmála við lesendur sína en slíkur sáttmáli felst í því að sögumaðurinn, sem ber sama nafn og höfundurinn sem tilgreindur er á bókarkápu, lýsir því yfir að hann sé persónan sem hann segist vera og að sögumaður og aðalpersóna séu einn og hinn sami. Með sáttmálanum er skapað ákveðið trúnaðartraust og Philippe Lejeune segir sáttmálann vera forsendu þess að bók geti talist sjálfsævisaga.²⁰⁵ Strax í yfirlýsingu Jóns Sveinssonar um auðkenni sín og trúverðugleika er sannleikanum hagrætt: Menntun sína á hann ekki Þjóðverjum að þakka heldur Frökkum.²⁰⁶

Sjálfsævisagan var frá upphafi bókmenntaform hins hvíta, vestræna og gagnkynhneigða karlmanns – þess sem fór með völdin. Þetta kemur skýrt fram þegar litið er til fyrstu skilgreiningar á hugtakinu því að samkvæmt sagnfræðingnum Wilhelm

²⁰³ Freysteinn Gunnarsson, „Formáli fyrir annarri útgáfu,“ í *Nonni*, 6. Í upprunalegu þýsku útgáfunni frá 1913 (án bls.) hljómar formálinn svo:

Meine Wiege stand in NordIsland, gerade auf dem Polarstreife.

Ich gehöre daher zum nördlichen Zweig der Germanische Bölterfamilie.

Den längsten Zeit meines Leben habe ich jedoch unter Deuten zugebracht, und ich habe ihnen einen groben Zeit meiner Bildung zu verdanten.

Man wundere ficht also nicht darübe, das ich mich an meine deutschen Leser in ihrer Muttersprache Mende.

Röge aber der Knabe aus Island jeßt selber seine Geschichte erzählen.

²⁰⁴ Freysteinn Gunnarsson, „Formáli fyrir annarri útgáfu,“ í *Nonni*, 6. Þýski frumtextinn hljóðar svo:

Zu meinem Bedauern haben einige gemeint, dag Buch „Nonni“ sei ein Roman, der nur erfundene Erlebnisse enthalte. Dem ist nicht so: Nonni ist mein wirtlicher Kindername, und im Buch erzähle ich meine Wirtlichen, Wahren – nicht erkundenden – Jugenderlebnisse. Derade das gibt dem Buche seine eigentlicher Wert, das es nur Wahres bietet. (Jon Svensson, *Nonni: Erlebnisse eines jungen Isländers von ihm selbst erzählt*, 3. útgáfa, viii)

²⁰⁵ Lejeune, *On Autobiography*, 13–19. Lejeune birti skilgreiningu sína á sjálfsævisögunni fyrst árið 1971 í *L'Autobiographie en France*.

²⁰⁶ Dagný Kristjánsdóttir vikur einnig að þessari umræðu í *Bókabörnum* (nmgr. 286, bls. 132) og minnst þar á muninn á formálanum í fyrstu útgáfu *Nonna* og þeirri þriðju.

Dilthey (1833–1911) er sjálfsævisagan saga af lífi „mikilmennis“ og getur, sem hið æðsta og lærdómsríkasta form bókmennta, nýst okkur við að skilja líf þeirra sem á undan okkur komu.²⁰⁷

Bernskuminningar Jóns Sveinssonar byggjast því á langri hefð æviskrifa sem grundvallast fyrst og fremst á kristnum, vestrænum og karlmannlegum gildum og er rakin til tveggja rita þó að ríflega þrettán aldir skilji á milli eins og Soffía Auður Birgisdóttir rekur í greininni „Samferðarmenn mínir mega fylkjast um mig og hlýða á játningar mínar“ (2001). Ritin tvö bera titilinn *Játningar*, aðrar eru eignaðar Ágústínusi kirkjuföður (354–430) og komu út snemma á 5. öld, en hinar, *Les Confessions*, eru eftir Jean-Jacques Rousseau (1712–1778) og komu út í tvennu lagi, 1781 og 1789.²⁰⁸ Gjarnan er litið á verk Ágústínusar sem upphaf hinnar trúarlegu játningasögu en verk Rousseau upphaf hinnar veraldlegu sjálfsævisögu.²⁰⁹

Í *Játningum* sínum gerir Ágústínus grein fyrir syndugu líferni sínu og trúskiptum frá heiðni til kristni. Verk hans varð fyrirmynd annarra sem vildu skrásetja ævi sína og markar tímamót að því að leyti að í því er talið að í fyrsta sinn megi sjá innra líf höfundar gert að uppsprettu textans. Karl Weintraub orðar það svo að enginn hinna „fornu“ höfunda sem á undan Ágústínusi komu höfðu „opnað sálu sína“ á sama hátt og hann.²¹⁰ Markmið Rousseaus var allt annað en Ágústínusar; hann vildi segja einstaka sögu sérstaks manns og halda fram ákveðinni mynd af höfundinum handa ófæddum kynslóðum. Það er *hann sjálfur* sem fyrst og fremst skiptir öllu og öfugt við Ágústínus leitar Rousseau ekki til guðs eftir svörum, sannleikurinn er ekki guðs heldur einstaklingsins og Rousseau trúði því að verkefni hans væri að „segja allt“, gera sjálfan sig eins gagnsæjan og mögulegt væri fyrir lesendur sína og ef lesandinn kæmist að rangri niðurstöðu í lok bókar væri það hans eigin sök.²¹¹ Jón Sveinsson gerir ekki upp á milli þessara frumkvöðla heldur segir sögu einstaks drengs sem lifir ævintýrlega og

²⁰⁷ Dilthey, *Dilthey: Selected Writings*, 214.

²⁰⁸ *Játningar* Ágústínusar hafa tvisvar verið gefnar út á íslensku, fyrst í styttri þýðingu Sigurbjörns Einarssonar árið 1962 og síðan árið 2006.

²⁰⁹ Um þetta má lesa í grein Soffíu Auðar Birgisdóttur, „„Samferðamenn mínir mega fylkjast um mig og hlýða á játningar mínar“,“ 159. Þá er aðgengileg umfjöllun um uppruna sjálfsævisagna í bók Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 83–110.

²¹⁰ Anderson, *Autobiography*, sjá einkum kaflann „Historians of the Self“; Soffía Auður Birgisdóttir, „„Samferðamenn mínir mega fylkjast um mig og hlýða á játningar mínar“,“ 159–160; Weintraub, *The Value of the Individual*, 45.

²¹¹ Í enskri þýðingu hljóðar þetta svo: „I know my own heart and understand my fellow man. But I am made unlike anyone I have ever met. I will even venture to say that I am like no one in the whole world. I may be no better, but at least I am different“ (Rousseau, *The Confessions of Jean Jacques Rousseau*, án bls.)

á hugaverðu lífi en öðlast þó ekki fullkomna hamingju fyrr en hann hefur skipt um sið, gerst með öðrum orðum kaþólskur.

Ekki er einhugur meðal fræðimanna um skilgreiningu á sjálfsævisögunni. Sjálfsævisagnafræðingurinn Paul John Eakin segir að ekki megi líta svo á að tilraunir til að skilgreina sjálfsævisöguna hafi verið gagnslausar heldur séu þær lærdómsríkar og endurspegli hugmyndir manna um þá bókmenntagrein sem einna helst smjúgi undan öllum skilgreiningum.²¹² Vísar Eakin hér til deilna fræðimanna um hvort yfirleitt sé hægt að kalla sjálfsævisöguna bókmenntagrein.

Á síðari hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu færðust rannsóknir fræðimanna á sjálfsævisögum í vöxt. William C. Spengemann segir þá hafa komið fram „fyrsta ris“ fræðilegra rannsókna á sjálfsævisögum en Sidonie Smith og Julia Watson kalla þetta „tímabil fyrstu kynslóðar sjálfsævisagnafræðinga“. Samkvæmt Spengemann hafði áhersla á sagnfræðilegar rannsóknir sem byggðust á sjálfsævisögulegum heimildum mikið að segja um þennan aukna áhuga svo og vaxandi fjöldi útgefna sjálfsævisagna sem náðu augum æ fleiri lesenda. Smith og Watson bæta nokkrum atriðum við listann og ræða sérstaklega um „hina vestrænu hugveru“ (e. *the Western subject*) og þróun hennar og segja að samfélagslegar og heimspekilegar umbreytingar allt frá 17. öld til þeirrar tuttugustu hafi átt þátt í að skapa hina vestrænu hugveru og skilgreina hana sem framúrskarandi einstakling sem hefur náð árangri á sínu sviði. Þær leggja áherslu á mikilvægi vestrænu hugverunnar til að réttlæta heimsvaldastefnuna og benda á hlutverk sjálfsævisögunnar og segja hana meðal annars hafa gegnt því hlutverki að vera grundvallar- eða frumsaga (e. *master narrative*) vestrænnar hugsunar, framfara, dómgreindar og yfirburða.²¹³ En saga hvers eða hverra uppfyllti þessi skilyrði?

Samkvæmt heimspekingnum Georg Misch (1878–1965) er sjálfsævisagan lýsing (*grapha*) á lífi hins hvíta, vestræna, gagnkynhneigða og valdamikla karlmanns sem lifir opinberu lífi og tekur þátt í samfélagslegri og pólitískri orðræðu samtíma síns (*bios*) og er skrifuð af honum sjálfum (*autos*).²¹⁴ Þetta er saga gerandans eða þess sem hefur gerandahæfni (e. *agency*) sem konur höfðu ekki. Ekki kemur á óvart að hinar bestu sögur og hin æskilegu rannsóknarefni snerust um sjálfsævisögur „valdamikilla karlanna“ sem höfðu lifað opinberu lífi.

²¹² Eakin, *How Our Lives Become Stories*, 1–2.

²¹³ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 112–113.

²¹⁴ Misch, *A History of Autobiography in Antiquity*, 5.

Árið 1956 birtist á prenti greinin „Conditiones et limites de l'autobiographie“ (Forsendur og takmarkanir sjálfsævisögunnar) eftir Georges Gusdorf (1912–2000).²¹⁵ Grein hans hafði mikil áhrif á sjálfsævisagnarannsóknir og er hún ásamt „Notes for an Anatomy of Modern Autobiography“ (Minnismiðar um byggingu nútímasjálfsævisögu) eftir Francis R. Hart talin marka upphaf rannsókna annarrar kynslóðar sjálfsævisagnafræðinga.²¹⁶ Gusdorf rekur sögu sjálfsævisögunnar til Ágústínusar, Rousseus, Gide, Goethes, Chateaubriands og Newmans, þ.e. karlmanna sem skrifuðu sögur „mikilmenna“. Gusdorf segir sjálfsævisöguna vera vestrænt fyrirbæri sem leit dagsins ljós á skeiði upplýsingar í Evrópu, saga hins einstaka karlmanns sem lítur til baka og rifjar upp ævi sína og sögulega byggist hún á nýrri trú á það að sjálfið sé heilsteypt og fullkomið.²¹⁷

Susan Stanford Friedman gagnrýnir Gusdorf í tímamótageininni „Women's Autobiographical Selves: Theory and Practice“ (Sjálfsævisöguleg sjálf kvenna: Kenningar og framkvæmd, 1988) og bendir á hversu margar tegundir sjálfsævisögulegra texta Gusdorf útiloki með greiningu sinni. Friedman viðurkennir þó að rannsóknir Gusdorfs og fleiri fræðimanna, sem á eftir honum komu, hafi aukið skilning okkar á sjálfsævisögum, en hins vegar hafi einstaklingsmiðuð viðhorf þeirra og það hvernig þeir hneigðust til að hygla körlum um fram konur staðið í vegi fyrir viðurkenningu og rannsóknum á sjálfsævisögum kvenna sem séu ólíkar sjálfsævisögum karla.²¹⁸

3.2.1 Sáttmáli og skilgreining

Árið 1971 kynnti Philippe Lejeune til sögunnar hugtakið „sjálfsævisögulegan sáttmála“ eins og áður er nefnt, og árið 1973 útfærði hann hugmyndir sínar nánar í greininni „Le pacte autobiographique“ (Sáttmáli sjálfsævisögunnar). Lejeune skilgreinir sjálfsævisöguna án vísana til tímabila og/eða staðar og treystir á hæfileika lesenda til að aðgreina sjálfsævisögur frá annarskonar textum. Hann segir sjálfsævisöguna einfaldlega vera frásögn sem gefur yfirlit um liðna atburði og er samín af raunverulegri

²¹⁵ Greinin kom út í enskri þýðingu undir titlinum „Conditions and Limits of Autobiography“ í greinasafninu *Autobiography: Essays Theoretical and Critical* sem ritstýrt var af James Olney árið 1980.

²¹⁶ Ragnhildur Richter, *Lafað í röndinni á mannfélaginu*, 11–12.

²¹⁷ Gusdorf, „Conditions and Limits of Autobiography“, 29.

²¹⁸ Friedman, „Women's Autobiographical Selves“, 36. Í BA-ritgerð Sigprúðar Gunnarsdóttur, *Fjósakona fór út í heim (37–49)* er að finna samantekt á einkennum hefðbundinna ævisagna og gagnrýni fémínískra fræðimanna, þar á meðal Susan Stanford Friedman, á þær.

persónu um eigin tilveru þar sem áhersla er lögð á líf einstaklingsins, einkum þróun persónuleikans.²¹⁹

Markmið Lejeune var fyrst og fremst að aðgreina hina einu sönnu sjálfsævisögu (e. *autobiography proper*) frá fjölda annarra skyldra tegunda sjálfsævisögulegra skrifa. Sjálfsævisagan sem Lejeune notar sem viðmið er hin hefðbundna sjálfsævisaga sem hér hefur verið rætt um – saga gerandans og valdhafans – hins hvíta, vestræna karlmanns.²²⁰ Á síðustu áratugum hefur hugtakið sjálfsævisaga, svo skilgreint, mætt mikilli andstöðu sem tengist endurskoðun póstmóðernista og eftirlendufræðinga á hugveru upplýsingarinnar. Þeir telja að hugtakið sjálfsævisaga sé ekki fært um að skilgreina hina víðu sagnfræðilegu drætti eða fjölbreytilega framsetningu frásagna fólks af ævi sinni. Um þetta er til að mynda rætt í *Self Impression* (Sjálfssummerki, 2010) eftir Max Saunders en hann rannsakar ný tengsl á milli sjálfsævisagna, ævisagna og skáldskapar sem komu fyrst fram á seinni hluta 19. aldar. Niðurstaða Saunders og fleiri fræðimanna á sviði sjálfsskrifa virðist vera sú að hugtakið sjálfsævisaga hafi hreinlega ekki haft nógu vítt merkingarsvið til að ná utan um þær fjölbreytilegu leiðir sem fólk leitar til að skrifa um ævi sína.

Smith og Watson hafa birt lista og skilgreiningar yfir 52 tegundir sjálfsævisögulegra skrifa en taka fram að listinn sé ekki tæmandi. Þær leggja til að notaðir verða þrjár hugtakaklasar yfir hinar ólíku tegundir sjálfsævisögulegra skrifa en þetta eru hugtökin „æviskrif“ (e. *life writing*), lífssögur (e. *life narrative*) og sjálfsævisögur (e. *autobiography*). Æviskrif er regnhlífarhugtak og undir það fellur hvers kyns ritaður texti sem fjallar um ævi fólks á ákaflega breiðum grundvelli. Lífssögur eru þrengra hugtak sem felur í sér ýmsar tegundar skrifa sem skírskota til sjálfsins – þar á meðal sjálfsævisögur. Sjálfsævisögur skilgreina þær sem sérstaka tegund lífssagna sem kom fram í hinum vestræna heimi á 18. öld og hafa verið kanóníseraðar þar. Sögumaður sjálfsævisögu segir valdar sögur úr lífi sínu, sögurnar

²¹⁹ Lejeune, *On Autobiography*, 4. Skilgreiningin hljómar svona (skáletranir eru upprunalegar): „*Retrospective prose narrative written by a real person concerning his own existence, where the focus is his individual life, in particular the story of his personality.*“

²²⁰ Lejeune endurskoðaði hugmyndir sínar um sjálfsævisöguna og sáttmálann í „*Le pacte autobiographique (bis)*“ sem birtist á prenti árið 1983. Þar gagnrýnir hann sínar eigin strúktúralísku skoðanir og segir að sér hafi mistekist að koma auga á það sem gerist þegar, að því er virðist, stöðugir textar mæta hinum óstöðugu eða óþekktu viðtökum. Lejeune viðurkennir þar að textar eru óhjákvæmilega tengdir viðtökunum sem þeir fá og geta aldrei „lifað“ utan þeirra og kemst því að þeirri niðurstöðu að ekki er hægt að skilgreina sjálfsævisöguna algjörlega andstæða skáldsögunni því að lesendur lesa og geta lesið texta á mismunandi hátt.

tengjast tilteknum stað og ákveðnum tíma og eru jafnframt í tengslum við persónulega þróun og minni einstaklingsins sem segir söguna.²²¹

Skilgreining Smith og Watson er ekki ólík þeim skilgreiningum eða viðmiðum sem sjálfsævisagnafræðingar styðjast við í dag. Þetta eru mun opnari skilgreiningar en skilgreiningar þeirra Diltheys, Misch, Gusdorfs og Lejeune sem hér hefur verið vitnað til. Fjölbreytileiki sagnanna hefur vaxið hratt og því á vel við að skoða sjálfsskrif ekki sem sérstaka bókmenntagrein heldur sem hluta af eða „klasa af greinum og undirgreinum“ eins og Gunnþórunn Guðmundsdóttir kemst að orði.²²²

Nonnabækurnar teljast til æviskrifa og, eins og áður sagði, leggur höfundurinn sjálfsævisögulegan sáttmála fyrir lesendur sína í inngangi fyrstu bókarinnar. Þetta eru bækur, lífssögur, sem byggjast á aldagamalli, karlmannlegri hefð lífsskrifa og í þeim reynir höfundurinn, í anda Gusdorfs, að líta til baka og rifja upp ævi sína og skýra um leið hvernig hann varð sá mikli og heilsteypti maður sem hann er á stund ritunarinnar.

Þegar litið er til hins hugmyndafræðilega sjálfs má þegar sjá hnökra í sjálfsmynd Nonna. Til að mynda er aðeins fjallað um hluta ævinnar, einblínt er á ákveðna þætti félagslegrar stöðu aðalpersónunnar en ekki aðra, nær einvörðungu er fjallað um sigra en ekki sorgir. Þannig er Nonni staðsettur sem jákvæð persóna, sigurvegari í eigin lífi og gerandi en ekki viðfang og fórnarlamb. Þetta er sú staða og sú saga sem Jón Sveinsson kýs að segja – og væntanlega að trúá. Hér verða mörk sannleika og skáldskapar óljós.

Rannsóknir á sjálfsævisögum hafa í meginatriðum færst frá áherslunni á miðjuna yfir til jaðra og landamæra – til ókannaðra svæða og þá ekki síst til að kanna mörk sannra frásagna og skáldskapar eins og rannsókn Gunnþórunnar Guðmundsdóttur, *Borderlines*, er dæmi um. Annað dæmi um umræðu síðustu ára er doktorsritgerð Soffíu Auðar Birgisdóttur, *Ég skapa – þess vegna er ég* (2015) sem fjallar um verk Þórbergs Þórðarsonar. Rétt eins og sjálfsögð yfirráð hinnar vestrænu, karlkyns söguhetju eru dregin í efa efast menn nú um tilvist hins heilsteypta sjálfs sem segir sannleikann og dregur ekkert undan.²²³

²²¹ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 3–5.

²²² Gunnþórunn Guðmundsdóttir, *Borderlines*, 1.

²²³ Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*. Hér má einkum nefna kaflann „Sannleikur og líkur með hið sanna“ (bls. 43–64).

3.2.2 Sannleikurinn og sjálfið

Sannleikurinn er fræðimönnum á sviði sjálfsævisagnafræða hugleikinn og í yfirliti Smith og Watson á rannsóknarsögu sjálfsævisagnafræða eru sjálfið og sannleikurinn þau þemu sem einkum er fjallað um.²²⁴ Þær greina á milli þriggja kynslóða fræðimanna sem hafa látið sig sjálfsskrif varða. Fyrsta kynslóðin steig fram á síðari hluta 19. aldar og við upphaf þeirrar tuttugustu eins og áður er getið, næsta kynslóð tók við um 1950–1970 en síðustu 30–40 ár tilheyra þriðju kynslóðinni.

Fræðimenn á borð við Georg Misch tilheyra fyrstu kynslóðinni. Sannleikur sjálfsævisögunnar var þá sögulegar staðhæfingar sem hægt var að staðfesta eða afsanna með sögulegum heimildum og engin þörf var fyrir lesendur að velta fyrir sér vandamálum tengdum sjálfsvitund, sjálfsmynd eða sjálfsblekkingum höfundar. Sögumaðurinn var talinn segja sannleikann um eigið líf, og hlutverk sjálfsævisagnarýnisins var þá lítið annað en að vera siðgæðisvörður sem lagði mat á verðleika lífsins sem sagt var frá og hæfileika sögumannsins til að segja sannleikann. Gegn þessum skilningi reis önnur kynslóð sjálfsævisagnafræðinga sem taldi sannleikann mun flóknara fyrirbæri og sagði að í sjálfsævisögu leitist höfundur við að skapa sjálfsmynd úr formlausri sjálfsvitund. Nú var lögð áhersla á að sjálfsævisögur greindu ekki einfaldlega frá sannleikanum í lífi einstaklings heldur væri frásögnin skapandi ferli auk þess sem sambandið við tungumálið hætti að vera sjálfsagt eins og það hafði áður verið talið. Hugmyndin um að höfundur gæti einfaldlega „sagt“ það sem honum bjó í brjósti var dregin í efa og þar af leiðandi aðgangurinn að „sannleika sjálfsins“. „Sannleika“ sjálfsævisögunnar þurfti að skilja öðruvísi en áður og fræðimenn gerðust einskona sálgreinendur með því að túlka sannleika sjálfsævisögunnar út frá sálfræðilegum forsendum frekar en sagnfræðilegum.

Smith segir að vissa um tvennt liggi að baki nálgun hinna tveggja fyrstu kynslóða sjálfsævisagnafræðinga: Annars vegar vissa um möguleika tungumálsins til að miðla reynslu á hlutlægan hátt og hins vegar vissa um stöðugleika sjálfsins. Þetta dregur þriðja kynslóð sjálfsævisagnafræðinga í efa og segir að sjálfið sé háð tíma og rúmi, það sé

²²⁴ Smith og Watson rekja rannsóknarsögu sjálfsævisögunnar í fyrrnefndri bók sinni, *Reading Autobiography: A Guide for Interpreting Life Narratives*, og byggja þar á yfirliti Smith á rannsóknnum á sjálfsævisögum sem birtist í *A Poetics of Women's Autobiography* (1987). Þá umræðu tekur Ragnhildur Richter saman í *Lafað í röndinni á mannfélaginu* og Sigbrúður Gunnarsdóttir fjallar einnig um svipað efni í *Fjósakona fór út í heim*. Hér er byggt á því sem segir í *Reading Autobiography* enda er að miklu leyti um að ræða endurvinnslu á því sem birtist í *A Poetics of Women's Autobiography*.

klofið bæði í tungumáli og vitund. Þannig hafi hver einstaklingur ekki nema takmörkuð, meðvituð völd á sjálfri sínu. Áherslan hefur því eðlilega færst frá sjálfinu til sögunnar, textans sjálfs og þeirra lögmála sem ríkja innan hans og um leið frá vissu til óvissu, frá hinu heila til hins brotna.²²⁵

Flestir fræðimenn á sviði sjálfsævisagna í dag eru vafalaust sammála Soffíu Auði Birgisdóttur um að engin leið sé að sigra glímuna við sannleikann og minnið, og standi einhver uppi sem sigurvegari sé það öðru fremur stílfærslan.²²⁶ Aðal sjálfsævisögu felist með öðrum orðum í því á hve áhrifaríkan hátt höfundinum tekst að endurskapa ævi sína í tungumálinu og í þeim orðum felst að það er óhugsandi að nokkur maður geti *sagt frá því* hvernig ævi hans var. Það kemur því ekki á óvart að fræðimenn séu farnir að veita blekkingunum sem sögumaður beitir meiri athygli en áður.

3.2.3 (Sjálfs)Blekkningar sjálfsævisögunnar

Á síðustu síðum bókarinnar *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* snýr sögumaður sér til lesenda sinna og segir þeim að hann hafi farið að skrifa til „að gleðja aðra. Það var sú köllun, sem guð hafði valið [honum]“. Hann kveðst stöðugt hafa beðið guð að hjálpa sér og þá farið með stutta bæn, sem hljóðar svo: „Láttu bækur mínar verða öllum þeim, sem lesa þær, til sannrar, djúprar og hjartanlegrar gleði.“²²⁷ Hann lýsir því jafnframt yfir að árangur hans með bókunum hafi orðið „vonum meiri og betri“; margir hafi skrifað honum og lýst því að við lestur Nonnabókanna hafi þeir „tekið aftur löngu glataða lífsgleði sína“.²²⁸ Jón Sveinsson er síður en svo eini sjálfsævisagnahöfundurinn sem skýrir lesendum frá markmiði sínu en yfirlýsingar höfunda um markmið sín hafa fléttast inn í alla fræðilega umræðu um sjálfsævisögur og þessi markmið hafa oftast en ekki átt að virka sem einskona trygging fyrir sannleika skriftanna.

Sögumaður Nonnabókanna gerir ekki aðeins grein fyrir markmiði þeirra og hvernig tókst að uppfylla þau markmið sem lesendur eru til vitnis um heldur undirstrikar hann einnig eins og áður er lýst að um sanna sögu sé að ræða. Möguleikar

²²⁵ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 113–119, 123–124. James Olney rekur aðra kynslóð sjálfsævisagnafræðinga til Georges Gusdorf og greinar hans, „Conditions et limites de l'autobiographie“ sem kom út árið 1956. William C. Spengemann miðar aftur á móti við grein Francis R. Hart frá 1970, „Notes for an Anatomy of Modern Autobiography“.

²²⁶ Soffía Auður Birgisdóttir, „Samferðarmenn mínir mega fylkjast um mig,“ 160.

²²⁷ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 128.

²²⁸ Sama rit, 129.

sjálfsvæisögunnar eru ekki dregnir í efa né hæfileikinn til að segja sannleikann og endurskapa sjálfan sig á síðum Nonnabókanna.

Tímamótagein Pauls de Man, „Autobiography as De-facement“ (1979) hefur haft mikil áhrif á fræðilega umræðu um sjálfsskrif. Þar boðar hann endalok sjálfsvæisögunnar og segir hana þjakaða af fjölda ósvaranlegra spurninga sem allar komi fram vegna tilrauna til að skilgreina sjálfsvæisöguna sem sérstaka bókmenntagein. Sjálfsvæisagan er ekki bókmenntagein, segir de Man, heldur aðeins ákveðin aðferð við að lesa eða skilja.²²⁹ De Man afneitar því að í sjálfsvæisögunni sé lífið sett fram á nýjan, sannan hátt og segir að alveg eins og við göngum út frá þeirri „staðreynd“ að lífið búi til sjálfsvæisögu getum við sagt að þegar við skrifum sjálfsvæisögu, búum við til sjálft lífið. Þannig stjórnist allt sem höfundurinn tekur sér fyrir hendur af tæknilegum kröfum þess að fjalla um sjálfan sig og því af hvaða tækjum miðillinn ræður yfir. De Man heldur áfram og fjallar nú um blekkingar:

Og þar sem veruleikaeftirlíkingin sem hér er gert ráð fyrir að sé virk er ein myndbirting meðal annarra, ákvarðar tákmyndin birtingarformið (the figure), eða er það öfugt: Er blekkingin um vísunina ekki hliðstæð gerð birtingarformsins, þ.e.a.s. alls ekki lengur skýrt og skikkanlegt tákmið heldur eitthvað líkara skáldskap sem svo, samt sem áður, þegar þar að kemur, öðlast eins konar tilvísandi sköpunarmátt.²³⁰

Dagný Kristjánsdóttir ræðir þessar kenningar de Man í *Bókabörnum* og segir að í þeim felist að ævisagnahöfundurinn standi frammi fyrir eigin blekkingum þegar hann ætlar að ganga að atburðum ævi sinnar „eins og þeir voru“. Þetta eru árangursríkar blekkingar því höfundurinn trúir þeim sjálfur, „þær eru hans innri sannleikur og viðmið“ og þær geta einnig verið afturvirkar í þeim skilningi að seinni tíma skilningi er varpað aftur og gerður að orsök en ekki afleiðingu.²³¹

Sjálfsvæisagan endurspeglar því engan áreiðanlegan sjálfsskilning auk þess sem de Man segir tungumálið ekki með nokkru móti geta endurspeglað raunveruleikann og gagnrýnir jafnframt allar tilraunir til að tengja saman sjálfsvæisögu og hinn áþreifanlega veruleika. Hvað hann varðar er sjálfsvæisagan mislukkuð tilraun til að finna og staðsetja

²²⁹ Man, „Autobiography as De-Facement,“ 919–921.

²³⁰ Sama rit, 920–921. „And since the mimesis here assumed to be operative is one mode of figuration among others, does the referent determine the figure, or is it the other way around: is the illusion of reference not a correlation of the structure of the figure, that is to say no longer clearly and simply a referent at all but something more akin to a fiction which then, however, in its own turn, acquires a degree of referential productivity.“

²³¹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 132–133.

sjálfið og að sama skapi viðmið tungumálsins.²³² Segja má að de Man snúi öllum rómantískum hugmyndum um sjálfið á hvolf: Í stað hugveru sem er einstök, heilsteypt og gegnsæ er hið rómantíska sjálf sundrað og afhjúpað.

Flöktandi sannleikur eða meðvitaðar eða ómeðvitaðar blekkingar einkenna sjálfsævisögur. Lesendur líta oft á sjálfsævisögur sem sögur sem segja heilsteyptar sögur af lífi einstaklings og eins og Shari Benstock bendir á í greininni „Authorizing the Autobiographical“ (Að viðurkenna sjálfsævisöguna, 1988), teljum við oft að sjálfsævisagan sé trygging fyrir því að sjálfið sé heilsteypt og saga okkar samhangandi og full af merkingu.²³³ Blekkingarnar koma til af því að við sjáum aldrei „allt“ og segjum aldrei „allt“ – við getum það ekki og við viljum það ekki enda höfum við öll eitthvað að fela þannig að leitum að sannleikanum endar í skáldskap. Það er ekki til neitt heilsteypt „sjálf“, tákmynd sem kemur á undan sögunum um sjálfið eða tákniðunum. Þetta er hins vegar erfitt að viðurkenna.

Í gagnrýni sinni á fræðilega nálgun sjálfsævisagna nefnir Paul de Man Philippe Lejeune og gagnrýnir aðferðir hans við að skilgreina sjálfsævisöguna sem aðra bókmenntagrein en skáldsöguna.²³⁴ Þessu svarar Lejeune og segist alls ekki vera jafn auðblekktur og de Man heldur fram. Við vitum ósköp vel, segir hann, að það eru blekkingar að tungumálið sé gegnsætt og að hin heilsteypta hugvera geti tjáð sig með hjálp þess:

... við erum ekki svo vitlaus, og þegar þessi varnagli hefur verið sleginn höldum við áfram eins og við vitum það ekki. Það er fantasía að hægt sé að segja sannleikann um sjálfið eða búa til úr sjálfinu heilsteypt viðfang. Þrátt fyrir þá staðreynd að sjálfsævisagan er óhugsandi kemur það engan veginn í veg fyrir tilvist hennar. Ef til vill tók ég í lýsingu minni á sjálfsævisögunni þrá mína sem veruleika; en það sem mig langaði til að gera var að lýsa veruleika þessarar þrár, veruleika sem svo margir höfundar og lesendur eiga sameiginlegan.²³⁵

²³² Man, „Autobiography as De-Facement,“ 921–922.

²³³ „This coming-to-knowledge of the self constitutes both the desire that initiate the autobiographical act and the goal toward which autobiography directs itself. By means of writing, such desire presumably can be fulfilled” (Benstock, „Authorizing the Autobiographical,“ 11).

²³⁴ Man, „Autobiography as De-Facement,“ 922–223.

²³⁵ Lejeune, „Autobiographical Pact (bis),“ 131–132. „... we are not so dumb, once this precaution has been taken, we go on as if we did not know it. Telling the truth about the self, constituting the self as a complete subject – it is a fantasy. In spite of the fact that autobiography is impossible, this in no way prevents it from existing. Perhaps, in describing it, I in turn took my desire for reality; but what I had wanted to do, was describe this desire in its reality, a reality shared by a great number of authors and readers.“

Með þessu á Lejeune við að lesendur sjálfsævisagna viti vel að sjálfsævisagan reynir, og tekst, að blekkja okkur, en þegar við lesum hana látum við eins og við vitum ekki af þessum blekkingum. Við viljum að sjálfsævisagan sé möguleg og þessi vilji eða þrá er raunveruleg og meðvituð, segir Lejeune, og að sumu leyti eins og dagdraumur. Þrátt fyrir yfirlýsingar um takmarkanir tungumálsins og dauða höfundarins í anda Barthes er höfundurinn raunverulegur að mati Lejeune vegna þess að hann er sú nærvera sem lesandinn trúði eitt sinn á og vill ekki gefa upp á bátinn. Það er þráin eftir honum, hinu heilsteypa sjálfi að baki textanum, sem tryggir að raunveruleikann sé til og allt þetta sameinast í „höfundinum“.

Jóni Sveinssyni svipar til Lejeune: Hann vill ekki kasta fyrir róða drauminum um íslenska drenginn og sannfærir sjálfan sig og lesendur sína um að hann hafi verið til og sé það enn í bókunum. Sjálfsmynd hans er byggð að stórum hluta á íslensku þjóðarímyndinni, fjölskyldunni og landinu sjálfu, Íslandi, en í *The Limits of Autobiography* (Takmarkanir sjálfsævisögunnar, 2018) spyr Leigh Gilmore einmitt að því hvernig einstaklingur sem hefur verið aðskilinn frá þjóð, fjölskyldu og stað geti borið kennsl á sjálfsmynd sína.²³⁶ Þessu svarar Jón Sveinsson í bókinni *Andlegar æfingar mínar með yngstu nemendunum í Stella Matutina haustið 1916*. Þar fjallar hann um það hvernig hann staðnæmdist í þroska aðeins tólf eða þrettán ára gamall. Hann heldur því fram að um sextugt hafi hann í hjarta sínu og sálarlífi „varðveitt skaphöfn og hrifnæmi tólf til þrettán ára unglings óbreytt og ferskt fram á þennan aldur“. Orsakirnar rekur hann til þess að hafa svo ungur yfirgefið ættjörð sína og horfið inn í nýja veröld:

Þetta framandi umhverfi olli því, að sálarlíf mitt staðnaði og gat ekki tekið við frekari þroska. Hin nýju viðhorf, sem streymdu yfir mig, voru svo framandi og fjarlæg því, sem ég hafði átt að venjast, að þau gátu ekki með neinu móti samrýmst þeim sem fyrir voru og þannig tryggt áframhaldandi lífræna framvindu. Nýtt, sjálfstætt tilfinningalíf þróaðist með mér, með öllu óháð því sem fyrir var. Þannig mótaðist ég að nýju, en varðveitti jafnframt sálarlíf 12 til 13 ára unglings.²³⁷

Hið nýja, sjálfstæða tilfinningalíf er ekki söguefni heldur „sálarlíf 12 til 13 ára unglings“ sem hann „varðveitti jafnframt“ og má ætla að hafi verið „meðvituð fantasía“ eða „sú nærvera sem lesandinn trúði eitt sinn á og vill ekki gefa upp á bátinn“ eins og Lejeune sér hana fyrir sér. Þessi fantasía Jóns Sveinssonar byggir á klofningi sálarlífsins í tvo reynsluheima sem geta ekki runnið saman í „lífræna framvindu“ eins og hann

²³⁶ Gilmore, *The Limits of Autobiography*, 12.

²³⁷ Jón Sveinsson, *Andlegar æfingar mínar með yngstu nemendunum í Stella Matutina haustið 1916*, 22.

sjálfur segir í þessari merkilegu sjálfsgreiningu. Og í Nonnabókunum er hinn stutti bernskuhluti á langri ævi mannsins látinn tákna heildina.

3.2.4 Sá sem segir sína sögu

Höfundur, sögumaður og aðalpersóna Nonnabókanna eru kynntir sem einn og sami einstaklingur. Með öðrum orðum: Nonnabækurnar falla fullkomlega að sjálfævisögulegum sáttmála Lejeune. En þrátt fyrir að Jón Sveinsson vilji upphaflega leyfa „íslenska drengnum“ að segja sína sögu og geri sjálfævisögulegan samning við lesendur sína er þetta ekki alveg svo einfalt. Nonnabækurnar eru sagðar í fyrstu persónu og það „ég“ eða sjálf sem talar vísar til sjálfs sín. En þó að þessi sögumaður eða rödd hafi eitt nafn, þ.e. það „ég“ sem virðist tala, eru fleiri fyrstu persónur á sveimi í textanum.

Hægt er að skilgreina þessi „ég“ með ýmsum hætti. Gerður hefur verið greinarmunur á sjálfinu-núna og sjálfinu-þá, þ.e. „mér“ sem talar og „mér“ sem talað er um og tengist því að sjálfævisagan fjallar ávallt um það sem er liðið. Smith og Watson finnst þessi tvískipting, þ.e. þetta ég sem er ég er núna og þetta ég sem ég var, of einföld og stinga upp á fjórum mismunandi sjálfum eða „ég-um“ í sjálfævisögu:

1. hið raunverulega eða sagnfræðilega ég
2. sögumannssjálf
3. frásagnar-ég
4. hugmyndafræðilegt ég²³⁸

Hið raunverulega eða sagnfræðilega sjálf er staðfest með undirskriftinni á titilsíðu bókarinnar, þetta er persónan sem framleiðir söguna og líf hennar er mun flóknara og sundurleitara en sagan sem sögð er í bókinni. Þetta „ég“ er persóna sem staðsett er á ákveðnum tíma og ákveðnum stað. Ef hið raunverulega sjálf er enn á lífi getum við heyrt rödd þess en lesandi sjálfævisögunnar þekkir ekki þessa fyrstu persónu og það er ekki þetta „ég“ sem við fáum aðgang að við lestur hinnar sjálfævisögulegu frásagnar. Þetta „ég“ kallast á við það sem Seymour Chatman kallar „raunverulegan höfund“ í sínu frásagnarlíkani og er utan textans.²³⁹

Hið raunverulega „ég“ er maðurinn Jón Sveinsson sem fæddist á ákveðnum tíma og dó á tilteknum tíma og stað og það er breitt bil á milli hans og drengsins sem

²³⁸ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 59. Á ensku eru hugtökin þessi: The “real” or historical “I”, the narrating “I”, the narrated “I” og the ideological “I”.

²³⁹ Sjá kafla 2.5.2, Innbyggði lesandinn.

Nonnabækurnar fjalla um, enda var hann orðinn 56 ára þegar fyrsta bókin, *Nonni*, kom út og því liðin 44 ár frá þeim atburðum sem bókin segir frá. Sögumannssjálfið (sbr. „sögumaður“ hjá Chatman) er sjálfið sem segir söguna og greinir eingöngu frá þeim atburðum sem tengjast sögunni sem skrifuð er. Frásagnarsjálfið er hins vegar það sjálf sem sögumaðurinn kys að fjalla um og draga upp mynd af fyrir lesendur sína. Á þetta bendir Dagný Kristjánsdóttir og segir einnig að breitt bil sé á milli bókapersónunnar (frásagnarsjálfið) og sögumannsins (sögumannssjálfið), Nonna annars vegar og höfundarins Jóns Sveinssonar hins vegar.²⁴⁰ Þetta er raunar eitt af megineinkennum barnabóka þar sem aðalpersónur eru börn en sögumennirnir alltaf fullorðnir.

Hið hugmyndafræðilega sjálf er líklega flóknasta sjálfið, enda um marglaga sjálf að ræða. Það felur í sér þann mannskilning og sjálfsskilning sem sögumanninum er aðgengilegur þegar hann segir sína sögu. Allir sögumenn sjálfsævisagna eru staðsettir sagnfræðilega og menningarlega á ákveðnum stað á ákveðnum tíma og bera merki þess tíma og staðar – sjálfsmyndin mótast af því hvaðan við erum, hvaðan við komum og hvert við förum.²⁴¹ Það er hins vegar úr ýmsu að velja og á hverjum tíma getur sögumaður valið úr ýmsum möguleikum og jafnvel valið sjálfsmyndir eða brot úr sjálfsmyndum sem skarast. Þetta er þó vissulega takmörkunum háð; til að mynda hefur kyn okkar, reynsla, stétt, þjóðfélagsstétt, landfræðileg staða og fjárhagsstaða áhrif á það hvernig sjálfsmynd okkar mótast.

Þá má ekki gleyma því að það sem sögumaðurinn veit *núna* er ekki endilega það sem sögupersónan vissi *þá* og að þessi atriði geti fallið saman eða stíað sögumanni og sögupersónu í sundur þannig að lesandi eigi erfiðara en ella með að trúá að þeir séu ein og hin sama persóna. Í tilfalli Nonnabókanna hefur hinn fullorðni og raunverulegi rithöfundur Jón Sveinsson aldur og reynslu fram yfir drenginn sem hann skrifar um og hann stjórnar því vitanlega líka hvað söguhöfundurinn, svo gripið sé til hugtaks Seymours Chatman, veit og skrifar og hvað það er sem sögumaðurinn segir síðan og hvernig. Í bókunum verður Nonni að auki aldrei fullorðinn því að sögu hans lýkur þegar hann er 13 ára að því er hann sjálfur segir.²⁴²

Dagný Kristjánsdóttir telur að Jón Sveinsson hafi gert sér góða grein fyrir bilinu á milli hins fullorðna sögumanns og barnsins og hann gæti þess að halda sjónbeiningu barnsins þótt það mistakist einstaka sinnum. Þegar það gerist þá „opnast tímarými sem

²⁴⁰ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 102.

²⁴¹ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 61–63.

²⁴² Sjá um frásagnalíkan Seymour Chatman í 2.5.2, Innbyggði lesandinn.

blekkingin heldur yfirleitt lokuðu í verðandi frásagnarinnar“.²⁴³ Ég er Dagnýju sammála, enda verður sögumaðurinn að halda vel á spöðunum. Ef hann misstígur sig, ef hinn fullorðni sögumaður kemur í ljós, hefur hann rofið þann sjálfsævisögulega sáttmála sem hann hefur gert við lesendur; hann viðurkennir með öðrum orðum að vera ekki sá sem hann segist vera.

Dagný ræðir einnig innbyggðan lesanda barnabóka og telur bækur Jóns Sveinssonar ýmist einkennast af tvöföldu eða tvíþættu ávarpi en „sjaldan eða aldrei af einföldu ávarpi. Það er ekki reynt að gera orðfæri og reynsluheim persónunnar Nonna að barnalegu tungutaki tólf ára drengs heldur er ellilegt yfirbragð þess skýrt með því að drengurinn sé óvenjulegur“.²⁴⁴ Blekkingaleikur Jóns Sveinssonar tekst vel og í frásögninni þurrkast út skilin á milli drengsins og mannsins með örfáum undantekningum. Hann nýtir sér ímynd íslenska drengsins og tungutak til að láta drenginn standa fyrir heildina, vera alla sjálfsmynd aðalpersónunnar, og breiðir þannig yfir allar glufur í sjálfsmyndinni – minnsta kosti á yfirborðinu.

Í Nonnabókunum vottar hvorki fyrir efa né óvissu hvað sjálfsmyndina varðar. Engar eyður eru viðurkenndar og hið raunverulega eða sagnfræðilega ég, sögumanns-ég, frásagnar-ég og hið hugmyndafræðilega ég eru öll kynnt sem eitt og hið sama. Það er ekki þar með sagt að engin brot sé þar að finna. Jón Sveinsson býr til sjálfsmynd eða sjálfsmyndir í sögum sínum sem eru fleygaðar af ótal þáttum – kyni, kynþætti, kynferði, þjóðerni, stétt, kynslóð, fjölskyldu o.s.frv. Fyrst og fremst búa þessar sjálfsmyndir þó í tungumálinu því það er með tungumálinu sem við tjáum sjálfð.

Rússneski hugsuðurinn Míkhaíl Bakhtín bendir á að meðvitundin – sem felur í sér sjálfsmyndina – sé ávallt í samtali við orðræðu samfélagsins og þar með hluti af félagslegum samskiptum. Þar af leiðandi verði sögumenn sjálfsævisagna meðvitaðir um hverjir þeir eru, hvað það er sem þeir telja hluta af sjálfi sínu eða hvaða sjálfsmyndir þeir taka upp, í gegnum orðræðuna sem er í kringum þá. Og vegna þess sem Bakhtín kallar „heteroglossía“ (rússn. *raznoretsjje*) þ.e. fjölbreytileika tungumála, orða og merkinga sem samtímis auka við og auðga hvert annað en rekast líka á, kemst einstaklingurinn „til meðvitundar“ með hjálp fjöldamargra sjálfsmynda og margra radda.²⁴⁵ Það er vegna þessa, segir Stuart Hall, sem sjálfsmyndir eru afurð eða

²⁴³ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 104.

²⁴⁴ Sama rit, 104.

²⁴⁵ Kenningin um heteroglossíu er útfærð í bókinni *Orðlist í skáldsögunni* (þýð. Jón Ólafsson, 2004). Ágæta umfjöllun um hugtakið er að finna hér: Clark og Holquist, *Mikhail Bakhtin*, 22–23.

framleiðsla sem er aldrei fullkomin, ávallt í þróun og það hvernig hún er túlkuð eða tjáð er skipulagt hið innra, en ekki hið ytra.²⁴⁶

John Paul Eakin ræðir einnig mótun sjálfsmyndar og hvernig tungumálið kemur þar við sögu í bókinni *Living Autobiographically: How We Create Identity in Narrative* (Hið sjálfsævisögulega líf: Að skapa sjálfsmynd í frásögn, 2008). Þar heldur hann því fram að frásagnir, sögur okkar, séu ekki aðeins um okkur heldur óaðskiljanlegum hluti af okkur sjálfum: Við eru saga og sagan er við.²⁴⁷ Hér skiptir máli hvernig hann skilgreinir hugtökin *sjálfsmynd* og *ímynd* en þar vísar hann til fyrri bókar sinnar, *How Our Lives Become Stories* (Hvernig lífið verður saga, 1999). „Sjálfunum“ skiptir hann í fimm ólíkar gerðir:

1. Vistfræðilegt sjálf: Sjálfið eins og aðrir skynja það með tilliti til hins áþreifanlega umhverfis. Frá frumbersku.
2. Tengslasjálf: Sjálfið eins og það hefur samskipti við aðra. Frá frumbersku.
3. Útvíkkaða sjálfið: Sjálf minnis og eftirvæntingar, sjálfið sem er til fyrir utan stað og tíma. Til frá því um þriggja ára aldur þegar börn eru farin að gera sér grein fyrir sjálfum sér.
4. Einkasjálf: Sjálf hinnar meðvituðu tilvistar sem ekki er aðgengilegt neinum öðrum. Sérfræðingar eru ekki sammála um hvenær einkasjálfíð kemur fram.
5. Heildræna sjálfið: Hin ólíku og viðtæku form sjálfupplýsingar – félagsleg hlutverk, persónuleg einkenni, hugmyndir um líkama og sál, viðfang og persónu – sem staðsetja sjálfið innan ákveðins flokks.²⁴⁸

Það sjálf sem hér skiptir mestu máli er hið heildræna sjálf sem er að mörgu leyti eins og hið hugmyndafræðilega sjálf Smith og Watson – marglaga og flókið og sífellt að breytast og þróast. Samkvæmt Eakin er þetta sjálf að ýmsu leyti ekki annað en sú saga sem við veljum að segja öðrum, okkur sjálfum og kjósum að trú. Hér skiptir einnig máli, eins og Eakin bendir á, að sjálfsævisaga er ekki aðeins það sem við lesum í einni bók heldur orðræða sjálfsmyndar sem sköpuð er orð fyrir orð í þeim sögum sem við segjum um okkur alla ævi, hvort sem er við okkur sjálf eða aðra.²⁴⁹

²⁴⁶ Hall, „Cultural Identity and Diaspora,“ 222.

²⁴⁷ Eakin, *Living Autobiographically*, x–xii, 1–4.

²⁴⁸ Sama rit, xii–xiii. Ensku hugtökin hljóma svona: The ecological self, the interpersonal self, the extended self, the private self og the conceptual self. Í bókinni *How Our Lives Become Stories* talar hann um sjálfsmyndasafn (e. *register of self*, 22–25). Sjá einnig nýlega umfjöllun um kenningar Eakin í Ingibjörg Sigurðardóttir, *Sjálf í sviðsljósi*, 120–124.

²⁴⁹ Eakin, *Living Autobiographically*, 4, 34.

Jón Sveinsson sagði sjálfum sér og öðrum hvað eftir annað söguna af sjálfum sér. Hann skrifaði bréf og dagbækur alla sína ævi, hann gaf út sögur og hann flutti fyrirlestra um heim allan um íslenska drenginn sem yfirgaf móður sína og fósturjörð en gleymdi því aldrei hvaðan hann kom. Jón Sveinsson *er* Nonni, Nonni *er* bókmenntalegur staðgengill hans. Hann er ekki summa allra þeirra atburða sem hann hefur upplifað, allra upplifana, reynslu, sorga, vonbrigða o.s.frv. heldur *er* hann – hið heilðræna sjálf – aðeins sú saga sem hann segir aftur og aftur, hvort sem það er fyrir framan lifandi áheyrendur eða á bók.

„Ég“ er fyrirbæri sem erfitt er að henda reiður á. Ef litið er til kenninga Freuds og Lacans í tengslum við sjálfsmyndina kemur ekki á óvart að *ég* skuli vera fyrirbæri sem erfitt er að henda reiður á. Það er sjálfið (egóið) sem á í samskiptum við annað fólk og umheiminn en það eru hins vegar óteljandi atriði sem hafa áhrif á það, toga í það og teygja, og þar á meðal það-ið og yfirsjálfið. Ef við samþykkjum hugmyndir Freuds um þrískiptingu sálarlífsins og að hluti þess sé dulvitaður og/eða bældur niður er ekki annað en hægt að viðurkenna að við getum aldrei nokkurn tíma sagt *allan* sannleikann í ævisögu – einfaldlega af því að við höfum ekki aðgang að honum.²⁵⁰

Samkvæmt Lacan er hið óhagganlega sjálf alls ekki til og líf okkar einkennist ekki síst af því að uppfylla þann skort sem við vinnum fyrir þegar við höfum gengist Ödipusarduldinni á hönd. Skortinn reynum við að yfirvinna með tungumálinu, táknerfinu, það táknerfi er aðgöngumiði okkar að samfélagi við annað fólk í nafni föðurins, það er ekki fullkomið og getur aldrei sagt *allt*.²⁵¹ Enn og aftur er sannleikurinn óhöndlanlegur og í tilfelli Jóns Sveinssonar ef til vill enn lengra í burtu en hjá flestum því þótt hann talaði mörg tungumál glataði hann íslenskukunnáttu sinni að mestu og segja má að hann hafi varla átt móðurmál.

Hér hafa verið færð rök fyrir því að sjálfsmynd eins og hún birtist í sjálfsævisögum sé ávallt marglaga, flókið samspil ólíkra þátta. Í næstu köflum verður sjálfsmynd Jóns Sveinssonar tengd við ímyndir og goðsagnir um Ísland, land og þjóð og sýnt fram á hvernig þar er að finna „kjölfestu“ sjálfsmyndar hans. Lögð er áhersla á að persóna Nonna byggist á nokkrum meginþemum: Landinu, þjóðinni, tungumálinu og goðsögninni um hina hamingjusömu fjölskyldu. Saman skapa þessar ímyndir söguna um hinn fullkomna dreng og hið góða líf. Þessi fullkomni drengur er þó jafnframt

²⁵⁰ Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til*, 33. Sjá einnig ritgerð Freuds, „Sjálfið og það-ið“, (*Ritgerðir*, 256–273).

²⁵¹ Homer, *Jacques Lacan*, 25.

„hinn“ í augum evrópskra lesenda Nonnabókanna og að vissu leyti líka í hugum íslenskra lesenda – sem þó líta einnig á hann sem einn af sínum.

3.3 Draumur um land, þjóð – og sjálf

Persóna „íslenska drengsins“ sem Jón Sveinsson býr til og varpar fram í bókum sínum er flókin fyrir nokkurra hluta sakir. Fyrir það fyrsta má spyrja að hve miklu leyti Jón Sveinsson tilheyrði Íslandi, en hann bjó aðeins á landinu sem hann lýsir til tólf ára aldurs. Sjónarhorn hans og viðhorf, sem íslensks drengs, er síað gegnum mörg lög af annarri menningu, þekkingu og reynslu. Því má velta fyrir sér hvort nokkur fótur sé fyrir hinu „íslenska sjálfi“ sem höfundurinn leggur svo mikla áherslu á.

„Hið íslenska sjálf“ Nonnabókanna hefur að geyma ímyndir sem tengjast goðsögnum um íslenska náttúru, þjóð og menningu, en Jón Sveinsson velur úr það besta og hafnar því sem honum þykir verra. Þessar goðsagnir eru hér kannaðar með kenningum og aðferðum ímyndafræða og eftirlendufræða. „Hinn“²⁵² skiptir miklu máli innan beggja fræðigreina og það hvort viðkomandi tilheyrir jaðrinum eða miðjunni, þeim sem völdin hafa eða þeim valdalaus. Jón Sveinsson reynir að velja ímyndir sem gera það að verkum að hann verði hvort tveggja í senn, sérstakur og líkur hinum.

Eins og áður sagði nýtir Jón Sveinsson sér staðalímyndir og goðsagnir um land og þjóð til að byggja upp myndina af Nonna í Nonnabókunum. Mynd hins hugdjarfa, vel lesna og hamingjusama ævintýradrengs er sú ímynd sem Jón Sveinsson kys að markaðssetja og nota til koma sér á framfæri. „Ímynd“ er vel þekkt hugtak úr orðræðu markaðsfræðanna og segja má að Jón Sveinsson selji hugmyndina um íslenska drenginn Nonna og paradís norðursins og sé farsæll í því starfi. Það sem hann nýtir sér með bestum árangri eru meðal annars ímyndir íslensku þjóðarinnar, íslenskrar náttúru og íslenskrar menningar.

Að eigin sögn er Jón Sveinsson „kvistur á hinni nyrstu grein germanska þjóðarmeidsins“, „vagga“ hans tilheyrir Norður-Íslandi og hann er að upplagi íslenskur drengur.²⁵³ Svona kynnir hann sig í formála fyrstu útgáfu *Nonna* þar sem saga „íslenska drengsins“ hefst og í öllum Nonnabókunum er lögð áhersla á þjóðerni drengsins. Ljóst er af lestri bókanna að þjóðernið og föðurlandið greina hann frá öðrum, gera hann

²⁵² Sjá umfjöllun um „hinn“ (e. *other*) í Ashcroft, Griffiths og Tiffin, „Key Concepts in Post-Colonial Studies“, 171–173.

²⁵³ Freysteinn Gunnarsson, „Formáli fyrir annarri útgáfu“, *Nonni*, 6.

sérstakan og að mörgu leyti öðrum æðri. En hvað felst í því að tilheyra einni þjóð, vera af einu þjóðerni?

Þjóðarhugtakið er ekki meitlað í stein, það hefur breyst og þróast í árunna rás auk þess sem ekki eru allir á einu máli um hvað það er sem gerir þjóð að þjóð. Þetta ræðir Guðmundur Hálfðanarson í *Íslenska þjóðríkinu* og bendir á að öll „sögulega skilgreind menningarfyribæri [séu] „problematísk“ í eðli sínu, vegna þess að sögulegar aðstæður breytast og þar með menningarfyribærin sem þeim eru háð“. ²⁵⁴ Hversu flókið hugtakið er kemur skýrt fram hjá Ernst Renan sem árið 1892 lýsti því yfir að þjóðerni réðist af sameiginlegum vilja einstaklinganna. Það sem geri það að verkum að fólk vilji sameinast undir merkjum þjóðar séu til að mynda sameiginleg afrek og þrengingar og sú samkennd sem hópurinn finnur fyrir. Samkenndin tengist sameiginlegum minningum sem myndi „þjóðarsöguna“ og tilfinningu þegnanna um sameiginlega fortíð og þannig sé það söguleg þróun sem bindi þjóðir saman innbyrðis og greini þær frá öðrum. ²⁵⁵

Hugmyndir um þjóðina og þjóðernisstefna hafa verið áberandi í pólitískri orðræðu í rúmar tvær aldir. Grundvallargerðir evrópskrar þjóðernishyggju eru tvenns konar, annars vegar pólitísk og hins vegar menningarleg eða etnísk. Í pólitískri þjóðernishyggju er þjóðin fyrst og fremst álitin pólitísk eining en þeir þættir sem sameina þegnana eru sameiginleg landsvæði, saga og minningar, sameiginleg lagaleg og stjórnmalaleg réttindi og að lokum borgaraleg menning þegnanna. Menningarlega þjóðarhugtakið gerir hins vegar ráð fyrir því að þjóðin sé einskönar stórfjölskylda sem tengd sé náttúrulegum böndum og eigi sér sömu þjóðarsál. ²⁵⁶ Hér skiptir tungumálið líka máli en samkvæmt heimspekingnum Johann Gottfried Herder (1744–1803) myndast þjóðerni í stöðugu samspili manns og náttúru, en mestu máli skiptir þó tungumálið. Hann leit svo á að það væri lykill að sjálfsskilningi manns og grundvöllur allra samskipta. Hin sérstaka þjóðarsál, sagði Herder, birtist einkum í tungumálinu og þjóð sagði hann vera hóp manna sem talaði sömu tungu, en sagan og náttúruöflin hefðu mótað tungumálin í aldanna rás. ²⁵⁷ Í kenningu Herders urðu einstaklingsbundin sjálfsmynd og þjóðernisleg sjálfsmynd ein og hin sama. Tungumálið tengdi einstaklinginn ekki aðeins við þjóð sína í samtímanum heldur einnig við forfeður sína

²⁵⁴ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, 17, 28.

²⁵⁵ Renan, „What is a Nation?“, án bls.

²⁵⁶ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 23–24.

²⁵⁷ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, 19–25.

og formæður aftan úr öldum en hugsanir þeirra og tilfinningar urðu hluti af hverjum einstaklingi. Af þessu leiddi að manneskjan gat aðeins verið trú sjálfri sér ef hún talaði og hugsaði á móðurmáli sínu. Maður sem tók upp siði og tungu annarra þjóða sveik ekki aðeins þjóð sína heldur einnig sjálfan sig og hann rofnaði úr tengslum við upprunalegt og rétt eðli sitt og allt sem gaf lífi hans raunverulega merkingu.²⁵⁸

Jón Sveinsson var vissulega Íslendingur og hann týndi aldrei íslenska fæðingarvottorðinu sínu eins og rakið er í ævisögu hans.²⁵⁹ Á óteljandi vegu var hann það hins vegar ekki, kaþólskur prestur og jesúíti á meginlandi Evrópu sem hvorki talaði né skrifaði tungumálið vel og hafði lítil tengsl við Ísland. Það er því einkum hin menningarlega sjálfsmynd sem Jón Sveinsson keppist við að sannfæra sjálfan sig og lesendur um að sé íslensk þar sem hann sat í Belgíu og skrifaði sögur um íslenska drenginn Nonna á frönsku, dönsku og þýsku fyrir lesendur á meginlandi Evrópu sem höfðu ef til vill aldrei heyrt á Ísland minnst.

Árið 1990 kom út greinin „Tvístrun þjóðarinnar“ eftir Homi Bhabha (1909–1966). Þar fjallar Bhabha um menningu þjóðar á eftirlendutímum, tímum þjóðflutninga og hnattvæðingar. Fólk hefur verið flutt – eða flust af sjálfsdáðum – á milli staða og hann hafnar því að menninguna sé að finna í einhverskonar „uppruna“ en segist reyna að orða „þær flóknu aðferðir við menningarlega samsömun og myndun orðræðuhátta sem notaðar séu í nafni „fólksins, eða „þjóðarinnar“ og gera hana að innbyggðum mælanda í fjölda félagslegra og bókmenntalegra frásagna“.²⁶⁰

Bhabha byggir málflutning sinn að nokkru leyti á á bók Benedicts Anderson, *Imagined Communities* (Ímynduð samfélög, 1983), þar sem því er haldið fram að þjóðarhugtakið sé hugarsmíð, „þjóð“ sé það sem valdhafar hafa ákveðið að sé „þjóð“. Ákvörðunin sé rökstudd með því sem fólkið eigi sameiginlegt og hljóti að sameinast um. En þurfi að sameina þjóðina, segir Bhabha, hlýtur hún áður að hafa verið tvístruð og hann gengur svo langt að halda því fram að hægt sé að greina í sundur þjóðarhugtakið og rekja þræði þess til samruna ýmissa goðsagna, ímynda og orðræðna. Þetta sé uppistaðan í sögu þjóðarinnar og þegar hún sé sögð og kennd samsami vaxandi hópur sig ákveðinni skilgreiningu og til verði hugmyndaleg tvíbendni (e. *ambivalence*):

Þegar sjálf saga þjóðarinnar er sögð samsama vaxandi hópar þegna sig ákveðinni skilgreiningu og því verður stöðugt að breyta snifsum, bútum og tötum hins daglega

²⁵⁸ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 25.

²⁵⁹ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 298.

²⁶⁰ Bhabha, „Tvístrun þjóðarinnar,“ 181.

lífs í tákni um samhangandi þjóðmenningu. Þegar þjóðin er búin til sem frásögn þá verður klofningur á milli viðtökunnar sem fer fram í tímalagi framvindu og uppsöfnunar, og gjörnings frásagnarinnar sem er síendurtekin og kölluð fram á ný. Í þessum klofningi skapast hugmyndaleg tvíbendni sem verður sá staður í samfélagi nútímans þar sem þjóðin er skrifuð.²⁶¹

Þessi tvíbendni kemur meðal annars upp, að sögn Bhabha, vegna þess að þjóðin er „klofin hið innra“ og sýnir það vel misleitni íbúanna. Þjóðarhugtakið er þannig vörn ríkjandi stétta gegn fjölbreytileika íbúanna. Með þessu reynir Bhabha að færa rök fyrir því að þjóðin sé ekki ein heldur margar, saga hennar og sögur tvístruð samsuða ólíkra orðræðna og sagna.²⁶² Kenningar Bhabha eru áhugaverðar, einna helst fyrir þá nýjung sem hann bætir umræðuna – efanum um það hvort þjóð sé yfirleitt til eða hafi nokkurn tíma verið til sem og efasemdir um möguleika þegnanna á að tilheyra þjóð.

Í Nonnabókunum er hið íslenska þjóðerni landfræðilegt, þeir sem fæðast á Íslandi og alast þar upp teljast með öðrum orðum til Íslendinga. Þjóðernið er jafnframt mjög mótað af lífrænni heildarhyggju Herders, enda segir í bókunum að náttúran móti Íslendinga og aðgreini frá íbúum annarra landa. Í þriðja lagi er þjóðerni sögulegt og menningarlegt, saga þjóðarinnar hefur gert Íslendinga að því sem þeir nú eru. Jón Sveinsson velur hins vegar þá þætti úr sögu og menningu þjóðarinnar sem henta sögu hans og sjálfsmyndarsköpun og hið sama er að segja um þá eiginleika sem hann lætur íslensku þjóðinni í té. Íslenska þjóðin er alin upp við bókmenntir og sögur af öllu tagi. Hún er vel lesin og greind, dygðug, hreinskiptin, hugrökk og stolt. Á þessum eiginleikum byggist ímyndasköpun Jóns Sveinssonar, borin fram af Nonna. Þjóðernið er einnig tengt tungumálinu, í anda Herders, og Jóni Sveinssyni þykir mjög vænt um hina íslensku tungu. Sá andi og það hugarfar sem einkennir Nonna er jafnframt fyrirmyndardæmi um það hvernig Íslendingar eru eða ættu að vera. Í Nonnabókunum er ekkert rými fyrir efa, aldrei er efast um það hvort sá Nonni sem hvarf á brott tilheyrir enn Íslandi eða hvort hann sé enn Íslendingur. Engin sundrung, klofningur eða tvíbendni er viðurkennd og því síður að Nonni sé mögulega ekki hluti íslensku þjóðarinnar, að hann sé einhverskonar „hinn“.

Hugtakið „hinn“ (e. *other*) hefur víða verið notað, meðal annars í heimspeki, siðfræði, eftirlendufraeðum, sálfræði, bókmenntagreiningu og menningarfræðum. Hugtakið hefur verið notað um fólk (einstaklinga eða hópa) sem er skilgreint sem

²⁶¹ Sama rit, 188–189 (skáletranir eru upprunalegar).

²⁶² Sama rit, 209 o.áfr.

öðruvísi en ráðandi samfélagshópur, og það sem ræður því að ákveðinn einstaklingur eða hópur er skilgreindur sem „hinn“ getur byggst á kynþætti, kyni, stétt eða kynferði svo dæmi séu nefnd. Eftirlendufræði beina sjónum að afleiðingum og áhrifum nýlendustefnunnar (e. *colonialism*), einkum á fyrrverandi nýlendir og hjálendur nýlendu tímabilsins sem stóð frá 16. öld og fram á miðja 20. öld. Rannsókuð eru þau áhrif sem nýlendustefnan hafði á menningu þessara ríkja og samspil þeirra og herraþjóðarinnar. Rannsóknarefnin tengjast því völdum og togstreitu, kyni, þjóðerni, sjálfsmýnd, tungumáli og fleira en erfitt hefur reynst að skilgreina sjálfa fræðigreininna. Eins og Kristján Jóhann Jónsson bendir á er það ekki síst vegna þess að hún spannar svo vítt fræðasvið og margvíslega nálgun.²⁶³ Ekki þarf þó að draga í efa að þetta eru gagnrýnin fræði sem endurskoða og draga í efa vestræna hugmyndafræði og þá algildiskröfu sem henni fylgir um yfirburði nýlendu veldanna og rétt til að setjast að í nýlendunum og gera þá sem þegar bjuggu þar að þegnum sínum.

Rannsóknarsviðið tók að blómstra í Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og víðar um heiminn snemma á níunda áratug liðinnar aldar og er gjarnan litið á bókina *The Empire Writes Back* (Svarbréf heimsveldisins, 1989) í ritstjórn Bill Ashcroft, Gareth Griffith og Helen Tiffin, sem grundvallarrit á sviðinu. Í bókmenntarannsóknum hafa eftirlendufræði verið notuð til að rannsaka svokallaðar eftirlendubókmenntir. Rannsakað er hvernig nýlendu veldin notuðu bókmenntir og frásagnir til þess að réttlæta yfirráð sín yfir nýlendunum og einnig til að svipta nýlendurnar sjálfsmýnd sinni, skapa jafnvel skrumskælda eða falska mynd af sögu þeirra og samfélagi.

Sambandinu milli nýlendu herra og nýlendu búa er oft lýst með andstæðupörum sem byggjast á vestrænni tvíhyggju. Hin andstæðu hugtök eru alls ekki jafn rétthá eða hlutlaus eins og gagnrýnin fræði, meðal annars femínisminn, hafa sýnt fram á.²⁶⁴ Þau endurspeglar þvert á móti valdamisvægi á milli til dæmis barna og fullorðinna, kvenna og karla og gagnkynhneigðra og samkynhneigðra. Hér er því um að ræða andstæðupör eins og yfirráð/undirgefni, herra/þræll, völd/valdaleysi, kúgari/kúgaðir, sjálfstæði/ósjálfstæði, eðlilegt/óeðlilegt, siðmenntað/ósiðmenntað.

Edward Said (1935–2003) er höfundur hugtaksins „orientalism“, óríentalismi, og er þekktastur fyrir bók sína *Orientalism: Western Conceptions of the Orient* (Óríentalismi: Hugmyndir vestursins um austrið, 1978). Þar fjallar hann um upphaf

²⁶³ Kristján Jóhann Jónsson, *Grímur Thomsen*, 89.

²⁶⁴ Hér má nefna tímamótageininna „Le Rire de la Méduse“ (Hlátur Medúsu, 1975) um „kvennaskrif“ eftir franska heimspekinginn Hélène Cixous.

vestrænnar orðræðu um Austurlönd og greinir frá því hvernig ímynd „Austursins“, framandi og dularfull, hafi verið lykilþáttur í sjálfsmyndarsköpun Vesturlanda. Í krafti forræðis síns hafi Vesturlönd talið sjálf sig eðlileg – þau séu hið „eðlilega“, rökrétt og siðmenntuð og staðsett í miðjunni, en austrið aftur á móti andstæða þeirra, staðsett á jaðrinum.²⁶⁵

Bhabha útfærir kenningar Saids og ítrekar gagnvirknina í ferli vestrænnar sjálfsmyndarsköpunar þar sem ríkjandi orðræða „aðrar“ (þ.e. framandgerir, e. *othering*) „hinn“ en felur þó alltaf í sér vott af tvíbendni gagnvart eigin yfirráðum. Hugtakið tvíbendni (e. *ambivalence*) fær Bhabha að láni úr fræðum sálgreiningarinnar en það er í eftirlendufræðum notað til að lýsa flóknu sambandi aðdráttarafls og andstyggðar sem einkennir samband nýlenduherrans og nýlendubúans.²⁶⁶ Nýlenduherrann er háður nýlendubúanum, án hans væri hann ekki til – og öfugt. Til að viðhalda valdinu yfir „hinum“, reynir orðræða heimsveldisstefnunnar að draga upp mynd „hins“ sem öðruvísi, en þarf um leið að gæta nægilegrar samsvörunar milli „sjálfs“ og „hins“ til þess að réttlæta og löggilda valdið yfir honum. Yfirráðin eru þannig bæði byggð á mismunun og samsömun, þ.e. „hinn“ verður bæði að vera ólíkur en samt eins og sjálfsmynd hvors um sig, nýlendubúans og nýlenduherrans. Nýlendubúinn má aldrei ná lengra en að verða „almost the same – but not quite“.²⁶⁷

Nýlendubúinn nær aldrei lengra en vera næstum því eins og nýlenduherrann. „Hinn“ er þannig aldrei til nema í augum þess sem skilgreinir hann sem slíkan og byggir með því upp eigin sjálfsmynd í andstöðu við hann. Þegar einhver er settur í stöðu „hins“ fá líkamleg einkenni, til dæmis hárlitur og húðlitur, svo og aldur og kyn gildishlaðna merkingu og eru notuð sem viðmið til að útiloka viðkomandi einstakling frá vissum hópum.²⁶⁸ „Hinn“ er notaður með svipuðum hætti innan sjálfsævisagnafræði. Þar er „hinn“ alla jafna röddin á jaðrinum, sú rödd sem hefur lítið eða ekkert vægi og fær varla áheyrn. Þetta er oft rödd kvenna, barna, undirmanna eða minnihlutahópa.

Í „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn“ fjallar Dagný Kristjánsdóttir meðal annars um skilgreiningar á hugtakinu „barnabók“ en nátengt því er staða barnsins í samfélaginu. Hún bendir á að kvennabókmenntir hafi verið skilgreindar sem bækur um konur, fyrir konur, eftir konur. Væri sú skilgreining færð yfir á barnabækur giltu fyrstu

²⁶⁵ Said, *Orientalism: Western Conceptions*, 3.

²⁶⁶ Griffiths, Tiffin og Ashcroft, *Key Concepts in Post-Colonial Studies*, 12–14; Bhabha, *The Location of Culture*, 138–140. Sjá einnig umræðu á bls. 90.

²⁶⁷ Sama rit, 123.

²⁶⁸ Murfin og Ray, „Postcolonial Literature and Postcolonial Theory,“ 356.

tvær staðhæfingarnar en sjaldan sú þriðja því að barnabækur eru skrifaðar af einum hópi (fullorðnum) sem hefur að nær öllu leyti vald yfir hinum væntanlegum lesendum, börnunum. „Það segir sig sjálft,“ segir Dagný, „að staða barnsins sem er öðrum háð og valdalaust hlýtur að segja mark sitt á bækur fyrir börn, bæði efni þeirra og innihald.“²⁶⁹

Valdaleysi barnsins er, eins og fjallað er um í inngangi, eitt það sem helst aðgreinir barnabækur frá fullorðinsbókum og á það bendir Perry Nodelman í tímamótageininni „The Other: Orientalism, Colonialism, and Children’s Literature“ (Hinn: Óríentalismi, nýlendustefna og barnabókmenntir) sem kom út árið 1992 en þá voru í fyrsta sinn tengdar saman kenningar eftirlendufræða og kenningar um barnið og barnabókmenntir. Þar ber Nodelman saman skilgreiningar á eftirlendufræðum og skilgreiningar á barnasálfræði og barnabókmenntum og bendir á tengslin þar á milli. Á hliðstæðan hátt og Dagný Kristjánsdóttir fjallar um stöðu barnsins í barnabókmenntum með samanburði við kvennabókmenntir setur Nodelman orðin „barnasálfræði“ og „barnabókmenntir“ í stað „eftirlendufræða“ við að skilgreina hið síðastnefnda.²⁷⁰

Eftirlendufræði, segir Nodelman, er rannsókn á hinum – sem er í andstöðu við þann sem talar, hugsar og rannsakar og er þar af leiðandi ófær um að tala, hugsa og rannsaka sjálfur. Þetta er einmitt það sem barnabókafræðingar gera og ekki aðeins þeir heldur allir sem hafa völd yfir börnum. Við *getum* ekki annað en jaðrað börn, segir Nodelman, en við ættum þó að vera meðvituð um að við skilgreinum þau og komum fram við þau með svipuðum hætti og nýlenduherar meðhöndluðu nýlendubúana.²⁷¹

Að mati Rodericks McGillis og Meena Khorana er valdaleysi barna það sem gerir þau fyrst og fremst að „nýlendubúum“. Þegar við skilgreinum börn sem „nýlenduþegna“ er jafnframt bent á að þeir sem skrifa barnabækur og rannsaka þær gefa sjálfum sér umboð til að tala fyrir munn barnanna, segir hann.²⁷² Þar vísa McGillis og Khorana til fræðimannsins og femínistans Gayatri Chakravorty Spivak sem innleiddi hugtakið „undirsáti“ eða „subaltern“ til að lýsa stöðu kvenna í nýlenduorði. Þær eru undir eða utan við valdastiga þjóðfélags sem byggir valdakerfi sitt á forræði. Hún bendir á að í ljósi þess hvernig hugmyndafræðileg uppbygging kyngerva viðheldur ráðandi stöðu karlkynsins yfir kvenkyninu, þá sé hin undirsetta kona tvöfalt afmáð í tvöföldum skilningi í nýlenduorðræðunni, í margfaldri jaðarstöðu. Hún sé hvort tveggja í senn,

²⁶⁹ Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 18.

²⁷⁰ Nodelman, „The Other,“ 29.

²⁷¹ Sama rit, sjá sérstaklega bls. 29–30.

²⁷² McGillis og Khorana, „Introductory Notes,“ 7–9.

þöggguð í sögunni sem kona og mállaus sem nýlendubúi, og hafi þannig hvorki rödd né rými til að tjá sig – þó að hún reyndi.²⁷³ Túlkun McGillis og Khorana á stöðu barnsins er sambærileg túlkun Spivak á konunni: Barnið er undirskipað „hinum“; ef það er foreldra- eða forræðislaust er það ofurselt ákvörðunum og gjörðum annarra og þannig mætti halda því fram að í Nonnabókunum sé um margþætta rödd „hins“ að ræða því þar er saman komið hvíta barnið, mállaust, „munaðarlaust“, útlendingur/ innflytjandi, frá fjarlægri eyju sem fáir þekkja.

Clare Bradford hefur andmælt þeirri túlkun að öll börn séu í hlutverki undirsátans og segir að varla sé hægt að halda því fram að börn sem njóti forréttinda í krafti kynþáttar og húðlitar séu valdalaus og undirokuð og kallar hún eftir endurmati á þessum vangaveltum.²⁷⁴ Fræðimenn sem hafa rannsakað barnabókmenntir utan Vesturlanda, svo sem Supriya Goswami í *Colonial India in Children's Literature* (Nýlendan Indland í barnabókum, 2012)²⁷⁵ og John Stephens í *Subjectivity in Asian Children's Literature and Film* (Sjálhveruháttur í asískum barnabókmenntum og kvikmyndum, 2012),²⁷⁶ taka undir þessar skoðanir hennar.

Emer O'Sullivan bendir á hversu miklar upplýsingar ungir lesendur fá úr bókum um félagsleg og menningarleg viðmið og segir barnabækur gegna lykilhlutverki við að byggja upp sjálfsmyndir lesendahópsins sem og að viðhalda sjálfsmynd hinna fullorðnu sem framleiða, gefa út, auglýsa og kaupa bækurnar auk þess að lesa þær með börnunum.²⁷⁷ O'Sullivan leggur jafnframt áherslu á að ímyndir erlendra þjóða séu aldrei saklausar, ekki einu sinni og kannski síst af öllu í barnabókum þar sem áhrifamikil mynd hinna hvítu, vestrænu og karlkyns valdhafa eru hvað eftir annað fest í sessi.²⁷⁸ Um leið og völd eins samfélagshóps eru staðfest er valdaleysi annars hóps staðfest um leið, og minnumst þá þess sem um var fjallað í upphafi kaflans því að bæði í orðum Dagnýjar Kristjánsdóttur um völd og valdaleysi barna og orðum McGillis um möguleika eða möguleikaleyssi barnabóka í anda eftirlendufræða, birtist innbyggð þverstæða sem kristallast í Nonnabókunum.

Segja má að Nonni sé alls ekki undirsettur, hvorki valdalaus, raddlaus né jaðraður. Hann er hvítur og vestrænn drengur sem nýtur ýmissa forréttinda og í samanburði við

²⁷³ Spivak, „Can the Subaltern Speak?, 283–295.

²⁷⁴ Bradford, *Unsettling Narratives*, 8–9.

²⁷⁵ Goswami, *Colonial India in Children's Literature*, 3 o.áfr.

²⁷⁶ Stephens, „Introduction: The Politics of Identity,“ 44 o.áfr.

²⁷⁷ O'Sullivan, „Imagology Meets Children's Literature,“ 5.

²⁷⁸ O'Sullivan, „Children's Literature,“ 290. Þessi umfjöllun kallast á við það sem Kristín Loftsdóttir hefur skrifað um bókina *10 litlir negrastrákar* (Republishing 'The Ten Little Negros', 295–313).

„brúnu börnin“ sem hann og Valdemar hitta í bókinni *Borgin við Sundið* eru þeir sannarlega ekki í hlutverki hinna jöðruðu. En þeir eru ekki margir sem hefðu veðjað á að hann kæmist hátt í valdastiga samfélagsins. Hann er nýlendubúi, ósiðmenntaður, mállaus og forsjárlaus í upphafi. Við þetta má bæta hlutverki kaþólsku kirkjunnar í lífi Jóns Sveinssonar. Snemma í *Nonna*, þar sem Nonni litli horfir yfir Eyjafjörð og hugsar um örlög sín átta hann sig á því að kjósi hann að fara til útlanda muni hann standa „einn uppi, föðurlaus og móðurlaus, á engin systkini, enga vini eða ættingja, ekki einu sinni föðurland“.²⁷⁹ Það sem bjargar honum svo úti í hinum stóra heimi er kaþólska kirkjan. Það er hún sem fær forræði yfir Nonna og gefur honum þar með stöðu (hins) í kerfinu sem hann síðan breytir sér í hag. Hefði kaþólska kirkjan ekki tekið hann undir sinn verndarvæng eða neitað honum um menntun á meginlandi Evrópu hefðu örlög hans varla orðið jafn glæsileg.

Þetta er sú „öðrun“ og „jöðrun“ sem Jón Sveinsson reynir að eyða í Nonnabókum sínum og sannfæra lesendur um það að Nonni tilheyri forréttindahópnum, ekki jaðarhópnum. Svo snúið sé upp á orð Homi Bhabha má segja að Nonni reyni frá upphafi að sannfæra lesendur um að hann sé „quite the same – not different“. Á þessum óstöðuga og óskýra grunni byggir Jón Sveinsson sjálfsmynd persónu Nonna – íslenska drengsins svokallaða – sem er, eins og landið sem hann segist tilheyra, staðsettur mitt á milli „okkar“ og „þeirra“.

3.4 Ísland, fagra Ísland

Jón Sveinsson gerði sér fulla grein fyrir hversu lítið fólk vissi um heimaland hans og í Nonnabókunum er lögð áhersla á hve lítið aðrir Evrópubúar vita um Ísland og Íslendinga og því þurfi að fræða þá um hvort tveggja. Alls staðar þar sem Nonni kemur er hann ókunnugur og fólk trúir því vart að hann sé Íslendingur. Þetta kemur fram strax og hann kemur til Danmerkur eftir sjóferðina frá Íslandi, 1870. Hann gengur út á landgöngubrúna, er á báðum áttum og hálfhikandi. Góðlegur drengur kemur hlaupandi til hans og spyr hvaðan hann komi og rekur upp stór augu þegar Nonni segist vera frá Íslandi. „Kemurðu frá Íslandi?“ spyr drengurinn og verður ekki minna hissa þegar Nonni segist ekki aðeins koma frá Íslandi heldur sé hann hreinlega þaðan:

„Þá ert þú Íslendingur“.

²⁷⁹ Jón Sveinsson, *Nonni*, 25.

„Auðvitað“.

„Nei, því hefði ég ekki trúað. Ég hef aldrei séð Íslending fyrr. – En segðu mér nú satt, ert þú áreiðanlega Íslendingur?“

„Já, það er ég“.

Hann starði á mig eins og tröll á heiðríkju.²⁸⁰

Að svo mæltu blístrar drengurinn á vini sína, biður þá að koma nær og segir að hér sé „nokkuð skrítið“. En þó svo Evrópubúum, stórum sem smáum, finnist Nonni merkilegt fyrirbæri laðast þeir samt að honum eins og við sjáum í bókinni *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* þegar sagt er frá komu Nonna í jesúitaskólann í Frakklandi:

Ég varð brátt uppáhald allra, auðvitað hvorki vegna neinna persónulegra eiginleika eða yfirburða, heldur aðeins vegna þess, hvað ég var langt að kominn. Því ókunnara sem heimaland mitt var, því furðulegra og fáséðara þótti að hitta ungling úr svo fjarlægum landi. Það hafði alveg sérstök áhrif á alla, sem ég hitti. Íslendingur! Ósvikinn, raunverulega, lifandi Íslendingur! Það var hér nýlunda sem aldrei hafði þekkt áður. Hefði ég verið Eskimói, Lappi eða Kínverji eða Eldlendingur, það hefði vakið furðu. En ekki hefði það þótt eins ótrúlegt. Þær þjóðir heyrðust þó nefndar við og við. En Íslendingur! Hvað gat það nú verið? Það var ókunnur leyndardómur.²⁸¹

Í augum flestra er þjóðerni Nonna litla óskrifað blað. Það þýðir að Jón Sveinsson hefur heilmikið frelsi þegar hann skapar Nonna í Nonnabókunum. Hann getur að mörgu leyti sagt það sem honum sýnist. En hann nýtur líka góðs af því hversu forvitnir útlendingar voru um Ísland og að landið og þjóðin voru í raun að komast í tísku.

Breski félagsfræðingurinn Anthony Smith rekur sögur og hugmyndir um þjóðerni til þjóðernisvakningar 19. aldar. Þá hafi þjóðernissinnaðir menntamenn átt þátt í að byggja upp þjóðerni ýmissa þjóða Evrópu og hafi meðal annars gert það með þjóðernisgoðsögnum, þ.e. með því að endurtúlka og skrifa fortíðina með það að markmiði að gera hana að fyrirmynd framtíðarinnar.²⁸² Undirstöður þessara sagna eru einkum kenningar Herders um lífrænt eðli þjóðarinnar og sjálf og birtist meðal annars í hringrásarmyndmáli eins og gullöld, niðurlægingartímabili og endurreisnartímabili þjóðarinnar. Gullaldartímabilið er tímabil sjálfstæðis og sælu þar sem nýfædd þjóðin nýtur þess að vera hún sjálf. Niðurlægingartímabilið er skeið hnignunar og erlendra yfirráða en endurreisnartímabilið sá tími þegar þjóðin rís upp og steytir hnefann gegn þeim sem reyna að kúga hana. Með þetta í huga má túlka tímenn frá landnámi, tíma

²⁸⁰ Sama rit, 331.

²⁸¹ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 103–104.

²⁸² Smith, *The Ethnic Origins of Nations*, 191–192.

Íslendingasagna og víkingaferða, sem gullöld, tímabilið þegar Danir fóru með yfirráð hér á landi sem niðurlægingartímabilið en sjálfstæðisbaráttuna og það þegar Íslendingar fengu sjálfstæði á ný sem skeið endurreisnar.

Nonni siglir frá Íslandi á miðju „hnignunarskeiði“, frá hinu ósjálfstæða og fátæka Íslandi og til konungsveldisins Danmerkur en eins og gerð er grein fyrir í næstu köflum nýtir Jón Sveinsson sér goðsagnir gullaldar um Ísland og Íslendinga í bókum sínum til að skapa þá sjálfsmynd sem Nonni stendur fyrir í bókunum. Allt eru þetta jákvæðar goðsagnir og varla hafa margir amast við því, enda stafaði engum ógn af Íslandi. En það er hins vegar spurning hvort nokkur ástæða hafi verið til að mæra Ísland sérstaklega.

Það er ýmislegt sem hefur áhrif á ímynd lands og þjóðar. Þar á meðal eru andstæðupör eins og miðja-jaðar, norður-suður, austur-vestur, eyja-meginland, borgsveit, lítill-stór, valdamikill-valdalaus og svo mætti lengi telja. Eðli málsins samkvæmt er annar öxull andstæðuparsins jákvæður en hinn neikvæður; sá vinstra megin er jákvæður og tengist miðjunni, herraþjóðinni og hinu viðurkennda. Öxullinn hægra megin er neikvæður, tilheyrir jaðrinum, nýlendunni eða hinu lítt siðmenntaða, vanþróaða og því sem er öðruvísi. Næstu kaflar tengjast þessum andstæðupörum en fjallað er um stöðu Íslands sem nýlendu/hjálendu og landfræðilega legu landsins og hvaða áhrif það hafði að vera eyja lengst í norðri. Allt þetta skiptir máli við að greina þær ímyndir sem Jón Sveinsson heldur á lofti um land og þjóð í Nonnabókum sínum.

3.4.1 Nýlendan/hjálendan Ísland

Þegar Jón Sveinsson yfirgaf Ísland gerði hann það ekki aðeins sem Íslendingur heldur einnig sem þegn Danakonungs, enda varð Ísland fyrst fullvalda ríki 1918. Íslendingar voru því óðum að nálgast lokatakmarkið í sjálfstæðisbaráttu sinni þegar Jón Sveinsson ritaði sínar fyrstu bækur en hann tók þó aldrei beinan þátt í baráttunni þótt hann tæki jafnan málstað Íslendinga. Gunnar F. Guðmundsson orðar það svo að „þjóðernistilfinningin“ hafi ólgað „í brjósti Íslendingsins“ og þótt honum væri hlýtt til Dana væri „hugur hans allur með Íslendingum“.²⁸³

Jón Sveinsson gat ekki opinberlega tekið þátt í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga en hann lagði sitt af mörkum með greinaskrifum um íslenskar fornbókmenntir sem hann sagðist skrifa til að sýna heiminum hver mikilvægar bókmenntir og menning Íslendinga

²⁸³ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 282–283.

væru fyrir heiminn allan. Þessar greinar tók hann saman og birti í bókinni *Íslandsblomster* (Íslandsblóm) sem kom út árið 1906 á dönsku. Skömmu síðar, árið 1908, kom svo út bókin *Et Ridt gennem Island* eða *Yfir holt og hæðir* sem var ekki einungis ætlað að auka hróður Jóns Sveinssonar heldur líka að efla vináttu Íslendinga og Dana.²⁸⁴

Í þessum tveimur bókum er aldrei rætt opinskátt um stöðu Íslands gagnvart Danmörku eða þá staðreynd að Íslendingar séu þegnar Danakonungs og landið sjálft nýlenda Danmerkur. Í Danmörku virðist Nonni litli ekkert hugsa um þessi mál en Nonni gæti þá mögulega talið sjálfan sig tilheyra nýlenduherrunum fremur en þegnunum. Þetta er þó nokkuð mikil einföldun því að samband Íslendinga og Dana var flókið og engin almenn sátt ríkti um stofnun fullvalda ríkis á Íslandi.

Í byrjun 18. aldar var Ísland hluti af veldi Danakonungs sem teygði sig yfir Grænland, Ísland, Færeyjar, Noreg og héruð sem nú eru hluti af Norður-Þýskalandi, auk nokkurra nýlendna í öðrum heimsálfum. Ýmislegt átti eftir að breytast hvað varðaði veldi Danakonungs þar til Ísland fékk sjálfstæði. Ísland tilheyrði Dönum en staða þess var þó nokkuð þversagnakennd og kemur meðal annars fram í því að hugtakið „nýlenda“ (e. *colony*) hefur sjaldan verið notað til að lýsa Íslandi og kenningum nýlendufræða og eftirlendufræða hefur sjaldan verið beitt við rannsóknir á Íslandi og íslenskri menningu.²⁸⁵ Jón Yngvi Jóhannsson segir hugtakið „nýlendu“ ávallt hafa verið eldfimt²⁸⁶ og Íris Ellenberger segir hugtakið „hjalendu“ hafa notið meiri vinsælda en með því að nota ekki nýlendu-hugtakið séu öll líkindi Íslands við *aðrar* nýlendur, hvort sem er nær eða fjær, þurrkuð út.²⁸⁷ Kristján Jóhann Jónsson hefur bent á hversu „viðkvæm nýlendusurningin var fyrir Íslendinga allt fram á 20. öld“ og þeim hafi jafnvel sviðið það jafnmikið hvort landið var kallað nýlenda eða hjalenda.²⁸⁸

Með þetta að leiðarljósi er kannski betra að skilgreina Ísland og Íslendinga sem svo að þeir séu í stöðu hins „þekkta hins“ eins og Karen Oslund gerir. Hún hefur skrifað um stöðu Íslands í heiminum á 18. og 19. öld og heldur því fram að Ísland hafi verið í stöðu „hins þekkta hins“ (e. *the known other*) en hugtakið felur í sér marglaga merkingu, andstæðu og óstöðugleika og Oslund færir rök fyrir því að Norður-Atlantshafssvæðið hafi verið í einskona millistöðu. Íslendingar voru hvorki algjörlega hluti af „okkur“,

²⁸⁴ Sama rit, 283–284.

²⁸⁵ Lucas og Parigoris, „Icelandic Archaeology and the Ambiguities of Colonialism,“ 91–92.

²⁸⁶ Jón Yngvi Jóhannsson, „Af reiðum Íslendingum,“ 135.

²⁸⁷ Íris Ellenberger, „Somewhere Between “Self” and “Other”,“ 99–100.

²⁸⁸ Kristján Jóhann Jónsson, *Grímur Thomsen*, 94–96.

þ.e. Danmörku/Skandinavíu, né heldur töldust þeir til „þeirra“ eða „hins“, eyjan var of langt í burtu til að geta verið hluti af siðmenntaðri Evrópu en of nálæg og of „hvít“ til að hægt væri að líta á hana sem framandlega nýlendu.²⁸⁹ Það er hins vegar ljóst að Ísland tilheyrði Norðrinu. Um nákvæma staðsetningu Norðursins er hins vegar margt á huldu þótt öllum megi ljóst vera að norður sé andstæðan við suður.

3.4.2 Norður og suður

Nonnabókin *Á Skipalóni* segir frá ævintýrum hins unga Nonna. Þetta eru sögur þar sem ungir drengir flengjast yfir fjöll og firnindi á fögrum fákum og hreystimenni lenda í baráttu við „mannýga“ ísbirni, svo fátt eitt sé nefnt. Síðasti kaflinn ber titilinn „Bernskuheimili mitt“ og er nokkuð sérstakur. Þar er ekki um að ræða hefðbundna drengja- og ævintýrasögu heldur talar sögumaður beint til evrópskra lesenda og lýsir bernskuheimili sína og nánasta umhverfi ítarlega. Hann biður lesendur að ímynda sér að þeir séu að sigla um hásumar inn í mynni Eyjafjarðar, þeir sigla innar og innar og komast sífellt nær heimili Nonna. Sögumaður hefur einkum þýska lesendur í huga, enda voru þeir langstærsti lesendahópur Nonnabókanna, og ber Eyjafjörðinn saman við ána Rín:

Rín liðast fram milli lágra hæða skógi vaxinna; Eyjafjörður er miklu breiðari og há fjöll á báðar hendur. Þar er allt blítt og unaðslegt; hér er náttúran stórskorin og mikilúðleg. Hæðadrögin meðfram Rín eru alþakin vínekrum; hér eru nakin og ófrjó hamrabelti. Þar eru blómlegar borgir, kastalar og hálfhrundar rústir á víð og dreif, frá fyrri og síðari öldum; hér auðnir og afdalir og náttúran ósnortin manna höndum. Þar hillir undir hvert mannvirkið öðru meira og landið er frjótt og unaðslegt; hér hvílir alvörubungi, tign og mikilleiki yfir óbyggðri náttúrunni.²⁹⁰

Það er auðséð af þessum lestri að engri rýrð er kastað á þýska náttúru og landslag en ljóst er að ef eitthvað er þá er Ísland betra. Og víst er að ekkert kemur í staðinn fyrir norðlenska sumarnótt – suður „í löndum er sú birta óþekkt og allur sá ævintýraljómi, sem henni fylgir“.²⁹¹ Hugtökin „norður“ og „suður“ eru hér lykilatriði og Ísland tilheyrir án efa Norðrinu.

²⁸⁹ Oslund, „Narrating the North,“ 88–90.

²⁹⁰ Jón Sveinsson, *Á Skipalóni*, 203–204.

²⁹¹ Sama rit, 208.

Hugmyndir manna og meira að segja staðsetning Norðursins²⁹² hefur breyst mikið í tímans rás. Um þetta fjallar Peter Davidson í *The Idea of North* (Hugmyndin um Norðrið) og segir hvern og einn upplifa Norðrið á ólíkan hátt og staðsetja það á ólíkan hátt.²⁹³ Undir þetta tekur Sumarliði Ísleifsson²⁹⁴ og sömuleiðis Hendriette Kliemann-Geisinger í „Kortlagning Norðursins“ sem segir málið alls ekki svo einfalt að Norðrið sé í gagnstæðri átt við Suðrið. Þvert á móti hafi Norðrið í tímans rás „táknað ólík svæði, misstór og hefur hver skilgreining mótast af samhengi og sjónarhóli, ætlun og hagsmunum athugandans“.²⁹⁵ Peter Stadius bendir í þessu sambandi á að Rússland hafi gegnum tíðina ýmist verið talið tilheyra Norðrinu eða Austrinu, eða jafnvel einhverju óskilgreindu svæði þarna mitt á milli.²⁹⁶

Kliemann-Geisinger fjallar um staðsetningu og skilgreiningu Norðursins í sögulegu samhengi en Stadius einbeitir sér að hugmyndum Suðursins um Norðrið. Bæði sýna þau fram á hvernig hugtakið eða ímynd Norðursins hefur þrengst, færst frá því að vera mjög víðtækt í að vera sértækara og eiga við smærri og skýrar skilgreind svæði en í upphafi. Uppruna orðræðunnar um Norðrið rekja Kliemann-Geisinger og Stadius til fornrar heimsmyndar Grikkja og Rómverja þar sem greint var á milli hinna þekktu og siðmenntuðu Suðurlanda við Miðjarðarhafið og hins óþekkta Norðurs sem byggt var villimönnum.²⁹⁷

Stadius tilgreinir fjögur tímabil í því sem hann kallar „orðræðu norðurgervingarinnar“ (e. *northernising discourse*). Hið fyrsta er klassíska tímabilið allt til endurreisnarinnar í Evrópu þar sem fyrrgreind tvískipting í hugmyndum um norðrið réðu ríkjum. Annað tímabilið er 17. öldin og tengir Stadius þá hugmyndir manna um norðrið við skiptingu Evrópu í trúarleg svæði en þriðja tímabilið í hugmyndasögu norðursins nær yfir tímabilið milli upplýsingarinnar og rómantíkur. Aftur á móti hafði 19. öldin í för með sér nýjar hugmyndir um norðrið í tengslum við hugmyndir um ólíka kynþætti og loks nýrómantík í upphafi 20. aldar. Niðurstaða Stadiusar er sú að norðrið hafi færst sífellt norðar á heimskringlunni og að allt frá tímum

²⁹² Ég tala hér um Norðrið með stóru N-i til að leggja áherslu á að átt er við hið hugmynda- og menningarlega svæði í norðri en ekki eina af höfuðáttunum.

²⁹³ Davidson, *The Idea of North*, 8–9.

²⁹⁴ Sumarliði Ísleifsson, *Í fjarska norðursins*; Sumarliði Ísleifsson, „Imaginations of National Identity and the North,“ 8–9.

²⁹⁵ Kliemann-Geisinger, „Kortlagning Norðursins,“ 79.

²⁹⁶ Stadius, „Southern Perspectives on the North,“ 1.

²⁹⁷ Kliemann-Geisinger, „Kortlagning Norðursins,“ 79–80; Stadius, „Southern Perspectives on the North,“ 2–4.

Forn-Grikkja og Rómverja séu tvær hugmyndir einkum áberandi, þ.e. hugmyndin um hina ósiðmenntuðu barbara og svo hugmyndin um Norðrið sem sannkallaða paradís siðmenntaðra og lærðra manna. Hann leggur líka áherslu á að fyrir utan Þjóðirnar í norðri, þ.e. íbúa Norður-Evrópu sé „annað“ Norður, hið framandi og goðsagnakennda, „hitt“ Norðrið sem er enn lengra frá miðsvæði Evrópu og á því svæði er meðal annars Ísland.²⁹⁸

Kliemann-Geisinger leggur jafnframt áherslu á hugmyndina um Norðrið sem „hið óþekkt“. Samkvæmt henni virtist það enn mikilvægara en sjálf áttin að Norðrið táknaði hið óþekkt og að það einkenndist af auðnum og víðernum.²⁹⁹ Til einföldunar má segja að frá lokum miðalda og fram um aldamótin 1800 hafi Skandinavía, Rússland og það landsvæði sem í dag telst til Austur-Evrópu verið kallað „hið evrópskra Norður“. Á 19. öld þrengdist merking hugtaksins og hugmyndin um Austur-Evrópu fæddist. Skandinavísku löndin voru nú talin tilheyra hinu „sanna Norðri“. Ísland er í þeim hópi þrátt fyrir að teljast ekki alltaf til skandinavískra landa og þótt Noregur, Svíþjóð og Finnland nái langt norður fyrir Ísland. Sérstaða Íslands fólst í einangrun eyjunnar, hinu óþekkt og víðfeðma.

3.4.3 Eldeyjan lengst í hinu óþekkt norðri

Hugmyndir fólks um Ísland og ímynd þess eru mjög í samræmi við ímyndir Norðursins. Sumarliði Ísleifsson hefur fjallað um ímyndir Norðursins og samkvæmt honum voru lýsingar á Norðrinu lengi öfgakenndar, það var ýmist sagt vera helvíti eða himnaríki og hið sama er að segja um Íslandslýsingar. Íslandi var lengi vel ýmist lýst sem hinu besta landi eða hinu versta og var kennslubókardæmi um „hinn“ í augum „siðmenntaðra Þjóða“.³⁰⁰

Nokkrir þættir hafa áhrif á þróun ímyndar lands eða Þjóðar sem „hins“. Því lengra í burtu sem landið er frá miðjunni þeim mun meira „öðruvísi“ er það og „hinn“ er bæði Þjóðin og landið. Þetta frábrugðna land er yfirleitt talið vera komið skemmra á veg í þróun en löndin nær miðjunni og ef landið er eyja er líklegt að lýsingar á henni séu öfgakenndar. Í tilfalli Íslands gerði smæð Þjóðarinnar, valdaleysi, fjarlægð frá hinni vestur-evrópsku menningar- og valdamiðju og staðsetning landsins lengst í norðri, það

²⁹⁸ Stadius, „Southern Perspectives on the North,“ 1–2.

²⁹⁹ Kliemann-Geisinger, „Kortlagning Norðursins,“ 89–90.

³⁰⁰ Sumarliði Ísleifsson, „Villimenn Norðursins verða Hellenar Norðursins,“ 111–113.

að verkum að Íslandi var lýst ýmist sem fyrirmyndarríki eða víti til varnaðar, útópíu eða dystopíu.

Peter Stadius, Sumarliði Ísleifsson og fleiri rekja hin jákvæðu viðhorf til Norðursins, Íslands í þessu tilviki, til grísku sagnanna um Paradísina í norðri eða Hyperboreana, hið heilaga fólk sem bjó á dularfullri en yndislegri eyju einhvers staðar í Norður-Atlantshafi, jafnvel norðan við Norðurpólinn.³⁰¹ Hinar neikvæðu lýsingar á Norðrinu voru þó fleiri og enn áhrifameiri en hinar jákvæðu. Flestir textar sem fjalla um Ísland frá miðöldum og fram á miðja 18. öld er stuttir, yfirleitt aðeins nokkrar línur, þar er stundum nefnt að Ísland sé eyja á hjara veraldar. Almenn má segja að Ísland hafi varla verið til í hugum menntaðra Evrópumanna fyrr en eftir miðja 18. öld.³⁰²

Á seinni hluta 19. aldar komu fram jákvæðari hugmyndir en áður um Ísland. Rithöfundar og landkönnuðir voru að endurskoða stöðu Íslands og veltu fyrir sér hvort flokka ætti Íslendinga meðal Evrópubúa eða telja þá utan siðmenningar. Tilheyrðu þeir fólkinu í hinu fjarlægasta Norðri, Grænlandingum og Löppum, eða voru þeir annarskonar fólk? Þessar vangaveltur tengdust breyttum hugmyndum um Norðrið og Suðrið. Sumarliði Ísleifsson segir að það sé hreinlega eins og hinni hefðbundnu norður-suður-skautun hefði skyndilega verið snúið við. Norðrið varð jákvætt og suðrið neikvætt; norðrið varð traust og suðrið ótraust; norðrið unni frelsi, en þjónustulund var ráðandi í suðri. Kuldi og óblíðar aðstæður reyndu á fólk og styrktu það, en hiti gerði fólk aftur á móti sinnulaust og latt.³⁰³

Þessar breytingar hafa verið raktar til franska heimspekingsins Montesquieu (1689–1755). Árið 1748 gaf hann út ritið *De l'esprit des lois* (Andi laganna) og heldur því fram að einkenni þjóða fari eftir veðurfari og loftslagi. Hér hafði norðrið vinninginn fram yfir suðrið eins og sjá má af þessari tilvitnun:

Kalt loft dregur saman yztu hluta vöðva líkamans. Þetta hefur áhrif á þanþol þeirra og knýr blóðið til hjartans. Við það styttest þeir, og styrkur þeirra eykst. Aftur á móti linar heitt loft þessa sömu vöðva og lengir þá. Við það minnkar þróttur og þrek.³⁰⁴

Fólkið í Norðri var sterkt og seigt en það var að auki hugrakkara, þróttmeira, sjálfstæðara, vinnusamara og alvarlegra en fólkið í Suðri. Þessar hugmyndir tekur Jón

³⁰¹ Stadius, „Southern Perspectives on the North,“ 3–4; Sumarliði Ísleifsson, *Í fjarska norðursins*, 33–34. Sumarliði Ísleifsson; „Villimenn Norðursins verða Hellenar Norðursins,“ 112–120.

³⁰² Sumarliði Ísleifsson, *Í fjarska norðursins*, 56, 60, 86–87, 89–90, 145–147.

³⁰³ Sumarliði Ísleifsson, „Iceland,“ 178.

³⁰⁴ Þýðingin er sótt í grein Bjarna Guðnasonar, „Bjarni Thorarensen og Montesquieu,“ 41. *Andi laganna* hefur ekki, mér vitandi, verið þýdd á íslensku.

Sveinsson upp í Nonnabókunum og þær kristallast í samanburði hans á dönskum og íslenskum börnum í *Borginni við Sundið*. Nonni er staddur í Kaupmannahöfn og virðir fyrir sér dönsk börn:

Ég horfði á börnin og var hugsí. Þau sátu í kringum mig undir glitrandi lafinu. Öll voru þau nett og falleg, vel búin og góð og ástúðleg. En eitt fanst mér þau vanta. Það var krafturinn, dirfskan og karlmennskan, sem ég hafði vanist hjá leiksysteminum mínum heima á Íslandi. Þau mundu illa þola langar og erfiðar reiðir upp um fjöll og firnindi og því síður að vera á sjó í stormi og stórviðri, þegar öldurnar geisa hvínandi og hvæsandi, hugsaði ég með mér. Til þess voru þau ekki nógu stælt. Mjúklát og veikbygð voru þau orðin af allri heimaverunni.³⁰⁵

Niðurstaðan er sú að þótt dönsku börnin og dönsk æska séu í sjálfu sér ekki slæm standast þau engan samanburð við huguð, sterk og uppátektarsöm íslensk börn. Nonni segist líka vera alinn upp við mikið frjálsræði, „eins og tíðkaðist á flestum íslenskum bæjum“³⁰⁶ og því bregður honum í brún þegar hann kemur til Danmerkur og þarf að gera nánari grein fyrir sér en áður – enda vanur að koma og fara eins og hann lystir, laus við sífellda innilokun eins og hin lingerðu dönsku ungmenni.

Frelsið gerir íslensku börnin ekki að villingum heldur eru þau „að norrænum sið“ látin sjá um sig og ráða sér sem mest því að þeim er „ekki ætlað að verða eins og skyni skroppnar skepnur, sem stöðugt verður að hafa á vakandi auga“.³⁰⁷ En um leið og börnin nutu frjálsræðis var þess krafist að þau sýndu hlýðni og siðsemi – og drengskapnum mátti aldrei bregðast.

Hvað Ísland varðar áttu sér stað breytingar á seinni hluta 18. aldar. Sumarliði Ísleifsson segir augljóst að „útmörk siðmenningarinnar á norðurhjara voru á hreyfingu á ofanverðri 18. öld“³⁰⁸ og að breyttar hugmyndir hafi skapað eftirspurn eftir Íslandi og því sem íslenskt var og því fylgdi að neikvæð ímynd varð jákvæð. Sumarliði gengur svo langt að segja að hin ráðandi ímynd Íslands á 19. öld hafi hreinlega verið sú að Ísland hafi verið Hellas Norðursins og Íslandi lýst sem samfélagi andlegra og efnislegra yfirburða þar sem allir bestu eiginleikar hins germanska kynstofns sameinuðust.³⁰⁹ Á þetta ekki síst við um bókmenntalega yfirburði Íslendinga.

³⁰⁵ Jón Sveinsson, *Borgin við sundið: Framhald af Nonna. Ný ævintýri*, 111–112.

³⁰⁶ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 7.

³⁰⁷ Sama rit, 7.

³⁰⁸ Sumarliði Ísleifsson, „Villimenn Norðursins verða Hellenar Norðursins“, 116.

³⁰⁹ Sama rit, 114–116. Kristján Jóhann Jónsson ræðir hið sama og sýnir hvernig Grímur Thomsen talaði fyrir þessari hugmynd og rökstuddi í fyrirlestrinum „Íslands Stilling i det Øvrige Skandinavien“ þann 9. janúar 1846 (sjá *Grímur Thomsen*, 169–180). Ítarleg umfjöllun um ímynd Íslands á tímabilinu 1750–1900 er að finna í bók Sumarliða Ísleifssonar, *Í fjarska norðursins*, 161–207.

Rómantísk hugmyndafræði 18. og 19. aldar styrkti enn frekar stöðu Norðursins í Evrópu. Fylgismenn hennar skilgreindu Norðrið sem stað hins hreina, frelsiselskandi og karlmannlega og tengdu þetta ekki hvað síst hinni mikilfenglegu náttúru Norðursins. Norðrið var staður hins háleita (e. *sublime*) en eins og Sveinn Yngvi Egilsson bendir á er hið háleita gamalt hugtak í fagurfræði og er alls ekki samheiti hins fagra heldur jafnvel andstæða þess, fyrst og fremst það sem er „mikilfenglegt og stórbrotið, enda er saga hins háleita samofin nýrri náttúrusýn vestrænna manna á síðari öldum. Hrikaleg náttúrufyrirbæri, eins og ólgusjór, eyðilegt landslag, hyldjúpar klettagjár og himinhá fjöll, töldust nú háleit“.³¹⁰

Margir listamenn á bæði 18. og 19. öld lýstu hinu háleita í eigin verkum og Sveinn Yngvi segir að þá hafi „hrikaleg náttúra norðursins fengið uppreisn æru, en þessi landsvæði höfðu lengi verið litin hornauga og þótt ófögur í samanburði við láglegu suðrænna slóða“³¹¹ Til eru fjölmargar lýsingar af hinni háleitu náttúru Íslands og Jón Sveinsson virðist bæði gera sér fulla grein fyrir því hve lítið fólk vissi um landið og hversu háleitar hugmyndir það hafði um það. Þetta kemur fram í ferðaminningabókinni *Yfir holt og hæðir* þar sem áköf börnin spyrja prestinn hvort hann ætli virkilega til þessa ókunnuga lands:

„Er það satt að þér ætlið til Íslands?“

„Já, börnin góð, það er heilagur sannleikur“.

„Þar sem hverirnir þeyta sjóðandi vatninu hátt upp í loftið?“

„Já, einmitt þangað“.

„Þar sem kindurnar eru ferhyrndar?“

„Alveg rétt. Alveg rétt.“³¹²

Á seinni hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu þyrsti Íslendinga í ímynd og rök fyrir því af hverju þessi agnarsmáa þjóð lengst í norðri ætti skilið að vera talin til siðmenntaðra þjóða, af hverju þessi nýlenda ætti sjálfstæði skilið. Þá var gott að geta haldið því fram að vera ekki aðeins *jafn* góð öðrum þjóðum heldur *betri*. Jón Sveinsson ætlar löndunum í „suðri“, þ.e. löndum Mið-Evrópu og raunar Danmörku einnig,

³¹⁰ Sveinn Yngvi Egilsson, „Og andinn mig hreif upp á háfjallatind“, 68.

³¹¹ Sama rit, 69. Í inngangi greinasafnsins *Náttúra ljóðsins: Umhverfi íslenskra ljóða* bendir Sveinn Yngvi á fjölbreytilega túlkunarmöguleika orðsins „náttúra“ og minnir á að náttúran sé ekki aðeins „allt það sem ekki er gert af manna höndum“ heldur sé náttúran „einnig í okkur sjálfum“ ásamt því sem „náttúra“ hefur mikil tengsl við orðið „umhverfi“. Hugtakið náttúra er þannig nátengt mannskepnunni og menningu hennar. Hér eru börn ekki undanskilin og raunar eru tengsl barna og náttúrunnar mikilvægur hluti barnabókmenntaflórunnar auk þess sem börn og náttúra, saman eða hvor í sínu lagi, gegna mikilvægu hlutverki í hugmyndafræði rómantíkur.

³¹² Jón Sveinsson, *Yfir holt og hæðir*, 9.

eiginleika sem alla jafna eru eignaðir löndunum í austri, þ.e. nýlendum herraþjóðanna í Evrópu. Hann segir íbúa þess vera mjúka og lina, landslagið flatt og sviplaust. Ísland verður í lýsingum Jóns að einskonar æðra Evrópulandi, landi sem samkvæmt honum tilheyrir Evrópu en er samt ólíkt öðrum löndum Evrópu og betra en þau mörg að flestu leyti. Þetta segir hann ekki einungis eiga við um landið heldur einnig íbúa þess.

3.5 Ímyndir Íslendinga í Nonnabókunum

Ýmislegt hefur áhrif á þróun þjóðarímyndar og byggist þessi þróun á stöðluðum mynstrum ímyndunarafslsins og möguleikum staðalímynda. Þegar dregin er upp mynd af einni þjóð er henni lýst sem öðruvísi en „okkar“ þjóð og við lýsinguna er notast við alhæfingar og ákveðin flokkunarkerfi þar sem öllum einstaklingum af þessari tilteknu þjóð eru eignaðir sömu eiginleikarnir, þar á meðal ákveðnir skapgerðareiginleikar sem eru öðruvísi en annarra þjóða. Þessar staðalímyndir byggjast með öðrum orðum á einföldunum svo úr verða fáir eftirtektarverðir og áberandi eiginleikar.³¹³ Jan Van Coillie orðar þetta svo að staðalímyndir einfaldi ímynd „hins“ þannig að það verði auðveldara að bera kennsl á hann og þannig verði ímyndin fremur eins og forskrift en mannlýsing.³¹⁴ Áhrif staðalímynda þurfa þó ekki alltaf að vera neikvæð, „hinn“ getur verið fyrirmynd og markmið, eitthvað sem við ættum að tileinka okkur eða líkja eftir. Það er í þeim anda sem Jón Sveinsson byggir upp ímynd drengsins Nonna og íslensku þjóðarinnar í Nonnabókunum.

Eins og áður sagði skiptust á tvær hefðir í Íslandslýsingum erlendra manna, dystópían og útópían. Íslandi var ýmist lýst sem ljótri, eymdarlegri og grárri villieyju þar sem nær ekkert lifði eða sem paradís fegurðar og allsnægta. Íslendingar sjálfir voru jafnvel sagðir drekka þvag og borða skóna sína eins og pönnukökur og við slíkum níðskrifum brugðust menn eins og Arngrímur Jónsson og Þórður biskup Þorláksson í máttlitlum tilraunum til að útskýra að Íslendingar ættu sér sömu rætur og aðrar siðmenntaðar vestrænar þjóðir. Á ofanverðri 18. öld og þeirri nítjándu tók ímynd Íslands að breytast. Vissulega var enn að finna frásagnir af óbyggilegum grenum Íslendinga, sóðaskap, ómeti og villimennsku en meira fór að bera á jákvæðum lýsingum.³¹⁵

³¹³ Corby og Leerssen, „Studying Alterity,“ xv–xvi.

³¹⁴ Van Coillie, „The Impact of In-group/Out-group Stereotypes,“ 30–31.

³¹⁵ Sumarliði Ísleifsson, „Icelandic National Images in the 19th and 20th Centuries,“ 6; Sumarliði Ísleifsson, „Villimenn Norðursins verða Hellenar Norðursins,“ 111–113.

Hvort tveggja kemur fram í bréfi sem einn nemendanna í Menntaskólanum í Amiens skrifaði vini sínum og fellt hafði verið inn í skýrslu Postullegu heimavistarinnar um komu nýrra nemenda. Þar er lýst komu þeirra Jóns Sveinssonar og Richards Ritchel í skólann, árið 1872.

Einhver spurði hvort þá vanhagaði um eitthvað en þeir skildu ekki spurninguna. En þegar þeir komu auga á gosbrunninn ljómuðu þeir af gleði og sýndu með svipbrigðum hvað þá langaði til. Og þarna fóru þeir í ólýsanlegri sælu að þvo sér í framan hvor í kapp við annan. Maður hefði að óreyndu getað haldið að þarna væru tvær fallegar endur að busla í tjörn. Í langan tíma höfðum við gert okkur fjölda hugmynda um þessa litlu barbara. Við höfðum ímyndað okkur að þeir væru klæddir bjarnarfeldi frá hvirfli til ilja eins og Robinson á eyjunni sinni, reglulegir villimenn og við hlökkudum til að gera þá að siðfáguðum mönnum. Hvílíkt undur! Þeir höfðu heillandi framkomu, voru kurteisir, hæverskir, guðhræddir. Frá fyrstu stundu áttu þeir allan okkar vinarhug og virðingu.³¹⁶

Íslendingar sjálfir reyndu að lagfæra ímynd sína og bent hefur verið á að það einkenni lýsingar Íslendinga á landi og þjóð að þeir reyni að normalísera Ísland og Íslendinga og leggi áherslu á það sem er líkt með Íslandi og öðrum Evrópulöndum, að minnsta kosti löndum Norður-Evrópu. Með þessu voru íslenskir höfundar að reyna að hrekja þekktar hryllingslýsingar en þessar tilraunir leiddu stundum til afneitunar á því sem var, og er, sérstakt og einkennilegt við land og þjóð. Þetta virðist hafa haldist í lýsingum Íslendinga á landi sínu og þjóð fram á okkar daga³¹⁷ og ljóst er í bókinni *Yfir holt og hæðir* að Jón Sveinsson gerði sér fulla grein fyrir þeirri gagnrýni sem Íslendingar höfðu sætt af hálfu erlendra ferða- og fræðimanna.

Þrátt fyrir fjölda frásagna af sóðaskap og skít Íslendinga er í mörgum öðrum heimildum að finna kafla og frásagnir um hreinlæti íslensku þjóðarinnar – það hve óspilltir og hreinir Íslendingar séu, þrátt fyrir subbuskapinn. Hið hreina land gerir Íslendinga, og þar af leiðandi sjálfan Nonna, hreinni og tærari en aðra menn og af því leiðir, samkvæmt hugmyndafræði rómantíkurinnar, barnslegri og nær guði en aðra syndum hlaðna einstaklinga.

Þetta minnir á hugmyndina um hinn göfuga villimann eða „noble savage“ sem á meðal annars rætur í kristni þar sem deilur stóðu milli manna um það hvort villimenn

³¹⁶ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 155–156.

³¹⁷ Schaer, „From Hell to Homeland,“ 132.

og heiðingjar hefðu sál og hvort þeir ættu þess kost að sleppa við helvítisvist.³¹⁸ Oftast er hugtakið þó tengt Jean-Jacques Rousseau³¹⁹ og vísar þá til einskonar einfaldleika – einstaklings sem *ekki* er spilltur af samfélagi manna, einstaklings sem lifir einföldu og hreinu lífi, leiddur af eigin gæsku, í sátt við náttúruna, eins og Rousseau boðaði. Þetta eru jafnframt sömu hugmyndir og menn höfðu um hið rómantíska barn, hina hreinu sál og hið tæra sakleysi.

Íslendingar eru ekki aðeins göfugir og náttúrulegir ef marka má Jón Sveinsson, heldur eru þeir líka hámenntaðir, vel lesnir og með eindæmum gott fólk. Allir á Íslandi eru vænir ef undanskildir eru danskir sjómenn á Akureyri, meira að segja morðingi sem felur sig á fjöllum reynist hinn besti maður. Það sem þessir göfugu villimenn hafa fram yfir „siðmenntaða“ Evrópubúa er einmitt það „villimannseðli“, ef svo má að orði komast, sem gerir þeim kleift að takast á við náttúruna og ævintýrin sem eru á hverju strái.

Nonni litli er kominn af hjartahreinu alþýðufólki sem um leið er hámenntað og vel lesið. Hann kann að komast af í náttúrunni, hefur reynslu af því að lifa af henni og með henni eins og við sjáum til að mynda þegar naut ræðst á bræðurna í fjallaferð, þeir komast í kynni við morðingja og fleira. Nonni er einskonar blanda af Frjádegi og Robinson Crusoe, hinum göfuga villimanni og siðmenntuðu hetju. Sú ímynd sem Jón Sveinsson heldur þó allra hæst á lofti er hugmyndin um hinn vel lesna og gagnmenntaða Íslending.

3.5.1 Bókmenntaþjóðin

Hin íslenska menningararfleifð og Íslendingasögurnar urðu umheiminum æ sýnilegri allt frá ofanverðri 18. öld. Arngrímur Jónsson og fleiri höfundar kynntu íslenskar miðaldabókmenntir fyrir dönskum lesendum á 16., 17. og 18. öld.³²⁰ Endurómur af þessum textum rataði oft inn í landafræðiritin. Sumar Íslendingasögur og hlutar úr Eddukvæðum og Snorra-Eddu voru þýddir á latínu og síðar á ensku, frönsku, þýsku og önnur Evrópumál þótt aðeins fáar slíkar þýðingar birtust á 17. og 18. öld. Ekki aðeins

³¹⁸ Sumarliði Ísleifsson bendir á að Íslendingum hafi oft verið lýst sem göfugum villimönnum (*Í fjarska norðursins*, 102, 109–110).

³¹⁹ Rousseau er oft talinn vera „faðir“ göfuga villimannsins en hugmyndina má þó rekja lengra aftur, allt til Hómers, Plíníusar og Zenofóns (sjá til dæmis Reusch, „Germans as Noble Savages and Castaways,“ 92–93).

³²⁰ Böðvar Guðmundsson, „Laust mál á lærdómsöld,“ 488–519; Sumarliði Ísleifsson, *Í fjarska norðursins*, 108–110.

voru forn íslensk verk gerð Evrópubúum aðgengileg heldur fóru erlendir fræðimenn og hugsuðir að lýsa því hve skáldskapur hefði staðið í miklum blóma á Íslandi til forna.³²¹

Þetta gerir Jón Sveinsson líka í Nonnabókum sínum og vitaskuld í ferðabókinni *Yfir holt og hæðir*. Hvað eftir annað minnst hann á ást Íslendinga á menningu, listum og bókmenntum, hversu mjög Íslendingar lesa og hvaða áhrif hin forna menning hefur haft á innræti, gáfnafar og hjartalag Íslendinga. Þetta má til dæmis sjá í sögunni „Júlli og Dúfa“ í bókinni *Sólskinsdagar*. Þar segir Nonni frá heimilisfólki á stórum bóndabæ á Norðurlandi þar sem hann bjó um hríð og hefur þetta að segja:

Fólkið var skynsamt og myndarlegt, kurteist í viðmóti og vel að sér. Sérstaklega hafði það gaman af skáldskap.

Á vökunni voru lesnar Íslendingasögur og oft kveðnar rímur, og stundum voru sagðar sögur. Sumir voru sérstaklega lagnir á það að segja langar og skemmtilegar sögur.

Eins og mörgum er kunnugt, eru Íslendingasögurnar snilldarverk. Í bókmenntum Norðurlanda taka þær öllu öðru fram, og það jafnvel, þó að víðar sé leitað.

Á íslenskum sveitabæjum er það gamall og góður siður að skemmta sér við þær á kvöldin, og auk þess við rímur og kvæði og fleira þess háttar. En af þessari gömlu venju leiðir það, að íslenskt sveitafólk er miklu betur að sér og menntaðra en sveitafólk í öðrum löndum.³²²

Auk alls þessa nutu börnin á bænum þess að húsmóðirin var kennari. Hún kenndi þeim nauðsynlegan lærdóm á borð við að lesa, skrifa og sjálft Kverið en hún lét ekki þar við sitja:

Fornaldarsöguna kenndi hún okkur svo vel og skemmtilega, að ég hef aldrei gleymt henni síðan. Hún sagði okkur frá afreksverkum Alexanders mikla, orustum hans og herferðinni til Indlands. Og svo vel sagði hún frá því, þegar hann drap Klitus vin sinn, að við gátum ekki tára bundist.

Horatius Cocles, Mucius Scævola, Pompeius og Sæsar vissum við líka margt og mikið um.³²³

Þetta er aðeins brot af því sem húsmóðirin góða kenndi börnunum og ögn af því sem þau lásu. Auk þess að vera vel lesin í bókmenntum hins stóra heims og ekki síður í bókmenntum Norðurlanda og sögu Grikkja og Rómverja, lætur Jón Sveinsson þess getið að piltar á þessum bæ gengu allir með litlar vasabækur á sér sem þeir skrifuðu

³²¹ Sumarliði Ísleifsson, „Villimenn Norðursins verða Hellenar Norðursins,“ 116–117.

³²² Jón Sveinsson, *Sólskinsdagar*, 13–14.

³²³ Sama rit, 14.

frumortar vísur í. Bestu vísurnar orti þó hinn fríði og sviphreini Júlli sem var svo hagamæltur að rétt áður en hann rauk út í stórhrið til að bjarga fénu kastaði hann fram stuttri vísu – og þetta var „seinasta vísan sem hann kvað í þessu lífi“.³²⁴

Sjálfur er Nonni litli útivistar barn þegar hann býr á Íslandi en í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* er þess þó getið að eftir að Bogga systir kenndi Nonna að lesa hafi hann orðið „gagntekinn af óseðjandi lestrarfýsn“ og hann hafi lesið af kappi, dag og nótt.³²⁵ Í sjóferðinni á leið frá Íslandi til Danmerkur verður lesturinn svo einskonar uppgötvun eða vitrun. Í kaflanum „Ofviðrið“ segir frá því að Nonni er einsamall „lokaður inni eins og í þröngu fangelsi“ í káetu en umhverfis æðir „stormurinn og hafrótið“.³²⁶ Nonni lætur ekki bugast, það eru bækur í káetunni og hann les allan daginn og stundum fram á nótt. Bækurnar sem hann les eru bæði íslenskar og erlendar, þar á meðal mannkynssaga Páls Melsteð og guðsorðabækur þar sem hann finnur „margar lífsreglur og heilræði til ungra manna“.³²⁷ Loks slotar fráviðrinu um miðja nótt, Nonni rís úr rekkju og fer upp á þilfar, heimtur úr helju og breyttur. Eins og Dagný Kristjánsdóttir bendir á í *Bókabörnum* er þetta ekki aðeins trámatísk saga um sjávarháská heldur tilurðarsaga rithöfundar.

Jón Sveinsson heldur því fram að Íslendingar sameini allt það besta sem heimurinn hefur upp á að bjóða. Nonni hefur öll þau „villtu“ einkenni sem teljast góð og styrkja hann sem karlmann og hetju, en um leið kemur hann frá menningarþjóð sem ýtir undir þá persónulegu goðsögn að frá upphafi hafi það átt fyrir honum að liggja að verða rithöfundur, forsendurnar voru til staðar, en á þessa goðsögn lagði Jón Sveinsson sífellt meiri áherslu eftir því sem leið á rithöfundarferil hans.

3.5.2 Tungu hinna glæsilegu forfeðra

*[Þessi litla íslenska þjóð] sem þarna uppi við Norðurheimskautsbaug hefur af frábærri trúmennsku vakað yfir menningararfi Norðurlanda um meira en þúsund ára skeið og enn í dag mælir hina hljómfögru, þróttmiklu, skáldlegu og hnitmiðuðu tungu hinna „glæsilegu forfeðra vorra“...*³²⁸

³²⁴ Sama rit, 32.

³²⁵ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 12.

³²⁶ Jón Sveinsson, *Nonni*, 234.

³²⁷ Sama rit, 240–241.

³²⁸ Jón Sveinsson, *Yfir holt og hæðir*, 8.

Í *Yfir holt og hæðir* er sögumaður, hinn fullorðni Jón Sveinsson, kennari við kaþólska drengjaskólann í Ordrup, á leið í tveggja mánaða ferðalag til Íslands eftir „þreytandi skólaár“. Landið hefur ávallt staðið honum fyrir „hugskotssjónum sem einskonar töfraland, sveipað dularfullum, gullnum bjarma“. Hann lýsir töfralandinu, þar sem vellandi hverir þeyta sjóðandi vatni hátt í loft upp, í löngu máli sem og íbúum þessa lands og snýr sér svo að tungumálinu. „Hin „litla íslenska þjóð“ segir hann, mælir enn í dag „hina hljómfögru, þróttmiklu, skáldlegu og hnitmiðuðu tungu hinna „glæsilegu forfeðra vorra“, norrænu víkinganna“. Sögumaður rekur svo sögu tungumálsins frá víkingunum til Haralds hárfagra, Ólafs Tryggvasonar og allra hinna fornu hetja „sem unnu afreksverk þau, sem þessi litla þjóð hefur varðveitt frá gleysku“.³²⁹

Jóni Sveinssyni virðist hafa þótt mikið til íslenskunnar koma og ætla mætti að hún gegndi grundvallarhlutverki í því íslenska þjóðerni sem var honum svo kært. Svo er þó ekki. Það er afar sjaldan minnst á íslensku tungu í Nonnabókunum þótt fram komi að Nonna sé tungumálið kært, og aðeins á einum stað er dregið á það í *Nonna* að Nonni litli kunni ekki frönsku, tungumál landsins sem hann átti að flytja til. Ekkert vitum við um afstöðu annarra erlendra sögupersóna til íslensks tungumáls. Nonni á heldur ekki í nokkrum vandræðum með að tjá sig eða skilja aðra á erlendri grund. Hann talar við dönsku skipverjana á Valdemar frá Rönne frá fyrsta degi og er ekki fyrr stiginn á land í Kaupmannahöfn en hann á í hrókasamræðum við danskan dreng án nokkurra erfiðleika. Vandræðalaust á hann einnig í samskiptum við önnur dönsk börn og þýska jesúítann sem hann býr hjá í Kaupmannahöfn.

Í *Unsettling Narratives* (Óþægilegar frásagnir, 2007) leggur Clare Bradford áherslu á að völd herrapjóðarinnar yfir nýlendunum voru byggð upp í gegnum tungumálið og að tungumál hefði meðal annars verið notað til að hlutgera og flokka þegnana. Tungumál skiptir miklu máli fyrir þróun sjálfsmýndarinnar og túlkun hennar eins og berlega kemur til dæmis í ljós í kenningu Jacques Lacan um það hvernig hugveran og einstaklingurinn er „framleiddur“ af tungumálinu sem mótast af lögum, hefðum og gildum. Við getum aldrei sloppið undan eða flúið söguna, gildismatið og menninguna sem felst í tungumálinu og nýlenduþegnarnir neyðast til að nota tungumál nýlenduherranna, þeirra sem valdið hafa, um sjálfa sig.³³⁰

³²⁹ Jón Sveinsson, *Yfir holt og hæðir*, 7–8.

³³⁰ Bradford, *Unsettling Narratives*, 34.

Í Frakklandi fær Nonni eitt sinn skólafélaga sinn til að túlka fyrir sig. Annars er hann að mestu fullfær um að tjá sig og skilja aðra. Eftir að hann kemur í skóla jesúíta í Frakklandi er það meira að segja aðeins „fyrstu dagana“ sem hann skilur alls ekki þær óteljandi spurningar sem hellt er yfir hann.³³¹ Eftir stuttan tíma er hann farinn að geta tjáð sig á frönsku, enda er það svo, samkvæmt sögumanni, að á þessum aldri er „fljótgert að læra að bjarga sér á útlendu máli“.³³² Í bókunum kemur víða fram að drengurinn sé mjög mælskur og að hann hafi löngun til að gerast rithöfundur.

Þetta er ekki í samræmi við reynslu Jóns Sveinssonar sjálfs. Samkvæmt Gunnari F. Guðmundssyni átti hann í miklu basli við að læra þýsku og frönsku og þótt hann ætti auðvelt með að læra dönsku í æsku tapaði hann þeirri kunnáttu að mestu á efri árum. Þrátt fyrir að vera vinsæll fyrirlesari forðaðist Jón Sveinsson að halda prédikanir og að tala um „flókin málefni“ á borð við stjórnsmál, heimspeki og trúarbragðafræði. Gunnar segir hann ekki hafa verið mikinn mælskumann og að það hafi einkum komið fram þegar hann talaði þýsku.³³³ Þá má ekki gleyma að engin Nonnabókanna er skrifuð á íslensku. Sú fyrsta þeirra var upphaflega skrifuð á dönsku en til að ná til stærri lesendahóps reyndi Jón Sveinsson að þýða söguna á þýsku. En það sem hann skrifaði var ekki fullkomin þýska og ritstöfin reyndust honum erfið. Gunnar F. Guðmundsson orðar það svo að þetta sem hann skrifaði fyrst var „engin þýska“ heldur „franska, danska, íslenska eða jafnvel enska, þ.e. þau tungumál sem honum voru tömust á þeim tíma“.³³⁴ Hann gafst þó ekki upp og þjálfaði sig mánuðum saman að skrifa og fór mikið fram en varð aldrei fullnuma í tungumálinu.

Barnabækur sínar skrifaði Jón Sveinsson sem sagt á tungumáli sem hann hafði ekki fullt vald á. Það var þó ekki það eina sem hann skrifaði. Hann var líka mikill bréfritari en fæst bréfa hans voru skrifuð á íslensku, einkum þegar frá leið. Minnisbækur hans gefa innsýn í huga höfundarins en þær eru skrifaðar á blendingi fimm tungumála: þýsku, frönsku, dönsku, ensku og íslensku. Sumt er jafnvel skrifað á dulmáli. Ekkert eitt tungumál virðist vera ráðandi.³³⁵

Tungumálið sem var landfræðilega lengst í burtu frá Jóni Sveinssyni var íslenska. Þegar hann byrjaði að skrifa um Nonna hafði hann kennt í Danmörku í rúm

³³¹ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 104.

³³² Sama rit, 107

³³³ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 310. Sjá einnig greinina „Searching for a Home, Searching for a Language“ eftir Helgu Birgisdóttur.

³³⁴ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 293.

³³⁵ Ágæt dæmi um þetta er að finna í Gunnar. F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 192.

tuttugu ár og nemendur hans í kaþólska skólanum í Ordrup komu alls staðar að úr heiminum. Þar áður hafði hann lengst af búið í Frakklandi en einnig í Belgíu, Hollandi og á Englandi. Það er flókið að henda reiður á málakunnáttu Jóns Sveinssonar en málskipti af því tagi sem við sjáum í dagbókum hans og ætla má að hann hafi beitt víðar kallast málvíxl (e. *code-switching*). Elstu skilgreiningarnar á málvíxlum má rekja til Weinreich (1953) sem skilgreindi tvítyngda einstaklinga sem þá sem skipta úr einu tungumáli yfir í annað eftir því sem hæfir aðstæðum. Sú skilgreining sem ég styðst við hér er sú að málvíxl eigi við þegar notað er orð úr einu tungumáli í setningu sem er á öðru tungumáli eða með því að yfirfæra setningarfræði eins tungumáls á annað. Málblöndun (e. *code-mixing*) hefur svo verið skilgreind þannig að viðkomandi tali í grundvallaratriðum eitt tungumál en skjóti inn bítum úr ákveðnu tungumáli.³³⁶ Ástæður málvíxla geta verið margvíslegar og þurfa ekki að vera merki þess að viðkomandi skorti kunnáttu í einu tungumáli.³³⁷ Sumir málfræðingar telja að fólk með mjög góða kunnáttu á tungumálum víxli oft á milli mála við ákveðnar aðstæður. Málblöndun af einu eða öðru tagi er algeng í nýlendum. Alla jafna er áberandi að nýlenduþegnarnir tala tungumál herraþjóðarinnar ekki reiprennandi og skjóta ýmist orðum úr því tungumáli inn í móðurmál sitt eða öfugt. Nýlenduvaldið var byggt á tungumáli herraþjóðarinnar og það meðal annars notað til að slá eignarhaldi á jarðir og staði, til að skilgreina og til að draga línur eða landamæri og skapa tengsl á milli gamla heimsins og hins nýja. Tungumálin aðskildu ólíka hópa og tungumáli nýlenduþjóðarinnar var skipað skör lægra tungumáli herraþjóðarinnar.

Innan málblöndunarfræða er notast við hugtökin „okkar-kóði“ (e. *we-code*) og „þau-kóði“ (e. *they-code*). Með hugtakinu „okkar-kóði“ er vísað til tungumáls minnihlutahópsins en „þau-kóði“ vísar til tungumáls hins ráðandi hóps og þannig eru þessi tvö hugtök notuð til að greina á milli hins formlega og ráðandi tungumáls og tungumáls undirokaða hópsins. Okkar-kóðinn er notaður við óformlegar og persónulegar aðstæður en þau-kóðinn við formlegri aðstæður og vitaskuld í samskiptum við herraþjóðina.³³⁸

Danska var tungumál þjóðarinnar sem gerði Ísland að nýlendu sinni og í Danmörku bjó Jón Sveinsson áratugum saman. Hann fluttist barnungur til Frakklands og menntaðist þar eins og lýst hefur verið, starfaði síðan í áratugi í reglu jesúíta í

³³⁶ Naseh, „Codeswitching Between Persian and Swedish,“ 201–211.

³³⁷ Eva Szuba Snorrason, „Að vera tvítyngdur,“ 14.

³³⁸ Sebba og Wooton, „We, they and identity,“ 262.

Þýskalandi og sinnti kennslu og trúboði á vegum hennar í Danmörku. Segja má að hann hafði verið nýlenduvæddur af fleiri en einni þjóð og að fleiri en einn „kóði“ hafi verið á sveimi í kringum hann. Jón Sveinsson lærði öll þau tungumál sem í kringum hann voru og notaði þau þótt hann kynni þau misvel.

Það að skrifa á tungumáli nýlenduherrans felur ekki endilega í sér að vera beygður undir lögmál ráðandi tungumáls og menningar. Clare Bradford vísar til Phil Ashcroft sem sagði að þótt hugmyndafræði, orðræða og tungumál hefti einstaklinga haldi þau þeim ekki föngrum – einstaklingarnir séu ekki valdalausir. Nýlendubúar geti hreyft sig, talað og skrifað þó að þeir hafi ekki fullkomið vald á tungumáli herraþjóðarinnar³³⁹ og það er þetta sem Jón Sveinsson gerir í Nonnabókum sínum. Hann notar „þau-kóða“ herrans til að tala fyrir undirsátann eða hið nýlenduvædda „subaltern“. Þetta tekst samt ekki fullkomlega.

Jón Sveinsson virðist ekki hafa „átt“ tungumál til að tala persónulega um það sem hvíldi þyngst á huga hans í dagbókum sínum. Hann virðist ekki hafa átt „okkar-kóða“ en hann kemst næst því í bréfunum sem hann skrifaði móður sinni – bréf sem eru uppfull af ást, sorg, söknuði og einnig efasemdum og ótta þegar hann grennslast fyrir um fortíðina, einkum samband móður sinnar og föður. En í staðinn fyrir sögurnar sem hann gat ekki – eða vildi ekki – segja, sagði hann sögur af öðrum dreng – dreng sem hann sjálfur óskaði að hann hefði verið.

3.5.3 Náttúrubarnið

Silja Aðalsteinsdóttir segir að sú mynd af Íslandi sem birtist í Nonnabókunum sé „draumaland ævintýranna, með ísbjörnum á hafis, silung í lækjum, lausum hrossum um allar jarðir, töfrum miðnætursólar, jafnvel eldgosum“ og bætir því við að fegurð föðurlandsins sé „allt að því ójarðnesk“.³⁴⁰ Náttúra landsins er ómótstæðileg og barnið Nonni sannkallað náttúrubarn: Frjáls, saklaus og óheftur – rétt eins og Émile hans Rousseau. Þetta sjáum við skýrt í áherslunni sem lögð er á hinn frjálsa leik barnanna á Íslandi. Þetta er sömuleiðis sígilt og sívinsælt og í takti við hefð annarra Norðurlanda þar sem náttúran er barnvæn, nóg af óspilltri náttúru og möguleikar og réttur barnsins til að leika sér í náttúrunni mikill. Þetta er gjarnan kallað „friluftsliv“ í Skandinavíu og tengsl barns og náttúru talin sérstakur þáttur norrænnar menningar.³⁴¹ Í Nonnabókunum

³³⁹ Bradford, *Unsettling Narratives*, 53–54.

³⁴⁰ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1870–1979*, 112.

³⁴¹ Goga, Guanio-Uluru, Hallås og Nymes, „Introduction“, 2.

er það svo að það er aðeins á Íslandi sem börn njóta hins sanna útivistarlífs, borgarbörnin á meginlandinu húka bara inni og leika sér að upptrekkum músum í stað þess að þeysast um fjöll á ótemjum. Á Íslandi leika þau sér úti hvernig sem viðrar. Jafnvel um hávetur, eftir margar vikur í frosti og snjó, leika íslensku börnin sér úti á skautum, skíðum og sleðum og finna ekki einu sinni til kuldans.

Viðhorf Nonna til náttúrunnar er ekki eingöngu rómantískt og hugmyndin um að njóta náttúrunnar er ávallt hliðskipuð því að hafa not af henni og bera virðingu fyrir henni. Ágæt blanda af því að njóta og nýta birtist í „Silungsveiðinni“, stuttri sögu í *Á Skipalóni* þar sem Nonni og Árni vinur hans njóta þess að veiða silunga úti í sólríkri og fagurri náttúru við Eyjafjörð.

Öllu raunsærra – og skelfilegra – er viðhorf Jóns Sveinssonar til náttúrunnar í umfjöllun hans um ísbirni. Fyrsta ber að nefna söguna „Jólaheimsókn á Skipalóni“ í bókinni *Á Skipalóni*. Í upphafi sögu er snjóþungt, dimmt og frost og varla fært á milli bæja. Gestkomandi er einn besti kunningi Nonna, öðlingpilturinn Baldur. Honum og öllum hans góðu kostum er lýst fagurlega í löngu máli sem og búnaði hans. Síðan er vikið að erindi Baldurs: Að bjóða Nonna með sér á Skipalón þrátt fyrir fannfergi og kulda. Lesendum er gerð augljós grein fyrir því að ferðin verður ekki auðveld nema síður sé og hafa ber í huga að drengurinn er ekki orðinn tólf ára. Mamma er meira að segja á báðum áttum og segir: „Veðrið er nú ekki einsýnt, barnið gott. Ef hann gerir nú stórhrið á ykkur á leiðinni, hvernig færi þá?“³⁴² Jón Sveinsson byggir upp mikla spennu fyrir eitt æsilegasta ævintýri Nonnabókanna. Guðmundur vinnumaður, beljaki mikill, ber Nonna á háhesti yfir á Skipalón, Baldur og Nonni sjálfur lenda nærri því í klónum á soltnum ísbirni og svo fer að Guðmundur og félagi hans berjast við ísbirnina – og það meira að segja tvisvar, bæði með skíðastöfum eða heimatilbúnum vopnum. Að leikslökum eru tveir menn særðir, annar illa en hinn minna, enda ljóst að hvítabirnir eru ekki lömb að leika sér við. Þetta kemur skýrt fram í bréfi sem Nonni sendir mömmu en þar er líka augljóst að árekstrar sem þessir eru eðlilegur þáttur þess að alast upp á Íslandi:

... En Guðmundur stakk hann [hvítabjörninn] með hníf, og þá gat hann ekki bitið fólk. Og Guðmundur og mennirnir drápu þá, en þá voru birnirnir orðnir fjórir. En þeir börðu Guðmund og nú liggur hann í rúminu. Annar maður til liggur í rúminu, en þeir deyja ekki. Og þegar þeir komast á fætur, þá fer Guðmundur aftur heim, og

³⁴² Jón Sveinsson, *Á Skipalóni*, 17.

þegar ég er búinn að leika mér í nokkra daga enn við Baldur, þá kem ég aftur til þín,
kæra mamma mín.³⁴³

Nonni kemst aftur í tæri við hvítabirni á leiðinni frá Íslandi til Danmerkur og segir frá því í kaflanum „Bardagi við hvítabirni“ í *Nonna*. Skipverjar á Valdemar frá Rönne eru í óða önn að reyna að losa skipið úr hafisnum en skyndilega „gægðist hvítur og úfinn haus yfir ísbrúnina, og starði hann hvössum, gráðugum augum á mennina“.³⁴⁴ Þetta voru „tveir stórir hvítabirnir, ægilegustu rándýr, blóðþyrst og í veiðihug. – Það var ógurleg sjón“.³⁴⁵ Birnirnir ráðast á hásetana og skipstjórann og ná einum þeirra sem með „angistarópi“ hverfur „niður á milli rándýra, sem ginu yfir honum með gapandi kjöftum“.³⁴⁶ Að lokum eru tveir menn særðir á vígvellinum og skipstjórinn náfölnur eftir þungt högg frá öðrum hvítabirninum. Frásögnin er æsileg en hún er líka grafalvarleg og þrungin ótta. Atburðirnir hafa mótandi áhrif á Nonna en skipverjum tekst að endingu að losa skipið og sigla „burt frá geigvænum jakahrönnunum og jökulbreiðunni, sem áður hafði umkringgt [þá] og ögrað með slysum og dauða“.³⁴⁷

Nonni er barn og heldur sig til hlés í hvítabjarnabardögunum en hann lætur til sín taka í öðrum sögum svo sem í „Jólaheimsókn á Skipalóni“, „Glæfrareið“ og „Silungsveiðinni“ sem allar eru í *Á Skipalóni* og svo auðvitað í bókunum sem gerast í Danmörku, *Borginni við Sundið* og *Ævintýri úr Eyjum*. Ljóst er af lestri Nonnabókanna að náttúran getur verið skeinuhætt og beri maður ekki virðingu fyrir henni getur farið illa. Hér má minnst þess þegar bræðurna Nonna og Manna rekur út á sjó og í miðja hvalaþvögu í bókinni *Nonni og Manni* og þegar Nonni þarf að grafa sig í fönn á leið til vinar síns. Frá þeirri jökulköldu ferð segir í *Sólskinsdögum*.

Nonni leggur af stað að Hálsi, þar sem Valdi vinur hans býr, þrátt fyrir viðvaranir móður sinnar en uppfullur af trú á eigin getu. Brátt kemur í ljós að Nonni hefði betur hlýtt boði mömmu. Það þykknar upp og hvessir og bæði hundur og hestur virðast finna á sér að illt sé í vændum. Þá brestur á með stórhrið:

Þeir, sem ekki hafa vanist slíku veðri, eiga erfitt með að hugsa sér það. Drífan er svo dimm, að ómögulegt er að greina snjókornin. Það er eins og snjónum sé mokað niður.

Það er líkast því, að maður stingi höfðinu niður í snjóskafli.

Þeir eiga bággt, sem lenda í slíku úti á víðavangi.

³⁴³ Sama rit, 77.

³⁴⁴ Jón Sveinsson, *Nonni*, 196.

³⁴⁵ Sama rit, 197.

³⁴⁶ Sama rit, 200.

³⁴⁷ Sama rit, 209.

Ekki sést handaskil fyrir snjó. Meira að segja loftið kringum mann er orðið að snjó. Á samri stundu hættir að sjást til jarðar. Það er ekki lengur land undir fótum, heldur snjór, iðandi, rjúkandi mökkur, sem rokið tætir og hvirflar í allar áttir.³⁴⁸

Framhaldið er því sem næst kæfandi lestur: Snjórinn er alltumlykjandi og Nonni hvorki sér né heyrir og nær varla andanum. Það er ekkert nema snjór, endalaus snjór. Nonni, hundurinn Tryggvi og hesturinn Grani hrapa niður um snjóhelli og sökkva í snjóinn. Þeir eru kviksettir, eins og það er orðað, og snjórinn þrýstir svo að dreng og hesti að þeir geta sig varla hreyft. Nonni sofnar að endingu og þegar hann vaknar byrjar hann að grafa sér leið út úr þröngri hvelfingunni. Ekkert virðist ganga. Drengurinn er við það að örmagnast og leggst að lokum við hlið Grana og Tryggva, bíður dauðans og yljár sér við minninguna um altaristöfluna í kirkjunni með mynd af sjálfum frelsaranum:

Og á meðan ég lá í þessum sæludraumi, læddist svefninn að mér eins og ljúfur engill, laukst yfir mig og lokaði augum mínum, án þess að taka þessa fögru sýn frá mér. Hún fylgdi mér inn í draumana. Ég sá hana löngu eftir að ég var sofnaður.

Og svona lágum við þá allir í sömu gröfinni, Tryggvi, Grani og ég. Köld var hún gröfin okkar, en það var kyrrð, friður og ró.³⁴⁹

Premeningunum er að lokum bjargað af Valda og heimilisfólki hans og sögumaður segist enn í dag bera ör í lófanum eftir þessa björgun. Að sögumaður skuli minnast á örið dregur verulega úr trúverðugleika þess að hann hafi jafnað sig fljótt eftir þessa lífsreynslu.

Nonni litli er ekki aðeins náttúrubarn heldur er hæfileiki hans til að lifa af í harðneskjulegri náttúru hluti þess sem gerir hann að hetju, hluti þess sem gerir hann færan í flestan sjó og hluti þess sem gerir hann að sönnum Íslendingi. Þetta er í samræmi við kenningar vistrýnisins Sveins Slettan sem hefur bent á að hæfni fólk til að lifa af við óblíðar aðstæður megi túlka sem dæmi um styrk þjóðarinnar og því sé hörð náttúra tilvalið sögusvið fyrir sannar hetjur.³⁵⁰ Að auki rímar persóna Nonna við lýsingar á „hinu hæfa norræna barni“ eins og því er lýst í greinasafninu *Ecocritical Perspectives on Children's Texts and Cultures: Nordic Dialogues* (Vistræn viðhorf til barnabóka og menningar, 2018). Þar segir að norska barnið, sem hluti af norrænu barnsímmyndinni, sé oft álitíð „hið hæfa barn“, barnið sem getur séð um sig sjálft (og aðra) og þarf ekki að treysta á fullorðna (eða getur það ekki). Fram kemur að tengsl barnsins við náttúruna

³⁴⁸ Jón Sveinsson, *Sólskinsdagur*, 157.

³⁴⁹ Sama rit, 171.

³⁵⁰ Slettan, „Ski Tracks in the Wilderness,“ 23.

skulu vera álitin hluti af hæfni barnsins, hið norræna barn virðist með öðrum orðum hafa sérstaka náttúruhæfni.³⁵¹ Kristin Ørjasæter er á svipuðum slóðum í umræðu sinni um þjóðernislegar sjálfsmyndir Norðmanna í tengslum við hina villtu náttúru og segir að mikilvægustu persónueinkenni Norðmanna séu tengd við hæfileikann til að lifa af við erfiðar aðstæður og í takti við náttúruna, hvort sem um er að ræða firði, fjöll eða skóga. Og ljóst er að þeir sem búa í norðrinu og í fjalllendi eru mun harðari af sér og ábyrgðarfyllri en þeir sem búa á flatlendi og við blíðari náttúruöfl.³⁵²

Nonni elst upp í ævintýrlegu landi og í Nonnabókunum skiptast á lýsingar á yndisfagurri náttúru, gjöfulli og góðri, og svo þeirri sem maður þarf að vara sig á og bera virðingu fyrir. Geri maður það ekki fer illa fyrir manni eins og sést á Nonna sjálfum, skýrast þegar hann þarf að grafa sig í fönn. Þessar andstæðu lýsingar á landinu koma saman sem lýsing á hinu besta landi en birtingarmyndir náttúrunnar í barnabókum og öðrum afurðum barnamenningar hafi margar hverjar orðið að fulltrúum hugmynda og ímynda um það hvernig hinn besti heimur eigi að vera. Barnið sem þar elst upp er jafnframt hið hæfasta barn og hið besta barn og slíkt barn er Nonni.

3.5.4 Eftirherma

Jón Sveinsson lagði mikið á sig til að lifa af í sínum mörgu vistum. Hann lagaði sig að siðum og venjum þar sem hann dvaldi hverju sinni, lærði þau tungumál sem forráðamenn og síðar yfirmenn hans töluðu og gegndi þeim störfum sem honum var sagt að gegna. Sem barn tók hann upp kaþólskan sið í stað hins lútherska. Þetta gekk þó ekki átakalaust eins og Gunnar F. Guðmundsson greinir frá í *Pater Jón Sveinsson: Nonni* en þar má lesa um árekstra Jóns Sveinssonar við yfirmenn sína sem voru stundum svo miklir að honum lá við örvinglun. Hann dreymdi jafnframt um að gerast trúboði á Íslandi en sá draumur varð aldrei að veruleika.³⁵³

Líta má á rithöfundarferil Jóns Sveinssonar sem uppreisn hans gegn yfirmönnum sínum, aðstæðum og lífi og tilraun til að láta drauminn um trúboðið rætast. Þá má líta svo á að þar fái rödd „hins“ að hljóma – rödd nýlendubúans. Jafnframt má líta svo á að í Nonnabókunum fái lesendur innsýn í líf og störf, sorgir og gleði Íslendinga, sérstaklega íslenskra barna um og upp úr miðri 19. öld. Málið er hins vegar flóknara en svo. Hér áður var fjallað um sjálfsmynd bókmenntapersónunnar Nonna og sagt að þar

³⁵¹ Goga, Guanio-Uluru, Hallás og Nymes, „Introduction,“ 3.

³⁵² Ørjasæter, „Wild Nature Revisited,“ 39–40.

³⁵³ Fjallað er nánar um drauma Jóns Sveinssonar um að gerast trúboði í 5.3, Kaþólsk hetja.

komi saman barnið, útlendingurinn og innflytjandinn, minnst var á kenningar Spivak um undirsátann (e. *subaltern*), þá gagnrýni sem kenningar hennar hafa hlotið og það dregið í efa að í Nonnabókunum fái rödd hins undirsátans að hljóma í raun og veru.

Jón Sveinsson sjálfur var jaðarsettur í samfélagi jesúíta og kaþólskra, bæði í Frakklandi og Þýskalandi, og það er uppruni hans og menningarleysi sem veldur þeirri jaðarsetningu. Í Nonnabókunum er hvergi vikið að slíku né heldur erfiðri glímu við tungumálin, að ekki sé minnst á erfiðleika í samskiptum því að í bókunum þykir öllum vænt um Nonna og finnst hann með afbrigðum áhugaverður. Nonni er drengurinn sem tekst samtímis að vera frá nýlendunni/hjálendunni og móðurlandinu. Eða hvað? Ef til vill má frekar halda því fram að Jón Sveinsson líki eða hermi eftir frekar en að hann breyti sér í raun. Ef svo er, hvað er það þá sem hann þykist vera?

Eins og áður var sagt fjallar Homi Bhabha um líkindi og mismun á nýlendubúa og nýlenduhera og talar um eftirlíkingu (e. *mimicry*) í því sambandi. Nýlendubúinn reynir að laga sig að siðum og venjum nýlenduherans og því ferli fylgir mikil tvíbendni. Til að þóknast nýlenduheranum, ná langt í samfélaginu og „verða maður með mönnum“ verður nýlendubúinn að breytast og fjarlægjast nýlenduna, ýmist á landfræðilegan og/eða hugmyndafræðilegan hátt ásamt því að reyna að verða alveg eins og nýlenduherann.³⁵⁴ Það vill Jón Sveinsson vissulega gera og segir frá því í Nonnabókunum hvernig hann tekur sjálfur þá ákvörðun að yfirgefa Ísland og sér í hilligum betri framtíð, sólríkari og sætari í öðru landi þar sem hann myndi menntast og komast til manns.

Bhabha bætir því svo við kenningu sína um eftirlíkinguna að nýlendubúanum takist aldrei fullkomlega að vera alveg eins og herrann. Það sé alltaf eitthvert smáatriði eða blæbrigði sem afhjúpi hann. Það hljóti svo að vera því að hann sé verra eintak en fyrirmyndin. Takist honum það hins vegar svo vel að menn sjái ekki mun á honum og herranum, sem ríkir í krafti „eðlilegra“ yfirburða yfir hinum innfæddu, er hann gangandi sönnun þess að umboð nýlenduherans sé ekki fólgið í honum sjálfum því þá væri ekki hægt að tileinka sér hana. Með því drægi eftirlíkingin völd nýlenduherans í efa og græfi undan þeim.³⁵⁵

Jón Sveinsson reynir hins vegar ekki að vera nákvæmlega eins og herraþjóðin, enda á hann enga möguleika á því. Í Nonnabókunum er Nonna heldur ekki lýst sem

³⁵⁴ Þessar kenningar leggur Bhabha fram í bókinni *Location of Culture* (1994).

³⁵⁵ Griffiths, Tiffin og Ashcroft, *Key Concepts in Post-Colonial Studies*, 139–140; Kristján Jóhann Jónsson, *Grímur Thomsen*, 96; Wisker, *Key Concepts in Postcolonial Literature*, 192.

dreng sem er alveg eins og önnur evrópsk börn. Grafi Jón Sveinsson undan valdi nýlenduherrans með eftirlíkingu gerir hann það ekki með því móti. Hann tekur þvert á móti það sem honum hentar úr bókmenntahefð nýlenduherrans og lagar það að sögu um íslenskan dreng sem er næstum því eins og börnin frá meginlandi Evrópu – nema ívið betri. Í þessu hlýtur að felast visst stærilæti og ögrun. Ísland er borið saman við önnur lönd og niðurstaðan er ávallt sú sama: Önnur lönd eru fögur en Ísland er fegurra og menning þess göfugri.

Máli sínu til stuðnings verður Jón Sveinsson að grípa til staðalímynda en samkvæmt Jan van Coillie eru staðalímyndir aðallega neikvæðar vegna tvíþendni sinna. Ávallt sé spenna á milli ókunnugleikans og hins þekktanlega, milli lítilmótleika og aðdáunar. Þó er ein leið fær til að upphefja tvíræðnina og tileinka „hinum“ jákvæða eiginleika án þess að hann raski mörkunum milli okkar og hins.³⁵⁶ Sá sem ögrar mörkunum milli stétta, kynja og kynþátta er þá kynntur til sögunnar sem undantekning, einskonar „göfugur villimaður“ sem birtist í samskiptum við hinar siðmenntuðu stéttir Vesturlanda.

Nonni getur orðið slík undantekning sem íslenskt barn. En Jón Sveinsson gengur lengra þegar hann lætur Nonna lýsa öllum íslenskum börnum sem frjálsari, sjálfstæðari og nær náttúrunni en önnur börn. Þannig má segja að hann jaðarsetji börn herrapjóðarinnar og geri tilraun til að snúa við valdaaðstæðum. Sú rödd sem Jón Sveinsson vill að hljómi í bókunum er ekki rödd hins jaðarsetta, það er rödd íslenska, hæfa, vel lesna og frjálsa náttúrubarnsins sem hann fullyrðir að hann hafi aldrei hætt að vera.

3.6 Heima á Möðruvöllum

Í *Nonna* segir frá því þegar skipið hallast á hliðina og snýr stafni frá landi. Nonni leggur af stað til nýrra heimkynna, til „suðrænna sólskinslanda“. Honum finnst eins og hann sé „rifinn upp með rótum og gróðursettur í nýjan jarðveg“ og verður hugsað til alls þess sem hann skilur eftir:

Föðurlandið mitt ástkæra, fjallkonan gamla, landar mínir, ástríkt heimilislífið, leikbræður og félagar, allt var horfið sjónum mínum, aðeins til í endurminningunni.³⁵⁷

³⁵⁶ Coillie, „The Impact of In-group/Out-group Stereotypes,“ 31.

³⁵⁷ Jón Sveinsson, *Nonni*, 93.

Heimkynnin, bæði í víðum og þröngum skilningi, urðu Jóni Sveinssyni að innblæstri en Nonnabækurnar eru hvorki fyrstu né síðustu barnasögurnar sem fjalla um „heimilið“ og leitina að slíkum stað ef hann er horfinn sjónum. Heimilið er mjög oft mikilvægt þema í barnabókum. Vissulega er fjallað um heimilið, mikilvægi þess og leitina að því í fjölda bóka fyrir fullorðna, en málefnið virðist höfundum barnabóka hugleiknara en þeim sem skrifa fyrir fullorðið fólk.³⁵⁸ Í Nonnabókum Jóns Sveinssonar, einkum þeim sem gerast á Íslandi, eru minningarnar um heimilið sýndar í rósrauðu ljósi nostalgíunnar. Minningarnar eru bæði skáldsins sjálfs og minningar sem hann fær að láni.

Í barnabókum tákna heimilið oftast þægindi, öryggi og viðurkenningu og er staður sem mætir bæði andlegum og líkamlegum þörfum barnsins. „Utan heimilis“ er ekki víst að þörfum barnsins sé mætt eða því líði vel. Mjög oft stjórnast gjörðir aðalpersónunnar eða flétta sögunnar af reynslu barnsins af því að vera að heiman, og sagan leiðir aðalpersónuna „heim“ í einum eða öðrum skilningi.³⁵⁹ Svo miklu máli skiptir heimilið í barnabókum að í *The Pleasures of Children's Literature* (Yndi barnabókanna, 1992) heldur Perry Nodelman því fram að hægt sé að flokka barnabækur á grundvelli tengsla aðalpersónunnar við það að vera heima eða að heiman.³⁶⁰ Barnið er leitt á heimilinu og leitar að spennu í ævintýrum. Ævintýrin reynast hættuleg svo barnið leitar aftur heim í öryggið – sem reynist leiðinlegt. Þetta frásagnarmynstur kallar Nodelman heima-og-að-heiman og segir vera helsta einkenni barnabókmennta sem bókmenntagreinar.³⁶¹ Ýmsar útfærslur er hægt að greina út frá frásagnarmynstri Nodelmans, til dæmis hefur Laura Raidonis Bates rannsakað þetta mynstur bæði í ævintýrum og barnasögum en hún segir að í ævintýrum fari barnið að heiman því að það neyðist til þess, en í barnabókum fari það að heiman einfaldlega af því það kys að gera það.³⁶²

Í Nonnabókunum sem gerast að öllu leyti á Íslandi, *Nonna og Manna, Á Skipalóni* og *Sólskinsdögum*, birtist mynstrið heima-að heiman-heim einna skýrast. Í sögunum er

³⁵⁸ Chang, „(Re)location of Home in Louise Erdrich's *The Game of Silence*,“ 133.

³⁵⁹ Wilson og Short, „Goodbye Yellow Brick Road,“ 130–132.

³⁶⁰ Þetta er einnig gert í Stott og Doyle Francis, „“Home” and “Not Home” in Children's Stories,“ 223–225.

³⁶¹ Nodelman, *The Pleasures of Children's Literature*, 192–193. Stundum er heimilið sjálft jafnvel sá staður sem aðalsöguhetjan þarf að forðast eða koma sér í burtu frá og er henni þá nauðsynlegt að fara í burtu og finna sér öryggi (þ.e. heimili) annars staðar.

³⁶² Bates, „“Sweet Sorrow”,“ 48–51.

Nonni sjálfur aðalpersónan, með örfáum undantekningum,³⁶³ og þar er sagt frá ævintýrum sem hann lendir í utan heimilisins. Í „Litla lambinu“ fer Nonni ásamt systkinum sínum upp á fjall þar sem þau ramba fram á helsært lamb, í „Í hríðinni“ verður Nonni nær úti í aftakaveðri og í „Ævintýri á sjó“ er hann næstum druknaður. Allar enda sögurnar á því að Nonni kemst heim aftur. Skilaboðin eru skýr: Það er skemmtilegt og spennandi að lenda í ævintýrum, sem ávallt leynast á Íslandi, en því aðeins að maður komist í öruggt skjól að þeim loknum. Sögurnar fylgja því grundvallarfrásagnarmynstri sem Perry Nodelman lýsir og drengurinn fer að heiman, eins og Laura Raidonis Bates segir um barnasögur, af því að hann vill það, og fellur undir það frásagnarmynstur sem Lucy Waddey kallar Ódyseifs-mynstrið.³⁶⁴

Æskusögurnar sem gerast utan Íslands lúta öðrum lögmálum. Í *Nonna* og *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* segir frá því þegar Nonni yfirgefur Ísland og siglir út í óvissuna og mesta ævintýri lífs síns því í raun kemur Jón Sveinsson aldrei til baka úr þeirri ferð. Segja má að þessar bækur marki upphafið að leit Nonna að nýju heimili. Sögusvið bókanna *Ævintýri úr Eyjum* og *Borgin við Sundið* er Danmörk. Ævintýrin þar gerast utan þess staðar þar sem Nonni býr í Kaupmannahöfn og hann kemst til baka að þeim loknum – til þess staðar þar sem hann býr og öryggið er að finna – í bili.

Hornsteinn hamingju Nonna á Íslandi er sú staðreynd að hann á heimili og á hann það sameiginlegt með ótal mörgum persónum barnabóka. Hvernig hann lýsir æsku sinni, foreldrum, systkinum, leikfélögunum og daglegu lífi á Norðurlandi er að mjög mörgu leyti byggt á sömu hamingjuviðmiðum og finna má í gríðarmörgum öðrum barnabókum. Lýsingar Jóns Sveinssonar á bernskuheimili sínu og æsku má þannig tengja við hugmyndir um það sem kallað hefur verið „hið góða líf“ og fjallað er um í greininni „Narrative Integrity: Autobiographical Identity and the Meaning of the “Good Life”“ (Heilindi frásagnarinnar: Sjálfsævisöguleg sjálfsmynd og merking „hins góða lífs“, 2001). Samkvæmt því sem þar segir er hið góða líf það líf sem einstaklingur vildi hafa lifað eða vonar að hafi verið hans. Því er haldið fram að sjálfsmyndin sé

³⁶³ Meðal þessara undantekninga eru sögurnar „Sýnin hans Kjartans“, „Völvan“ og „Júlli og Dúfa“. Sögurnar eru allar í *Sólskinsdögum*. Nonni er þó þátttakandi í sögunum og kemur nokkuð við sögu, síst þó í „Völvunni“.

³⁶⁴ Waddey, „Home in Children’s Fiction“, 13–15. Waddey greinir þrjú grundvallarfrásagnarmynstur í barnabókum: Ódyseifs-mynstrið sem hún telur eiga við um bækur fyrir ung börn, ævintýri og fantasíur, þ.e. barnið yfirgefur heimilið til að lenda í spennandi ævintýrum en snýr til baka í lokin og er ánægt með að er koma til baka. Hin frásagnarmynstrin sem Waddey nefnir eru Ódipusar-mynstrið þar sem heimilið er bæði upphafið, miðjan og endirinn og svo Prómeþeusar-mynstrið þar sem sagan hefst á því að það er ekkert heimili því að söguhetjan er í einskonar útleið.

óaðskiljanleg frá stöðluðum hugmyndum um hvernig líf eigi að vera, sé því vel varið. Þess utan séu hugmyndir um hið góða líf órjúfanlegur hluti í frásögn hverrar sjálfsmýndar sem þýðir að þegar við skrifum sjálfsvævisögu okkar sé hún ávallt að einhverju leyti skilyrt af hugmyndinni um það.³⁶⁵

Ekki aðeins erum við ávallt bundin af hugmyndum um hið góða líf heldur eru þetta ekki aðeins okkar persónulegu hugmyndir heldur hugmyndir menningar okkar og samfélags. Þannig virðist það vera svo að í samfélögum þar sem sterkur samhugur ríkir um hvað telst vera hið góða líf sé eðlilegt að þau gildi og hugmyndir birtist í sjálfsvævisögulegum textum, hvort sem það er á meðvitaðan eða ómeðvitaðan hátt.³⁶⁶ Þannig má ætla að þær hugmyndir um hina fullkomnu æsku, sem fjallað er um í næstu köflum, séu ekki aðeins hugmyndir höfundarins heldur jafnframt hugmyndir samfélagsins, og að hann reyni að semja sig – og æsku sína – að reglum þess og skrifa um æsku sem hann vildi hafa átt, hina góðu æsku.

3.6.1 Eins og blóm í haga

Þegar ég var lítill drengur heima hjá foreldrum mínum á Möðruvöllum, fór ég stundum með systkinum mínum eitthvað upp í fjöllin í kring. Á þessum ferðum út um óbyggð og auðn rataði ég oft í ýmsar raunir og æfintýri.³⁶⁷

Í upphafi *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* getur sögumaður þess að hann hafi alist upp á Norðurlandi þar sem sér hafi liðið ákaflega vel, hann hafi vaxið „upp eins og blóm í haga inni á milli hárra fjalla, ekki langt frá sjó“. Nokkru seinna kemur fram að hann hafi verið glaður, kátur, heilbrigður og sæll þessi tólf ár.³⁶⁸ Í sögunni „Silungsveiðin“ úr *Á Skipalóni* segir sögumaður að sér hafi liðið vel á heimili foreldra sinna og að „gleði og unaður bernskunnar [hafi veist sér] þar í miklum mæli“.³⁶⁹ Í upphafi *Sólskinsdaga*, sem greinir frá „sólheiðum æskudögum“, kemur fram að tilgangur bókarinnar sé að sá sem lesi þessi „æfintýri“ fái nokkra hugmynd um „daglegt líf“ á Íslandi.³⁷⁰ Lesendur komast ekki hjá því að dauðöfunda Nonna af svo yndislegri æsku og fjölskyldu.

³⁶⁵ Freeman og Brockmeier, „Narrative Integrity“, 75–76.

³⁶⁶ Sama rit, 76.

³⁶⁷ Jón Sveinsson, *Nonni og Manni*, 87.

³⁶⁸ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 7.

³⁶⁹ Jón Sveinsson, *Á Skipalóni*, 81.

³⁷⁰ Jón Sveinsson, *Sólskinsdagar*, 7.

Sú bjarta mynd sem dregin er upp af fjölskyldulífinu á Möðruvöllum og síðar í Pálshúsi á Akureyri er ekki í samræmi við reynslu Jóns Sveinssonar sjálfs. Veikindi og dauði settu myrkan svip á heimilislífið auk fátæktar, hungurs, ósættis og óreglu. Sveinn Þórarinnsson lést á Akureyri, sullaveikur, gjaldþrota ópúmneytandi og leiður á lífinu. Eftir stóð bláfátæk ekkjan með fjögur börn á framfæri, en einu hafði verið komið í fóstur.³⁷¹ Fjölskyldan var á vonarvöl. Þessi napurlegi raunveruleiki er sannarlega ekki efni í sögu um hamingjuríka æsku. Jón Sveinsson endurskapar því raunveruleikann, breytir og bætir að eigin geðþótta og því sem hentar markmiðum hans, og leitar meðal annars í dagbækur föður síns eftir innblæstri og söguefnum.

Í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* er dregin upp mynd af hamingjusamri millistéttarfjölskyldu og pabbi er vissulega hluti af þeirri mynd, hann gefur Nonna hest og á lítið bókasafn sem hann lætur Nonna lesa. Þegar frásögnin hefst er ár liðið frá dauða hans. Minnst er á hann í fáeinum orðum á stöku stað í öðrum sögum, til dæmis í upphafi „Nonni og Manni fara á sjó“ þar sem pabbi veitir Nonna leyfi til að kaupa flautu. Þar er dregin upp mynd af ljúfum manni sem vill syni sínum hið besta. Þótt hann gegni agnarsmáu hlutverki í sögunum sjálfum er söguefnið að sumu leyti komið úr dagbókum hans.

Sagan „Nonni og Manni fara á sjó“³⁷² úr bókinni *Nonni og Manni* er ein frægasta sagan um Nonna. Bæði Gunnar F. Guðmundsson og Torfi K. Stefánsson Hjaltalín hafa tekið hana sem dæmi um endurvinnslu Jóns Sveinssonar á minningum föður síns. Jón Sveinsson les dagbókarfærslur um handfæraveiðar þeirra feðga, hvalveiðar Eyfirðinga, fiðlur og flautur og frænda sinn Arngrím sem hann mundi sjálfur eftir. Einnig eru í dagbókunum færslur um skipakomur, þar á meðal tvær um franska herskipið *La Pandore* eða *Pandóru*. Skipið kom að landi í júlí 1865 og út í það fór Sveinn ásamt öðru fólki, þar á meðal Nonna. *Pandóra* var stórt og glæsilegt skip með nokkur hundruð manna áhöfn og ætla má að Norðlendingum hafi þótt mikið til þess koma. Tveimur árum síðar kom *Pandóra* aftur til Akureyrar en þá lét Sveinn sér nægja að róa í kringum

³⁷¹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 136–144; Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 35–59; Jón Hjaltason, *Nonni og Nonnahús*, 21–24.

³⁷² Bókin *Nonni og Manni* eru tvær sjálfstæðar sögur, „Nonni og Manni fara á sjó“ kom fyrst út í *Nordisk Ugeblad for Katholske Kristne* (1914) og sama ár í tímaritinu *Jesuitenkalender*. Þessi saga var fyrst þýdd á íslensku árið 1925 og svo aftur 1949. Seinni sagan, „Nonni og Manni fara á fjöll“ kom fyrst út árið 1914 í tímaritinu *Die Katholischen Mission*. Þaðan var sagan tekin upp í bókina *Sonntage (Sólskinsdagar)*.

skipið með Nonna og Manna.³⁷³ Þetta notaði Jón Sveinsson allt í sögu sína, bætir ýmsu við en þurrkar föðurinn út.

Samkvæmt frásögn Jóns Sveinssonar fóru bræðurnir í þessa háskaför því að frændi þeirra Arngrímur, sem var í heimsókn hjá þeim, hafði kennt þeim hvernig ætti að seiða til sín fiska með töfraflautu. Þeir lenda í hafvillum og mesta lífsháska en er bjargað um borð í franska skipið og allt fer vel. Jón Sveinsson notar þessa sögu síðan til að leggja grunn að framtíð þeirra bræðra í reglu jesúíta. Í dagbókum Sveins Þórarinssonar er þess hvergi getið að synirnir tveir hafi lent í lífsháska á sjó og verið bjargað um borð í skipið. Hjá frönskum flotamálayfirvöldum er ekkert sem styður þessa frásögn.³⁷⁴

Í *Pater Jón Sveinsson: Nonni* greinir Gunnar F. Guðmundsson frá því hvernig Jón, sem þá bjó í Ordrup í Danmörku, fékk dagbækurnar í hendur árið 1906. Jón Sveinsson skrifaði upp úr þeim og fyllti heilar tvær stílakompur. Sumt tók hann orðrétt úr dagbókunum, annað endursagði hann ýmist á íslensku eða dönsku eða báðum málum samtímis. Meðal þess sem hann tók upp úr dagbókunum voru sögur af sólskinsdögum æsku sinnar sem hægt var að vinna úr spennandi ævintýri.³⁷⁵

Ein þeirra sagna sem hann vann upp úr dagbókum föður síns og heimildum er „Á Skipalóni“. Í sögunni greinir frá bardaga vinnumannsins Guðmundar við hvítabirni. Þetta er æsispennandi saga sem rígheldur lesandanum en hún er ekki alveg sannleikanum samkvæmt. Sagan gerist í kringum jól en samkvæmt athugunum Gunnars nefnir Sveinn Þórarinsson þennan merkisatburð ekki á nafn í dagbókum sínum:

... en hins vegar sá hann ástæðu til að festa á blað í byrjun nóvember tveimur árum fyrir að vinnumaður sinn, Guðmundur Halldórsson, hefði fylgt þeim systkinum, Björgu og Nonna, út að Lóni, Þar hefðu þau dvalist næstu fimm daga og haft með sér harmóníkurnar sínar. Þar er hvergi minnst á hvítabirni, hvað þá blóðugan bardaga upp á líf og dauða.³⁷⁶

Svona gátu skemmtilegar minningar orðið efni í gríðarlega spennandi sögur. Ekki var þó allt í dagbókunum fagurt og gott enda varð það skáldinu ekki að yrkisefni. Sumt kom mjög illa við Jón Sveinsson, sérstaklega hvað snerti sambúð foreldra hans. Þar

³⁷³ Gunnar F. Guðmundsson, „Sannleikurinn“ í *Nonnabókunum*,“ 55–58; Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Eldur á Möðruvöllum*, 568. Sjá einnig Jón Hjaltason, *Nonni og Nonnahús*, 21–23.

³⁷⁴ Um þetta fjallar Gunnar F. Guðmundsson af nákvæmni í *Pater Jón Sveinsson: Nonni* sem og í greininni „Sannleikurinn“ í *Nonnabókunum*,“ 57.

³⁷⁵ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 15–21.

³⁷⁶ Gunnar F. Guðmundsson, „Sannleikurinn“ í *Nonnabókunum*,“ 60.

komu í ljós frásagnir af fátækt, basli og almennum búborgum svo og upplýsingar um kvennafar Sveins og stirt samband þeirra hjóna.³⁷⁷

Eins og sjá má á Nonnabókunum var faðirinn fjarlægur í minningunni. Gunnar F. Guðmundsson stígur létt til jarðar í umfjöllun sinni um samband þeirra feðga. Dagný Kristjánsdóttir ræðir einnig samband Sveins og elsta sonarins og bendir meðal annars á hvernig hann gerði upp á milli barna sinna í dagbókarfærslum sínum og að Nonni hafi í raun verið sendur í burtu, á bæinn Espihól, tveimur árum fyrir dauða föðurins. Augljóst er að samband þeirra feðga var stirt.³⁷⁸ Ef til vill hefur Jón Sveinsson vonast eftir því að komast í nánara samband við föður sinn við lestur dagbókanna og ná einhverskonar sátt við hann. Dagbækurnar hafa trúlega verið honum mikið áfall og Dagný Kristjánsdóttir telur þær „fela í sér afhjúpanir sem hann vill ekki vita af og trúlega afhelgun á foreldrum sem hann hefur upphafið“.³⁷⁹

Jón Sveinsson skrifar móður sinni bréf, sem nú er glatað, um samband foreldranna, persónuleika föðurins, framhjáald hans og embættisfærslur. Sigríður svarar syni sínum og reynir að hughreysta hann og sannfæra um hreinlyndi föðurins, hamingju þeirra og hvernig allt hafi lagast að lokum. Hún fullyrðir að Sveinn hafi verið „sómi ættar sinnar, virtur og vinsæll“ en Jón Sveinsson virðist ekki trúa því og þurrkar föðurinn út úr lífi sínu – rétt eins og allt annað neikvætt eða sorglegt. Á það er ekki minnst í Nonnabókunum, það er ekki hluti af bernskunni og ekki hluti af raunveruleikanum.³⁸⁰ Ljóst er að ótryggð í hjónabandi, óþíumsjúkur faðir, eynd, hungur, kuldi og jafnvel vanræksla geta með engu móti samræmst hugmyndum um hina góðu bernsku.

Í Nonnabókunum er litið á æskuna sem tíma gleði og friðar og horft til baka með blik í auga. Hins vegar er það svo að æskuna verðum við að yfirgefa og getum aldrei snúið aftur til hennar. Bernskuminningar einkennast oft af nostalgíu eða, eins og Michael A. Mason kemst að orði, einskona skapandi sorg, því að fortíð, sem byggð er upp á nýjan leik og séð með augum nostalgíunnar, vekur athygli á missinum eða kemur í stað þess sem vantar í nútíðinni. Þannig er nostalgían nátengd þeim blekkingum sem

³⁷⁷ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 20–21.

³⁷⁸ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 137–140.

³⁷⁹ Sama rit, 138.

³⁸⁰ Sama rit, 138–141.

sögumaður bernskuminninga beitir bæði sjálfan sig og lesendur sína þegar hann skapar sjálfið á síðum bókarinnar.³⁸¹

Orðið „nostalgía“ á rætur sínar að rekja til gríska orðsins *nostos*, sem merkir „að fara heim“, og orðsins *algos* eða sársauka, en það var sett saman árið 1688 af læknanemanum Johannes Hofer og vísaði þá til heimþrár svissneskra hermanna sem börðust erlendis sem og heimþrár námsmanna og þjónustufólks.³⁸² Nostalgía snýst þó ekki um það að fara heim heldur um ímyndaða fortíð, æskuna sem við vildum hafa átt eða ímyndum að sé okkar eigin. Henni er stillt upp í andstöðu við nútímann sem er flókinn og ljótur. Nostalgían byggist þannig ekki aðeins á ímyndun heldur einnig á afneitan því að um leið og nostalgían vekur upp þrá eftir fortíðinni afneitar hún óþægilegum minningum og tilfinningum sem þar bjuggu.³⁸³ Fagurfræði nostalgíunnar snýst því ekki eingöngu um minningar heldur flókna speglun þar sem þráin eftir ákveðinni, upphafinni sögu sameinast óánægjunni með nútímann. Þetta er ekki ólíkt röksemdarfærslu Susan Stewart í *On Longing* (Um þrá, 1984) þar sem hún heldur því fram að með því að afneita eða gera lítið úr nútíðinni geri nostalgían hina upphöfnu og fjarlægu fortíð að vettvangi hins raunverulega – að hinu upprunalega og „hreina“ og því sem gerist fyrir syndafallið, fyrir fullorðinsárin.³⁸⁴ Ár nostalgíunnar eru þannig árin í paradís bernskunnar, einu árin sem skipta máli.

Svetlana Boym segir tvær gerðir nostalgíu einkenna samband einstaklings við fortíðina, hið ímyndaða samfélag, heimkynnin og sjálfsmyndina. Boym kallar þær endurbyggjandi nostalgíu (e. *restorative nostalgia*) og íhugula nostalgíu (e. *reflective nostalgia*) og telur þessar tvær varpa ljósi á „heimþrána“ og samband okkar við „heimaslóðirnar“. Endurbyggjandi nostalgía leggur áherslu á heimkynnin (*nostos*) og reynir að endurbyggja þau og neitar að viðurkenna neikvæðar hliðar þess sem eitt sinn var „heima“.³⁸⁵

Hin endurbyggjandi nostalgía lítur til heildarinnar og þjóðarinnar en hin íhugula nostalgía til einstaklingsins og frestar sífellt heimkomunni heldur dafnar hún í *algia* – þránni eftir öðrum stað og öðrum tíma sem hún veit innst inni að verður aldrei

³⁸¹ Mason, „The Cultivation of the Senses for Creative Nostalgia in the Essays of W. H. Hudson,“ 23–24.

³⁸² Boym, *The Future of Nostalgia*, 23–25; Dagný Kristjánsdóttir, „Hugsýki,“ 336–338; Hirsch og Spitzer, „We Would Not Have Come Without You,“ 257–259.

³⁸³ Boym, *The Future of Nostalgia*, xv–xvi; Boym, „Nostalgia and Its Discontents,“ 7–8; Hutcheon, „Irony, Nostalgia, and the Postmodern,“ 3–5; Stewart, *On Longing*, 23.

³⁸⁴ Stewart, *On Longing*, 14–31.

³⁸⁵ Boym, *The Future of Nostalgia*, 93.

endurheimtur. Hún einkennist því af tvískinnungi sem telur sig ekki bera vitni um einn sannleika heldur efast um allt, hún er andstæða við nostalgíu Nonnabókanna.

Nonnabækurnar einkennast af þránni eftir *algos* – þránni eftir heimilinu, bernskunni á öðrum stað og öðrum tíma sem hafi verið til, flekklaus og fögur. Í Nonnabókunum er aldrei viðurkennt að þessi bernska sem skrifað er um hafi aldrei verið til né að sögumaður hafi breyst. Jón Sveinsson fullyrti meira að segja að hann hefði varðveitt hið tólf ára gamla sjálf innra með sér þegar hann fór frá Íslandi. Með því móti reynir Jón Sveinsson að sannfæra sig og aðra um að þrátt fyrir að hafa glatað heimkynnum sínum, fjölskyldu og jafnvel tungumáli sé hann enn sá sem hann var og í Nonnabókunum má sjá nostalgíska þrá eftir að endurheimta þennan dreng og æsku hans og þær sögur byggjast að stórum hluta á afneitun, því að „skáldað sé í eyðurnar“ á raunverulegri ævi til að búa til hina bestu æsku sem söguhetjan vildi hafa átt. Nonnabækurnar eru með öðrum orðum vitnisburður um nostalgíska endurritun Jóns Sveinssonar á lífi sínu sem tókst svo vel að það gerði honum beinlínis kleift að hverfa inn í land bernskunnar, leika Nonna og velja hvar hann kysi að nema staðar í þroska og trú eigin skáldskap.

Boym leggur áherslu á að nostalgían horfi ekki endilega beint fram eða til baka heldur til hliðar, og að hinum nostalgíska einstaklingi finnist hann oft vera heftur innan hefðbundins ramma tíma og rýmis. Þetta sést ekki síst í Nonnabókunum á því að Jón Sveinsson byrjar að skrifa um æsku sína sem viðbragð við þeim aðstæðum sem hann bjó við, eftir að hafa lesið dagbækur föðurins og eftir dauða móður sinnar og bróður. Jafnframt eru ækusögurnar tilraun til að láta drauminn um að gerast trúboði rætast. Sagan „Nonni og Manni fara á sjó“ sameinar endurvinnslu á minningum föðurins, þrána eftir hinni góðu æsku og merkingarsköpun þar sem atburðum fortíðar er léður tilgangur til að uppfylla þá drauma sem höfundurinn á í samtíma sínum og vonir hans um að lifa hinu góða lífi, ekki aðeins í tilbúinni æsku heldur líka í nútíðinni. Þannig skarast fortíð, nútíð og framtíð í sögunum um Nonna.

3.6.2 Út í heim

Eins og áður hefur verið rætt segir Jón Sveinsson alls ekki frá öllu, hann þegir yfir ýmsu og lætur eins og það hafi ekki gerst. Þar má nefna afskiptaleysi föðurins, heimilissorgina og söknuðinn eftir börnunum sem dóu. Fátæktinni og sultinum eru heldur ekki gerð skil. Því síður að Nonni sjálfur hafi í raun verið bláfátækt tókubarn hjá ókunnu fólki,

meira og minna farinn af heimilinu áður en faðirinn dó. Það má því draga í efa að Jón Sveinsson segi satt þegar hann heldur því fram að ákvörðunin um að fara út í heim barn að aldri hafi verið fullkomlega sjálfstæð ákvörðun, byggð á ævintýraþrá og vilja guðs. Um allt þetta og fleira þegir Jón Sveinsson og lætur eins og það hafi ekki gerst – enda samræmist það ekki þeirri sólbjörtu mynd sem hann gefur lesendum sínum af æsku sinni á Íslandi.

Nostalgían er viss aðferð til að lifa af, aðferð til að takast á við og viðurkenna að það að snúa til baka, að fara heim, sé ómögulegt. Kenningar Svetlönu Boym um lækningarafli nostalgíunnar kallast á við það sem Roderick McGillis hefur skrifað um fantasíur í barnabókmenntum og kraft minninganna. Við getum ekki breytt staðreyndum, því sem hefur gerst eða verið sagt, en það sem við getum breytt, segir McGillis, eru minningarnar. Þegar staðreyndir og skáldskapur mætast miðja vegu er um fantasíu að ræða og ástæða þess að við flýjum frá raunveruleikanum er sú að fantasían gerir okkur kleift að lifa við það sem við erum óánægð með, söknum, okkur vantar o.s.frv. Með öðrum orðum, fantasía „getur framleitt frjóa nostalgíu, leið til að horfa til baka til að geta horft fram á veginn“.³⁸⁶ Minningar eru hráefnið sem við notum til að búa til fantasíuna. Án heillar vöruskemmu af minningum höfum við ekkert til að umbreyta, ekkert til að fantasera um. Þetta þýðir þó ekki að við getum sleppt því að vinna úr áföllum eða slæmum minningum. Slíkt getur haft herfilegar afleiðingar eins og Dagný Kristjánsdóttir fjallar um þegar hún segir frá martröðum Jóns Sveinssonar á efri árum, ótta hans við þröngt rými og þunglyndisköst.³⁸⁷

Jón Sveinsson hélt út í heim á haustdögum árið 1870. Þá kvaddi hann móður sína, systkini, vini og ættjörð fyrir fullt og allt. Hann kom aðeins tvisvar aftur til Íslands, þá sem fullorðinn maður og gestur. Boð kaþólskra manna um að fara til náms í Frakklandi túlkar Nonni í Nonnabókunum sem svo að þar sé guð að bænheyra hann – draumurinn um að ferðast til fjarlæggra landa sé loks að rætast. Um leið þarf hann þó að yfirgefa allt sem hann þekkir og allt sem hann elskar. Í Nonnabókunum byggir hann upp myndina af góðum og fjörugum dreng sem býr við hinar bestu aðstæður hjá góðu fólki. En í bókunum er annar undirtexti í textanum um íslenska drenginn, sagan af hinum kaþólska Jóni Sveinssyni og ímynd hans og um hana er fjallað í næsta hluta

³⁸⁶ McGillis, „Fantasy as Epanalepsis,“ 7–8. Hirsch og Spitzer („We Would Not Have Come Without You: Generations of Nostalgia“) fjalla um eftirlifendur helfararinnar og benda á hversu erfitt það getur verið að takast á við neikvæðar og jafnvel trámatískar minningar og segja að sá sem hefur lifað af *verði* að greina á milli trámatískra minninga og nostalgískra til þess að vera fær um að halda í nostalgíuna.

³⁸⁷ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 146–152.

4 Kapólikkinn

Ein afleiðing siðbreytingarinnar varð sú að mjög var þrengt að hinni kaþólsku miðaldakirkju í Evrópu og kaþólsk trú og kirkja voru bönnuð víða í löndum mótmælenda.³⁸⁸ Mótmælendatrú var, svo dæmi sé tekið, lögleidd í Danmörku 1537 og árið 1613 var þar í landi lagt bann við starfsemi kaþólskra presta að viðlagðri dauðarefsingu.³⁸⁹ Jafnvel þar sem kaþólska kirkjan hafði átt sín öflugustu vígi var henni nú þröngur stakkur skorinn. Kaþólskir menn reyndu víða í Evrópu að sporna gegn þessu með „gagnsiðbótinni“ svokölluðu sem náði frá miðri 16. öld til loka 17. aldar og einkenndist af tilraunum kaþólsku kirkjunnar til að stöðva framrás mótmælenda. Einn þáttur hennar var stofnun nýrra trúarreglna, til dæmis Jesúitareglunnar í mörgum löndum Evrópu (1534).³⁹⁰

Kaþólska kirkjan hélt áfram að verjast og sækja fram, til dæmis með líknarstarfi, skólahaldi, kristindómsfræðslu og trúboði, bæði í Evrópu og öðrum heimsálfum. Kaþólskt trúboð í nyrstu löndum Evrópu hófst svo skömmu eftir aldamótin 1800, Norðurheimskautstrúboðið, sem ætlað var að efla trúboð á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum, og stofnað að frumkvæði hins rússneska Stepan Stepanovitsj Dzunkovskíjs árið 1854.³⁹¹ Þremur árum eftir stofnun þess, í maí 1857, komu hingað til lands fyrstu kaþólsku trúboðarnir, faðir Bernard Bernard (f. 1821) og faðir Odenio. Tveimur dögum síðar flúði Odenio; honum hefur eflaust ekki litist á að boða kaþólska trú í landi þar sem það var bannað með lögum, landi þar sem lúthersk kirkja hafði staðið föstum fótum í meira en tvær aldir og landsmenn litu margir á hverskonar upptöku hins kaþólska siðar sem afsal þjóðréttinda, kúgun og hvers kyns ófrelsi.³⁹²

Snemma vetrar sama ár og trúboðarnir tóku land í Fáskrúðsfirði, 16. nóvember 1857, fæddist Jón Sveinsson. Hann var skírður til mótmælendatrúar og ólst upp sem lútherskur drengur. Kaþólska kirkjan átti þó eftir að leika stórt hlutverk í lífi hans,

³⁸⁸ Hjalti Hugason, „Af hverju urðu siðaskiptin hér á Íslandi?“ Sjá ítarlegt yfirlit um siðbreytinguna hér á landi í Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Siðbreytingin á Íslandi 1537–1565*.

³⁸⁹ Umfjöllun um siðaskipti og stjórn málaátök í Danmörku: Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, 41–49.

³⁹⁰ Gunnar F. Guðmundsson, *Kaþólskt trúboð á Íslandi 1857–1875*, 9; Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, 18–40.

³⁹¹ Gunnar F. Guðmundsson, *Kaþólskt trúboð á Íslandi 1857–1875*, 9–12; 20–24. Stepan Stepanovitsj Dzunkovskíj (f. 1821) var af rússneskum aðalsættum. Hann komst í kynni við jesúíta 1845 í Róm en gekk brátt úr reglunni. Hann tók prestsvígslu árið 1852 og settist þá að í París. Hann var mikill framkvæmdamaður, ákveðinn og hugmyndaríkur og bauð fram þjónustu sína þegar páfi lýsti yfir þeim ásetningi að efla norðurheimskautstrúboðið.

³⁹² Gunnar F. Guðmundsson, *Kaþólskt trúboð á Íslandi 1857–1875*, 56–57.

Nonnabækurnar urðu til innan kaþólsks samfélags, eru gefnar út og dreift af kaþólskum forlögum og teljast til kaþólskra barnabóka. Raunar er Jón Sveinsson talinn annar vinsælasti barnabókahöfundur kaþólsku kirkjunnar á heimsvísu fyrstu áratugi 20. aldar.³⁹³

Hér er þáttur kaþólsku kirkjunnar í Nonnabókunum til umfjöllunar. Fjallað er um kaþólskar barnabækur á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu og hvernig Nonnabækurnar falla að hefð þeirra. Greint er frá mikilvægi trúarinnar fyrir bókmenntapersónuna Nonna og skoðað hvernig Jón Sveinsson fléttar saman kaþólskar barnabókmenntir og hefðbundnar ævintýra- og afþreyingarsögur til að skapa kaþólska og karlmannlega hetju sem fórnar persónulegri gæfu svo aðrir megi lifa og vera hamingjusamir.

4.1 Útgáfa kaþólska barnabókmennta í Evrópu

Þegar hefur verið rætt um tilurð barnabókamarkaðarins, tengsl við fræðasvið, menningu og listir, og ljóst er að barnabókmenntir endurspeglar alltaf samfélagið sem þær verða til í. Tímabil upplýsingar og rómantíkur höfðu mikil áhrif á evrópskar barnabókmenntir, sömuleiðis tilkoma borgarastéttar, aukin almenn hagsæld í álfunni og iðnbylting. Miklar pólitískar sviptingar áttu sér stað og tæknilegar framfarir umbreyttu prentiðnaðinum á róttækan hátt svo og menntun og læsi almennings. Ólík sjónarmið og hugmyndafræði tókust á, meðal annars um börn og bernsku eins og fram er komið.³⁹⁴

Um 1850 varð mikil aukning í barnabókaútgáfu í Evrópu. Framleiddar voru fleiri barnabækur í stærri upplögum en nokkru sinni fyrr ásamt því að barnablöð voru seld nánast á hverju götuhorni. Barnablöðin fengu mjög mikla dreifingu og fóru sigurför um heiminn.³⁹⁵ Michele Ann May fjallar um aukna útgáfu barnabóka og barnablaða í doktorsritgerð sinni, *The Republic and its Children: French Children's Literature 1855–1900* (Lýðveldið og börnin: Franskar barnabókmenntir 1855–1900, 2010). Hún segir að í Frakklandi hafi barnabókum ekki aðeins fjölgað heldur hafi þær breyst í takti

³⁹³ Sjá stutta umfjöllun hér: Ghesquiére, *A Profile of Averbode Publishers*, 384, 402.

³⁹⁴ Sjá kafla 2, Barnið og bókin, einkum undirkaflann 2.3, „Fyrstu“ útgefnu barnabækurnar í Evrópu.

³⁹⁵ Mette Winge hefur kannað ítarlega dönsk barnablöð á árunum 1900–1930 í bók sinni *Dansk Børnelitteratur 1900–1945 med Særligt Henblik på Børneromanen*, sjá bls. 431–441, en þessi umfjöllun gefur góða mynd af því hve vinsæl og áhrifamikil blöðin voru og hve stórt hlutverk hin kristna trú lék í þeim. Sjá einnig Laufey Einarsdóttir, *Það sem er gott og göfugt*, 11–15.

við samfélagsbreytingar víða um álfuna. Nýjar frásagnaraðferðir, ný umfjöllunarefni og sögur urðu til og héldu áfram að þróast út 19. öldina og þá tuttugustu.³⁹⁶

Kristin trú leikur stórt hlutverk í öllu þessu enda snar þáttur í uppeldi vestrænna barna. Frá því um 1600 eða jafnvel fyrr höfðu börn nær eingöngu aðgang að efni sem tengdist kristinni trú og kirkju. Hér er átt við bænakver, spurningakver, barnabiblíur og biblíusögur auk siðbætandi smásagna um kristnar dyggðir góðra barna. Lesefni sem þetta átti augljóslega heima innan kirkjunnar og stofnana hennar en náði líka inn á heimilin og í skólana, en kirkjan átti lengi mikil ítök í menntun barna. Prestar sátu í skólanefndum, þeir voru sjálfir kennarar eða skólastjórnendur og margir skólar víða um álfuna voru reknir af kirkjunni. Stofnanir kirkjunnar og áhrifamenn innan hennar höfðu enn fremur áhrif á barnabókamarkaðinn og útgáfu barnatímarita.³⁹⁷

Með mikilli einföldun má segja að samskipti ríkis og kirkju í flestum löndum Evrópu hafi smám saman orðið stíðari og skorið hafi verið á böndin sem tengdu þessar stofnanir þegar leið á 20. öld. Þetta hafði meðal annars þau áhrif að ítök kirkjunnar urðu sífellt minni innan skólanna og á skólabókamarkaði. Heimsstyrjaldirnar tvær settu líka stórt strik í reikninginn og höfðu mikil áhrif á Evrópu alla en um það leyti sem þeirri síðari lauk dróst útgáfa kristilegra barnabókmennta í Evrópu mjög saman og á svipuðum tíma kom síðasta Nonnabókin út (*Ferð Nonna umhverfis jörðina*). Kristilegar bækur fyrir ungmenni voru þó enn í umferð, hvort heldur var á bókasöfnum, einkaheimilum eða í bókabúðum, en smám saman jókst fjölbreytnin og úrvalið af barnaefni og þær hurfu úr bókahillunum, ein af annarri.

Útgáfusaga kristilegra barnabókmennta í Evrópu hefur þó lítt verið rannsökuð. Einkum hafa fræðimenn litið fram hjá útgáfufyrirtækjum mótmælenda en alla jafna virðist litið svo á að siðaboðskapur og gildi barnabóka væru í anda mótmælenda eða einfaldlega kristin nema annað væri sérstaklega nefnt. Meira púðri hefur verið eytt í að rannsaka útgáfu kaþólskra barnabóka í álfunni en ekki geta þær rannsóknir þó talist

³⁹⁶ May, „*The Republic and its Children*,“ 1–2.

³⁹⁷ Um þetta hefur margt verið ritað. Íslenska umfjöllun er að finna hér: Dagný Kristjánsdóttir, „Skólaljóð,“ 131–148, og Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 27–35. Penny Brown ræðir þetta í ljósi evrópskra, einkum franskra barnabóka, í *A Critical History of French Children's Literature: Volume One: 1600–1830*, 2–6. Umfjöllun Ritu Ghesquière, „Contemporary Religious Writing,“ 306–317, er á almennari nótum. Nina Christensen rannsakar danskar barnabækur, bæði frá tímum upplýsingar og samtíma okkar í bókinni *Videbegær: Oplysning, børnelitteratur, dannelse* og þar kemur glögglega fram hve mikil áhrif kirkjan og trúin hefur haft á barnabókmenntir, einkum fyrir á öldum. Ekki er til nein heildstæð rannsókn á stöðu kaþólskra barnabóka á 18., 19. og 20. öld og mjög erfitt að fá yfirsýn yfir sviðið.

umfangsmiklar og afmarkast aðallega við Mið-Evrópu.³⁹⁸ Engar yfirlitsrannsóknir eru til um útgáfu kaþólskra barnabóka frá upphafi til dagsins í dag og erfitt er að fá yfirsýn yfir sviðið en svo virðist sem áhrif trúarlegra stofnana hafi haft mest að segja á barnabókaútgáfu í Hollandi, Ítalíu, Sviss og Belgíu. Kaþólsk bókaforlög voru engu að síður starfrækt víðar um álfuna og oft unnu þau saman, lánuðu bækur og deildu bókum, sögum, tímaritum og höfundum og aðstoðuðu hvert annað við þýðingar og markaðsmál.³⁹⁹

Útgáfa Nonnabókanna er prýðilegt dæmi um þetta. Sú fyrsta þeirra, *Nonni*, var gefin út hjá þýska og kaþólska bókaforlaginu Herder og var það útgáfufyrirtæki Jóns Sveinssonar alla tíð.⁴⁰⁰ Þar unnu ritstjórar náíð með honum og sóst var eftir sögum frá honum. Sögur hans og bækur voru einnig gefnar út hjá öðrum, helst kaþólskum, útgáfufyrirtækjum í öðrum löndum. Má hér nefna belgíska útgáfufyrirtækið Averbode sem gaf út *Ævintýri úr Eyjum* og *Nonni segir frá*.⁴⁰¹

Kaþólsku bókaforlögin í Evrópu voru misstór og nutu mismikillar virðingar og valda en gæfa þeirra, áhrif og gróði sveifluðust í takt við pólitíska og trúarlega strauma í hverju landi. Þau útgáfufyrirtæki sem höfðu fengið blessun kaþólsku kirkjunnar nutu meiri velþóknunar en önnur. Áhrif trúarlegra stofnana á útgáfu kaþólskra barnabóka eru engu að síður lítt rannsökuð og erfitt að finna heimildir um efnið.⁴⁰²

Eigendur og rekstraraðilar kaþólskra barnabókaútgáfa voru sjálfir kaþólskir og skipta má útgáfunum í þrennt eftir því hverjir sáu um þær. Fyrstar eru útgáfur sem áttu

³⁹⁸ Útgáfa kaþólskra barnabóka hefur einkum verið rannsökuð í Frakklandi þar sem kaþólskur síður hefur verið ríkjandi um aldir. Í Belgíu hefur einnig verið unnið stórt rannsóknarverkefni sem mikill fengur er að í tengslum við Averbode-útgáfuna og kallast það „Averbode, een uitgever apart“. Birtar hafa verið greinar í tengslum við verkefnið. Greint er frá útgáfu kaþólskra barnabóka í bókinni *Religion, Children's Literature and Modernity in Western Europe 1750–2005*.

³⁹⁹ Fremur nýleg grein eftir Jan de Mayer um kaþólskar barnabókmenntir og hlutverk útgáfufyrirtækja trúarlegra stofnana, „Creating and Disseminating a Catholic Subculture Through Children's Literature,“ (2014) er þó til marks um að áhugi sé að vakna á þessum rannsóknum.

⁴⁰⁰ Vert er að benda á greinina „The Foreign Series of Herder Verlag by 1900“ (2011) eftir Álvaro Ceballos Viro þar sem fjallað er um alþjóðleg áhrif útgáfufyrirtækisins, einkum á spænskum markaði.

⁴⁰¹ Auk þess voru nokkrar sögur og sögubrot fyrst gefin út í dönskum, þýskum og frönskum kaþólskum tímaritum og tímaritum jesúíta, oftast í örlítið breyttri mynd frá þeirri sem við sjáum í bókunum. Hér má nefna *Sólskinsdaga*. Í bókinni eru sex sögur og allar, að þeirri síðustu undanskilinni, eru frumritaðar á dönsku og komu fyrst út í Kaupmannahöfn í kaþólska tímaritinu *Varden* á árunum 1905–1913. Þá má geta þess að *Nonni og Manni fara á sjó* er frumrituð á dönsku og kom fyrst út í *Nordisk Ugeblad for Katholske Kristne* og sérprentuð árið 1914. Sama ár kom sagan út í þýskri þýðingu í tímaritinu *Jesuitenkalender*, hátíðarhefti í tilefni af hundrað ára afmæli endurreisnar reglunnar í Þýskalandi. Árið 1927 var *Nonni og Manni* þýdd á ensku og gefin titillinn *Lost in the Arctic: Adventures of Two Boys*. Útgáfufyrirtækið The Catholic Truth Society of Ireland gaf bókina út. Útgáfufyrirtækið er hluti af því sem kallast Catholic Truth Societies og þessi „samfélög“ eða útgáfufyrirtæki er að finna á Englandi, Írlandi, í Bandaríkjunum og Ástralíu.

⁴⁰² Ghesquiére, „Between Evangelisation and Economy,“ 402–405.

rætur að rekja til klaustra eða safnaða og sjálfboðaliða úr þeirra röðum. Þetta gátu verið prestar, munkar og nunnur sem upphaflega gáfu út bænakver og þess háttar en færðu sig svo yfir í frumsamdar barnabækur. Í öðru lagi var um að ræða útgáfufyrirtæki, ýmist rekin af meðlimum kirkjunnar eða öðrum sem einbeittu sér upphaflega að skólabókamarkaði en færðu sig svo einnig yfir á barnabókamarkað. Í þriðja lagi var um að ræða efnaðar kaþólskar fjölskyldur eða einstaklinga, nær undantekningarlaust úr efri stéttum samfélagsins, sem gáfu fé til kirkju og barnastarfs sjálfum sér til sálhjálp. Í þeim hópi voru líka kaþólikkar sem höfðu barnabókaútgáfu að aðalstarfi og slógu þannig tvær flugur í einu höggi – þjónuðu trúnni og högnuðust um leið.⁴⁰³

Belgíska útgáfufyrirtækið Averbode, sem áður var minnst á, er gott dæmi um kaþólskt bókaforlag sem rekið var af kirkjunnar mönnum. Munkarnir skrifuðu og létu prenta alls kyns trúarlegt efni en skömmu eftir heimsstyrjöldina fyrri fóru þeir að líta til barnabókamarkaðarins og árið 1920 kom út fyrsta hefti barnatímaritsins *Zonneland* (Land sólarinnar). Tímaritið varð mjög vinsælt og upp úr því var þýtt, stælt og stolið í öðrum tímaritum og bókaflokkum. Fram til 1930 gaf Averbode nær eingöngu út strangkaþólskar og siðbætandi trúboðssögur en eftir 1930 urðu bókalistarnir fjölbreytilegri. Dregið hafði úr hinum sterka trúarlega boðskap og afþreying orðin meira áberandi en áður. Um miðja öldina glímdi fyrirtækið við fjárhagsörðugleika og mjög dró úr barnabókaútgáfu. Þær barnabækur, sem þó voru gefnar út, voru enn í kaþólskum anda en sögurnar gerðust gjarnan í heimi æskulýðshreyfinga, skáta, í útilegum og fjallgöngum svo nokkuð sé nefnt en féllu jafnframt vel að kaþólskri hugmyndafræði.⁴⁰⁴ Averbode lifir enn í dag og byggir sem fyrr á þeirri hugsjón að boða trú og uppfræða ungt fólk.

Hollensku útgáfufyrirtækin Zwijsen og Malmberg eru dæmi um kaþólskar útgáfur sem eiga rætur að rekja til útgáfu skólabóka og þjónustu við skólabókamarkað. Eftir því sem nær dró miðri 20. öld dróst hagnaður saman og tengslin á milli forlaga og kirkju urðu sífellt minni. Bæði fyrirtækin neyddust til að breyta útgáfustefnu sinni og í dag teljast hvorki Zwijsen né Malmberg til kaþólskra bókaforlaga.⁴⁰⁵ Meðal fjölskyldurekinna kaþólskra barnabókaútgáfna má nefna útgáfu Barbour-

⁴⁰³ Mooren og Ghonem-Woets, „The Trinity of Educational Publishing,“ 409–412. Sjá einnig Manson, „The Editorial Strategies of Provincial Catholic Publishing Houses for the Young in the 19th Century in France,“ 424–439.

⁴⁰⁴ Ghesquiére, „Between Evangelisation and Economy,“ 382–389.

⁴⁰⁵ Mooren og Ghonem-Woets, „The Trinity on Educational Publishing,“ 407–411.

fjölskyldunnar frá Limoges í Frakklandi á 19. öld. Í fyrstu sérhæfði hún sig í skólabókum og bæklingum, gjarnan skrifuðum af jesúítum.⁴⁰⁶

Herder, bókaforlag Jóns Sveinssonar, hefur haldið velli og er enn kaþólsk bókaútgáfa. Frumbirtingar langflestra sagna Jóns eru í kaþólskum tímaritum eða tímaritum í eigu jesúíta auk kaþólskra útgáfufyrirtækja í löndum þar sem kaþólsk trú er nokkuð útbreidd. Vissulega töluðu bækur Jóns Sveinssonar til allra barna en líkast til hafa þær verið nærtækari kaþólskum börnum en öðrum.

Það kemur eflaust ekki á óvart að lengi var það einkum fólk innan kirkjunnar sem samdi og fékk útgefnar bækur á vegum kaþólsku útgáfnanna. Að auki skrifuðu kaþólskir kennarar og kaþólskt fólk í efri stéttum samfélagsins kaþólskar barnabækur. Athygli vekur að jesúítar voru einkar áberandi meðal kaþólskra barnabókahöfunda en áhuga þeirra á barnabókum má að hluta skýra svo að þeir höfðu lengi rekið skóla og haft afskipti af menntun, barnaefni og barnaleikhúsi (allt aftur til 17. aldar). Það skýrir jafnframt hvers vegna þeir litu á starf barnabókahöfundarins sem einn vettvang trúboðs.⁴⁰⁷

Frægustu höfundar kaþólska útgáfufyrirtækisins Averbode voru jesúítar. Þar fór fremstur í flokki svissneski jesúítinn Joseph Spillmann (1842–1905) en hann var líka um tíma í forsvari tímaritsins *Aus fernen Landen* (Frá framandi löndum), sem gefið var út af bókaforlaginu Herder, og árið 1880 settist hann í ritstjórástól tímaritsins *Die Katholischen Missionen* (Kaþólsku trúboðin) auk þess sem hann kom á laggirnar ritröðinni *Missionsbibliothek* (Trúboðabókasafnið) sem Herder gaf út.⁴⁰⁸ Fleiri frægir jesúítar sömdu barnabækur og fylgdu flestir í fótspor þekktustu jesúíta í stétt barnabókahöfunda en það voru Bandaríkjamadurinn faðir Francis Finn (1859–1928), sem ritaði 27 bækur um ævina, og íslenski jesúítinn Jón Sveinsson. Það ríkti mikil samstaða meðal jesúíta sem unnu að útgáfu í Mið-Evrópu og þeir þekktust flestir mjög vel.⁴⁰⁹

Margar aðalskonur skrifuðu barnabækur. Einn þekktasti kaþólski barnabókahöfundur Frakka er Madame de Ségur (1799–1874) sem var af rússnesku bergi brotin. Hún tók upp á því, árið 1855, þá 58 ára gömul amma, að skrifa barnabækur.

⁴⁰⁶ Manson, „The Editorial Strategies of Provincial Catholic Publishing Houses for the Young in the 19th Century in France,” 442–423.

⁴⁰⁷ Pinsent, „British Catholic Children’s Fiction Between Vatican I and Vatican II,” 148.

⁴⁰⁸ Dujardin, „The Missionary Novel,” 278–280; Ghesquiére, „Contemporary Religious Writing,” 311.

⁴⁰⁹ Ghesquiére, „Between Evangelisation and Economy,” 383–384; Molson, „Francis J. Finn, S.J.,” 28–41.

Í Frakklandi hafa bækur hennar selst í meira en 30 milljónum eintaka og þær hafa einnig verið þýddar á önnur tungumál. Madame de Ségur og öll hennar fjölskylda tók virkan þátt í trúmálapólitík sinnar tíðar í Frakklandi, eins og Sophie Heywood greinir frá.⁴¹⁰

Hin sterka staða kaþólsku kirkjunnar í Frakklandi var reyndar mjög sérstök og litu kaþólikkar í öðrum löndum franska félaga sína öfundaraugum. Útgáfa kaþólskra barnabóka hélst í hendur við umræðuna um bækurnar og þá gagnrýni sem þær fengu. Í tímaritum kaþólikka var fjallað bæði um góðar og slæmar bækur og settir upp sérstakir listar yfir „æskilegar bækur“ svo og listar yfir bannaðar bækur.

4.2 Hugmyndafræði kaþólskra barnabóka

Heimspekingurinn Louis Althusser birti grein sína „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnæki ríkisins“ í franska tímaritinu *La pensée* árið 1971 en þar fjallar hann um hvað þurfi til að viðhalda hinu kapítalíska hagkerfi. Althusser skiptir stjórnækjum þjóðfélagsins, eða stofnunum, í tvo hópa. Í fyrsta lagi eru kúgandi stofnanir og má þar sem dæmi nefna fangelsi, her og lögreglu. Í öðru lagi eru hugmyndafræðilegar stofnanir, svo sem trúarstofnanir, skólar, menningariðnaður og fjölskylda. Kúgandi stofnanir beita opinberlega refsingum eða aga svo sem fangelsisvist, en hugmyndafræðilegar stofnanir hafa önnur verkfæri til stjórnunar – mildari, dulbúin eða jafnvel táknræn.⁴¹¹ Hugmyndafræðin sem við lifum og störfum eftir er hluti af öllu sem við gerum, segjum og skrifum þótt við séum ef til vill ekki meðvituð um hana, en líkt og Egill Arnarson bendir á í inngangi þýðingar sinnar á grein Althusers er hugmyndafræði einlægt tæki í höndum valdhafa og ætlað að festa í sessi og réttlæta það kerfi sem þeir styðja.⁴¹²

Þetta á vissulega við um barnabækur en þær hafa til skamms tíma verið hugmyndafræðilega íhaldssamar og staðfestandi. Hugmyndafræðileg átök geta þó einnig birst í barnabókum þar sem andstæð öfl, er boða ólík gildi og starfa eftir ólíkri hugmyndafræði, eru látin takast á. Barnabækur einkennast af sérstakri heimssýn og kaþólska kirkjan áttaði sig snemma á því að með barnabókum væri hægt að boða trú og hugmyndafræði kirkjunnar. Í þeim er börnunum sýnt fjörlega fram á kosti og nauðsyn kaþólskrar trúar og minnt á dapurlegar afleiðingar þess að tilheyra ekki „réttri“ kirkju.

⁴¹⁰ Heywood, *Catholicism and Children's Literature in France*, 1–2.

⁴¹¹ Althusser, „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnæki ríkisins (rannsóknarpunktur),“ 190–191.

⁴¹² Egill Arnarson, „Um Louis Althusser,“ 173.

Útlistun þeirra afleiðinga getur bæði flokkast undir verkfæri hugmyndafræðilegra stofnana til stjórnunar og einnig hinna kúgandi stofnana. Bækurnar áttu að styrkja kaþólsk börn í trúnni, brjóta á bak aftur efasemdir og boða kaþólska trú en þeim var einnig ætlað að hvetja kaþólsk börn til trúboðsstarfa ef þau fengju tækifæri til að telja trúvillingum hughvarf.⁴¹³

Kaþólskar bækur áttu að hafa góðan siðferðisboðskap og fjalla á jákvæðan hátt um hina kaþólsku trú en þær gátu í raun verið um hvað sem er, svo framarlega sem kaþólsk trú og hugmyndafræði voru ríkjandi í textanum. Þannig gátu kaþólskir rithöfundar leyft sér að nýta samkristin, hefðbundin og jafnvel veraldleg þemu í barnabókmenntum og velja úr það sem hentaði og hæfði stund og stað. En þrátt fyrir þetta frjálsslyndi hafði hið ófrávíkjanlega trúboð oft heftandi áhrif, siðferðisboðskapurinn vildi yfirgnæfa skemmtigildið og sögurnar urðu hreinlega leiðinlegar.⁴¹⁴

Í Nonnabókunum kemur skýrt fram að bækur geta bæði verið til góðs og ills, enda skipti það kirkjuna miklu máli og Jón Sveinsson hefur vafalaust verið vel með á nótunum um hverskonar bækur teldust hollur lestur og hverjar ekki á kaþólskan mælikvarða. Í Danmörku segir prefektinn Grüder, tilsjónarmaður Nonna, aðvarandi að það séu „ekki aðeins til góðar bækur, heldur slæmar líka, og þær geta orðið þér til tjóns“.⁴¹⁵ Frá þessu segir í bókunum *Borginni við Sundið* og *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*. Sögunum ber vel saman þótt frásögnin sé öllu ítarlegri og dramatískari í seinni bókinni.

Eftir hálfsmánaðardvöl í húsi prefektsins í Kaupmannahöfn fer Nonna að leiðast og hann leitar að einhverju sér til dundurs. Hann finnur bókaherbergi í stóru húsinu og laumast til að lesa þar hverja bókina á eftir annarri án þess að segja nokkrum frá. Bækurnar eru ekki valdar „vandlega“ heldur tekur Nonni það „sem næst lá hendinni, og þótti það fullgott“. Hann les „í belg og biðu hvað sem fyrir [honum] varð“ og við lesturinn opnast ekki aðeins fyrir honum nýr heimur heldur gleymir hann „hinum

⁴¹³ Umfjöllun er að finna í grein Pat Pinsent, „Between British Catholic Children’s Fiction between Vatican I and Vatican II,“ 145–164.

⁴¹⁴ Sama rit, 149–152.

⁴¹⁵ Jón Sveinsson, *Borgin við Sundið*, 208. Hermann Grüder (f. 1828) var þýskur prestur en hafði snemma á ferlinum verið sendur til Danmerkur. Fyrst var hann aðstoðarprestur og síðar sóknarprestur. Eftir nokkrar deilur innan kaþólsku kirkjunnar um hvernig ætti að stjórna og nálgast Norðurlönd og trúboð þar var Norðurheimskautstrúboðið leyst upp í smærri einingar. Þá varð Grüder prefekt eða yfirmaður yfir danska umdæminu (Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 120–122).

sýnilega heimi“ og fjarlægist vini sína og leikbræður.⁴¹⁶ Lesendur átta sig strax á því að þetta boðar ekki gott og Grüder hefur áhyggjur af Nonna, kemur til hans og spyr hvað hann sé að fást við og hvað hann sé að lesa. Bókin reynist vera hin alræmda og andkaþólska *Les Mystères de Paris* (Leynardómar Parísarborgar, 1842–1843) eftir rithöfundinn Eugène Sue (1804–1857) sem einnig skrifaði tíu binda skáldsöguna *Le Juif errant* (Villuráfandi Gyðingurinn, 1844). Í bókum hans er því meðal annars haldið fram að jesúítar ætli að ná heimsyfirráðum, sama hvað það kosti, og í *Leynardómum Parísarborgar* segist söguhetjan Adrienne de Cardoville ekki geta hugsað um jesúíta án þess að hugsa samstundis um myrkur, eitur og andstyggileg, svört skriðdýr.⁴¹⁷ Þetta eru ekki falleg hugrenningatengsl enda bregður Grüder mjög í brún og segir Nonna að þetta sé ekki bók við hans hæfi, hún sé bæði óhollur lestur og hættuleg – hreint sorprit. Prefektinn er ekki reiður, heldur kveðst hann vera „hálfhræddur“ um Nonna. Sem betur fer tekst honum að stöðva Nonna í tæka tíð svo að hið andlega eitur nær ekki að vinna tjón á sálu hans. Grüder er hins vegar svo miður sín að Nonni vill allt fyrir hann gera til að bæta fyrir mistök og sín og lofar að hlýða honum í einu og öllu.⁴¹⁸

Góðum bókum og áhrifum þeirra er hampað hvað eftir annað í Nonnabókunum. Bóklestur á æskuárum stuðlar að ímynd Nonna sem hins bókelskandi, víðsýna og menntaða Íslending og í bókunum kemur fram skýr hvatning til lesenda um að halda áfram að lesa góðar og fræðandi bækur.

4.2.1 Trúboð í kaþólskum barnabókum – meðvitað og ómeðvitað

Trú má boða hvort heldur er í bókum fyrir börn eða fullorðna og áróðurinn getur verið áberandi og harðskeyttur eða farið lægra. Í greininni „Hidden Persuaders“ („Duldir áróðursmenn“) segir Robert D. Sutherland að hver barnabók feli í raun í sér hugmyndafræði eða trúar- og lífsskoðanir höfundarins hvort sem hann geri sér grein fyrir því eða ekki. Þar endurómar hann orð Althussers en bætir því við að í efni fyrir börn felist ávallt áróður eða boðun af einhverju tagi. Sutherland greinir á milli þriggja ólíkra, en þó tengdra, aðferða sem höfundar nota til að koma lífsskoðunum sínum eða hugmyndafræði á framfæri og talar um aðferðir boðunar (e. *advocacy*), árásar (e. *attack*)

⁴¹⁶ Jón Sveinsson, *Borgin við Sundið*, 206–207.

⁴¹⁷ Cubitt, *The Jesuit Myth*, 182.

⁴¹⁸ Jón Sveinsson, *Borgin við Sundið*, 208–209; Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 70–72.

og samþykkis (e. *assent*).⁴¹⁹ Öllum þessum aðferðum er beitt í kaþólskum barnabókmenntum, í mismiklum mæli þó, og er það vafalaust ýmist meðvitað eða ómeðvitað. Þessar aðferðir koma allar fram í Nonnabókunum og jafnframt flest hin algengustu þemu kaþólskra barnabókmennta.

4.2.2 Áróður, árásir og fordómar

Ef höfundur ákveður að skrifa um eitthvað sem stríðir gegn trú hans og allri hugmyndafræði er líklegt að hann noti beina eða óbeina árás í textanum til að mótmæla því sem honum finnst rangt. Sutherland⁴²⁰ segir að það geti hugsast að árásaraðferðin sé algengari í bókmenntum fyrir fullorðna en börn, en hafa skal í huga að þótt árásin fari fram innan bókar og þolendur séu bókarpersónur þá er hinn raunverulegi markhópur vitaskuld utan bókanna og markmiðið er að hafa áhrif á lesendurna. Með öðrum orðum: Árásinni er beint að lesendum.

Aðferð árásarinnar er helst beitt í elstu kaþólsku barnabókunum þar sem hinn trúarlegi áróður er hvað mestur og listrænn metnaður minnstur. Hér er meðal annars átt við sögur af trúlausum syndurum og öðrum sem eiga himnaríkisvist alls ekki skilið og ekki fer á milli mála hvernig fer fyrir slíku fólki. Trúleysinginn er andstæða alls þess sem sögumaður stendur fyrir og sögusamúð er engin með honum. „Árásir“ koma einnig fram í tímaritum og bókum sem gagnarárásir, þ.e.a.s. kaþólskir verja sig gegn meintum árásum mótmælenda. Pat Pinsent hefur fjallað um árásir mótmælenda á kaþólska og síðan á hinn bóginn í breskum barnatímaritum og bókum á 19. öld. Sögur þar sem gert var gys að kaþólskri trú og helgisiðum voru til að mynda algengar í tímaritinu *The Little Gleaner* (Litli fræðarinn) og bókum sem gefnar voru út af Protestant Religious Tract Society (RTS). The Catholic Truth Society var stofnað 1884 til höfuðs RTS og sem svar við þeim árásum sem kaþólikkar urðu fyrir af hálfu mótmælenda.⁴²¹

Augljóst er að Jón Sveinsson kannaðist við slíkar sögur og gegn sannfæringu sinni leikur hann sér að því að bergmála fordóma gegn kaþólskum í kaflanum „Nonni kveður Ísland“ í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*. Þar er Nonni sjálfur í hópi trúlausra og segist hafa heyrt af endalausum bjölluhringingum og gegndarlausu

⁴¹⁹ Sutherland, „Hidden Persuaders,“ 1–2. Dagný Kristjánsdóttir gerir grein fyrir kenningum Sutherlands í *Bókabörnum* og þýðingar á hugtökum hans eru fengnar þaðan (258–260).

⁴²⁰ Sutherland, „Hidden Persuaders,“ 1–2.

⁴²¹ Pinsent, *British Catholic Children's Fiction between Vatican I and Vatican II*, 147.

saltfiskáti kaþólskra – og finnst hvort tveggja glórulaust.⁴²² Boðberar árásarinnar í þeirri bók eru sveitungar Nonna sem láta í sér heyra þegar Nonni ríður um sveitina og kveður vini og kunningja. Sumir fordæma fyrirhugaða ferð Nonna til kaþólikkanna og segja það „óttalegt“ að senda piltinn í „slíka forsendingu“ enda sé þetta hættulegt og „margir vondir menn þarna úti í heimi“.⁴²³ Það er hins vegar mamma, fulltrúi hins sannkristna, og gamli presturinn, séra Magnús, sem andmæla fordómum sveitunganna og leiða Nonna á rétta braut. Svipað atriði er að finna í *Nonna* þar sem Þórður á Hálsi, faðir Júlíusar sem upphaflega átti að fara með Nonna til Frakklands, varar hann við að fara utan. Kaþólsk trú er að vísu ekki nefnd á nafn en Þórður hefur áhyggjur af þeim hættum sem vofa yfir sál Nonna, trú hans og dyggðum.⁴²⁴

4.2.3 Boðun: Staðfesting gilda

Aðferð boðunarinnar felst í því að dásama réttan málstað eða staðfesta gildi einhverra sjónarhorna eða aðgerða. Virkur og sýnilegur stuðningur á að sannfæra lesendur um ágæti málstaðarins, koma á framfæri gildum höfundarins og hafa áhrif á hugsanir, tilfinningar og hegðun lesandans. Þetta er meðal annars gert með því að sýna lesendum jákvæðar fyrirmyndir og vonast til að þeir reyni að líkja eftir þeim. Í barnabókmenntum er þessari hugmyndafræði beitt á áberandi hátt í gömlum siðbótarsögum þar sem söguhetjum, og þá um leið lesendum, er sagt hvernig þær eigi að haga sér. Lesendur eru sífellt minntir á góða siði, rétta framkomu og guðrækilega hegðun. Sutherland bendir á barnabækur Viktoríútímans sem dæmi en einnig má nefna eina fyrstu íslensku barnabókina, *Barnaljóð* séra Vigfúsar Jónssonar.⁴²⁵ Þar talar ljóðmælandi til stúlkubarns og segir því í bundnu máli hvernig best sé að það hagi sér, tali og hugsni. Ekki er dvalið við afleiðingar þess að haga sér illa eins og í viðvörunarsögum, heldur kosti þess að sýna rétta hegðun og gott siðferði.⁴²⁶

Í Nonnabókunum eru ótal dæmi um þessa hugmyndafræði. Nefna má heilræðin eða áminningarnar sem móðirin lætur fylgja Nonna þegar hún sendir hann frá sér. Hún lætur hann lofa sér að vera ávallt hlýðinn og þægur, fyrirgefa þeim sem gera á hans hlut,

⁴²² Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 34.

⁴²³ Sama rit, 32.

⁴²⁴ Jón Sveinsson, *Nonni*, 39.

⁴²⁵ Sjá 3.3, *Draumur um land, þjóð – og sjálf*.

⁴²⁶ Sutherland, „Hidden Persuaders“, 2–4.

vera þolinmóður, hófsamur, segja sannleikann og biðja til guðs á degi hverjum.⁴²⁷ Ljóst er af lestri *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* að Nonni tekur þessari stund alvarlega:

Þetta var hátíðleg og heilög stund, sem aldrei hefur mér úr minni liðið. Hún hefur haft áhrif á allt mitt líf og bent mér á þá leið, sem ég hef aldrei vikið af.

Ég varð að lofa móður minni að fylgja áminningum hennar hverri fyrir sig. Þær voru skýrar og einfaldar, en mikilvægar, eins og hún sagði. Og ég gerði það af heilum hug og lotningarfullur, eins og það væri rödd guðs sem við mig talaði.⁴²⁸

Ekki er minna gert úr áminningum móðurinnar í *Nonna* en þar hlustar drengurinn tárivotur á móður sína telja fram þær dyggðir sem honum beri að viðhalda og þá lesti sem hann skuli forðast. Nonni lofar, heitar og innilegar en hann hefur nokkru lofað, að fara eftir orðum móður sinnar og það er eins og áminningar hennar gjörbreyti honum: „Æsingin var með öllu horfin. Hughraustur og áhyggjulaus horfði ég fram á við.“⁴²⁹ Augljóst er að hin góðu ráð móðurinnar eru öllum börnum hollt veganesti út í lífið og Nonni sjálfur minnst þeirra oft og leggur sig fram um að fara eftir þeim. Áminningar móðurinnar og þau heilræði sem Nonni reynir alla jafna að fara eftir eru þó ekki sérstaklega kaþólsk heldur má frekar kalla þau sannkristin enda ættu allir, sem trúá á guð kristinna manna, að geta sammælst um að þetta séu góð ráð.

Nonni er því barnabókapersóna sem allir kristnir lesendur, mótmælendur og kaþólskir, ættu að geta litið upp til og reynt að líkja eftir. Hann er þó alls ekki fullkomið dyggðablóð og gerir stundum eitt og annað af sér, til dæmis þegar hann óhlýðnast matráðskonunni í húsi Grüders og neitar að borða svínakjöt, en gjörðir hans eru þó alla jafna skiljanlegar og ævintýrin sem hann lendir í – sannarlega í leyfisleysi – eru fullkomlega afsakanleg í ljósi hinnar miklu ævintýraþrár piltsins. Lesendur læra smám saman af lestri *Nonnabókanna* að Nonni er jafngóður, ef ekki betri, en þau sjálf og þess virði að líkja eftir honum. Hluti af því að vera Nonni er að trúá á guð og hluti af því að vera Nonni er einnig óneitanlega að vera kaþólskur. Það kemur skýrast fram í bókinni *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* enda setur hún fyrri verk höfundarins í nýtt samhengi.

⁴²⁷ Jón Sveinsson, *Nonni*, 81.

⁴²⁸ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 41.

⁴²⁹ Jón Sveinsson, *Nonni*, 81.

4.2.3.1 Trúskipta- og trúboðasögur

Trúskipti eru eitt vinsælasta þema kaþólskra barnabóka og í þeim kemur aðferð boðunarinnar skýrt fram. Trúskiptin geta verið aðalumfjöllunarefni bókar eða eitt af fleiri þemum en þau felast í því að söguhetja snýst til kaþólskrar trúar og frá trúleysi eða annarri trú, til að mynda mótmælendatrú. Þar með er hinum góða endi náð og viðkomandi persóna á vísan stað á himni að þessu jarðlífi loknu. Stundum fléttast trúskiptasaga saman við sögu um heilagan dauða, til dæmis þegar ungt barn lætur lífið vegna þess að afvegaleitt og trúlaust foreldri hugsar ekki nægilega vel um það, en eftir að barnið er dáið tekur foreldrið upp kaþólska trú. Heilagur dauði barnsins verður afturvirk forsenda trúskiptanna. Trúskiptasagan *The Sailor Boy* (Sæfarinn, 1880) eftir F. Bickerstaffe Drew er dæmi um hefðbundnari röð, trúskiptin verða forsenda heilags dauða. Þar lætur aðalsöguhetjan skírast til kaþólskrar trúar en lætur svo lífið í sjóskaða, er þá tilbúinn til að mæta guði, deyr heilögum dauða og á vísa vist í himnaríki en slíkt hefði ekki verið mögulegt hefði hún ekki tekið kaþólska trú.⁴³⁰

Kaflinn „Skurðlækningin“ í *Nonna* er eitt afbrigði slíkrar sögu. Sagan gerist í sjóferðinni ævintýrlega frá Íslandi til Danmerkur. Háseti einn hefur særst illa á fæti eftir bardaga við hvítabirni og liggur rúmfastur, sárkvalinn niðri í káetu. Hann óttast um líf sitt, klökknar og þótt hann sé trúaður er hann viss um að geta ekki „staðist fyrir dómstóli guðs“.⁴³¹ Þrátt fyrir reynsluleysi og ungan aldur tekur hinn tólf ára gamli Nonni að sér hlutverk skriftaföður. Hann hlustar á harmatölur hásetans, hughreystir hann, þeir biðja saman og Nonni biður guð um að vera hásetanum miskunnsamur og taka iðrun hans gilda. Minnugur orða og áminninga móður sinnar segir Nonni:

„Vitið þér það, að guð sagði einu sinni: „Ég vil ekki dauða syndugs manns, heldur að hann snúi sér og lifi?“ Og nú hafið þér tekið sinnaskiptum og þurfið því ekkert að óttast.“⁴³²

Hásetinn sefast við orð drengsins og er nú reiðubúinn að taka örlögum sínum og segir Nonna að biðja skipstjórann að koma og taka af sér fótinn, jafnvel þótt það geti kostað hann lífið. Hásetinn heldur lífi en mestu máli skiptir það að nú hefur hann sett allt sitt traust á almáttugan guð. Kaþólsk trú er ekki nefnd á nafn í sögunni, enda hefur Nonni ekki skipt um trú þegar hér er komið sögu, og prestar, hvort sem þeir eru mótmælendur

⁴³⁰ Pinsent, „British Catholic Children’s Fiction Between Vatican I and Vatican II,“ 151–152.

⁴³¹ Jón Sveinsson, *Nonni*, 217.

⁴³² Sama rit, 219.

eða kaþólskir, gegna hlutverki sálusorgara. Sagan á sér engu að síður fjölda fyrirmynda innan kaþólskra barnabókmennta og er í kaþólskum anda.

Mikilvægustu trúskiptin sem fjallað er um í Nonnabókunum eru þó trúskipti Nonna sjálfs, frá mótmælendatru til kaþólskrar trúar, og mest er gert úr þeim í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, en sú bók birtist fyrst sem saga í tímariti jesúíta í Freiburg, *Stimmen der Zeit* (Raddir tímans), árið 1930. Eins og rætt er síðar í þessari ritgerð á hamingja Nonna grundvöll sinn í trúskiptunum.

4.2.3.2 *Heilagur dauði*

Höfundar kaþólskra barnabóka forðast ekki dauðann heldur er hann þvert á móti mikið eftirlætisviðfangsefni þeirra og er þá um að ræða dauða iðrandi syndara, heilagan dauða eða dauða barna og unglunga. Oft kemur það viðhorf fram að betra sé að deyja á unga aldri en lifa löngu lífi í hringiðu synda og ósiða. Pat Pinsent segir reyndar að einn angi þess að skrifa svo mikið um dauða barna hafi verið sá að búa foreldra undir það að mjög líklega myndu þau missa einhver börn sín á unga aldri.⁴³³

Jón Sveinsson skrifaði meðal annars um heilagan dauða, en árið 1930 kom út eftir hann á þýsku bókun *Die Geschichte des kleinen Guido. Erzählung für die katholische Jugend* (Sagan af Guido litla: Frásögn fyrir kaþólsk ungmenni). Þessi saga hefur aldrei komið út á íslensku enda fjallar hún hvorki um Nonna né Ísland. Gunnar F. Guðmundsson segir að drengurinn Guido sé raunverulegur og Jón Sveinsson hafi hitt hann árið 1924. Drengurinn hafi fengið vitrun sjö ára gamall. Þegar hann gekk í fyrsta sinn til altaris, vitraðist Jesús honum og sagði að hann yrði ekki langlífur. Nokkrum vikum eftir að Jón Sveinsson sá Guido hraustan og heilbrigðan veiktist hann af hálsbólgu og andaðist í janúar árið eftir. Guido brást við heilsubresti sínum og yfirvofandi dauða af miklu æðruleysi og síðustu orð hans voru þessi: „Jesús, ég elska þig ... Mamma“...⁴³⁴ Jón Sveinsson hefur eflaust haft þessar sögu í huga þegar hann segir frá dauða uppáhaldsbróður síns, Manna, í bókinni *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* en sú mynd sem þar er dregin upp af bróðurnum minnir á hið heilaga barn.

Í kaþólskum sagnaheimi úir og grúir af helgisögum um börn sem gáfu sig guði á vald og máttu þola miklar kvalir á sinni stuttu lífsleið. Bókmenntafólki þóttu tilfinningasamar sögur um barnadýrtinga eins og Guido þó ekki merkilegar og Gunnar

⁴³³ Pinsent, „British Catholic Children’s Fiction between Vatican I and Vatican II,“ 151.

⁴³⁴ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 329.

F. Guðmundsson segir frá því að Jón Sveinsson hafi fengið að heyra að sagan um Guido hefði skaðað orðspor hans sem rithöfundar – hún væri ekki annað en væmin frönsk helgisaga.⁴³⁵ Jón Sveinsson skrifar sig þar inn í þekkta kaþólska hefð þar sem fjallað er um dauðann sem óumflýjanlegan og alls ekki neikvæðan. Iðrist dauðvona einstaklingur áður en hann deyr, taki á móti heilögum sakramentum og láti skírast sé sála hans hólpin og hann muni hitta skapara sinn þegar jarðvistinni lýkur. Þess má líka geta að það að deyja fyrir aldur fram og komast hreinn og óflekkaður í „hóp hinna heilögu á himnum“ þótti jafnvel enn betra og til vitnis um óvenju mikinn þroska.⁴³⁶ Þannig er dauðinn færður í jákvæðan búning og þótt erfitt sé að gera hann eftirsóknarverðan fyrir börn er lesendum gert morgunljóst að heilagur dauði sé mun eftirsóknarverðari en það að deyja óskírður eða utan hinnar kaþólsku kirkju.

Í *Sólskinsdögum* er að finna sögu um heilagan dauða þar sem jafnframt er lögð áhersla á kaþólska þemað að lifa göfugu og stuttu lífi frekar en löngu og syndugu. Sagan ber heitið „Júlli og Dúfa“. Boðskapur sögunnar kemur ljóst fram, sögumaður segir hann beinum orðum: „Eitt var það, sem hann reyndi stöðugt að innræta okkur. Það var það, að við skyldum meta meira stutta ævi með sóma en langt líf við skömm.“⁴³⁷ Júlli sauðamaður er besti vinur barnanna á Espihóli, þar sem sagan gerist, og í raun allra á bænum. Honum er afar fallega lýst:

Hann var af góðum ættum kominn, og okkur þótti óvenjulega vænt um hann. Hann var svo góður við okkur og kátur og skemmtilegur.

Stór og sterkur var hann, fríður og sviphreinn, ljóshærður og bláeygur.

Öllum á bænum var vel við hann. Hann var alltaf svo alúðlegur, iðinn og greiðvikinn, og hjálpaði öllum, sem hann gat.

Hann var líka vel hagamæltur.⁴³⁸

Auk þessa hafði hann „eitthvað hreint og háleitt við sig, sem vann hug og hjörtu allra“ og sem barn að aldri skildi Nonni að hugarfar hans var „hreint og fagurt“, enda var hann „eftirlætisgoð“ allra barnanna.⁴³⁹ Júlli er eins nálægt því að vera heilagur maður og lútherskur, íslenskur sveitapiltur getur verið.

Það kemur snemma í ljós af orðum sögumanns að Júlli er feigur. Það brestur á stórhrið og blindbylur. Féð er á beit en veðrið svo vont að húsbóndinn hættir ekki á að

⁴³⁵ Sama rit, nmgr. 63, 485.

⁴³⁶ Sama rit, 329.

⁴³⁷ Jón Sveinsson, *Sólskinsdagar*, 22.

⁴³⁸ Sama rit, 20–21.

⁴³⁹ Sama rit, 22.

senda menn út að freista þess að bjarga því. Júlli lætur þó ekki segjast og hleypur út með tvo stærstu hundana þrátt fyrir bænir barnanna og fullorðna fólksins í bænum. Allir eru vissir um að Júlli sé feigur og það er hann líka. Þegar veðri slotar fara menn út að leita að honum og fénu en hann finnst ekki auk þess sem uppáhaldskind barnanna, Dúfu, vantar. Lík Júlla finnst loks með vorinu. Hann hafði fallið í djúpa og þrönga klettaskoru:

Þar hefur hann svo legið og beðið dauða síns, en sjálfsagt hefur sú bið ekki verið löng.

Nú hafði hann þá fengið ósk sína uppfyllta: heldur stutt líf með sóma en langt líf við skömm.⁴⁴⁰

Júlli hefur fórnað lífi sínu til að bjarga litla lambinu úr náköldu fannferginu. Hann er góði hirðirinn sem leggur lífið í sölnar fyrir sauði sína. Ævi hann var stutt en heiðvirð og stolt og hann er börnunum á Espihóli fögur fyrirmynd.

Önnur persóna Nonnabókanna öðlast þó enn meiri helgi en Júlli. Það er Manni litli bróðir Nonna, en sagan af dauða hans á sér raunverulega fyrirmynd og er enginn tilbúningur. Ármann Sveinsson lést úr berklum aðeins 24 ára gamall á prestaheimili jesúíta í Louvain í Belgíu. Hann var þá að búa sig undir að verða prestur og trúboði en varð hvorugt. Jón Sveinsson náði sér aldrei að fullu eftir lát bróður síns og það hefur eflaust verið honum huggun að ímynda sér bróðurinn sem sérstakt og útvalið barn guðs.

Í sögunni „Nonni og Manni fara á sjó“ lýsir hann Manna sem hinu útvalda og heilaga barni. Bræðurnir fara út að sigla, damla á bátnum sínum, gleyma sér við flautuleik og taka því ekki eftir þokubakka sem leggst yfir hafið né því þegar útfallið rífur bátinn með sér og þeytir honum langt út á sjó þar sem bræðurnir sjá ekki til lands. Hrollkaldir biðja þeir bænirnar sínar og leggjast svo til svefns. Þeir ranka við sér þegar báturinn er kominn inn í miðja hvalþvögu. Nonni áttar sig á því að þeir eru í bráðri lífshættu og rær af lífs og sálar kröftum uns þeir eru lausir við hvalina en þá tekur ekki betra við: Báturinn hriplekur og neglan er týnd. Dauðhræddir, holdvotir, kúguppgefnir og við það að líða út af leita bræðurnir á náðir bænarinna í von um huggun. Þeir minnst sagnanna sem móðir þeirra hafði sagt þeim af hinum mikla trúboða Franz Xavier og Manni fær hugljómun:

⁴⁴⁰ Sama rit, 59.

„Nú skal ég segja þér nokkuð, Nonni! Eigum við ekki að vinna guði það heit, að helga honum alla krafta okkar, þegar við erum orðnir stórir, og reyna að snúa heiðingjum til kristinnar trúar, eins og Franz Xavier gerði?“⁴⁴¹

Nonna finnst þetta stórkostlegt og saman heita þeir því að helga sig guði og trúboði í löndum heiðingja. Stuttu seinna er þeim bjargað um borð í franska skipið La Pandore. Þegar heim er komið veltir Nonni því fyrir sér hvernig þeir eigi að fara að því að vinna heit sitt. „Við getum ekki orðið kaþólskir,“ segir hann, „og því síður getum við komist í Jesúfélagið [Jesúítafélagið] ...“ Manni veit svarið við þessu: „Frelsarinn hjálpar okkur til þess.“⁴⁴² Þessa ljúfsáru frásögn þar sem ofið er saman staðreyndum, dagbókarfærslum föðurins og draumórum gerir Jón Sveinsson að „stund sannleikans“ og órofa heiti um líf á vegum trúarinnar um leið og hann býr til spennandi ævintýri.

Um tíma leit út fyrir að heitið yrði að veruleika en það er óneitanlega metnaðarfullt af Jóni Sveinssyni að líkja þeim bræðrum við heilagan Franz Xavier (1506–1552). Árið 1534 var Jesúítafélagið stofnað að undirlagi Ignatiusar Loyola (f. 1491). Einn af þeim sex sem gerðu með honum það hátíðlega heit að lifa í skírlífi og fátækt og gerast trúboðar var Baskinn frækni Franz Xavier sem síðar varð fyrsti trúboði jesúíta í Asíu. Árið 1622 var hann tekinn í tölu dýrlinga og er heitið á hann til trúboðsstarfa auk þess sem beðið er til hans bæði þegar veikindi og plágur steðja að og á dánarstundu.⁴⁴³

Tveimur árum eftir sjávarháskann er Manni enn heima á Íslandi en Nonni kominn til náms í Amiens í Frakklandi. Þá er hann minntur á það þegar þeir bræður voru nær drukknadír og loforðið sem þeir þá gáfu. Heimavistarstjórinn, Pére Barbelin, segir honum frá starfsemi sérstakrar deildar innan skólans sem aðeins úrvalsnemendur komast í:

„Þeir hafa í huga“, sagði Pére Barbelin, „að ganga í þjónustu kirkjunnar að námi loknu og vinna að útbreiðslu guðsríkis á jörðunni. Þess vegna verða þeir að kosta kapps um að vera fyrirmyndarlærisveinar og stunda námið vel og kostgæfilega.“⁴⁴⁴

Nonni segir heimavistarstjóranum þá frá heiti þeirra bræðra og biður um að fá að komast í þessa fyrirmyndarskóladeild, École Apostolique. Hann sannfærir Barbelin um að honum sé alvara og kveðst trúa því að guð hafi leitt sig til Amiens til þess að komast

⁴⁴¹ Jón Sveinsson, *Nonni og Manni*, 53. Textinn er örlítið öðruvísi í þriðju útgáfu íslensku þýðingarinnar en inntakið er hið sama (bls. 49 í þeirri útgáfu).

⁴⁴² Sama rit, 88.

⁴⁴³ Worcester, „Introduction,“ 6–7; Üçerler, „The Jesuit Enterprise in Sixteenth- and Seventeenth-Century Japan,“ 153–157.

⁴⁴⁴ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 121.

í þennan sérstaka skóla. Barbelin samþykkir að taka Nonna inn til reynslu og „þar með var þetta afgert mál“.⁴⁴⁵

Samkvæmt frásögn Nonna er það því ætlan guðs að þeir bræður verði trúboðar í anda sjálfs Franz Xavier. En margt fer öðruvísi en ætlað er. Alveg eins og Júlí lifir Manni stuttu lífi með sóma í stað þess að lífa löngu lífi í skömm. Hann varð aldrei trúboði en í Nonnabókunum verður hann lesendum sínum fyrirmynd og hvatning til að lifa samkvæmt boðskap kaþólsku kirkjunnar, taka kaþólska trú, lifa stutt en vel í samræmi við boðskap kaþólsku kirkjunnar og deyja heilögum dauða.

Tengdar sögum um heilagan dauða, sögum um sáran missi og það að gera hið besta úr slæmum aðstæðum eru svokallaðar munaðarleysingjasögur. Dagný Kristjánsdóttir ræðir þær í umfjöllun sinni um sögur Sigurbjarnar Sveinssonar og bendir á að munaðarleysinginn sé enn þann dag í dag afar vinsælt bókmenntaminni. Sögurnar um Harry Potter eru prýðilegt dæmi um það. Dagný vitnar í grein Melanie A. Kimball, „From Folktales to Fiction“ (Frá þjóðsögum til skáldskapar, 1999) þar sem bent er á fjögur megineinkenni í lýsingum á munaðarleysingjum í bókmenntum. Í fyrsta lagi er munaðarleysinginn í þeirri stöðu að vera ávallt útskúfað að einhverju leyti, ávallt „hinn“. Í öðru lagi minna munaðarleysingjarnir augljóslega á óttann við að vera yfirgefinn. Í þriðja lagi er það einstæðingsskapurinn, það að tilheyra engum, sem helst mótar munaðarleysingjann, einkennir hann og getur verið öðrum víti til varnaðar. Í fjórða lagi nýtur munaðarleysinginn hvors tveggja í senn, aðdáunar og meðaumkunar. Hann tilheyrir engum og enginn honum, er þess vegna frjáls og engum bundinn, með örlögin í eigin hendi.⁴⁴⁶

Nonni er augljóst dæmi um munaðarleysingja. Faðir hans er dáinn og móður sína býst hann ekki við að sjá aftur í þessu lífi. Hann hefur yfirgefið allt og alla sem hann þekkir og örvæntir nokkrum sinnum vegna þessa í Nonnabókunum, þótt hann sé ávallt fljótur að jafna sig. Kimball ræðir sérstaklega muninn á hetjusögum og munaðarleysingjum og bendir á að sigurlaun munaðarleysingjans eru yfirleitt ekki mælanleg með sama hætti og verðlaun hetjunnar, enda eru verðlaun munaðarleysingjans fyrst og fremst þau að eignast heimili og fjölskyldu, að tilheyra einhverri manneskju og einhverjum stað. Nonnabækurnar hafa ótal einkenni

⁴⁴⁵ Sama rit, 124.

⁴⁴⁶ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 187–188.

hetjusögunnar en fyrirlestrar Jóns Sveinssonar höfðu sterkari einkenni munaðarleysingjasagna.⁴⁴⁷

Munaðarleysingjasögur nutu og njóta enn mikillar hylli en frá miðri 19. öld og fram til heimsstyrjaldarinnar síðari var trúboð ekki síður vinsælt viðfangsefni í barnabókmenntum, en trúboðasögur fjalla um trúboða sem ferðast til fjarlæggra og oft hættulegra staða til að boða kristna trú. Sögurnar eru nátengdar nýlendum og angi nýlendusagna sem höfðingjapjódírnar segja. Þær fjalla fyrst og fremst um trúskipti og píslarvætti og það þegar heiðingjar láta skírast til sannrar trúar. Sagnfræðilegum staðreyndum er svo skotið inn hér og þar til að fræða lesendur.⁴⁴⁸

Trúboðssögur tóku dágott pláss í tímaritunum *Zonnenland* (Sumarlandið) og *Die katholischen Missionen* (Kafólsku trúboðin). Síðar voru þessar sömu sögur teknar saman og birtar í bókaflokknum *Uit Verre Landen* (Frá framandi löndum). Þetta voru spennandi og framandi sögur sem voru auk þess „sannar“, þ.e. byggðar á sagnfræðilegum staðreyndum og ævisögum trúboða, og því örðugt fyrir mótmælendur að halda því fram að atburðirnir sem sagt var frá væru varhugaverður skáldskapur.⁴⁴⁹ Jón Sveinsson lýsir sjálfum sér sem trúboða í bókinni *Nonni segir frá*⁴⁵⁰ en afbrigði af trúboðssögu er að finna í *Borginni við Sundið*, stuttu eftir að hann stígur af skipsfjöl í Kaupmannahöfn.

Drengurinn Karl, stór og kraftalegur beljaki, er óheiðarlegur, ofbeldishneigður og níðist á minni máttar til að upphafa sjálfan sig. Slíkt þolir Nonni ekki að sjá og þar sem Karl lætur kreppta hnefana dynja á sér yngri og kraftminni dreng minnst Nonni þess að móðir hans hafði sagt að hann ætti ávallt að taka málstað þeirra sem minni máttar væru og beittir órétti. Nonni og Karl fljúgast á en svo fer að lokum að Karl sér að sér, biðst fyrirgefningar og tekur upp nýja og betri siði.⁴⁵¹ Búðarþjófurinn og munaðarleysinginn Emil fær líka yfirhalingu hjá Nonna og lofar að hætta að stela. Hann blygðast sín þegar hann þarf að gera hreint fyrir sínum dyrum en Nonni hughreystir hann: „Nú hefurðu bætt fyrir brotið. Nú ertu ekki þjófur framar og þarft ekki að óttast, að illa fari fyrir þér.“⁴⁵² Áður en þeir kveðjast les Nonni upp fyrir Emil áminningar móður sinnar, frá upphafi til enda.

⁴⁴⁷ Ítarlegri umfjöllun er í 5.2, Karlmannlegar hetjur, og 5.3, Kafólsk hetja, og loks 6.2, Hinn hæfi Nonni.

⁴⁴⁸ Dujardin, „The Missionary Novel,“ 274.

⁴⁴⁹ Sama rit, 274.

⁴⁵⁰ Nánari umfjöllun er í 5.3.3, Trúboðinn á Sjálandi.

⁴⁵¹ Lesa má um þetta í *Borginni við Sundið*, einkum kaflana „Óvænt tilviljun“, „Í Marmarakirkjunni – Árásin“ og „Hólmangan – Óvænt leiklok“.

⁴⁵² Jón Sveinsson, *Borgin við Sundið*, 157.

Enn eitt tilbrigði við trúboðssögur, þar sem er að finna kristið fordæmi fyrir „villimennina“, má lesa í bókinni *Ævintýri úr Eyjum*. Nonni og Valdemar hafa þar slegist í för með töturum sem ferðast og halda sýningar – en lögreglan sakar tatarana um að hafa stolið piltunum. Ljóst er að Nonni vill trú á hið góða og fær kærana fellda niður. Allir verða þakklátir og glaðir yfir göfuglyndi hans.

Trúarlegur áróður er eitt helsta einkenni trúboðssagna, ævintýrafléttan var vissulega til staðar og afþreyingargildi jókst með hverju ári.⁴⁵³ Vinsældir sagnanna byggðust á því að þær vógu salt milli afþreyingar og áróðurs og þessi þversögn einkenndi lengi bókmenntagreinina. Á fjórða áratug liðinnar aldar dvínuðu vinsældir trúboðssagna hins vegar ansi hratt og í kynningarbaklingum Averbode voru þær til dæmis ekki lengur kynntar sem trúboðssögur, öllu heldur sem verðlaunabækur og kennsluefni. Þetta gerðu útgefendur til að reyna að blása lífi í bókmenntagreinina. Á fimmta áratugnum fengu sögurnar því andlitslyftingu: Nýtt útlit og nýtt vörumerki og þar með ný markaðstækifæri, en það varð sífellt erfiðara að fanga athygli nýrra lesenda og árið 1958 tók forlagið Averbode þá ákvörðun að hætta að gefa út trúboðssögur.⁴⁵⁴

4.2.4 Þögult samþykki

Þriðja leiðin sem höfundur getur farið til að koma trúarboðskap sínum á framfæri samkvæmt Sutherland er að gefa þögult samþykki í textanum. Lesendur verða sjaldnast varir við áróður í verkum þar sem þessari hugmyndafræði er beitt.⁴⁵⁵ Ekki er talað fyrir hugmyndum, skoðunum eða gjörðum heldur er ríkjandi hugmyndafræði einfaldlega staðfest, samfélagsgerð og orðræða eru þar „náttúruleg“ og sjálfsgöð. Munurinn á aðferð samþykkis og stuðnings er einkum sá að aðferð samþykkis er hljóðlátari enda ekkert gagnrýnið sjónarhorn.

Smám saman áttuðu kaþólskir útgefendur, ritstjórar og höfundar sig á því að það væri árangursríkara að bera trúarboðskapinn fram í skemmtilegum umbúðum og þeir fóru að skrifa kaþólskar barnabækur sem féllu í flokk skólasagna, ævintýrasagna, kúrekasagna, ferðasagna og svo mætti áfram telja og söguhetjurnar lentu þar í margvíslegum ævintýrum. Eftir því sem leið á 20. öld bar æ minna á hugmyndafræði stuðnings og árásar í kaþólskum barnabókum. Margir settu sig upp á móti því að börn læsu augljósan kaþólskan áróður og hið þögla samþykki tók við.

⁴⁵³ Dujardin, „The Missionary Novel,“ 278.

⁴⁵⁴ Sama rit, 280.

⁴⁵⁵ Sutherland, „Hidden Persuaders,“ 7–8.

Hið þögla samþykki virðist vera yfirskipuð aðferð Jóns Sveinssonar við að innleiða hugmyndafræði kaþólskrar trúar og sýna lesendum sínum jafnframt fram á að kaþólska trú þarf ekki að óttast enda sé um að ræða kristna trú og kristið siðgæði sem langflestir geti sammælt um. Ávallt þegar Nonni litli er í vanda eða þarf að taka erfiða ákvörðun minnst hann áminninga móður sinnar, elsku hennar og trúar, eins og áður hefur verið lýst. Hér má sem dæmi nefna trúarlega dæmisögu úr *Sólskinsdögum* þar sem mamma kemur til hjálpar og leiðir Nonna og hin börnin á rétta braut. Þar er sagt frá litlu lambi sem Nonni og leikfélagar hans dást að. Þau horfa á lambið leika sér og leita svo til móður sinnar að næringu og hlýju. Nonni og vinir hans horfa á lambið góða stund og Nonni fyllist „einhverjum annarlegum unaði og sælu“ þegar hann hugsar um það.⁴⁵⁶

Lambið er saklaust, hrekklaust og fallett og í kristinni trú er það tákn Jesú, fórnardýrið sem tekur á sig synd, firringu og sekt mannsins. Páskalambið er þannig hið augljósa tákn Jesú Krists. Litla lambsins í sögu Jóns Sveinssonar bíða svipuð örlög. Eftir skemmtilega ferð upp fjallið halda börnin heim á leið og svipast um eftir lambinu. Þau koma auga á það þar sem það stendur og skelfur frá hvirfli til ilja. Stór hrafn sveimar yfir því, ræðst á það og heggur „hvössu nefinu beint í annað augað á því“. Skelfingu lostin og full viðbjóðs hlaupa þau í burtu og Nonni veltir fyrir sér hvernig guð geti látið þetta viðgangast:

Blessað litla lambið. Skelfing hlaut það að sviða í augun. En þetta var óréttlæti. Og þó sagði mamma, að guð væri góður. Af hverju hjálpaði hann þá ekki lambinu?⁴⁵⁷

Mamma gefur svör við þessu öllu. Hún skýrir fyrir börnunum vilja og tilgang guðs og hvernig allt er gert samkvæmt hans fyrirætlan, bæði dauði lambsins og einkasonar hans sjálfs. Í „Litla lambinu“ er það Nonni sem spyr spurninga og leitar ráða, enda móðirin, „mentor“ hans, enn til staðar til að leiða hann. Ráð móðurinnar eru byggð á ástinni til guðs og hún er einn helsti boðberi kristinnar trúar í Nonnabókunum og augljóst af því sem hún segir, ráðum hennar og siðferði að óþarfi er að setja sig upp á móti kaþólsku fólki enda er trú þess hin sama og þeirra sem eru lútherstrúar; öll erum við kristin.⁴⁵⁸

⁴⁵⁶ Jón Sveinsson, *Sólskinsdagur*, 92.

⁴⁵⁷ Sama rit, 97.

⁴⁵⁸ Ítarlegri umfjöllun um hlutverk móðurinnar er í 4.4.1, Þrjú stig trúskipta.

4.3 Persónur í kaþólskum anda

Lengi vel var það skýrt samevrópskt þema í barnabókum að bjóða ungum lesendum upp á fyrirmyndir í hegðun og framkomu. Þessum fyrirmyndum áttu börnin að líkja eftir og lesturinn gat þannig nýst þeim við að verða að góðum og gildum samfélagsþegnum. Michelle Ann May segir að öll frönsk börn hafi átt að vera hlýðin, undirgefin, kurteis, dugleg, lærdómsfús, blíð og væn svo fátt eitt sé nefnt. Í kaþólsku bókunum bættist auk þess við krafan um hina sönnu trú.⁴⁵⁹ Þótt aðalpersónur barnabóka eigi að vera lesendum fyrirmyndir þurfa þær ekki allar að vera steypar í sama mót og þetta á einnig við um persónur kaþólskra barnabóka sem hafa ýmsa eiginleika auk þess sem margar breytast og þroskast í rás sögunnar.⁴⁶⁰

Sophie Heywood flokkar persónur í bókum Madame de Ségur í þrjár mismunandi gerðir og kallar þær „aðalsbörn“, „dýrlinga“ og „villinga“ (e. *nobles, saints, delinquents*). Sú flokkun hentar vel til að fjalla um persónur Nonnabókanna.⁴⁶¹ Vissulega koma fyrir fjölmargar persónur í Nonnabókunum sem eru mótmælendatrúar og sjálf aðalpersónan er lúthersk í öllum þeim sögum sem gerast á Íslandi auk þess sem allir Íslendingarnir sem fyrir koma eru mótmælendatrúar. Í brjósti persónu getur þó slegið „kaþólskt hjarta“ þótt ekki sé hún kaþólskrar trúar og því eru persónurnar sjálfar, hegðun þeirra og gjörðir, metnar eftir kaþólskri hugmyndafræði.

4.3.1 Aðalsbörn

Eins og áður hefur verið lýst voru flestir höfundar kaþólskra barnabókmennta úr efri stéttum þjóðfélagsins, stundum aðalsfólk og oftast en ekki af klerkastétt. Það kemur því ekki á óvart að í bókunum sé lögð áhersla á stéttarvitund og borin virðing fyrir valdastéttum. Eðlilegt er því að Madame de Ségur, sem tilheyrði efri lögum fransks samfélags, skuli í upphafi rithöfundarferils síns hafa einbeitt sér að persónum með blátt blóð í æðum. Þetta var það sem ætlast var til að skrifað væri um og þetta voru börnin sem hún þekkti best sjálf.⁴⁶²

⁴⁵⁹ May, *The Republic and its Children*, 4, 40.

⁴⁶⁰ Brown, *A Critical History of French Children's Literature: Volume Two*, 42–43.

⁴⁶¹ Sjá kaflann „Nobles, Saints, and Delinquents: Constructions of Childhood in the Collected Works of Madame de Ségur“ í bók Sophie Heywood, *Catholicism and Children's Literature in France*.

⁴⁶² Heywood, *Catholicism and Children's Literature in France*, 59–64.

Samkvæmt því sem Silja Aðalsteinsdóttir segir var Jón Sveinsson mjög hlynntur efri stéttum og aðalsfólki álfunnar. Silja horfir á bækurnar gagnrýnum augum og segir að hugmyndafræði þeirra sé „furðu óskyld“ hugmyndum íslenskra höfunda 19. aldar.⁴⁶³ Það er varla við öðru að búast þar sem bækurnar voru skrifaðar inn í orðræðu barnabóka á meginlandi Evrópu og kaþólskra barnabóka sem áttu sér langa sögu öfugt við hugmyndaheim íslenskra samtímabókmennta sem höfundur þekkti lítið. Silja bendir jafnframt á að það sé kaþólska kirkjan sem fyrst og fremst móti hugsunarhátt hans þegar hún segir: „Fyrir kaþólskum er valdaprímíðinn einfaldur: efstur er aðall og kirkja, andlegir og veraldlegir fulltrúar guðlegs vald í mannheimi, svo koma borgarar og neðst er alþýða manna. Yfir og allt um kring er guð sjálfur.“⁴⁶⁴ Silja segir þetta „höfðingjadedur“ einna helst skilja Nonnabækurnar frá íslenskum barnabókum en bendir jafnframt á að slíkt hafi verið einkenni evrópskra afþreyingarbóka og að tvennt skýri það, annars vegar að Nonni telji sig tilheyra aðlinum eða efri stéttum vegna þess að hann sé styrktur til náms af aðalsmanni og síðan fyrir áhrif kaþólskra hugmynda og jafnvel þýskrar nýrómantíkur og heimspekinga.⁴⁶⁵ Stéttarvitund Nonnabókanna og virðing fyrir aðlinum er hins vegar eitt af einkennum kaþólskra barnabókmennta, eins og rætt hefur verið hér að framan, og flóknara mál.

Nonni litli ber virðingu fyrir þeim sem eldri eru og efnaðri en hann sjálfur og einnig þeim sem eru ættgöfugir og tilheyra efri stéttum samfélagsins. Í bókinni *Ævintýri úr Eyjum* hittir Nonni til að mynda tignustu persónu bókanna og það er mikið ævintýri. Á leiðinni til Hróarskeldu ganga Nonni og Valdemar vinur hans fram hjá litlu snotru húsi sem stóð „inni í miðjum blómagarði, og var óvenju fallett að líta þangað heim“.⁴⁶⁶ Rúðurnar gljá eins og spegill, það eru blóm í glugga og drengirnir efast ekki um að þar búi hefðarfólk! Tíguleg ung kona, ólík öllu bændafólki, kemur til dyra. Hún horfir blíðlega á drengina, býður þeim inn að drekka og sýnir þeim mikinn áhuga og vinsemd. Innan dyra er allt hreint, fallett og skrautlegt og sóðalegir strákar, sem höfðu verið nóttinni í heystakk, vita ekki hvað þeir eiga af sér að gera. Tígulega konan býður drengjunum geitamjólk og lætur þau orð fylgja að slíkt drekki „börn af bestu ættum“ á hverjum degi.⁴⁶⁷ Drengjunum þykir mjólkinn ekki góð en ekki nándar nærri eins vond þegar þeir komast að því hvað þetta er fínn drykkur. Sterklega er gefið til kynna að

⁴⁶³ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 114.

⁴⁶⁴ Sama rit, 114.

⁴⁶⁵ Sama rit, 116–117.

⁴⁶⁶ Jón Sveinsson, *Ævintýri úr Eyjum*, 102.

⁴⁶⁷ Sama rit, 108.

konan sé hið minnsta kóngsdóttir og víst er að tignari manneskju hittir Nonni ekki í öllum sínum ævintýrum.

Nonni sýnir höfðingjum og fyrirmönnum kurteisi og virðingu og hið sama er að segja um menn úr klerkastétt. Það er ávallt nefnt ef menn eru af góðum ættum og góðir eiginleikar þeirra virðast nátengdir góðum efnum. Þannig er til að mynda vinur hans Baldur, í sögunni „Jólaheimsókn á Skipalóni“, sagður eiga efnaða og vel virta foreldra. Baldur er fyrirtak annarra pilta, kátur, fjörugur, lítillátur og skynsamur svo að fáeinir kostir þessa afbragðsdrengs séu nefndir.⁴⁶⁸ Ávallt kemur aðalsfólkið vel fram við Nonna og er þetta ef til vill leið sögumanns til sannfæra lesendur um að Nonni sé í raun jafningi þeirra og eigi heima þeim við hlið. Þetta er í samræmi við það sem Silja Aðalsteinsdóttir segir og leiðir hugann jafnframt að umræðunni um hinn göfuga villimann.⁴⁶⁹

Prestar njóta mikillar virðingar í Nonnabókunum, hvort sem þeir eru mótmælendatrúar eða kaþólskir. Hinn aldri séra Magnús er kynntur til sögunnar bæði í *Nonna* og *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*. Honum er lýst sem vini fjölskyldunnar og sagður vitur, lærður, góður og guðhræddur maður. Hann hefur líka mikil áhrif á framtíð Nonna og er ákaflega jákvæður í garð kaþólskra manna eins og áður hefur verið rætt. Þegar Nonni kemur til Kaupmannahafnar býr hann um hríð hjá kaþólska prefektinum Grüder og fjallað er um hann af mikilli virðingu svo og aðra kaþólska menn sem Nonni hittir í Danmörku. Þar kynnist hann líka sjálfum Gísla Brynjúlfssyni, sem ekki er aðeins lærður og merkilegur maður og kallaður prófessor í Nonnabókunum, heldur hefur hann sér það til ágætis að vera jákvæður í garð kaþólskra og kaþólskrar trúar. Eins og önnur mikilmenni tekur hann Nonna ljúflega og talar við hann eins og fullorðinn mann.⁴⁷⁰

Um engan er þó talað af jafn mikilli virðingu og sjálfan greifann – hinn tigna, franska greifa í borginni Avignon sem jafnframt er „guðhræddur, góður maður“ sem „þekkir Ísland, sögu þess og bókmenntir og hefur mikinn áhuga fyrir því og ann íslensku þjóðinni“.⁴⁷¹ Þetta er maðurinn sem samkvæmt Nonnabókunum býður Nonna að koma til Frakklands þar sem hann ætlar að sjá um hann sem sinn eigin son. Margt

⁴⁶⁸ Jón Sveinsson, *Á Skipalóni*, 12–13.

⁴⁶⁹ Sjá 3.3, *Draumur um land, þjóð – og sjálf*.

⁴⁷⁰ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 90–102.

⁴⁷¹ Sama rit, 24.

fer þó öðruvísi en ætlað er og samskipti Nonna við greifann verða ekki eins og hann óskar sér.⁴⁷²

Nonni litli lítur ekki aðeins upp til fullorðins aðalsfólks heldur einnig barna af þeirri stétt. Í *Á Skipalóni* hendir hann það lán að fá að snæða með börnum ríks dansks kaupmanns. Hann horfir á þau af mikilli lotningu og spyr móður sína hvort öll dönsk börn séu svona skemmtileg. Mömmu finnst það líklegt en tekur fram að þetta séu stórborgarbörn og af góðum ættum.⁴⁷³ Öll börn af aðalsættum sem fyrir koma í Nonnabókunum eru falleg, góð, stillt og vönduð. Þau eru afbragð annarra barna og minna þannig á gallalaus aðalsbörn Madame de Ségur. Það er þó eitt sem Íslendingurinn hefur fram yfir sér ættgöfugri börn – frelsið, ævintýraþrána og dirfskuna. Um þetta hugsar Nonni í *Borginni við Sundið* þar sem hann virðir fyrir sér leiksysstkin sín sem mega ekki fara út fyrir húsagarðinn. Þau vantar kraft, dirfsku og karlmennsku. Nonni er handviss um að þau myndu ekki þola erfiða reið um fjöll og firnindi og þaðan af síður blindbyl og stórviðri. „Til þess voru þau ekki nógu stælt,“ segir sögumaður.⁴⁷⁴ Í þessum orðum felst talsverð sjálfupphafning Nonna en um leið eru þetta varnarviðbrögð munaðarleysingja sem á ekkert og engan að. Hann hefur engan til að banna sér að fara út fyrir garðinn.

4.3.2 Dýrlingarnir – Hin algóðu börn

Gagnrýnendur bentu á að Madame de Ségur þyrfti að gera ráð fyrir börnum af lægri stéttum, bæði sem persónum og lesendum. Til að mæta þeirri gagnrýni að hún fjallaði lítt um alþýðubörn gerði höfundurinn nokkur slík að persónum í bókum sínum. Þau eru algóð börn, næstum lifandi píslarvottar sem alla jafna þurfa að þola miklar þjáningar. Þrátt fyrir sult og seyru efast börnin aldrei í trú sinni og sigrast á erfiðleikunum að lokum. Þetta þýddi þó alls ekki að börn lægri stéttar yrðu þar með að hástéttarbörnum, miklu frekar að þau lifðu sem þjónar velgjörðarmannsins.⁴⁷⁵

Barnadýrlingar og píslarvottar af þessum toga endurspeglu jafnframt þjóðfélagsbreytingar: Börn af lægri stéttum sóttu í auknum mæli skóla, lásu meira og keyptu jafnvel bækur sjálf og þess vegna þurftu þau lesefni „við hæfi“. Hin algóðu og saklausu börn sýndu einnig að mynd barnsins hafði breyst: Erfðasyndarbarnið hafði

⁴⁷² Fjallað er um greifann í 5.3.2, Nonni í Frakklandi.

⁴⁷³ Jón Sveinsson, *Á Skipalóni*, 187–188.

⁴⁷⁴ Jón Sveinsson, *Borgin við Sundið*, 111–112.

⁴⁷⁵ Heywood, *Catholicism and Children's Literature in France*, 66–73.

vikið fyrir hinu syndlausa barni sem er guði þóknanlegt, „verðugt“ þó fátækt sé (e. *the deserving poor*). Gott dæmi um slíkt barn er Manni, bróðir Nonna. Annað barn af þessum toga er Óli, litli hásetinn á Valdemar frá Rönne, sem Nonni vingast við stuttu eftir að skipið tekur land við Akureyri. Nonni er að sjálfsögðu með allan hugann við aðskilnaðinn við móður sína en gefur sér þó rými til að finna til með Óla sem nú þegar hefur orðið að skilja við sína eigin móður. Þegar hann horfir á Óla gleymir hann satt að segja eigin raunum:

Aumingja drengurinn! Hann var svo góðlegur, en fátæklega til fara og svartur af sóti og óhreinindum. Léreftstreyjan hans var nauðslitin. Hún hafði verið blá í upphafi en nú var hún orðin svartari en andlit hans og hendur.

Þó að ég hefði nóg með að hugsa um sjálfan mig og mínar eigin raunir, þá gat ég ekki að því gert, að ég sárvorkenndi þessum litla samferðarmanni mínum.⁴⁷⁶

Þegar Nonni spyr Óla um móður hans hrynur tár niður vanga og Nonni tekur eftir hvað þau eru hrein og tær, „eins og hjartað, sem áreiðanlega var eins saklaust og hreint og hann var sótugur og óhrein sjálfur að ytra útliti“.⁴⁷⁷ Nonni einsetur sér að vera Óla ávallt innan handar og móðir hans hvetur hann til þess.⁴⁷⁸

Nonni og Óli eru mikið saman meðan á siglingunni stendur en þegar Nonni svo kveður félagá sinn við höfnina í Kaupmannahöfn tekur Valdimar litli við hlutverki hins algóða og saklausa barns sem Nonni vingast við og heldur verndarhendi yfir samkvæmt áminningum móður sinnar.

Í Nonnabókunum bregður líka fyrir algóðum börnum, dýrlingum sem ekkert hafa gert til að verðskulda sinn illa aðbúnað og eru því „verðugir fátæklingar“. Þetta á til að mynda við um litlu fátæku og hungruðu stúlkuna sem birtist á síðum *Borgarinnar við sundið* og fær snúð hins iðrandi Emils og slík sögubrot minna mjög á Matteusarguðspjall (25.37) þar sem segir: „Sannlega segi ég yður: Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér.“ En þau eru fleiri saklausu börnin sem Nonni tekur undir sinn verndarvæng.

4.3.3 Villingarnir

Á síðasta hluta rithöfundarferils síns kynnti Madame de Ségur til sögunnar „villingana“. Þetta voru börn af lægri stéttum sem ekki var hægt að bjarga, öfugt við persónur fyrri

⁴⁷⁶ Jón Sveinsson, *Nonni*, 84–85.

⁴⁷⁷ Sama rit, 85.

⁴⁷⁸ Sama rit, 87.

bóka hennar. Villingarnir sáu ekki að sér og sumir dóu, til að mynda Christian litli í *François le bossu* (Krypplingurinn François, 1864) sem deyr án þess að hafa tekið við heilögu sakramenti.⁴⁷⁹ Hinar breysku persónur voru gjarnan flóknari en aðalsbörnin og dýrlingarnir og bættu nýjum víddum við sögunar, gerðu þær oft dýpri og margþættari en áður og endurspegluðu um leið áhyggjur hins kaþólska höfundar af síminnkandi trúarlegri ástundun í samfélaginu, minni kirkjusókn og aukinni veraldarvæðingu.

Villingar koma víða við sögu í Nonnabókunum. Nonni er varla stigin af skipsfjölni í Kaupmannahöfn þegar hann sér stóran og stæðilegan strák, Karl, lúberja yngri dreng. Síðar í sögunni kemur í ljós að Karl býr við erfiðar aðstæður og er þegar allt kemur til alls ekki vondur drengur heldur fórnarlamb erfiðra aðstæðna og umhverfis. Nonni er í hlutverki hins vísa og þroskaða leiðtoga sem kemur honum til bjargar. Aukapersónur Nonnabókanna, hvort sem um er að ræða vini eða óvini Nonna, eru þannig alla jafna einfaldar persónur og flatar sem ýmist þroskast ekki eða taka stökkbreytingu og sjá að sér. Karl er fyrst „villingur“ en vænsti drengur eftir snögg sinnaskipti. Í bakgrunninum glittir einnig í götudrengi og tötrabörn sem nauðsynleg eru til að undirstrika fullkomleika góðu barnanna. Og þá má heldur ekki gleyma vopnuðum sjómönnum, illúðlegum hásetum og öðrum óþverrapersónum sem fullorðnar eru.

Flóknasta persóna Nonnabókanna er án efa Nonni sjálfur sem er kannski best lýst sem einskonar eðalvillingi. Það er augljóst að Nonni er ekki dýrlingur, enda er hann að mörgu leyti breyskur, á það til að óhlýðnast yfirboðurum sínum, efast og fara eigin leiðir. Væri hann ekki villingur myndi hann ekki lenda í neinum ævintýrum og án ævintýra væru engar Nonnabækur. Og í Danmörku reynir hann að haga sér eins og sannkallað íslenskt náttúrubarn, til dæmis þegar hann mjólkar kýr beint í bikarinn sinn til að fá sér að drekka. Þá er hundum sigað á hann og bændur ráðast að honum með hótunum og óbótaskömmum.⁴⁸⁰

Eins og Silja Aðalsteinsdóttir bendir á er Nonni „góður og vænn drengur en líka hugmyndaþríkur og úrræðagóður“ auk þess sem hann er „sjálfstæður og frjáls“. Allt eru þetta góðir kostir en Silja segir jafnframt að ekki sé unnt að greina neina þróun í persónuleika Nonna, hann sé ávallt eins og breytist ekkert frá fyrstu bók til þeirrar síðustu, enda „fullorðinslegur drengur“ og „einhliða afburðamaður“. Nonni á það reyndar til að bugast og gráta en sorg hans varir aldrei lengi og Silja segir að Nonni sé

⁴⁷⁹ Heywood, *Catholicism and Children's Literature in France*, 73–75.

⁴⁸⁰ Jón Sveinsson, *Ævintýri úr Eyjum*, 56–57.

„einföld persóna eða vill vera það, og stríði ekki við flóknar umþenkingar eða djúpstæðan vanda“.⁴⁸¹

Þetta er að sumu leyti rétt en að öðru leyti rangt, meðal annars af því að viðbrögð Nonna andspænis mótlæti, til dæmis við aðskilnaðinn frá móðurinni, einkennast af sárrí sorg sem hann „harkar af sér“ en kemur að aftur og aftur. Þetta er því að mörgu leyti í senn aðferð sögupersónunnar til að takast á við vanda sinn og lifa af en líka hluti af þeirri bókmenntahefð sem Jón Sveinsson hrærist í. Þau vandamál eða þær áskoranir sem Nonni stendur frammi fyrir eru heldur ekki minni háttar og í bókunum tekst sögumanni prýðilega að flétta saman kaþólsk þemu, spennu- og ævintýrasögu.

4.4 Saga af trúskiptum

Mjög líklegt er að Jón Sveinsson hafi þekkt til trúboðs- og trúskiptasagna, bækur hans bera þess vitni, auk þess sem heilu seríurnar af trúskiptasögum voru gefnar út í Skandinavíu, og raunar Evrópu allri. Einn vinsælasti höfundur slíkra bóka var hinn danski Johannes Jørgensen (1866–1956) sem skrifaði um líf og störf kaþólskra dýrlinga. Í sjálfsævisögu sinni, *Mit Livs Legende* (Helgisaga lífs míns), lýsir Jørgensen trúskiptum sínum sem ferli í nokkrum þrepum þar sem hann fetaði braut milli trúar og efa. Fjölmarginir höfundar nefna verk Jørgensens sem einskonar leiðarvísi að kaþólskri trú.⁴⁸²

Nonnabækurnar eru ekki trúboðssögur í hinum „sanna“ skilningi orðsins þar sem Nonni ferðast ekki til fjarlæggra landa til að skíra og kristna heiðingja. Nonni er í upphafi bókaflokksins heiðingi, fáfróður og það litla sem hann veit um kaþólsku kirkjuna er litað af fordómum. Enginn boðar honum í raun kaþólska trú en hann ákveður sjálfur að læra um trúna. Þannig lítur það að minnsta kosti út á yfirborðinu. Áhugi hans vex eftir því sem hann lærir meira og að hans eigin sögn boðar hann sjálfum sér trú, sannfærist og tekur við nýjum sið. Í kaþólskum bókmenntum fyrir fullorðna, sem segja frá trúskiptum, er það oftast svo að aðalsöguhetjan, eða einhver henni tengdur, ýmist lætur af upprunalegri trú sinni og gerist kaþólskur eða er trúlaus í upphafi sögu og tekur svo upp kaþólska trú. Sál Nonna er borgið um leið og hann tekur kaþólska trú og trúskiptin verða forsenda framtíðar hans í kaþólsku samfélagi meðal jesúíta. Hamingja hans byggðist á því að hann tekur trúna eins og felst í titli bókarinnar *Hvernig Nonni varð*

⁴⁸¹ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 111–112.

⁴⁸² Werner, „Catholic Mission and Conversion in Scandinavia,“ 72.

hamingjusamur. Þetta eru þau skilaboð sem lesendur eiga að tileinka sér. Nonnabækurnar eru þannig saga af trúskiptum og um leið er hið dulda markmið að boða öðrum trúna, einkum börnum.

Trúskipti felast ekki aðeins í því að taka upp nýjan átrúnað. Hver sá sem skiptir um trú afsalar sér einhverju og tekur við öðru þess í stað. Orðið „trúskipti“, á rætur að rekja til latneska orðsins *conversio* og í því felst fullkomin breyting, umsnúningur eða tímamót.⁴⁸³ Frægustu kristnu trúskiptingarnir eru Páll postuli og Ágústínus kirkjufaðir. Allt frá upphafi kristni, eða frá dögum Páls postula, hafa kristnir menn leitast við að sameina fólk frá öllum heimshlutum og þjóðum í trúnni á Jesú Krist. Þá hafa trúboðar reynt að fá fólk til að láta af einni trúarstefnu fyrir aðra. Trúskipti eiga þó ekki aðeins við um trúarbragðaskipti heldur einnig um fylgni við nýja heimspeki eða lífsskoðun.⁴⁸⁴ Þá skiptir einnig miklu máli hvort trúskiptin eru persónuleg ákvörðun eða samfélagsleg og hvort eða hvernig hún hafi aðeins áhrif á einstaklinginn eða einnig aðra í kringum hann.⁴⁸⁵

Patrick Riley, höfundur bókarinnar *Character and Conversion in Autobiography* (Persónur og trúskipti í sjálfsævisögum, 2004) segir trúskiptin, það að sjá ljós sannleikans, vera eina mikilvægustu aðferð sjálfsævisagnahöfundarins til að reyna að hnitmiða, skilja og miðla eigin lífi og að hægt sé að líta á trúskipti sem þann grundvöll sem sjálfsævisaga er byggð á. Riley telur að trúskipti felist ekki aðeins í því að taka upp trúarbrögð heldur felist í orðinu breyting á grundvallarskoðun eða grundvallarstoð í lífi einstaklingsins og talar hann til dæmis um fagurfræðileg, heimspekileg og trúarleg trúskipti. Trúskipti geta þannig komið fram í nokkrum myndum þótt þau séu í grundvallaratriðum kristin; þau eiga sér með öðrum orðum stað þegar syndari afneitar fyrra lífi sínu og tekur upp annað – umbreytist úr einum karakter í annan. Hugtakið sjálft má þannig nota í tengslum við umræðu um óafturkræfa breytingu eða endurfæðingu sem jafnframt skapar bil á milli hinna tveggja sjálfa eða hinna tveggja gerða af sama sjálfi.⁴⁸⁶

Í trúskiptum felst því spenna þar sem skapað er tvöfalt sjónarhorn á sjálfið. Annars vegar skapa trúskiptin ástæðu fyrir því að skrifa sjálfsævisögu, þ.e.a.s. ef þau varpa ljósi á fyrri hluta lífsins þar sem ég hafði rangt fyrir mér og þar með á síðari

⁴⁸³ Sama rit, 66. Fjallað er um orðið sjálft og merkingu þess í greininni „Conversion“ eftir Donald Taylor.

⁴⁸⁴ Riley, *Character and Conversion in Autobiography*, 3–5.

⁴⁸⁵ Bryant, „Conversion in Christianity“, 177–178.

⁴⁸⁶ Riley, *Character and Conversion in Autobiography*, 1–4.

hlutann þar sem ég skil það, finn sannleika og hamingju. Líf trúskiptingsins er þannig sett upp í línulega röð sem byggist á „fyrir“ og „eftir“. Hins vegar slíta trúskiptin þessa samfellu í sundur með því að breyta sjálfinu í eitthvað allt annað en það var. Riley bendir á hversu erfitt það getur verið fyrir einstaklinginn að sameina hið fyrra sjálf, sjálfið fyrir trúskiptin, og hið síðara sjálf. Þannig geta trúskiptin átt þátt í að mynda sprungur í sjálfsmyndina. Trúskiptin skapa þannig skilyrði þess að „ég“ geti eða megi segja sögu mína en þau gera fortíð mína líka að „hinum“ eða „öðrum“ í vissum skilningi og það er engin trygging fyrir því að „ég“ sé viðfangsefnið nema að nafninu til.⁴⁸⁷

Nonni viðurkennir vissulega að líf hans skiptist í tvennt, fyrir og eftir trúskiptin, og hversu mikil áhrif þau hafa á líf hans. Trúskipti Nonna felast hins vegar ekki aðeins í því að segja skilið við sið mótmælenda heldur einnig við móðurina og lífið á Íslandi, og er endurfæðing hans með þessum hætti tvíþætt. Í tilviki Nonna verða trúskiptin grundvöllur hinna sjálfsævisögulegu skrifa en hann afneitar því að sjálfín tvö, fyrir og eftir trúskipti, séu aðskilin eða að annað sé betra en hitt. Sigríður Jónsdóttir er sá fylgdarmaður sem leiðir Nonna á milli tveggja heima og tengir þá. Séu einhverjar misfellur til staðar sléttir hún úr þeim og tengsl Nonna við gamla heiminn og þann nýja verða, á yfirborðinu, áreynslulaus samfella.

4.4.1 Þrjú stig trúskipta

Í bókinni *Religious Conversion and Identity* (Trúarleg umskipti og sjálfsmynd, 2003) lýsir táknafræðingurinn Massimo Leone trúskiptum sem sögunni sem trúskiptingar segja hvað eftir annað, bæði sjálfum sér og öðrum, í þeim tilgangi að styrkja hina nýju sjálfsmynd og eyða grun um andlegt ójafnvægi. Þessi saga, eða ferli, skiptist í þrjú stig: stig jafnvægisleysis, stig kreppu og stig hinna eiginlegu trúskipta. Fyrsta stigið felst í jafnvægisleysi hinnar trúarlegu sjálfsmyndar þegar brestir koma í trúarkerfi einstaklingsins við kynni af öðrum trúarbrögðum. Annað stigið segir Leone felast í andlegri og félagslegri, jafnvel líkamlegri, kreppu og þá togast á andstæðar kenndir og tilfinningar í huga hins verðandi trúskiptings. Þriðja stigið felst svo í trúskiptunum sjálfum, þegar „hið nýja tungumál sálarinnar hefur verið mótað og meðtekið svo að

⁴⁸⁷ Sama rit, 1–6.

hægt sé að endurskapa trúverðugleika þeirrar snjöllu lygi sem mennirnir kalla „sjálf“,“ eins og Leone orðar það.⁴⁸⁸

Sagan af trúskiptum Nonna er burðarásinn í lífssögu hans, hluti af ævintýrum hans og til vitnis um það hve varnarlaus hann í raun var. Nonni er barn og hann á þeirra einu hagsmuna að gæta að lifa af. Í Kaupmannahöfn veit hann og skilur að hann er í blindgötu. Gunnar, herbergisfélagi hans í húsi Grüders, snýr aftur heim, en fyrir Nonna er ekkert „heima“ lengur. Hann tekur því það skref sem færir hann áfram og segja má að hér sér um „þvingað val“ að ræða.

Trúskipti eru tilfinningaþrungið, flókið og erfitt ferli og því kemur á óvart að trúskiptum Nonna skuli vera lýst á lágstemmdan hátt. Trúskipti Nonna eru alls ekki dramatísk en engu að síður má skoða trúskipti hans í ljósi hinna þriggja stiga trúskipta sem Leone greinir frá. Fyrsta stig þeirra á sér stað á Íslandi og einkennist af andstöðu, hleypidómum og fordómum Nonna í garð kaþólskra manna jafnframt því sem hann undirbýr för sína út til þeirra. Annað stigið, stig kreppunnar, felst í kynnum Nonna af kaþólskum mönnum í Kaupmannahöfn, uppfræðslu hans og alvarlegri íhugun hans um að láta af lútherskri trú. Þriðja stiginu, trúskiptunum sjálfum, nær Nonni svo þegar hann tekur þá ákvörðun að gerast kaþólskur eftir árið í Kaupmannahöfn og fyrir ferðina í kaþólska skólann í Frakklandi.

Í Nonnabókunum koma fram skýrir fordómar mótmælenda í garð kaþólskra og fáfræði, bæði hjá Nonna sjálfum og sveitungum hans. Trúlega fer Jón Sveinsson býsna nærri sannleikanum þegar hann lýsir skoðunum Íslendinga á kaþólsku kirkjunni í Nonnabókunum. Árið 1857, árið sem Jón Sveinsson fæddist, segir til dæmis í *Þjóðólfi* um jesúíta að þeir hafi ...

... víðast orðið mönnum hvimleiðir, bæði sakir tvídrægni og sundurlyndis er þeir einatt þykja valdir að á heimilum einstakra manna, sakir véla, undirferlis og slægsmuna er þeir þykja helst til oft berir að yfir höfuð til að tala, til að hafa fram sitt mál og græða fé, er þeir hafa með safnað til mikilla sjóða, og sakir þess að þeir í stjórn málaefnum hafa þótt bæði slægir og ráðríkir ...⁴⁸⁹

Ekki er þetta falleg einkunn þótt umburðarlyndið væri smám saman að aukast um álfuna alla. Þess ber líka að geta að auk landlægra fordóma í garð kaþólskra manna og styrkrar stöðu lútherskunnar á Íslandi ríkti ekki trúfrelsi hér á landi þegar Jón Sveinsson var að

⁴⁸⁸ Leone, *Religious Conversion and Identity*, xi–xiii. Leone kynnir þessar hugmyndir sínar ágætlega í innganginum sem hér er vísað til en ítarlegri umfjöllun er í meginmáli bókarinnar sem skiptist í þrennt eftir hinum þremur stigum trúskipta.

⁴⁸⁹ [án höf., án titils], 6. júní 1857, 113.

vaxa úr grasi. Það gerðist ekki fyrr en árið 1874, en þá var Jón Sveinsson farinn af landi brott.

Samkvæmt frásögninni í *Nonna* hefur hann tvær vikur til að undirbúa för sína til Frakklands, með viðkomu í Kaupmannahöfn, og til að kveðja vini og ættingja. Hann fer um alla sveitina og sumir óska honum velfarnaðar, aðrir stinga að honum eyri en flestir vara hann við og hvetja hann jafnvel til að hætta við ferðina. Sumir eru jafnvel sannfærðir um að hann muni glata sjálfum sér. Nonni fer meðal annars að bænum Hálsi en hann var góður vinur barnanna þar. Júlíusi, elsta drengnum á bænum, hafði verið boðið að fara til Frakklands en faðir hans vildi það ekki og þegar Nonni spyr hvers vegna segir Júlíus föður sinn hafa óttast að hann myndi bíða tjón á sálu sinni:

Ég býst við, að það standi meðal annars í sambandi við trúarbrögð. Þú veizt, að í útlöndum eru ákaflega margir trúlausir og meira að segja sumir, sem hæðast að öllum trúarbrögðum.⁴⁹⁰

Nonni segir móður sína einnig hafa sagt þetta en hún hafi bætt því við „að alstaðar séu til góðir menn, og til þess háttar manna“ eigi hann að fara.⁴⁹¹ Þessi íslenski texti er þýðing á þriðju útgáfu *Nonna* á þýsku. Texti fyrstu útgáfunnar, á frummálinu, er öðruvísi. Þar segist Júlíus ekki vera kaþólskur og að föður hans, Þórði, geðjist hreinlega ekki að þeim trúarbrögðum. Nonni segist sjálfur ekki heldur kunna við kaþólsk trúarbrögð.⁴⁹² Nonni og Þórður ræða fyrirhugaða ferð og Þórður er sannfærður um að *Nonna* verði snúið til kaþólskrar trúar en Nonni harðneitar því. Þórður finnur kaþólskri trú allt til foráttu og þegar heim kemur spyr Nonni mömmu hvort kaþólsk trú sé svona slæm. Mamma segir að svo sé ekki, kaþólsk trú hafi sínar góðu hliðar, en það viti Þórður ekki því að hann lesi ekki kaþólskar bækur.⁴⁹³

Mamma fer með *Nonna* til hins góða og vísa séra Magnúsar til að fá ráðleggingar. Í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* örlar ekki á því að mamma hafi nokkrar áhyggjur af fyrirhuguðu ferðalagi en í *Nonna* segir mamma prestinum að hún hafi áhyggjur af því að Nonni verði fyrir skaðlegum áhrifum þegar hann kemur einn til ókunnugra og að vinir sínir hafi ráðlagt sér frá þessu. Þá minnir séra Magnús á að sjálfur Sæmundur

⁴⁹⁰ Jón Sveinsson, *Nonni*, 37.

⁴⁹¹ Sama rit, 38.

⁴⁹² „Wie du weisst Ich es nie Katholische. Und die Religion kann mein Vater nicht recht leiben. [...] Ich kann die katolische Religion auch nicht recht leiben (Jón Sveinsson, *Nonni: Erlebnisse eines jungen Isländers von ihm selbst erzählt*, 29).

⁴⁹³ Jón Sveinsson, *Nonni: Erlebnisse eines jungen Isländers von ihm selbst erzählt*, 30–33.

fróði hafi lært í París auk þess sem það sé sama hvað við áætlum og ráðgerum, það sé ávallt guðs föðurlega forsjón sem leiðir okkur að takmarki okkar.

Séra Magnús segir að Nonni þurfi ekkert að óttast um sálu sína og að guð muni verða Nonna bæði faðir og ástrík móðir þegar hann komi í annað land. Hann er hreinlega sannfærður um að það sé „guð sjálfur, sem leiðir son yðar út á þessar braut, og það er þess vegna engin hætta á öðru en hann vaki yfir honum. Þér þurfið því engu að kvíða“.⁴⁹⁴

Kapólsk trú er ekki nefnd á nafn í samskiptum Nonna, móðurinnar og séra Magnúsar í þessari þriðju útgáfu Nonna. Það er hún hins vegar í upprunalegu þýsku gerðinni. Þar hefst samtalið á því að mamma lýsir áhyggjur sínum og annarra af fyrirhugaðri ferð, einkum með tilliti til hinnar kapólsku trúar, og séra Magnús eyðir þeim áhyggjum.⁴⁹⁵ Þetta samtal er um margt líkt því sem segir í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*.

Þar er nánar fjallað um þá staðreynd að greifinn og skólinn sem Nonni mun sækja í Frakklandi er kapólskur. Mamma spyr séra Magnús hvað honum finnst um það að Nonni fari í kapólskan skóla, alist upp að kapólskum sið og að hann muni mögulega í framtíðinni hneigjast til kapólskrar trúar. Presturinn svarar:

Ég held, að þetta tækifæri gefist af guðs náð. Guð ætlar syni yðar að inna af höndum eitthvert sérstakt hlutverk í lífinu. Hér er guðleg forsjón að verki. Þér haldið, að hann kunni að verða kapólskur með tímanum. Mín skoðun er sú, að það sé ekki aðeins líklegt, heldur alveg víst, að hann verði kapólskur. Það er erfitt fyrir lútherskan mann að dvelja langdvölum meðal heittrúaðra kapólskra manna án þess að verða kapólskur sjálfur.

Við megum ekki gleyma því, að kapólska kirkjan er móðurkirkja okkar og þaðan höfum við allt gott fengið. Á dögum Lúthers voru ýmsar óvenjur um hönd hafðar í kapólskum löndum, en kapólska kirkjan hefur afnumið þær smátt og smátt og sjálf komið á siðabót.⁴⁹⁶

Nonni er hissa á þessum ummælum prestsins, enda er hann lútherskur af lífi og sál og hefur einsett sér að halda í trúna. Nonni hefur heyrt svo margt misjafnt um kapólska menn og trúarbrögð, meðal annars að „kapólskir menn hefðu forkastað heilagri ritningu, þeir þekktu hana alls ekki“ auk þess sem þeir tilbíði Maríu mey og páfann, þeir séu

⁴⁹⁴ Jón Sveinsson, *Nonni*, 47.

⁴⁹⁵ Jón Sveinsson, *Nonni: Erlebnisse eines jungen Isländers von ihm selbst erzählt*, 35–37.

⁴⁹⁶ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 33.

vondir menn og guðlausir og guðsþjónustur þeirra hlægilegar.⁴⁹⁷ Mamma og séra Magnús hlæja að þessari vitleysu og á leiðinni heim segir mamma að hann megi alls ekki trúa öllu því sem honum er sagt um kaþólska fólkið, enda einkennist það oft af hleypidómum og ranghugmyndum. Mamma bætir því síðan við að hún hefði ekkert á móti því ef Nonni gerðist kaþólskur:

Það myndi meira að segja frekar gleðja mig. Ég held, að þér yrði léttara að varðveita sakleysi þitt, ef þú værir sjálfur kaþólskur undir handleiðslu kaþólskra manna. Hjá góðu kaþólsku fólki er vandað mjög til uppeldis barnanna. Í þeim efnum hefur kaþólska kirkjan yfir að ráða ágætum hjálpargögnum.⁴⁹⁸

Nonni spyr þá móður sína um jesúítana, hvort þeir séu góðir menn og því svarar hún svo:

„Blessað barn, þeir eru ekki eins og þér hefur verið sagt. Jesúítar eru menn eins og við. Þeir eru kannske nokkuð herskáir og eiga marga andstæðinga. Fáir hafa verið jafnmikið rægðir og þeir.“⁴⁹⁹

Þegar mamma og Nonni koma heim skrifar hún undir skjal þess efnis að óski Nonni þess að verða kaþólskur sé það í lagi hennar vegna. Þetta leyfisbréf tekur Nonni svo með sér til útlanda.

Á þessu fyrsta stigi trúskiptanna koma brestir í trúarkerfi Nonna litla sem einkennist af því að fordómar hans sjálfs eru brotnir á bak aftur, yfirvofandi trúskipti eru kynnt fyrir honum sem guðleg forsjón og því meira að segja haldið fram að sakleysi hans sé betur borgið innan kaþólsku kirkjunnar en þeirrar lúthersku. Jafnvel mamma er fylgjandi því að Nonni gerist kaþólskur. Eflaust er jákvætt hugarfar hennar í garð kaþólskrar trúar ekki síst tilkomið vegna þess að hún hafði hreinlega ekki efni á að ala önn fyrir börnum sínum sjálf og væri kaþólsk trú viðurkennd myndi Nonni ekki aðeins fá ókeypis menntun og tækifæri til að ferðast heldur einnig fæði og húsnæði án endurgjalds. Nonni er þó ákveðinn í að halda í trú sína sama á hverju gengur og fylgja eigin sannfæringu og þannig er lögð áhersla á persónufrelsi og mikilvægi þess að halda í eigin sannfæringu, vera sjálfum sér trú.

Annað stig trúskiptanna er „kreppustigið“ en erfitt er að sjá að Nonni hafi átt í raunverulegum innri átökum. Þetta ferli á sér stað í Kaupmannahöfn. Í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* segir frá því að upphaflega átti Nonni að hvíla sig í nokkra daga hjá Grüder í Kaupmannahöfn en halda svo áfram ferðinni til Avignon í Suður-

⁴⁹⁷ Sama rit, 34.

⁴⁹⁸ Sama rit, 36.

⁴⁹⁹ Sama rit, 37.

Frakklandi. Það setur hins vegar strik í reikninginn að stríð er skolið á milli Þýskalands og Frakklands og Nonni verður því að dvelja í Kaupmannahöfn þar til ófriðinum lýkur.⁵⁰⁰ Þetta finnast Nonna sorglegar fréttir og hefur að auki ekki mikla löngun til að fara til kaþólska biskupsins og prestsins. Hann þykist hafa æði margt við kaþólskuna að athuga og ber ekki jákvæðan hug til kaþólikka:

Ég hélt, að þeir væru strangir húsbændur, kuldalegir í viðmóti, síalvarlegir og skuggalegir náungar. Mér fannst það því ískyggileg tilhugsun að dveljast meðal þeirra, þótt ekki væri nema nokkra daga.⁵⁰¹

Það er hins vegar útlit fyrir að dvöl Nonna meðal kaþólskra verði mun lengri en nokkrir dagar, jafnvel vikur, mánuðir eða heilt ár.

Nonni hefur líka áhyggjur af því hvernig kaþólski biskupinn og prestarnir muni taka á móti honum og hefur að auki mestar áhyggjur af þrennu: Í fyrsta lagi hvernig fari með trúarbrögðin – því hann vill alls ekki láta neyða upp á sig annarri trú, og hafði heyrt að kaþólsku prestarnir reyndu að gera alla menn kaþólska. Í öðru lagi hefur Nonni áhyggjur af frjálsræði sínu, en hann er viss um að biskupinn muni svipta sig öllu frjálsræði. Í þriðja lagi er Nonni hræddur við barnaskólann sem hann viðurkennir að vísu að sé heldur heimskulegt en er vel skiljanlegt ef tekið er mið af aðstæðum hans og skorti á undirbúningi.

Til allrar hamingju fær Nonni allt aðrar viðtökur en hann hafði gert sér í hugarlund. Prestarnir, sem Nonni hafði ímyndað sé kuldalega og þurra á manninn, eru elskulegir og ástúðlegir og bjóða Nonna innilega velkominn, og brjóta þannig fordóma hans á bak aftur. Nonni afræður því að greina mönnunum þremur frá öllu því sem plagar hann og byrjar á því að tala um trúna:

„Hér eru víst allir kaþólskir, eftir því sem ég hef heyrt. En ég er ekki kaþólskur, heldur lútherskur. Og það langar mig að vera áfram. Mig langar því að biðja yður og prestana að vera ekkert að reyna að gera mig kaþólskan“.⁵⁰²

Mennirnir þrír taka þessu ljúflega og biskupinn segir að sér myndi aldrei detta í hug að þvinga lútherskan dreng til kaþólskrar trúar. Þá greinir Nonni þeim frá því mikla frjálsræði sem hann er vanur og biður þá að leyfa sér að halda því að fullu. Grúder tekur

⁵⁰⁰ Frá þessu stríði er sagt í *Nonna* (33–35) en þá er Bogga systir látin færa Nonna þær fréttir að stríð sé skolið á milli Þýskalands og Frakklands. Nonna finnst þetta mjög spennandi, hreinlega stórkostlegt að hann skuli fá að sjá stríðið með eigin augum en óheppilegt er stríðið verði honum þrándur í götu – sem það og varð. Í *Borginni við Sundið* (123) er stríðið gert að umtalsefni þeirra Grúders og Gísla Brynjúlfssonar og báðir álykta sem svo að líklega verði Nonni hjá Grúder þar til stríðinu lýkur.

⁵⁰¹ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 55.

⁵⁰² Sama rit, 59.

vel í þetta og Nonni ákveður að lokum að minnst ekkert á hvað hann hefur miklar áhyggjur af barnaskólanum. Óttinn reynist þó ástæðulaus, Nonni fær að velja á milli tveggja skóla og ákveður að fara í Knúts konungs skóla og líkar það stórkostlega vel þrátt fyrir að vera eini lútherski drengurinn í skólanum. Frá dvöl Nonna í Knúts konungs skóla er einnig greint í kaflanum „Skólinn“ í *Borginni við Sundið* og þar segir að Nonni hafi þar átt „marga góða og gagnlega stund“.⁵⁰³

Hluti af því að vera í kaþólskum skóla er að sækja kaþólskar messur, svokallaðar skólamessur. Í kaflanum „Það, sem Nonni sá í kirkjunni“ í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* greinir frá þessu og því hvernig Nonni lærir smám saman á kaþólska kirkjusíði. Svo fer að Nonni kaupir kaþólsku bænabókina, les hana alla og meira að segja formálann líka. Honum líkar vel við bókina og finnur í henni hollar lífsreglur og heilræði. Nokkru seinna færir skólastjórinn Nonna kaþólskt barnalærdómskver þýtt á dönsku. Nonna þykir vænt um að fá þetta kver. Nú getur hann kynnst því miklu betur en í stóru bænabókinni hvernig kaþólskir menn trú á og hvað þeir kenna. Nonni les af áhuga:

Ég las kaþólsku fræðin mjög gaumgæfilega og með mestu eftirvæntingu eins og þau væru spennandi skáldsaga.

En undarlegt var það, að þarna stóð ekkert af því, sem mér hafði verið talin trú um heima um síði og venjur kaþólskra manna. Þetta þótti mér furðulegt.

Sagt hafði mér verið, að kaþólskir menn þekktu ekki Biblíuna. En strax á fyrstu blaðsíðu kaþólsku fræðanna stóðu margar ritningargreinar til sönnunar því, sem þar var kennt.⁵⁰⁴

Loks fer Nonni svo til Grúder, biður hann að lána sér einhverja góða bók um kaþólsk trúarbrögð og segist vilja vita meira. Hann fær lánaðar nokkrar bækur sem allar hafa mikil áhrif á hann, ekki síst bókin *Breytni eftir Kristni* eftir Thomas frá Kempis.⁵⁰⁵ Nonni hefur fengið það frelsi sem hann vill, líkar vel við barnaskólann og sækir sér fróðleik um kaþólska trú af eigin hvötum og áhuga. Þetta er tími uppgötvana og nýrrar sannfæringar þar sem kaþólsk trú, síðir og menning eru sýnd í jákvæðu ljósi. Þessu lýkur svo á þriðja stiginu – sjálfum trúskiptunum. Ekki fer mikið fyrir tilfinningalegum og trúarlegum átökum kringum þau, þau eru hagkvæm fyrir Nonna og vitsmunalega ákvörðuð samkvæmt hans eigin lýsingu.

⁵⁰³ Jón Sveinsson, *Borgin við Sundið*, 218.

⁵⁰⁴ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 88–89.

⁵⁰⁵ Massimo Leone talar einnig um mikilvægi bókmennta í tengslum við Ignatius Loyola (38) og áfram í *Religious Conversion and Identity*.

Ekki líður á löngu þar til Nonni skrifar móður sinni og segist vera reiðubúinn að taka kaþólska trú og fer til Gísla Brynjúlfssonar prófessors að leita ráða. Gísli rekur upp stór augu og spyr Nonna hvort hann, aðeins þrettán ára gamall, telji sig hafa fullan skilning á trúarbrögðum. Að lokum segir Gísli: „Fyrst þig langar til þess, finnst mér þú geta gert það, þegar þér sýnist.“⁵⁰⁶ Þar með eru trúskiptin ákveðin í öllum aðalatriðum og Gísli, sem ber mikla virðingu fyrir kaþólskum sið og veit margt um trúarbrögðin, óskar Nonna til hamingju með þessa ákvörðun.

Nonni fer þá til biskups, sýnir honum skriflegt vottorð móður sinnar og beiðist þess að vera tekinn inn í kaþólsku kirkjuna og segir að ákvörðunin sé hans og gerð að öllu leyti að eigin hvötum og frjálsum vilja. Stuttu seinna er Nonni tekinn inn í hina kaþólsku kirkju við hátíðlega athöfn. Hann tekur það skýrt fram að samskipti sín við fólk af öðrum trúarbrögðum hafi ekki breyst við þetta:

Og samband mitt við lúthersku vini mína og ættingja beið engan hnekki við þetta á neinn hátt. Og ævintýraþrá mín og æskugleði var á engan hátt minni en áður hafði verið.⁵⁰⁷

Þar með hefur hinn ungi Nonni, samkvæmt frásögn *Nonnabókanna*, tekið stærstu ákvörðun lífs síns algjörlega af fúsum og frjálsum vilja og með upplýstum huga, í samræmi við vilja móður sinnar og af guðlegri forsjón. Hér segir Nonni líka að sambandið við lútherska vini hans og ættingja hafi ekki beðið neinn hnekki og hann lætur þess hvergi getið að nýir trúbræður hans hafi verið tortryggir í hans garð. Trúskiptunum er þannig lýst sem jákvæðum viðburði sem söguhetjan hefur fulla stjórn á og við trúskiptin glatar hann engu, samkvæmt sögunni, en öðlast aftur á móti heilmikið.

Þrátt fyrir hnökralausa framsetningu í *Nonnabókunum* er erfitt að trúa því að trúskipti Jóns Sveinssonar hafi verið sjálfstæð ákvörðun í raun. Hann gat í raun ekki annað. Hann átti allt sitt undir kaþólsku kirkjunni. Hefði hann ekki tekið þessa ákvörðun er vandséð að hann hefði getað haldið förlinni áfram, námið í Kaupmannahöfn var undirbúningur fyrir námið í frönskum, kaþólskum menntaskóla og alls óvíst að boðið hefði staðið. Leiðin til baka var lokuð, móðirin gat ekki framfært heimilinu né haft öll börn sín hjá sér. Sjálf fluttist hún vestur um haf um ári eftir að Jón hélt af stað til Frakklands. En burt séð frá því að hve miklu leyti Jón Sveinsson var tilneyddur að taka

⁵⁰⁶ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 94.

⁵⁰⁷ Sama rit, 102.

upp kaþólska trú eða fann sig knúinn til þess sökum aðstæðna sinna skipti annað líka máli í þessum efnum en það var hve miklu hann þurfti að fórna fyrir hina nýju trú.

4.5 Fórnir Nonna

Það er tvennt sem skiptir bókmenntapersónuna Nonna mestu máli í lífinu, móðir hans og frelsið, að vera frjálst til að gera það sem hann vill og fara þangað sem hann kýs. Hvoru tveggja glatar hann þegar hann fer að heiman og svo þegar hann tekur upp kaþólska trú en í Nonnabókunum er reynt að byggja brýr yfir þennan tvíþætta missi eins og hægt er. Hvað móðurina varðar er hún ávallt með Nonna „í anda“ og því ekki aðskilin honum og að auki gerð að einum helsta talsmanni kaþólskrar trúar í Nonnabókunum.

Sigríður Jónsdóttir fær það hlutverk að brjóta niður andstöðu og fordóma hans og lesenda um ágæti kaþólskunnar. Sigríður var alla tíð mótmælendatrúar og með því að láta móðurina vísa veginn til kaþólsks siðar í *Nonnabókunum* eyðir Jón Sveinsson öllum trúarlegum núningi og bjargar ímynd mömmu sem líkist æ meira mynd Maríu meyjar. Hún birtist í bókunum sem verndari og huggari sonarins, sú sem hann leitar ávallt til þegar hættur, erfiðleika, sorg og söknuð ber að dyrum. Móðir Nonna er ekki aðeins jákvæð í garð hins kaþólska siðar heldur „gefur hún hann“ kaþólsku kirkjunni við brottför í síðustu Nonnabókinni með því að gefa til þess skriflegt samþykki sitt. Í sögunum sem gerast á Íslandi er það hennar faðmur sem bíður opinn þegar ævintýrunum er lokið og það er hún sem gefur góð ráð, ráð sem allir ættu að fara eftir.

Á Íslandi veitir móðirin huggun og er til staðar þegar eitthvað bjátar á. Í útlöndum er mamma aðeins með Nonna sem leiðarljós. Hann segist sjaldan verða kvíðafullur þegar hann hugsar til þess hve margt honum er hulið um framtíðina en þegar það gerist hefur hann eitt ráð: „Þá hugsa ég um mömmu mína.“ Að auki hefur hann með í farteskinu áminningar sem móðir hans hafði fest á blað og fært honum áður en hann hélt utan. Þær minna um margt á hinar sjö klassísku höfuðdygðir, fjórar veraldlegar og þrjár kristilegar, sem segja má að sætti sjónarmið mótmælenda og kaþólskra.⁵⁰⁸ Sigríður Jónsdóttir er *mater dolorosa* eða hin syrgjandi móðir sem grætur son sinn en veit það að leiðir þeirra verða að skilja, enda segir hún:

⁵⁰⁸ Höfuðdyggðirnar eru þessar: viska, hófstilling, hugrekki, réttlæti, von, trú og kærleikur (Gunnar J. Gunnarsson, „Hvað eru kristileg gildi og hver er munurinn á þeim og gildum annarra trúarbragða?“). Fjallað er um síðustu áminningarnar í *Nonna* (77–81) og í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* (38–44).

Þó að þér sýnist sárt og erfitt að skilja við móður þína, þá skaltu harka það af þér og óttast ekki. Allt, sem fyrir þig kemur, verður þér til góðs.⁵⁰⁹

Þessi orð mömmu voru eins og „lífgrös og græðandi smyrsl fyrir hjarta“⁵¹⁰ drengsins sem var á leið út í heim. Staða móðurinnar sem „umboðsmanns kaþólskrar trúar“ er sérlega hugvitssöm þar sem það er *ekki* kaþólskur höfundur sem stundar trúaráróður í Nonnabókunum heldur manneskja sem er ekki hinnar sönnu trúar en er *engu að síður* jákvæð í garð kaþólskrar trúar. Þetta gerir hinn trúarlega áróður bókanna ómótstæðilegan, þar sem fyrst eru byggð upp sinnaskipti sem síðan eru bæði samþykkt og í raun „valin“ af móðurinni og þannig yfirgefur hún ekki son sinn heldur fylgir honum. Val hans er í raun hennar. Nonni þarf ekki að takast á við það að móðir hans hafi sent hann frá sér – út í heim. Þar með er engin ástæða til að gagnrýna móðurina eða vera henni reiður.

Frelsið er Nonna ákaflega hugleikið og um það hugsar hann þegar hann situr í Danmörku og gerir það upp við sig hvort hann eigi að gerast kaþólskur eða ekki. Hann er hræddastur um að glata frjálsræði sínu, sem honum þykir vænt um og er honum mikilvægt, því séu börn vön frjálsræði lærist þeim að hjálpa sér sjálf og verða sem fyrst sjálfum sér nóg.⁵¹¹ Í *Borginni við Sundið* hittir hann fyrir hóp danskra barna sem aðspurð um helstu skemmtanir segjast aðeins ríða rugguhestum, aldrei fara út á sjó og alltaf vera undir eftirliti. Nonna þykir þetta býsna ólíkt frjálsræðinu sem hann hafði vanist heima, „þar sem [hann] mátti fara hvert á land sem [hann] vildi“.⁵¹²

Gunnari F. Guðmundssyni verður tíðrætt um frelsisþrá Jóns Sveinssonar og segir megineinkenni Nonnabókanna vera frelsisþrána sem „hvarvetna brýst fram frá fyrstu bók til hinnar síðustu“ og hann veltir því fyrir sér hvort Nonnabækurnar séu öðrum þræði andófsbókmenntir, „viðbrögð höfundar við því ófrelsi sem hann taldi sig verða fyrir í strangri reglu um það sem hann þræði en fékk ekki notið til fulls nema í draumum sínum og bókum“.⁵¹³ Ég túlka þetta örlítið öðruvísi en Gunnar.

Jón Sveinsson var aldrei sérlega frjáls nema ef vísað er til þeirrar vanrækslu og þess skorts á forræði sem var hlutskipti hans sem barns. Frá því hann stígur á skipsfjöl og siglir úr í óvissuna tólf ára gamall er aldrei friður fyrir forræðinu. Ekki þarf að orðlengja um aga og regluverk lífsins í kaþólskum menntastofnunum jesúíta og síðar

⁵⁰⁹ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 31.

⁵¹⁰ Sama rit, 31.

⁵¹¹ Sama rit, 7.

⁵¹² Jón Sveinsson, *Borgin við Sundið*, 111.

⁵¹³ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 333.

klaustrum þeirra. Hann unir sér almennt vel meðal Frakka en á erfiðara með að þola þýsku jesúítana en er þó að mestu sáttur við sitt sem fullorðinn maður nema þegar hann var rekinn til að stunda verk, aðallega prestsverk, sem hentuðu honum ekki. Fullkomins frelsis naut Jón Sveinsson í raun og veru aðeins í draumum sínum og í bókmenntapersónunni Nonna. Frelsið sem Nonni nýtur í bókunum og frelsið sem hann glatar eru skáldskapur og þrá eftir nostalgískum heimi bernskunnar, heimi sem raunverulega var aldrei til nema ef til vill í fáum en dýrmætum brotum. Bókmenntapersónan Nonni elskar ekkert jafn mikið og frelsi sitt og íslenska barnsins, og hann fórnar því fyrir trúna.⁵¹⁴ Þessi fórn er jafn mikill skáldskapur og frelsið sjálft því að Nonni, rétt eins og Jón Sveinsson sjálfur, gefur ekki sjálfur upp frelsi sitt fyrir trúna heldur er honum fórnað og hann reynir að lifa það af og gera hið besta úr aðstæðum sínum. Eitt af því var ritun Nonnabókanna sem gáfu honum ekki litla uppþót fyrir það sem hann missti.

4.6 Kaþólski trúboðinn frá Íslandi

*Láttu bækur mínar verða öllum þeim, sem lesa þær, til sannrar, djúprar og hjartanlegrar gleði.*⁵¹⁵

Í lok bókarinnar *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* heldur sögumaður því fram að markmið hans með bókum sínum hafi fyrst og fremst verið að gleðja lesendur. Kaþólsk trú er hvergi nefnd en í þessum áreynslulausa texta er engu að síður minnst á köllun frá guði, mikilvægi bænarinna og leiðsögn móðurinnar. Allt er þetta sett fram sem sjálfsagt og er samþykkt af sögumanni og söguhöfundi:

Og þá byrjaði ég að skrifa bækur mínar. Tilgangurinn með því var sá einn að gleðja aðra. Það var sú köllun, sem guð hafði valið mér, að því er mér fannst. Og til þess að mér heppnaðist þessi mikla fyrirætlan, fór ég að ráði móður minnar, og bað guð stöðugt að hjálpa mér.⁵¹⁶

Köllun Jóns Sveinssonar var ekki fyrst og fremst að boða kaþólska trú með bókum sínum, heldur að gleðja aðra – boða gleði því hann telur kjarkleysi og hryggð vera

⁵¹⁴ Frelsispráin og sú blekking, að Nonni búi við frelsi, kemur hvað eftir annað fram. Hér má sem dæmi nefna atriði úr *Borginni við Sundið* þar sem Grüder og Gísli Brynjúlfsson ræða saman um greifann í Frakklandi og hvernig hann ætli sér að hugsa um piltana sem til hans koma. Þá kemur skýrt fram að piltarnir munu „halda fullu sjálfræði“ og geta farið „heim til Íslands aftur, hvenær sem þeir vilja“. Ljúki þeir námi í Frakklandi geti þeir valið að vera þar áfram og „valið sér stöðu eftir eigin geðþótta“ eða farið heim til Íslands (125). Ljóst er að piltar á borð við Nonna hafa alls ekki þetta frelsi.

⁵¹⁵ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 128.

⁵¹⁶ Sama rit, 128.

útbreiddasta sálarsjúkdóm sem til er. Hann slepti vísvitandi kaþólskum vísunum í bókum sínum svo öll heimsins börn gætu notið þeirra og taldi að ef hann fjallaði um kaþólska trú myndu færri börn lesa bækurnar, færri myndu kaupa þær og þær yrðu ekki jafn aðgengilegar á bókasöfnum.⁵¹⁷ Þessi orð lýsa ekki aðeins hagsýni Jóns Sveinssonar heldur einnig löngun hans til að hasla sér völl sem rithöfundur.

Gunnar F. Guðmundsson segir að Jón Sveinsson hafi reynt að forðast trúarlegar skírskotningar í bókum sínum og að kaþólskt viðhorf í þeim felist fremur í „anda þeirra en yfirlýsingum“ og að það leynist „á milli lína á stöku stað, ef grannt er skoðað“.⁵¹⁸ Gunnar er ekki skýr í afstöðu sinni til kaþólskra þema í Nonnabókunum en telur bækurnar þó ekki vera trúboðsbækur. Gert Kreutzer er sömu skoðunar og Gunnar og segir að þótt bækurnar séu greinilega kaþólskar séu þær ekki trúboðsbækur þar sem ætlun höfundar sé ekki að boða kaþólska trú. Kreutzer vísar til umburðarlyndis Nonna máli sínu til stuðnings, vilja hans til að höfða til allra barna og þess mikla fjölda mótmælenda sem keypti og las bækur hans.⁵¹⁹

Í umfjöllun sinni um trúboð og bækur höfundanna Jóns Sveinssonar, Sigurbjörns Sveinssonar og Jóhanns Magnúsar Bjarnasonar heldur Dagný Kristjánsdóttir því fram að enginn þeirra noti „bækur sínar til að kenna börnum eða regla þau til eins og þótti rétt og skylt í viðvörðunarsögum upplýsingarinnar“ en bendir jafnframt á að bæði Jón og Sigurbjörn hafi verið „skólaðir „trúboðar“ og þess [hljóti] að sjá einhvern stað“. Hún virðist þannig ekki sjá Nonnabækur Jóns Sveinssonar fyrir sér sem meðvitaðar trúboðsbækur heldur miklu frekar að reynt sé að sannfæra lesendur um að hugmyndafræði bókanna sé rétt og þannig hafi hún „áhrif á hugsun, tilfinningar og hegðun lesandans“.⁵²⁰ Stundum er boðunin í barnabókunum augljós, stundum dulin og Dagný Kristjánsdóttir spyr hvort kalla megí Jóhann Magnús Bjarnason, Sigurbjörn Sveinsson og Jón Sveinsson „falda áróðursmenn“ (e. *hidden persuaders*) eins og Robert Sutherland sér þá fyrir sér.⁵²¹

Hvað Jón Sveinsson varðar svara ég spurningu Dagnýjar Kristjánsdóttur játandi, í Nonnabókunum er að finna bæði dulda og greinilega hugmyndafræði kaþólsku kirkjunnar og þessi hugmyndafræði er boðuð lesendum sem hin sanna og rétta, allt í senn með aðferðum árásar, boðunar og þöguls samþykkis auk þess sem margar persónur eru augljóslega skapaðar að kaþólskum fyrirmyndum, eins og rætt er í næstu köflum.

⁵¹⁷ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 296–303.

⁵¹⁸ Sama rit, 332.

⁵¹⁹ Kreutzer, „Nonni und die Isländische Literatur,“ 20–21.

⁵²⁰ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 258–259.

⁵²¹ Sama rit, 260.

Ekki má gleyma því að höfundurinn er kaþólskur prestur og kennari, fjallað er um kaþólsk lykilþemu í bókunum og loks komu bækurnar út hjá kaþólskum forlögum en þar, eins og rætt hefur verið um, voru ekki gefnar út aðrar bækur en þær sem féllu að kenningum og boðun kaþólsku kirkjunnar.

Nonnabækurnar voru framandi og nútímalegar á sínum tíma. Þær eru ævintýrasögur um hinn „frjálsa förusvein“. Inn í þær fléttast ótal ævintýri, trúleg og ótrúleg, og eru sögurnar sniðnar að formi evrópskra ævintýrasagna, drengjasagna sem nutu mikilla vinsælda í Evrópu á seinni hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu. Kaþólskar barnabækur þurfti að dubba upp í skemmtilegar og aðlaðandi umbúðir og söguhetjan sjálf, Nonni, var steiptur í mót hinnar vestrænu ævintýrahetju og þannig blandast saman ímynd Íslendingins, kaþólikkans og hinnar vestrænu karlhetju.

5 Hetjan

Jón Sveinsson skrifaði ekki til að verða ríkur því að allar hans tekjur runnu beint til Jesúítareglunnar en því meiri sem tekjurnar urðu, þeim mun heppilegra var fyrir yfirboðara hans að leyfa honum að halda áfram að skrifa. Nonnabækurnar urðu að seljast vel, það var forsenda þess að Jón Sveinsson fengi að halda áfram að skrifa. Bókmenntategundin sem hann valdi til að ná því markmiði var hin gríðarvinsæla evrópska ævintýrasaga (e. *adventure story*, *boys' story*) sem á sér langa og farsæla sögu með rætur allt aftur til miðalda en þó einkum til sögu Daniels Defoe um Robinson Crusoe frá 18. öld.⁵²² Þannig voru kaþólsku barnabækurnar um íslenska drenginn í senn framandi og kunnuglegar því að börnin þekktu sjálft formið en aðalsöguhetjan og staðurinn sem hún kom frá voru þeim ókunnug.

Ævintýrasagan var bókmenntagrein sem höfundar kristilegs sagnaefnis fyrir börn tóku í æ ríkari mæli upp á sína arma eftir því sem leið á 20. öld og krafan um afþreyingu og spennu jókst að segja má með hverju ári. Ævintýrasagan bauð ekki aðeins upp á þekkt og skemmtilegt frásagnarform og kunnugleg sagnaminni, heldur einnig rými fyrir hina fullkomnu vestrænu söguhetju. Söguhetjur voru nær undantekningarlaust piltar á borð við Nonna sem sköruðu fram úr á einn eða annan hátt og lesendur þráðu að líkjast.⁵²³

Jón Sveinsson virðist hafa verið vel lesinn í evrópskum barnabókmenntum, og kemur það ekki á óvart þar sem hann bjó með piltum á meginlandi álfunnar frá tólf ára aldri, fyrst í Skóla forsjónarinnar í Frakklandi og síðan sem kennari í Sankti Andrésarskólanum í Ordrup sem var heimavistarskóli. Börn, unglingar og lestrarrefni þeirra var allt í kringum hann og það frá ýmsum löndum. Í Skóla forsjónarinnar í Amiens voru ekki aðeins franskir nemendur heldur komu þeir til dæmis líka frá Írlandi, Svíþjóð, Belgíu, Danmörku, Ameríku og Rússlandi. Sankti Andrésarskólinn minnti um margt á Skóla forsjónarinnar, enda mótaður af sömu menntastefnu. Þar voru nemendur af ólíku þjóðerni, flestir Danir, en einnig margir frá Þýskalandi. Þar í landi var Jesúítareglan bönnuð en kaþólskir foreldrar vildu að börn þeirra fengju úrvalsmenntun í samræmi við trú sína og sendu þá því til Ordrup. Þangað komu líka nemendur frá Rússlandi, Austurríki, Ungverjalandi, Ítalíu, Spáni, Portúgal, Frakklandi, Englandi,

⁵²² Carpenter og Prichard, *The Oxford Companion to Children's Literature*, 6.

⁵²³ Butts, *Children's Literature and Social Change*, 24; Butts, „Shaping boyhood,“ 341–342.

Írlandi, Grænlandi og Norður- og Suður-Ameríku.⁵²⁴ Það er nánast ómögulegt annað en Jón Sveinsson hafi á báðum stöðum, og víðar, komist í kynni við barnabókmenntir frá ýmsum löndum og á mörgum tungumálum.

Vitað er að Jón Sveinsson þekkti bækur tveggja vinsælustu höfunda ævintýrasagna, Skotans Walters Scott (1771–1832) og Englendingsins Fredericks Marryat (1792–1848) og mun hafa lesið þær eftir að hann var orðinn kennari í Danmörku.⁵²⁵ Þá eru í Nonnabókunum bæði sögubrot og þemu sem ríma ágætlega við evrópskar afþreyingarbókmenntir og benda til þess að Jón hafi þekkt þær, að því er Dagnýjar Kristjánsdóttir telur. Máli sínu til stuðnings bendir hún á söguna „Völvan“ úr *Sólskinsdögum*. Þar segir frá því þegar gömul farandkona, „völva“, kemur heim að Möðruvöllum þar sem hún fær að gista og segir heimilisfólki tvær spennandi sögur að launum en þessar sögur eiga sér ekki rætur í íslenskum menningar- né bókmenntaarfi. Sögurnar fjalla annars vegar um ráðgátu sem menn úr frönsku útlendingaherdeildinni standa frammi fyrir og hins vegar er um að ræða hrollvekju, sömuleiðis úr franska hernum. Um uppruna þeirra segir Dagný:

Báðar þessar skemmtisögur gæti „völvan“ hafa lesið í krónuhrollvekjunum frá Bretlandi eða tímaritunum sem dönsku drengjasamtökin gáfu út í upphafi aldarinnar eða samsvarandi söguuppsprettum í Frakklandi og Þýskalandi. Þær eru hluti af sagnasafni Jóns Sveinssonar og sýna ágætlega hve vel heima hann var í afþreyingarefni fyrir miðevrópsk börn og unglina. Markhópur þessarar „völuspár“ er nefnilega ekki fólkið á Möðruvöllum kringum 1864 heldur þýskumælandi lesendur *Sólskinsdaga* á öðrum áratug tuttugustu aldar sem þekktu sögur af þessu tagi og fannst þær hin besta skemmtun. En í þeirra augum voru sögurnar af Nonna mun framandlegri en sögurnar af hinum grimmu Kabýlum.⁵²⁶

Ef til vill las Jón Sveinsson þessar sögur eða heyrði sem ungur námsmaður eða sem kennari. Vafalaust hefur hann verið iðinn við lexíurnar en líklegt er að hann – og hinir drengirnir – hafi sitthvað lesið sér til skemmtunar, fengið tímarit og bækur að láni og sagt hver öðrum sögur.

Dagbækur og minniskompur Jóns Sveinssonar sýna líka að hann hefur þó nokkuð lesið ásamt því að æfa sig að skrifa. Í safni hans eru varðveittar nokkrar litlar stílabækur, uppfullar af smásögum með siðferðilegum boðskap. Sumar þessara sagna voru trúlega fengnar úr bókum og tímaritum, en aðrar hefur Jón Sveinsson heyrt föður Barbelin segja

⁵²⁴ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 198–199.

⁵²⁵ Sama rit, 108.

⁵²⁶ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 119.

postulasveinunum á kyrrðardögum sem haldnir voru reglulega. Þetta voru sögur og hugleiðingar um dauðann og helvíti, synd og refsingu, um hlýðni, miskunnsemi og staðfestu í trúnni og fleira. Hann virðist einnig hafa skrifað upp og aðlagð sögur sem hann hefur heyrt auk þess að semja sjálfur. Í sagnasafni hans frá námsárunum í Amiens má einnig finna íslenskt efni og eru þar vísast innan um sögur sem hann hefur samið sjálfur.⁵²⁷

Móðir Nonna fluttist til Kanada sumarið 1876 og sendi honum þaðan ýmislegt sem rak á fjörur hennar, meðal annars í blöðum Íslendinga þar vestra. Í gögnum Jóns Sveinssonar er meðal annars sagan „Guð heyrir börnin“ í franskri þýðingu Nonna en söguna hefur móðir hans klippt úr tímaritinu *Framfara* (30. tbl. 1878), en það var fyrsta blaðið sem Íslendingar í Vesturheimi gáfu út. Söguna samdi Torfhildur Hólm, pennavinkona Jóns Sveinssonar, en hún fjallar um litla stúlku sem biður góðan guð að bjarga föður sínum úr sjávarháska. Nonni virðist svo hafa nýtt sér þessa sögu Torfhildar þegar hann samdi á frönsku söguna „Gef oss í dag vort daglegt brauð“ en með þeim eru talsverð líkindi.⁵²⁸ Í fórum Jóns Sveinssonar er einnig að finna fyndnar sögur og skrýtlur auk hins kristilega og guðrækilega efnis ásamt smásögum með löngum samræðum eins og þeim sem svo víða má sjá í Nonnabókunum.

Óhætt er að fullyrða að Jón Sveinsson hafi verið næsta fróður um efni fyrir börn og orðið fyrir af áhrifum af evrópskri barnamenningu og barnabókum. En stríðið mikla, heimsstyrjöldin fyrri, hafði líka áhrif á bækur hans.

5.1 Barnabækur í stríði og milli stríða

Heimsstyrjöldin fyrri (1914–1918) hefur verið kölluð „fyrsta nútímastríðið“ og hafði áhrif á nær öll svið mannglegrar tilvistar, þar á meðal bókmenntir fyrir börn. Jón Sveinsson fór ekki varhluta af því. Þrjár ækusagna hans, *Nonni* (1913), *Nonni og Manni* og *Sólskinsdagur* (1914), komu út um sama leyti og stríðið braust út og þrjár, *Borgin við sundið* (1922), *Ævintýri úr Eyjum* (1927) og *Á Skipalóni* (1928), eftir að því lauk. *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* var ekki gefin út í bókarformi fyrr en 1934. Stríðið, sem rauf flæði sagnanna og uppbyggingu lesendahóps Nonna eins og annarra höfunda, hafði áhrif á útgáfu bókanna, sagnagerðina, persónusköpun og viðtökur sjálfra bókanna auk þess sem það hafði vitaskuld áhrif á rithöfundinn sjálfan.

⁵²⁷ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 191–196.

⁵²⁸ Sama rit, 194. Á frönsku kallast sagan „Donnez nous aujourd’hui notre pain quotidien“.

Nonnabækurnar gerast ekki á stríðstímum, Nonni lætur aldrei í ljósi áhuga á að gerast hermaður og í barnabókunum er aldrei fjallað um stríð, hvorki hið fyrra né hið síðara. Fransk-prússneska stríðið 1870–1871 kemur ekki við sögu í Nonnabókunum að öðru leyti en því að það kom í veg fyrir að Nonni fengi að halda áfram för sinni frá Kaupmannahöfn til Frakklands.⁵²⁹ Skólinn, þar sem Jón Sveinsson átti að stunda nám, hafði verið gerður að sjúkrahúsi fyrir særða hermenn og skólahald fellt niður á meðan, en það er hvergi nefnt í Nonnabókunum.

Nýkominn til Kaupmannahafnar er Nonni harðákveðinn í að bíða eftir stríðslokum; hann yrði að athlægi á Akureyri ef hann sneri til baka auk þess sem móðir hans yrði ekki ánægð ef hann gæfist upp.⁵³⁰ Átök stríðandi fylkinga hafa því áhrif á örlög Nonna en stríðið sjálft er ekki gert að umfjöllunarefni í sögunni, aðeins hvernig það reynir á innri styrk Nonna, að taka sjálfur þá ákvörðun að fara til Frakklands og snúa ekki til baka. Nonnabækurnar eru engu að síður skýrt dæmi þess að barnabækur sem teljast til „stríðsbóka“ þurfa ekki að fjalla beinlínis um lífið á vígvellinum heldur frekar áhrif þess á líf barnanna.

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á tengslum fyrri heimsstyrjaldarinnar og barnabóka eru flestar breskar og í *Over the Top: The Great War and Juvenile Literature in Britain* (Of mikið af því góða: Heimsstyrjöldin og bækur fyrir börn í Bretlandi, 2004) ræðir Michael Paris einkum þá hugmyndafræði sem er að finna í barnabókum og haldið var að ungum lesendum í aðdraganda stríðsins og á styrjaldarárunum. Hann segir að í upphafi hafi flestir venjulegir borgarar tengt stríðið við spennu og hetjuskap. Þegar á leið og á árunum eftir að styrjöldinni lauk höfðu margir öðlast allt aðra hugmynd um hvað stríð væri þó að hin „mikla lygi“, eins og Paris kemst að orði, héldi enn að ýmsu leyti velli í barnabókum.⁵³¹

Viðhorf í barnabókum til stríðsins endurspeglar ríkjandi hugmyndafræði sem haldið var að almenningi og þar af leiðandi rataði síaukin þjóðernishyggja, hernaðarhyggja og þjóðremba inn í barnabækurnar, rétt eins og aðra kima samfélagsins.⁵³² Barnabækur um stríð og hernað voru langflestar í anda ævintýrasagna en í stað þess að fjalla um nýlendusókn, frumstæða nýlendubúa, siðvæðingu þeirra og hetjulega baráttu við hið ókunnuga jókst áhuginn á samtímaviðburðum og

⁵²⁹ Jón Sveinsson, *Borgin við Sundið*, 14; Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 53–55.

⁵³⁰ Jón Sveinsson, *Borgin við Sundið*, 15

⁵³¹ Paris, *Over the Top: The Great War and Juvenile Literature in Britain*, xii–xiii.

⁵³² Hunt, „Prophesying War,“ 319.

heimalandinu. Breskir rithöfundar réttlættu breska heimsvaldastefnu og hernaðarbrölt og rithöfundar annarra landa töluðu fyrir hagsmunum þjóða sinna.⁵³³

Barnabækurnar, sem komu út fyrir 1914 og á sjálfum stríðsárunum, áttu þátt í að búa lesendur hugmyndafræðilega fyrir stríðið og sumum var beinlínis ætlað að sannfæra unga menn um að taka þátt í „ævintýrinu mikla“. Þegar styrjöldin braust út í ágúst 1914 hlupu hundruð þúsunda ungra manna til og létu skrá sig í herinn.⁵³⁴ Þótt allflestar barnabækur um stríðið teljist til spennu- og drengjasagna rataði það líka inn í telpnasögur, dýrasögur og sögur fyrir yngri börn og nær ávallt var viðhorfið til þess jákvætt.⁵³⁵

Kimberley Reynolds segir það lykilatriði að komast að því hvort barnabækur hafi í raun haft áhrif á það að svo margt ungt fólk varð nær viðþolslaust af löngun til að taka þátt í styrjöldinni. Hún segir einnig að taka verði til athugunar að ekki var aðeins skrifað um „jákvæðar“ hliðar stríðsins heldur einnig sagðar sögur af sorg og þjáningu. Að halda því fram að drengjasögur hafi ekki verið annað en áróðursrit, líkt og Paris gerir, standist engan veginn og vissulega sé það svo að í sumum sögum er tekin afstaða gegn stríðinu og jafnvel deilt á það hatur á Þjóðverjum sem mikið bar á snemma á 20. öld og síðar og Jón Sveinsson fór ekki varhluta af.⁵³⁶ Vindar blésu úr ýmsum áttum og afleiðingar stríðsins urðu að lokum ljósari hverju barni. Stríðið hætti að vera spennandi eftir því sem það dróst á langinn og fólk fór að heyra meira um skelfingar skotgrafahernaðarins. Þá má einnig benda á að sumar stríðsbókmenntir fyrir börn gerast fjarri vígvellinum, heima fyrir eða ef til vill á sjúkrastofnunum þar sem tekist var á við afleiðingar styrjaldarinnar.⁵³⁷

Jón Sveinsson skrifaði um stríðið þótt hann geri það ekki í Nonnabókunum. Hann var um sextugt þegar heimsstyrjöldin fyrri geisaði og því af eldri kynslóð en sú sem gegndi herþjónustu. Hann vitjaði jesúítaskólans Stella Matutina í Feldkirch í Austurríki

⁵³³ Paris, *Over the Top*, 11, 155–156. Þetta á til að mynda við um ítalskar barnabækur á þessum tíma eins og kemur fram í rannsókn Lindsay Myer á ítölskum barnabókmenntum á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar sem voru undirlagðar af umfjöllun um stríðið og þeim beinlínis beitt til að hefja það til skýjanna („Flying the Flag”: Arturo Rossato’s Fantasy Novel, L’aeroplano di Girandolino“).

⁵³⁴ Um þetta fjalla kaflinn „Selling the War“ í bók Paris, *Over the Top*, að mestu. Fjallað er um ævintýrasögur, drengjasögur og Róbinsonsögur í kaflanum 5.2, Karlmannlegar hetjur.

⁵³⁵ O’Sullivan, „Fun and Military Games,” 195–198. Þetta sýnir til að mynda Dorothy Flothow sem rannsakað hefur ímynd styrjaldarinnar í bókum fyrir bresk börn og unglínga á millistríðsárunum („Popular Children’s Literature and the Memory of the First World War, 1919–1939,” 148–161).

⁵³⁶ Reynolds, „Word about War for Boys,” 256, 270.

⁵³⁷ Myers, „Storying War,” 19–20. Vert er að benda á að enn þann dag í dag er fyrri heimsstyrjöldin viðfangsefni barnabókahöfunda, til að mynda í grein MacCallum-Stewart, „If They Ask Us Why We Died,” 1970–2005,” 176–188.

síðla sumars 1914. Kennarar og nemendur höfðu verið kallaðir á vígvöllinn og skólinn fylltist af ungum og illa særðum hermönnum. Hlutverk pater Jóns Sveinssonar var að spjalla við hermennina, hughreysta þá og skemmta þeim. Hann viðurkenndi síðar að þessi reynsla hefði verið skelfileg. Hann var einnig beðinn um að taka að sér að vitja franskra stríðsfanga sem voru í haldi í Weingarten skammt frá Ravensburg og syngja yfir þeim jólamessu. Um þá reynslu skrifaði hann í tímarit jesúíta í Frakklandi og síðan í blað fyrir almenning. Árið 1921 birtist styttr þýðing þessarar greinar í *Eimreiðinni*. Ljóst er að Jón Sveinsson kveið nokkuð fyrir ferðinni:

Hvað átti ég að segja vesalings mönnum? Fangar í landi fjandmanna sinna ... og meira að segja særðir, þeir hlutu að vera leiðir, sorgbitnir, mundu helzt þurfa huggunar við. En þetta átti að vera jólafagnaður að nokkru leyti. Jólafagnaður hjá sjúkum föngum í fjandmannalandi, langt frá ástvinum sínum og fögru sólriku heimkynnunum.⁵³⁸

Frásögnin er öll mjög í anda Nonna, bæði hvað uppbyggingu og efnistöð varðar. Greint er nákvæmlega frá undirbúningi ferðarinnar. Það eru stríðstímar og í lestinni til Weingarten þarf hann að gera þýskum hermönnum nákvæmlega grein fyrir hver hann sé og kemur þá íslenskur uppruni hans við sögu. Lestarfélagi Jóns sannfærir hann um að frönsku fangarnir séu hinir kátustu og segir að þeir hlæi og reyki „allan liðlangan daginn“ auk þess sem þeir sem hafi „nokkra fætur til að hoppa á“ eins og unglömb.⁵³⁹ Þegar til Weingarten er komið þyrpast hermennirnir í kringum prestinn eins og „fjörugir skóladrengir“ þrátt fyrir „hin hræðilegustu sár og limlestingar“.⁵⁴⁰ Í frásögninni er áherslan ekki lögð á hermennina, stríðið eða afleiðingar þess heldur Jón Sveinsson sjálfan, sérstöðu hans sem einstaklings og að nærvera hans kæti og bæti tilveru hinna þjáðu hermanna. Átakanlegasti kafli greinarinnar er frásögn af ungum, hvítklæddum manni með hvítt sárabindi um augun. Sá hefur misst bæði augun í stríðsátökum en hefur öðlast nokkuð sem mikilvægara er – trúna á guð.

Jón Sveinsson fjallar ekki um skuggahliðar þessarar heimsóknar og gætir þess að fara ekki ófögrum orðum um nokkurn mann. Hann ber lof á þýska stjórnendur og gætir þess að taka ekki afstöðu með einni þjóð gegn annarri. Sjálfur kvaðst Jón Sveinsson hafa vanið sig „á að bera einhverskonar almennan hlýhug til allra þjóða“.⁵⁴¹ Þetta er athyglisvert í ljósi þess að strax í upphafi rithöfundarferils síns sagðist hann „helst alltaf

⁵³⁸ Jón Sveinsson, „Í Weingarten“, 22.

⁵³⁹ Sama rit, 27.

⁵⁴⁰ Sama rit, 28.

⁵⁴¹ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 300.

vilja skrifa þannig, á *almennt* mannlegum nótum en ekki einvörðungu trúarlegum⁵⁴² og trúarerjur og deilur voru honum alla tíð mjög á móti skapi. Á umbrotatímum kom það Nonnabókunum líka til góða að höfundur þeirra reyndi að hefja sig yfir landamæri og höfða til allra á sammannlegum nótum þegar andúð og jafnvel hatur á Þjóðverjum jókst stig af stigi í álfunni.⁵⁴³

Nonnabækurnar nutu mikils velvilja en Jón Sveinsson þurfti vitaskuld að gæta þess að semja bækur sem stæðust spennandi ævintýrasögum snúning og söguhetjan þurfti nú, þrátt fyrir allt, líka að vera hetja. Og Jón Sveinsson byggði bækur sínar, eins og megnið af drengjasögum stríðs- og millistríðsáranna, á ævintýrasagnaminninu og hinni klassísku hetjuímynd en gerði það sem sínum hætti og þannig að hann skar sig úr.

5.2 Karlmannlegar hetjur

Margery Hourihan hefur rannsakað þá hugmyndafræði sem liggur að baki ímynd karlmennsku og hetju í vestrænum barnabókmenntum. Niðurstöður hennar birtast í bókinni *Deconstructing the Hero* (Afbygging hetjunnar, 1997). Samkvæmt Hourihan hefur saga hetjunnar verið endurtekin hvað eftir annað í óteljandi útgáfum. Þetta er saga um yfirráð, árangur og yfirburði hvítra gagnkynhneigðra karla og réttmæt yfirráð þeirra yfir öðrum hópum og er hluti af þeirri tvíhyggju sem mótað hefur vestræna hugsun og vestræn gildi.⁵⁴⁴

Hetjusagan hefur verið hluti af vestrænni menningu frá upphafi og eltir ávallt sömu frásagnarmynstrin, heima-að heiman-heim, sem fjallað er um í kafla 3.6, Heima á Möðruvöllum. Hetjan er hvít, karlkyns, bresk, bandarísk eða evrópsk og alla jafna ung. Stundum á hún sér fylgissvein eða er leiðtogi í hópi. Þessi skilyrði uppfyllir Nonni augljóslega. Jafnframt þarf hetjan að yfirgefa hið „siðmenntaða heimili sitt“ og fara út í óbyggðir til að ná markmiðum sínum. „Óbyggðirnar“ geta verið skógur, fantasíuland eða önnur pláneta, önnur heimsálfa eins og Afríka eða land sem ekki tilheyrir Evrópu o.s.frv.

Hin klassíska hetja lendir í alls kyns erfiðleikum en vinnur að lokum bug á óvinum sínum því að hún er sterk, hugrökk, úrræðagóð, skynsöm og ákveðin í að ná

⁵⁴² Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 296 (skáletrun upprunaleg).

⁵⁴³ Um þetta er til að rætt í grein Kristu Cowman, „There are Kind Germans as well as Brutal Ones“, 104–105.

⁵⁴⁴ Hér er Hourihan á svipuðum slóðum og aðrir fræðimenn sem hafa fjallað um sögu hetjunnar, svo sem goðsagnafræðinginn Joseph Campbell, höfund bókarrinnar *The Hero with a Thousand Faces* (1949) sem skiptir sögunni um hetjuna í tólf mismunandi stig.

árangri. Að ævintýri loknu snýr hetjan heim á leið og fær einhverskonar verðlaun,⁵⁴⁵ og er þetta mynstur hið sama og hin klassíska bygging barnasagna – heima-að heimanheim. Það er ekki vafamál að Nonni þarf að leysa margar þrautir og stendur uppi sem sigurvegari vegna andlegra yfirburða sinna, trúarinnar og þess styrks sem hann sækir til móður sinni. En Nonni snýr vel að merkja aldrei aftur „heim“ til Íslands heldur þarf hann að finna sitt heimili annars staðar – í bókum sínum.

Aðalpersónur ævintýrasagna á fyrri hluta 20. aldar eru nær undantekningarlaust karlkyns og búa yfir kostum eða hæfileikum sem lesendum finnast aðdáunarverðir. Þær eru með öðrum orðum steypar í mót hinnar ráðandi karlmennsku (e. *hegemonic masculinity*) í vestrænum samfélögum og sú hugmynd hefur furðulítið breyst í aldanna rás. Hugtakið „ráðandi karlmennska“ hefur mikið verið notað innan félagsvísinda og félagsfræðingurinn R. W. Connell hefur í fræðum sínum lýst stigveldi karlmennsku. Þar trónir efst sú karlmennskuhugmynd sem menning og völd styðja hugmyndafræðilega og hverfast um. Það er ráðandi karlmennska sem einkennist meðal annars af gagnkynhneigð, styrk, rósemi, hugrekki, þori, ævintýraþrá, keppnisskapi og árangri. Ráðandi karlmennska er hugsjón sem sjaldan verður að veruleika þó að karlmenn njóti góðs af þeirri trú að svo kunni að fara áður en yfir lýkur. Það að vera karlmaður gefur þeim forréttindastöðu, til dæmis gagnvart konum og börnum. Ráðandi karlmennska er jafnframt sú tegund karlmennsku sem einkennir hetjuna og það sýnir sig þegar í harðbakkann slær, annars væri hún varla hetja.⁵⁴⁶

Augljóst er að karlmennskuímyndir Nonnabókanna eru ekki einfaldar og flókið að staðsetja Nonna í stigveldi Connell. Staða Nonna, og vitaskuld Jóns Sveinssonar einnig, sem barns, einstæðings, útlendinga, munaðarleysingja og nýlendubúa, skipar honum neðarlega í valdapýramídanum. Hann reynir að styrkja stöðu sína með því að sýna fram á líkamlegan styrk og menningarlega auðlegð Íslendinga. Sú staðreynd að Jón Sveinsson var kaþólskur og jesúíti flækir karlmennskuímyndir bókanna enn frekar þar sem karlmennskuhugmyndir í valdakerfi kaþólsku kirkjunnar eru mjög flóknar eins og lýst hefur verið í kaflanum „Kaþólikkinn“.

Ímynd hetjunnar og saga hennar er miðlæg í menningu okkar eins og hetjusagan sem einnig hefur drottnað yfir barnabókmenntum. Frásagnarliðir hennar, gildi og viðhorf hafa síast inn í hverja kynslóðina á fætur annarri og langflestir telja sögur um

⁵⁴⁵ Hourihan, *Deconstructing the Hero*, 1–2, 9–10, 51–56.

⁵⁴⁶ Connell, *Masculinities*, 77.

hetjur vera þroskandi og gott lesefni fyrir börn.⁵⁴⁷ Fyrirmyndirnar sem Jón Sveinsson byggir á, meðvitað eða ómeðvitað, eru hluti af bókmenntaarfi Evrópu og eiga rætur að rekja þúsundir ára aftur í tímann. Sú sögupersóna sem skiptir þó mestu máli fyrir þróun ævintýrasögunnar er Robinson Crusoe í samnefndri skáldsögu Daniels Defoe.

5.2.1 Ævintýrahetja á eyðieyju

Árið 1719 kom út fyrsta skáldsaga Daniels Defoe, *The Life and Surprising Adventures of Robinson Crusoe ... Written by himself*⁵⁴⁸ (Ævi og ótrúleg ævintýri Róbinson Krúsó, skrifuð af honum sjálfum). Sagan átti eftir að hafa mikil áhrif á evrópskar bókmenntir. *Robinson Crusoe* varð strax mjög vinsæl og endurprentuð þrisvar sama ár og hún kom út. Ekki dró úr vinsældunum þegar Rousseau mælti með henni í *Émile* (1762) og sagði að börn ættu helst engar aðrar skáldsögur að lesa.⁵⁴⁹ Sagan hefur verið þýdd á allflest tungumál veraldar og birst í rúmlega 700 ólíkum útgáfum af ýmsu tagi auk þess sem Robinson sjálfur hefur birst á leiksviði, í kvikmyndum og teiknimyndum.⁵⁵⁰

Skrifaðar hafa verið heilu bókahillurnar og gott betur um Crusoe. Í *Bókabörnum* segir Dagný Kristjánsdóttir söguna sjálfa hafa verið túlkaða sem óð til nýlenduveldanna, einstaklingshyggjunnar, kapítalismans og alls þess sem gerði Bretland að heimsveldi auk þess sem hún hafi verið túlkuð í ljósi eftirlendufraeða, kynjafræða, sem kristin sjálfsævisaga og sem saga af trúarlegum sinnaskiptum. En þetta er líka saga um einangrun og einsemd og Dagný vitnar í bókmenntafræðinginn Harold Bloom sem veltir því fyrir sér hvort söguna megi túlka sem svar við ótta barnsins um að vera öðrum háð, að það kjósi að vera eitt til að sýna sjálfstæði sitt, og jafnvel hvort líta megi á þrautseigju Crusoe sem svar við einmanaleika allra heimsins barna.⁵⁵¹ Andrew O'Malley hefur bent á sagan hafi verið kölluð „goðsagan um nútímann“ og hugleiðir hvort það sé vegna þess að hún fæst við þemu sem eiga alltaf við, bæði á

⁵⁴⁷ Hourihan, *Deconstructing the hero*, 1–3, 9, 57.

⁵⁴⁸ Sjálfur bætti Defoe nokkrum bindum við söguna á árunum 1719 og 1720.

⁵⁴⁹ Rousseau, *Émile*, án bls (rafræn bók). Orðrétt segir:

I hate books; they only teach us to talk about things we know nothing about. [...] Since we must have books, there is one book which, to my thinking, supplies the best treatise on an education according to nature. This is the first book Emile will read; for a long time it will form his whole library, and it will always retain an honoured place. It will be the text to which all our talks about natural science are but the commentary. It will serve to test our progress towards a right judgment, and it will always be read with delight, so long as our taste is unspoiled. What is this wonderful book? Is it Aristotle? Pliny? Buffon? No; it is Robinson Crusoe.

⁵⁵⁰ O'Malley, *Children's Literature, Popular Culture, and Robinson Crusoe*, 1–3, 18–19.

⁵⁵¹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 110–111.

útgáfutíma sögunnar og á okkar dögum, og vegna þess að þetta er trúanleg saga þess sem lifir af, þess sem á við ofurefli að etja en kemst þó af.⁵⁵²

Í grundvallaratriðum fjallar sagan um mann að nafni Robinson sem verður strandaglópur á fjarlægri eyðieyju. Þá segir frá lífsbaráttu hans í eyjunni þar sem hann býr í 28 ár uns honum er bjargað. Söguhetjan er hvít, karlkyns, evrópsk og ung að aldri og sagan fylgir hinum hefðbundnu frásagnarminnum hetjusögunnar: Hetjan yfirgefur hinn siðmenntaða heim og lendir í ævintýrum á hættulegum og ósiðmenntuðum stað. Hetjan sigrast á andstæðingum sínum og snýr að lokum heim, í siðmenninguna, þar sem hún hlýtur verðlaun.

Ekki leið á löngu eftir að *Robinson Crusoe* kom út og þar til endurgerðir sögunnar, einskona aðdáendaspunar, tóku að birtast. Á fyrstu 100 árunum eftir að bókin kom út voru gefnar út 57 langar sögur í hennar anda og 151 smáritaútgáfur (e. *chapbooks*). Sögurnar voru skrifaðar um alla álfuna, einkum þó á Englandi, í Frakklandi og Þýskalandi, og urðu svo vinsælar og svo margar að menn tóku að líta á þær sem sérstaka bókmenntagrein, Róbinsonsögur (e. *Robinsonnades* eða *Robinsonades*).⁵⁵³ Róbinsonsögur fjalla um skipreika fólk sem reynir að lifa af á eyðieyju og lykilþáttum upphaflegu sögunnar var yfirleitt haldið til haga, þ.e. lýsingum á skipskaðanum, eyðieyjunni og hinu framandi umhverfi, einangrun söguhetjunnar og aðferðum hennar við að komast af.⁵⁵⁴

Hvorki saga Defoe né hinar fjölmörgu endurgerðir voru sérstaklega ætlaðar börnum en þau höfðu engu að síður mjög gaman af *Robinson Crusoe*. Útgefendur og rithöfundar tóku eftir þessum áhuga meðal barna og árið 1768 kom út fyrsta Róbinsonsagan sem skrifuð var sérstaklega með börn í huga. Þar með var stíflan brostin og Róbinsonsögur fyrir börn streymdu á markað. Ein sú vinsælasta var hin svissneska *Der schweizerische Robinson* (Svissneski Róbinson, 1812–1813) eftir prestinn Johann David Wyss. Frederick Marryat, sem Jón Sveinsson las, er þó gjarnan þakkað fyrir að festa þessa tegund bókmennta, þ.e. Róbinsonsögur fyrir börn, í sessi. Á efri árum fór hann að skrifa fyrir börn og skrifaði *Masterman Ready, or the Wreck of the Pacific*

⁵⁵² O'Malley, *Children's Literature, Popular Culture, and Robinson Crusoe*, 1–2.

⁵⁵³ Sama rit, 77. Hugtakið Róbinsonsaga var búið til árið 1731 af Johann Gottfried Schnabel sem sjálfur samdi Róbinsonsöguna *Die Insel Felsenburg*. (O'Malley, *Children's Literature, Popular Culture, and Robinson Crusoe*, 2)

⁵⁵⁴ Yfirgripsmikil og góð samantekt á áhrifum Robinsons Crusoe á barnamenningu og barnabækur er að finna hjá Seth Lerer í kaflanum „Canoes and Cannibals“ í *Children's Literature*, 129–150.

(Masterman Ready, eða Flakið í Kyrrahafi, 1814) að áeggjan barna sinna sem vildu fá framhald sögunnar um svissnesku Róbinson-fjölskylduna.⁵⁵⁵

O'Malley bendir á að hugmyndir tveggja helstu hugsuða 18. aldar um barnauppeldi, Jean-Jacques Rousseau og Johns Locke, falli mjög vel að sögunni um hinn skippreika Crusoe. Hugmyndir Locke um barnið sem óskrifað blað – *tabula rasa* – falla vel að andlegri endurfæðingu Crusoe á eyjunni og í anda Locke menntar Crusoe sig sjálfur, öðlast reynslu og árangur. Á þennan hátt, segir O'Malley, er saga Defoe í samræmi við þau markmið sem Locke setur fram í *Some Thoughts on Education* (1694). Þetta, ásamt stuðningi Rousseaus, varð til þess að festa *Robinson Crusoe* í sessi, ekki aðeins sem viðeigandi lesefni fyrir börn heldur sem nauðsynlega sögu til að styðja æskufólk og bæta. Ekki síst þótti sagan holl drengjum og var talin hjálpa þeim til að verða sjálfstæðir einstaklingar í anda hugmyndafræði hinnar vaxandi millistéttar borgara.⁵⁵⁶

Jón Sveinsson þekkti til Róbinsonsagna og bæði minnst hann á söguhetjuna sjálfa og nýtir sér minni sögunnar í bókum sínum. Í *Nonni segir frá*, sem fjallar aðallega um trúboðsstarf hans á Sjálandi, kemur glögglega fram að höfundurinn þekkir til sögunnar. Í kaflanum „Biskupinn kallar – Ég læri á hjóli“ býðst honum að fara í postullegar sendiferðir um Sjáland og flytja trúarlega fyrirlestra. Nonni grípur tækifærið og til að geta farið hratt yfir útveggar hann sér hjól og gerir mikið grín að eigin klaufaskap þegar hann reynir að læra á það. En það tekst og presturinn heldur af stað, með nesti og nýja skó. Hann staðnæmist í skógi einum og ákveður að matast:

Þar steig ég af hjólinu og gekk að föllnum trjástofni. Hann ætlaði ég að nota fyrir stól og borð.

Ég kveikti nú í bensínlampanum og setti upp pottinn. Í hann lét ég smjör og mat.

Svo fór ég að eins og Róbinson, fann mér spýtu og tálgaði mér spón með hnífnum mínum. Undirskál notaði ég fyrir disk.⁵⁵⁷

Ungur drengur kemur aðvífandi meðan á öllu þessu stendur til að gera söguna enn skemmtilegri og Nonni býður honum að borða með sér. Öllu meira spennandi Róbinsonsögu er þó að finna í *Borginni við Sundið*. Það er komið vor, Nonni er orðinn leiður á skólanum og þyrstir í ævintýri. Hann fer ásamt vini sínum Valdemar ofan í

⁵⁵⁵ Butts, „The Birth of the Boys' Story and the Transition from the Robinsades to the Adventure Story,“ 445–447; O'Malley, *Children's Literature, Popular Culture, and Robinson Crusoe*, 167–168.

⁵⁵⁶ O'Malley hefur skrifað sérstaklega um uppeldisfræðilega möguleika Róbinsonsagna, sjá einkum *Children's Literature, Popular Culture, and Robinson Crusoe*, 24, 46–47.

⁵⁵⁷ Jón Sveinsson, *Nonni segir frá*, 107.

fjöru og segir honum að í næstu viku, þegar þeir fái frí í skólanum, ætli hann að fara á opnum báti til Svíþjóðar! Eftir nokkurt ráðabrukk ákveða þeir að sigla út í litla eyju, Salthólma. Þeir ræða sín á milli um eyjuna og þá berst Crusoe í tal:

„Salthólminn er líka ósköp lítill. Það er hægt að hlaupa hann þveran á fáeinum mínútum.“

„Þá hlýtur hann að vera ákaflega lítill. Það býr víst ekki margt fólk í honum.“

„Nei, þar býr ekkert fólk. Ég hef heyrt, að þar sé ekkert nema fáeinar sauðkindur, sem ganga þar úti. En ég veit ekki, hvort það er satt.“

„Það vildi ég, að það væri satt Valdemar. Þá gætum við lent á eyðieyju eins og hann Róbinson. Og ef við verðum þyrstir, þá gætum við náð einni ánni og mjólkað hana handa okkur.⁵⁵⁸

Og drengjunum verður að ósk sinni – þeir lenda í miklu ævintýri í anda Róbinsons. Þeir leggja af stað í blíðviðri en ský dregur fyrir sólu, skyndilega hvessir og þeir eiga fullt í fangi með að stýra bátnum. Við illan leik komast þeir í Salthólma þar sem þeir takast á við náttúruöflin og styggar kindur og þurfa að auki að finna út hvernig þeir eigi að sjóða matinn sinn. Bát þeirra rekur svo út á haf og þeir á eftir á fleka en úti á sjó er þeim næstum því rænt af sjóræningjum. Til allrar hamingju endar þetta æsandi ferðalag þó vel að lokum.

5.2.2 Ævintýrasögur

Róbinsonsögur breyttust með tíð og tíma og skilgetið afkvæmi þeirra er ævintýrasagan sem varð vinsæl um alla álfuna, einkum þó í Bretlandi á tímum heimsvaldastefnunnar upp úr miðri 18. öld og fram á miðja 20. öld. Þangað sóttu margir höfundar innblástur og mikill meirihluti rannsókna sem gerðar hafa verið á ævintýrasögum og Róbinsonsögum eru breskar.

Öfugt við Róbinsonsöguna þarf ævintýrasagan ekki að gerast á eyðieyju né heldur að fjalla um skipbrot og lífsbaráttuna á eyjunni. Sögusviðið er fjölbreyttara, söguefnið sömuleiðis og söguhetjurnar. Nokkrir höfundar báru hvað mesta ábyrgð á þróun þessarar bókmenntategundar, þar á meðal Frederick Marryat, G. A. Henty, Robert Louis Stevenson og Walter Scott – allt höfundar sem Jón Sveinsson hefur þekkt til.⁵⁵⁹

⁵⁵⁸ Jón Sveinsson, *Borgin við Sundið*, 228.

⁵⁵⁹ Butts, „Shaping Boyhood,“ 341–347; Butts, „The Birth of the Boys Story and the Transition from the Robinsonade to the Adventure Story,“ 450.

Söguhetjurnar fóru víða, enda var vitund manna um heiminn að aukast. Samtímaviðburðir sáu til þess – sókn heimsveldanna í fjarlægum álfum, stríðsátök á borð við Krímstríðið (1854–1865) og fleira sem hafði áhrif á samfélagið í heild sinni og þar með bækur fyrir börn. Fjölbreytt söguviðið endurspeglast í titlunum, til dæmis bókum kaþeins Marryat: *The Settlers in Canada* (Landnemarnir í Kanada, 1844) og *The Children of the New Forest* (Börnin í nýja skóginum, 1847). Sumar þeirra gerðust meira að segja í fjarlægri fortíð eða á miðöldum, svo sem sögur Walters Scott. Hetjurnar börðust við frumstæða og framandi andstæðinga í Afríku, Suður-Ameríku og víðar í nafni konungsins, fósturjarðarinnar og Jesú. Framandi slóðir juku á dramatíkina í sögunni en gátu líka styrkt tilfinninguna fyrir siðferðislegum hindrunum sem söguhetjan þarf að komast yfir og sigrast á.⁵⁶⁰

Drengirnir sjálfir eru ungar hetjur og karlmenn framtíðarinnar, þeir eru hvítir, gagnkynhneigðir, vestrænir og af sæmilega góðum ættum. Þeir eru oft synir lækna eða presta, hressir og dugmiklir, oftast um fjórtán ára gamlir, og eru í stuttu máli smávaxnar spegilmyndir hinna fullorðnu fyrirmynda. Dennis Butts hefur vakið athygli á því að um 1850 kom ný kristin drengjasagnahetja fram á sjónarsviðið. Vissulega höfðu áður verið snertifletir milli spennandi ævintýra og kristilegs anda í evrópskum barnasögum. Butts rekur þessar breytingar þó einkum til Krímstríðsins og uppreisnanna á Indlandi (1857–1859). Hann segir þessi átök Breta hafa haft í för með sér aukna þjóðernistilfinningu og trú á heimsveldið sem sameinaðist í trúnni á guð og nauðsyn þess að berjast karlmannlega og hetjulega. Hin kristna hetja var einkum áberandi í breskum sögum en áhrifa hennar gætti þó víðar um álfuna.⁵⁶¹

Ævintýrasögur fólu oft í sér áróður fyrir hugmyndafræði heimsveldis og nýlenduveldis, frá því að vera einfaldar sögur af landnámi á eyðieyjum yfir í sigra á meginlandinu og stærri svæðum.⁵⁶² Undir lok 19. aldar hafði hugmyndin um hinn kristna hermann vikið til hliðar, veraldleg gildi urðu sterkari en hin trúarlegu. Þetta þýðir þó ekki að blanda af hernaðarhugsjón, ímynd hermannsins og kristinni trú hafi horfið úr barnamenningu Evrópu. Við aðalhlutverkinu tók skátahreyfingin, sem dreifðist hratt um álfuna, en sú hetjuímynd sem hún boðaði er einskonar framhald

⁵⁶⁰ Butts, „Shaping Boyhood,“ 342–345.

⁵⁶¹ Sama rit 341–342; Lerer, *Children's Literature*, 151–171.

⁵⁶² Carpenter og Prichard, *The Oxford Companion to Children's Literature*, 6–7, 400–401; Boehmer, *Colonial and Postcolonial Literature*, 71–75; Butts, „The Birth of the Boys' Story and the Transition from the Robinsonades to the Adventure Story,“ 447–449.

kristilegrar karlmennsku seinni hluta 19. aldar og hefur því eflaust höfðað dával til Jóns Sveinssonar.⁵⁶³

Margery Hourihan setur upp andstæðupör sem sýna eiginleika „hins siðmenntaða manns“ og „villimannsins“ í Robinson Crusoe sem vel má yfirfæra á aðrar ævintýrasögur. Listinn er svona:

| | |
|------------|----------------------|
| skynsemi | tilfinningar |
| siðmenning | óbyggðir |
| borg | náttúra |
| skipulag | kaos |
| sál | líkami |
| karlkyn | kvenkyn |
| mannlegur | ómannlegur |
| húsbóndi | þræll ⁵⁶⁴ |

„Villimennirnir“ eða andstæðingar hetjunnar eru alla jafna skilgreindir út frá þeim eiginleikum sem þeir *hafa ekki* en hetjan *hefur* og þannig eru þeir ávallt skilgreindir á neikvæðan hátt. Engar tilraunir eru gerðar til að skilja og skilgreina þeirra eigið sjónarhorn eða að þeir hafi eitthvert mikilvægi á nokkru sviði. Nær allar „alvöru“ hetjur ævintýrasagna falla í flokkinn vinstra megin. Og það gerir Nonni einnig, að mestu leyti. Nonni er skynsamur, skipulagður og siðmenntaður drengur með kristna sál og er „húsbóndi“ eða yfirboðari í samskiptum við jafnaldra eins og Óla litla, Valdemar og fleiri minnimáttar félaga sem hann á að vinum og kemur stundum til bjargar. Það sem skilur Nonna frá öðrum hefðbundnum ævintýrahetjum er sú staðreynd að hann kemur frá „ósiðmenntuðu“ eða „villtu“ landi. Sú staðreynd er honum ekki endilega í óhag heldur gerir hann sérstakan og færari en aðra til að lifa af við erfiðar aðstæður auk þess sem Jón Sveinsson gerir allt til að sannfæra lesendur um að Ísland sé ekki eyðieyja heldur sannkölluð menningarmiðstöð siðmenntaðra germana.

Nonni er að ýmsu leyti í sömu stöðu og þeir Kim og Móglí, söguhetjur vinsælla bóka eftir rithöfundinn Rudyard Kipling (1865–1936). Bækurnar um Kim eru ævintýra- og drengjasögur. Kim sjálfur er hvítur drengur sem hefur alist upp á Indlandi og tilheyrir bæði hinni hvítu „efri“ stétt og innfæddum, bæði nýlenduheranum og

⁵⁶³ Butts, *Children's Literature and Social Change*, 29–33.

⁵⁶⁴ Hourihan, *Deconstructing the Hero*, 17.

nýlenduþegnunum. Móglí hefur hins vegar alist upp í frumskóginum, meðal dýranna, og kann þar best við sig. Allir þrír hafa þurft að segja skilið við foreldra sína og upprunaleg heimkynni; þeir eru í raun munaðarlausir. Þeir alast upp utan siðmenningar, meðal dýra og villimanna (á Íslandi, í frumskógi, hjá „brúna fólkinu“ á Inlandi) og kunna ýmislegt sem hið venjulega, hvíta barn ekki kann og í öllum tilvikum á þessi sérstaða að veita þeim stöðuhækkun innan samfélagsins. Mógli er þó, vissulega, villtastur þeirra allra en bæði Kim og Nonni kunna fótum sínum forráð jafnt í siðmenntuðum borgum Evrópu og í óbeislaðri og ósiðmenntaðri náttúru; þeir eiga heima á báðum stöðum.

Yfirburðir þeirra allra byggjast á því sem þeir hafa lært og gert á sviði „villimannsins“, samkvæmt tvískiptingu Hourihan, en allir vilja þó njóta virðingar og vinsælda meðal „hvíta mannsins“. Staða þeirra þriggja minnir á kenningar Bhabha um eftirlíkinguna, eftirhermuna, svo og hugmyndir um hinn „göfuga villimann“. Athygli vekur að söguhetjurnar þrjár, Kim, Móglí og Nonni, nutu afskaplega mikilla vinsælda meðal hvítra, „siðmenntaðra“ og evrópskra barna og tveir þeir fyrrnefndu höfðu mikil áhrif á Robert Baden-Powell, vin Kiplings og stofnanda skátahreyfingarinnar og raunar á uppbyggingu hreyfingarinnar. Hefði Baden-Powell lesið Nonnabækurnar hefði hann ugglaust orðið jafn ánægður með þær og sögurnar um Kim og Móglí.⁵⁶⁵

5.2.3 Skátasögur

Sama ár og Jón Sveinsson var fyrst lagður í móðurfaðm á Íslandi fæddist Robert Baden-Powell (1857–1941) á Englandi. Hann gekk síðar í breska herinn og þegar hann lét af störfum sem herforingi árið 1907 stofnaði hann skátahreyfinguna. Hugmyndafræði sína birtir hann í handbókinni *Scouting for Boys: A Handbook for Instruction in Good Citizenship Through Woodcraft* (Skátahreyfingin: Handbók fyrir skáta, 1908).⁵⁶⁶ Í skátahreyfingunni komu saman ýmsar aldagamlar hugmyndir um menntun, hið borgaralega samfélag, almenna heilsurækt og margt fleira en fyrst og fremst grundvallast hugmyndafræði skátanna á hernaðarstefnu og nýlendustefnu, enda eru ungir skátar hvattir til að verða að alvöru karlmönnum með því að leita uppi ævintýri og stækka nýlenduveldið. En skátahandbókin er margradda eins og oft hefur verið bent á.

⁵⁶⁵ Baden-Powell, *Scouting for Boys*, 15–17; Kidd, *Making American Boys*, 7.

⁵⁶⁶ Bókin kom út í íslenskri þýðingu Kristmundar Bjarnasonar árið 1948.

Elleke Boehmer segir til að mynda hina upprunalegu hugmyndafræði skátahreyfingarinnar hafa verið blöndu af þjóðernishyggju, borgaralegri þjálfun, hernaðarhyggju, félagslegum darwinisma, hugsjón Baden-Powells um félagslega heimsvaldastefnu, náttúrudýrkun, orðræðu umhverfisverndar, menntunarfræðum og orðræðu leikhússins en segir að fyrst og fremst setji skátahandbókin fram einskonar „míkrókosmos“ eða smáheim hins marglaga og alþjóðavædda breska heimsveldis sem stutt er heils hugar í bókinni.⁵⁶⁷

Í upphafi voru meðlimir skátahreyfingarinnar 20 breskir drengir, í dag eru skátar rúmlega 54 milljónir talsins, bæði drengir og stúlkur, og er þetta líklega útbreiddasta alþjóðlega hreyfing heimsins. Hreyfingin hefur haft mikil áhrif á félagsmótun ungu kynslóðarinnar um allan heim. Skátahreyfingin barst fljótt til annarra landa, þar á meðal til meginlands Evrópu og árið 1910⁵⁶⁸ var skátahreyfingin komin til Danmerkur og var þar mjög vinsæl.⁵⁶⁹ Boehmer bendir á að fyrir hafi þar verið Frjálsu drengjasamtökin (Frivillig Drengjeforbund, FDF, stofnuð 1902) og Íþróttahreyfing æskulýðsins (De Unges Idræt, DUI, stofnuð 1805). Allar líkur benda til þess að Jón Sveinsson hafi þekkt til skátanna og skyldra félagar og verið nokkuð hrifinn af þeim. Árið 1895 kom Friðrik Friðriksson að máli við hann og bað hann að aðstoða sig við að komast í jesúítaskóla í Róm þar sem hann vildi gerast kaþólskur prestur. Jón Sveinsson ráðlagði honum að gera það ekki; frekar skyldi hann fara heim til Íslands og stofna þar kristlegt félag ungra manna; þannig sagðist Jón Sveinsson best telja Friðrik geta þjónað guði sínum og fósturjörð. Þetta gerði Friðrik og varð síðar æskulýðsleiðtogi og merkisberi trúarinnar meðal ungs fólks.⁵⁷⁰

Nokkrum áratugum eftir fyrstu útgáfu handbókar skáta var hún orðin ein af vinsælustu bókum 20. aldar. Auk þeirra vinsælda sem skátahandbókin naut voru svokallaðar „skátasögur“ (e. *scout novels*)⁵⁷¹ mikið lesnar á árunum milli styrjaldanna, jafnt af kaþólskum og mótmælendum, bæði í Evrópu og Ameríku. Sögur af ungum skátum sem lenda í hremmingum voru gefnar út í bókarformi og í barnablöðum. Í

⁵⁶⁷ Boehmer, „Introduction,“ xxi–xxii; Proctor, „Introduction: Building and Empire of Youth,“ xxvii. Einnig: Voeltz, „Reflections on Baden-Powell, the British Boy Scouts and Girl Guides, Racism, Militarism and Feminism,“ 1.

⁵⁶⁸ Árið 1910 voru skátar 130.000 talsins í Bretlandi og nýlendunum og um 150.000 í öðrum löndum (Proctor, „Introduction: Building and Empire of Youth,“ xxix–xxx).

⁵⁶⁹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 115.

⁵⁷⁰ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 255.

⁵⁷¹ Skátasögur eru nátengdar svokölluðum „útilegu- og útivistarþókum“ (e. *camping and tramping*) þar sem sögupersónur dveljast úti í náttúrunni, tjalda og kveikja varðeld. Þær voru vinsælastar í Englandi og í þeim var mjög dádóst að landslaginu og hinni ensku sveit (Watson, *Reading Series Fiction*, 77–79).

Þessum sögum sameinaðist nýlendu­hugsjónin og trúarleg hugmyndafræði. Hugmyndafræði skáta og evrópsk barnamenning var þannig allt í kringum Jón Sveinsson, jafnvel löngu áður en hann hóf að skrifa barnabækur sjálfur, og allt hafði þetta áhrif á verk hans.

Elleke Boehmer tengir kenningar Jacqueline Rose um ómöguleika barnabókanna við hugmyndafræði skátanna. Hún bendir á að skátarnir eldast aldrei og að sumu leyti tali æskudýrkandi texti handbókarinnar frekar til hins fullorðna en barnsins sem getur ekki litið til baka á nostalgískan hátt til æskunnar sem það hefur enn ekki lagt að baki. Baden-Powell var sérlegur aðdáandi sögunnar um Pétur Pan og gekk svo langt að skíra son sinn eftir honum. Boehmer segir að í *Handbók skáta* hafi hann fundið útrás fyrir löngun sína til að endurheimta bernskuna og að þar komi fram að hinn agaði og úrræðagóði skáti sé akkeri þeirrar velgengni sem nýlendu­veldið naut, hann er upphafin ímynd, endurvarp drauma hins fullorðna.⁵⁷² Þessi lýsing á skátanum gæti allt eins staðið eins og íburðamikil lýsing á aðalpersónu bernskuminninga Jóns Sveinssonar.

Nonnabækurnar byggjast á kunnuglegu bókmenntaformi, ævintýrasögunni, og falla þannig vel að þeirri bókmenntagrein sem naut hvað mestrar vinsælda á stríðsárunum og millistríðsárunum. Hetjueinkenni Nonna eru jafnframt sambærileg öðrum drengjasagnahetjum en hann er þó bæði meira spennandi og betri en aðrar hetjur sökum óvenjulegs uppruna síns og sögu. Saga hans er jafnframt þannig að hann er hafin yfir allar deilur, öll landamæri og leggur sig fram um að svo sé. Þannig gátu allir notið bókanna. Í Nonnabókunum er þó ekki aðeins að finna ævintýri sannkristinnar hetju sem allir geta sameinast um heldur rúma þær einnig brostna drauma og svikin loforð og þar leynist trúboð Jóns Sveinssonar og tilurðarsaga rithöfundar og kaþólskrar hetju.

5.3 Kaþólsk hetja

Eftir að Jón Sveinsson tók þá ákvörðun að gerast jesúíti leið nokkur tími þar til hann var vígður prestur og klæddist hempunni. Námsferill jesúíta skiptist í fjóra hluta: nýliðatíma, heimspekinám, starfsreynslu og loks guðfræðinám. Nýliðatímanum varði Jón í Frakklandi á árunum 1878–1880. Næstu tvö ár dvaldi hann við heimspekinám í Belgíu og síðan eitt ár í Hollandi. Þá tók við starfsreynsla eða kennsla í Ordrup frá 1883 til 1888. Að því loknu hélt hann til guðfræðináms í Ditton Hall í Englandi. Það var svo

⁵⁷² Boehmer, „Introduction,“ xxx–xxix.

31. ágúst 1890 að Jón Sveinsson var loks vígður prestur. Gunnar F. Guðmundsson segir að hafi hann einhvern tíma efast um köllun sína, þá hafi þær efasemdir fjarad út í Ditton Hall; upp frá þeirri stundu hafi hann verið alsæll með þá ákvörðun að gerast prestur og bæði fundið fyrir tilhlökkun og kvíða þegar stóra stundin nálgaðist.⁵⁷³

Sem jesúíti varð Jón Sveinsson að uppfylla ýmsar skyldur og hlíta mörgum reglum. Hann þurfti til að mynda að kveðja drauma um eigin fjölskyldu, maka og börn auk þess sem hann réð því ekki sjálfur hvar hann bjó eða við hvað hann starfaði innan reglunnar þótt hann gæti haft áhrif á það. Hann vann heit að skírlífi og fátækt; allt sem hann átti var jafnframt eign reglunnar. Jón Sveinsson var fús til að beygja sig undir sumar reglur en átti erfiðara með aðrar – eflaust einkum þær sem takmörkuðu frelsi hans. Hann varð til dæmis að fá leyfi til að skrifa og finna tíma til þess. Það tók hann langan tíma að öðlast hvort tveggja og þegar leyfið barst varð hann að gæta þess að skrifa bækur sem féllu yfirboðurum hans í geð.⁵⁷⁴ Til að sameina þetta gerir Jón Sveinsson Nonna bæði að fyrirmynd og hetju sem er hvort tveggja í senn, hefðbundin ævintýrahetja og trúarleg/siðferðileg hetja. Þessar tvær hetjuhugsjónir eiga ýmislegt sameiginlegt en það er líka nokkuð sem greinir þær að.

Hefðbundnar ævintýrahetjur eru hugrakkar, þrautseigar og öflugar, þær berjast til frægðar og frama. Kapólskar hetjur hafa allt þetta til að bera en það sem þær hafa umfram hinar er að þær setja ofar öllu öðru ást sína á guði almáttugum og samkvæmt kapólskum mælikvörðum gefur þessi ást þeim yfirburði yfir aðrar hetjur. Það sem skiptir þó mestu máli er hversu viljugar hinar kapólsku hetjur eru til að vinna, berjast og deyja fyrir guð og trú sína. Öfugt við hefðbundnar hetjur, sem fremja hetjudáðir í von um persónulega frægð og frama, berjast kapólskar hetjur og leggja sig í hættu fyrir trúna. Í fjölmörgum kapólskum frásögnum eru það talin forréttindi að fá að berjast og deyja í nafni trúarinnar, það krefst sjálfsfórnar sem er hin sanna birtingarmynd kapólsks hugrekks. Sjálfsfórnin felst ekki endilega í því að leggja líf sitt að veði í stríði heldur getur hún einnig falist í því að takast á við harða andstöðu gegn trúboði þeirra, takast á við líf í skugga fátæktar og sjúkdóma, fórna sér og sigrast þar með á sjálfum sér og lífinu og öllum þess veraldlegu freistingum. Þetta krefst mikils sjálfsaga sem er annað einkenni kapólskra hetja.⁵⁷⁵

⁵⁷³ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 242–243.

⁵⁷⁴ Sama rit, kaflinn „Úr fjötrum“ og 293–301.

⁵⁷⁵ Maurits og Osselaer, „Heroic Men and Christian Ideals,“ 67–71; Osselaer, „‘Heroes of the Heart’,“ 28.

Auðmýktin er enn eitt einkenni kaþólsku hetjunnar og það er aðeins með fullkominni auðmýkt að hægt er að verða sönn kaþólsk hetja. Fyrirmynd allra kaþólskra hetja er Jesús Kristur. Hann er fyrirmynd hvað varðar siðferði, undirgefni, afneitun, fórnir og ástina á guði. Innan kaþólsku hetjuorðræðunnar var einnig lögð áhersla á mildi, ástúð og mýkt hinnar kaþólsku hetju sem aðrir kaþólskir menn áttu að reyna að líkja eftir. Sumum kaþólskum hetjum hefur jafnvel verið líkt við „mæður“.⁵⁷⁶

Augljóst er að sannar hetjur ævintýrasagna voru ekki konur eða kvenlegir karlmenn og í fordómum mótmælenda gegn kaþólikkum var að finna ásakanir um að kaþólsk trú væri kvenleg, að minnsta kosti kvenlegri en mótmælendatrú, meðal annars vegna Maríudýrkunar sinnar. Yvonne Maria Werner hefur bent á að um og upp úr miðri 19. öld hafi trúmál innhverfst í vaxandi mæli og færst undir svið einkalífsins, heimilisins og konunnar en ekki hins opinbera sviðs atvinnulífs og karlanna.⁵⁷⁷ Olaf Blaschke tekur í sama streng og segir að á 19. öld hafi konur í auknum mæli látið til sín taka innan stofnana kirkjunnar auk þess sem nunnum fjölgaði nokkuð hratt, Konur héldu á lofti gildum kristinnar trúar en vaxandi fjöldi þeirra innan kirkjunnar hafði þau áhrif að ýmis viðhorf, tákni og venjur urðu kvenlegri en áður og talað var um „kvenvæðingu“ trúarinnar. Blaschke segir þetta hafa stuðlað að því að trú og karlmennska urðu nánast að andstæðum eftir því sem leið á 19. öld. Karlmenn fjarlægðust kirkjuna og trúarlegt áhugaleysi var talið eðlilegur hluti karlmennsku. Þeir létu sig því meira varða samfélagslegar, pólitískar og vísindalegar framfarir hins veraldlega heims en það sem fram fór innan kirkjunnar.⁵⁷⁸

Kaþólska kirkjan, og raunar sjálf trúin, er hefðinni samkvæmt karllæg, karlmenn hafa þar ávallt skipað valdastóla, átt síðasta orð um málefni kaþólsku kirkjunnar og svo er enn. Engu að síður hefur kaþólsk trú oft verið talin andstæð því sem alla jafna er talið til sannrar karlmennsku, einkum þegar kemur að munkum sem klæðast kvenlegum „kjólum“ og mega hvorki kvænast né stunda kynlíf. Að auki hefur mótmælendatrú verið talin karlmannlegri en kaþólsk trú.⁵⁷⁹ Ýmsir fræðimenn á sviði kynja- og trúarbragðafræða hafa rætt þetta á síðustu árum, til að mynda Marit Monteiro sem fjallar ekki aðeins um andstæðuparið ráðandi karlmennska/kristin karlmennska heldur bendir

⁵⁷⁶ Maurits og Osselaer, „Heroic Men and Christian Ideals,“ 73–74; Osselaer, „‘Heroes of the Heart’,“ 28–29.

⁵⁷⁷ Werner, „Studying Christian Masculinity,“ 7–9.

⁵⁷⁸ Blaschke, „The Unrecognised Piety of Men,“ 23–25.

⁵⁷⁹ Sama rit, 24; Osselaer, „‘Heroes of the Heart’,“ 25.

hún á að hin ráðandi karlmennska, að minnsta kosti í Evrópu, sé í eðli sínu mótmælendatrúar og að það setji kaþólska trú í erfiða stöðu.⁵⁸⁰

Blaschke talar um „endurreisn“ kaþólsku karlmenskunnar um aldamótin 1900 í Evrópu og greinir frá því að reynt hafi verið að gera kirkjuna og ímynd kristinnar trúar – þar á meðal þeirrar kaþólsku – karlmannlegri í augum almennings. Vandamál kaþólsku kirkjunnar voru þó ef til vill meiri en annarra hópa. Kaþólskir karlar voru margir hættir að iðka trú sína og biðja bænir, meðal annars vegna þess að það var ekki talin karlmannleg iðja.⁵⁸¹

Kaþólska kirkjan lagði sig því fram við að endurtúlka það sem telja mátti veikt, undirskipað og kvenlegt svo það væri karlmannlegt, sterkt og hetjulegt. Karlmaðurinn sem neitaði að sækja kirkju var þannig sakaður um hugleysi, því haldið fram að hann væri ekki nógu mikið karlmeni til að sækja kirkju og þannig væri hann kvenlegri en trúræknir félagar hans. Einnig var slakað á kröfum þess efnis að kaþólskir prestar væru gleraugnalausir og krúnurakaðir og hvort tveggja nýtti Nonni sér. Að auki þótti mörgum hjólandi prestar óvirðulegir og ókarlmannlegir.⁵⁸²

Öllu meira bar á herferðum fyrir karlmennsku kaþólskrar trúar sem hófust um 1880 og boðaðar voru frá Vatíkaninu. Í Þýskalandi náðu þær hámarki í tímaritinu *Männerapostolat* árið 1910. Tímaritið var vinsælt meðal kaþólskra en þar var fjallað um fjölmargar skyldur kaþólskra karlmanna og hamrað á því að hetjur væri alls staðar að finna og hví ekki að vera hetja fyrir kirkjuna? Berjast fyrir guð? Ímynd Jesú Krists var mjög til umfjöllunar og í „karlmenskuvæðingu“ kaþólskrar trúar var lögð minni áhersla en áður á „kvenlega“ drætti hans – svo sem blíðuna, gæskuna og mildina – og hann frekar gerður að stríðshetju, hugrakkasta hermanni guðs.⁵⁸³ Hetjur kaþólskra manna voru í auknum mæli tengdar hernaði. Kaþólska hetjan hefur til að mynda íklæðst brynju krossfarans, riddarans, herprestsins og búningi hins almenna hermans í fyrri heimsstyrjöldinni. Orðræða hernaðar var notuð í auknum mæli; „hermenn Krists“, „krossferðir“ og „skylduna til að berjast“ í því sambandi og jókst þetta líkingamál þegar heimsstyrjöldin fyrri skall á.⁵⁸⁴

⁵⁸⁰ Monteiro, „Repertoires of Catholic Manliness in the Netherlands (1850–1940),“ einkum 140–142.

⁵⁸¹ Blaschke, „The Unrecognised Piety of Men,“ 29–31.

⁵⁸² Sama rit, 30–34.

⁵⁸³ Sama rit, 29–34.

⁵⁸⁴ Osselaer, „‘Heroes of the Heart’,“ 25–27.

5.3.1 Hermenn guðs

Sennilegt má telja að Jón Sveinsson hafi vitað af og jafnvel orðið fyrir barðinu á fordómum gegn kaþólikkum og kaþólskum munkum, þar á meðal hvað karlmennsku varðar, og kemur það raunar fram í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, þegar Nonni er að kveðja sveitunga sína.⁵⁸⁵ Hann bar þó gæfu til þess að tilheyra þeirri deild innan kirkjunnar sem ávallt hefur verið spyrnt saman við karlmennsku og hernað og innan þeirrar deildar voru að sjálfsögðu engan konur. Þetta voru jesúítar. Stofnandi reglunnar, Ignatius Loyola, var hermaður. Hann særðist í bardaga árið 1521, lá síðan rúmfastur um tíma og byrjaði þá að lesa sér til um dýrlinga og líf Jesú Krists. Jesúítareglan var svo formlega stofnuð í Jerúsalem árið 1534, eins og áður var sagt, og árið 1539 samþykkti páfinn hana sem nýja trúarreglu. Jesúítar voru frá upphafi regla píligríma, sendiherrar og hermenn guðs, reiðubúnir að fara hvert sem var, hvenær sem var, til að þjóna herra sínum.⁵⁸⁶

Jesúítar voru þekktir sem herskáir verndarar páfavalds og kaþólskrar trúar. Þeir voru miklir trúboðar og höfðu gríðarleg áhrif á kaþólsku kirkjuna og þróun hennar í gegnum menntastofnanir sínar sem þóttu framúrskarandi. Kennarar og fræðimenn sem þar störfuðu þóttu bera af öðrum og yfirstéttin sendu syni sína í skóla þeirra. Þetta átti sinn þátt í því hve mikil pólitísk ítök þeir höfðu víða og eignuðust þar af leiðandi svæsna hatursmenn. Á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu, árunum þegar Jón Sveinsson kenndi í Ordrup, var í Skandinavíu mest um jesúíta í skóla hans, Sankti Andrésarskóla. Auk þess var skóla jesúíta að finna í Árósum, Stokkhólmi og Gautaborg. Þegar Sankti Andrésarskólinn var lagður niður árið 1920 höfðu meira en 200 jesúítar unnið þar um lengri eða skemmri tíma. Starf jesúíta blómstraði bæði í Danmörku og Svíþjóð en þó má ekki gleyma því að í Skandinavíu var jafnframt litið á jesúíta sem hræðilegustu birtingarmynd hinnar kaþólsku ógnar og þeir fengu sinn skerf af mótlæti.⁵⁸⁷

Samkvæmt Yvonne Mariu Werner var Jesúítareglan í Skandinavíu vel skipulögð regla sem „barðist“ í nafni trúarinnar og hafði hlýðni og skyldurækni í hávegum. Dygðir sem skipta miklu máli innan reglunnar eru hlýðni, þolinmæði, undirgefni og trúrækni en illa séð eru sjálfstæði, sjálfsfremd og það að sækjast eftir frægð og frama. Werner

⁵⁸⁵ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 31–38.

⁵⁸⁶ Saga jesúíta er vel skráð, bæði í bókum og á Internetinu. *The Jesuits from Ignatius to the Present* eftir John W. O'Malley (2014) hentar vel til að nálgast helstu upplýsingar um jesúíta.

⁵⁸⁷ Werner, „Alternative Masculinity?“, 175–181; Worcester, „Introduction“, 4.

segir að alvarlega hafi verið litið á óhlýðni. Þeim sem játuðu sök í því efni var þó fyrirgefið að undangenginni refsingu.⁵⁸⁸

Allt þetta og hinn hernaðar- og raunsæislegi andi reglunnar gerir það að verkum að Jesúítareglan samsvarar um margt hugmyndum þeim sem lýst hefur verið um ráðandi karlmennsku og orðræðu hennar innan hins veraldlega samfélags. Þau kaþólsku hetjueinkenni sem Jón Sveinsson virðist leggja mest upp úr í Nonnabókunum tengjast þó hvorki bardögum né hernaði heldur sjálfsfórn, því að vinna þrotlaust fyrir trú sína og finna vonbrigðum sínum og bitrum örlögum tilgang í því. Þannig má segja að þótt Nonni sé *eins og* aðrar vestrænar hetjur leggi hann í raun mest upp úr „kvenlegum“ hetjueinkennum en gangi jafnframt út frá því að þau séu talin karlmannleg – rétt eins og kaþólska kirkjan gerði um aldamótin 1900 þegar karlmennska innan kirkjunnar var í mikilli endurskoðun.

5.3.2 Nonni í Frakklandi

Jón Sveinsson klæddist hempu jesúíta í fyrsta sinn 1. apríl 1877 og eins og fram kemur hvað eftir annað í *Pater Jón Sveinsson: Nonni* átti Jón Sveinsson sér þann draum að snúa aftur til Íslands, gerast þar trúboði og boða löndum sínum hina sönnu, kaþólsku trú. Í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* undirstrikar sögumaður ákafan vilja drengsins til að komast til fjarlæggra landa. Svo mikil er útþráin að honum dettur meira að segja í hug að bjóða sig fram sem skipsdreng á einu af útlendu skipunum sem lágu við akkeri úti á höfn. Foreldrar hans taka það þó ekki í mál.⁵⁸⁹ Það er ekki fyrr en Nonni spyr móður sína ráða að eitthvað fer að gerast. Hún ráðleggur honum að biðja guð að hjálpa sér og eftir að hafa beðið bænirnar samviskusamlega í heilt ár er hann bænheyrður og sá sem svarar kalli hans í umboði drottins og býður honum til sín er tiginn franskur greifi.⁵⁹⁰ Þá áttar Nonni sig á því að hann hafi ekki aðeins verið

⁵⁸⁸ Werner, „Alternative Masculinity?“, 170–183. Werner nefnir Jón Sveinsson sem dæmi og segir að á níunda áratug 19. aldar, þegar hann var kennari í skólanum í Ordrup, hafi hann átt í deilum við yfirboðara sína sem enduðu á því að honum var hótað brottrekstri og var í kjölfarið fluttur til Exaten í refsingarskyni. Eftir 12 ár í Exaten á hann að hafa beðið um leyfi til að fara aftur til Ordrup en þeirri beiðni neitaði yfirkennarinn, Joseph Droste. Jóni Sveinssyni var þó leyft að helga sig skrifum og var að eigin ósk fluttur í híbýli jesúíta í Ungverjalandi. Generálinn þar gaf leyfi til þess að því gefnu að Jón fengi ekki að sinna neinum opinberum athöfnum. Þessar upplýsingar eru ekki í samræmi við það sem fram kemur í bók Gunnars F. Guðmundssonar um ævi Jóns Sveinssonar. Ég bar grein Werner undir Gunnar sem í kjölfarið hafði samband við jesúíta í Róm og fékk þau gögn sem Werner vísar til. Svo er að sjá sem um misskilning sé að ræða og nær óhugsandi að Jón Sveinsson hafi verið rekinn frá Ordrup, hvað þá að hann hafi verið í útleið í Exaten.

⁵⁸⁹ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 14.

⁵⁹⁰ Sama rit, 15–19, 23–24.

bænheyrður heldur sé þetta fyrsta skrefið í áttina að því að uppfylla heitið sem þeir bræður gáfu á bátsskelinni.

Hvorki í *Nonna* né *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* er hinn tigni, fransk greifi eða aðalsmaður nefndur á nafn. Hann er þó góðum kostum gæddur og fram kemur að hann setji það að skilyrði að piltarnir sem komi til hans séu tólf ára gamlir, hraustir, hlýðnir og óspilltir, af góðum ættum og hafi löngun til náms.⁵⁹¹ Til allrar hamingju uppfyllir Nonni öll þessi skilyrði og hann heldur út í heim þess fullviss að brátt eignist hann nýjan föður sem sé tignari, betri og guðhræddari en hans eigin.

Hinn raunverulegi Maire-Albéric Foresta (1818–1876) hafði mikinn áhuga á trúboði á norðurslóðum og árið 1856 setti hann á laggirnar sérstaka áætlun í Frakklandi sem miðaði að því að búa unga menn undir störf í heiðnum löndum. Drengirnir sem boðið var í skólana áttu að vera að minnsta kosti tólf ára gamlir, hafa lokið grunmenntun, vera hraustir og trúáðir. Þar að auki átti presturinn í sveitinni að votta mannkosti þeirra og foreldrarnir urðu að gefa skriflegt samþykki þess að sonur þeirra færi í trúboðsskólann. Ef foreldrarnir gátu staðið undir kostnaði við menntunina var það vel þegið, ef ekki leitaði Foresta að velgjörðarmönnum til að styrkja piltana til náms.⁵⁹² Hann skrifaði biskupum og prefektum trúboðslandanna bréf og bauð þeim að senda til sín drengi, ekki síst frá löndum þar sem þeir áttu síðar að starfa sem trúboðar. Faðir Bernard, sem hafði verið sendur til Íslands að boða hina sönnu trú, fékk eitt slíkt bréf en þar sem hann bjó ekki lengur á Íslandi vísaði hann því áfram til föður Jean Baptiste Baudoin sem þá dvaldi á Íslandi sem sérlegur trúboði Hins postullega umdæmis norðurheimskautslandanna.⁵⁹³ Baudoin var duglegur og fylginn sér og ferðaðist um landið, þar á meðal norður til Akureyrar og nágrennis þar sem hann átti vini sem buðu honum að dvelja hjá sér þrátt fyrir hættunar sem gátu stafað af því að hýsa kaþólskan prest. Honum var síðan gert að finna tvo íslenska drengi til að senda utan til náms. Tveir drengir voru valdir til fararinnar en svo fór að annar þeirra forfallaðist og var Nonna þá boðið að fara. Jón Sveinsson var því aldrei persónulegt val greifans góða né heldur sá sem faðir Baudoin vildi helst senda til náms í Frakklandi eins og haldið er fram í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*.⁵⁹⁴

⁵⁹¹ Sama rit, 24–25; Jón Sveinsson, *Nonni*, 20.

⁵⁹² Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 83–84.

⁵⁹³ Gunnar F. Guðmundsson fjallar um Baudoin í *Kaþólskt trúboð á Íslandi 1857–1875*, 59–61.

⁵⁹⁴ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 24–25.

Í Danmörku bíður Nonni óþreyjufullur eftir að komast áfram til Frakklands og þar lendir hann í ýmsum ævintýrum eins og greint er frá bæði í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, *Borginni við Sundið* og *Ævintýri úr Eyjum*. Síðustu kaflar bókarinnar *Ævintýri úr Eyjum* greina frá undirbúningi Nonna fyrir ferðina til Frakklands og í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* segir frá viðtökum Nonna í skólanum í Amiens og svo frá því þegar Manni kemur til Frakklands og þeir bræður sameinast á nýjan leik. Í Nonnasafni á Akureyri er varðveitt ófullgert handrit að bókinni *Nonni í Frakklandi* en Jón Sveinsson hóf að skrifa þá sögu á frönsku í október 1926. Svo virðist sem Jón Sveinsson hafi ætlað að skrifa þriggja binda verk um líf sitt allt frá því hann var lítill drengur og þar til hann hafði lokið námi í Frakklandi, „söguna um það hvernig fjarlægustu draumar geta orðið að veruleika“. Hann náði þó aldrei lengra í þeirri sögu en fram á kvöld á fyrsta degi ferðarinnar til Frakklands.⁵⁹⁵ Það er því aðeins í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur* sem aðdáendur Nonna fræðast um dvöl hans meðal Frakka.

Þar segir að vel hafi verið tekið á móti Nonna en skólastjórinn og kennararnir veittu honum „hinar ágætustu viðtökur“ og nemendurnir voru honum líka mjög góðir. Skóli forsýningarinnar (École libre de la Providence) er stór og ríkmannlegur skóli, nemendur af tignum ættum og fyrstu dagar Nonna við skólann voru hátíðisdagar og „liðu fljótt í glaumi og gleði“.⁵⁹⁶ Þessi dvalarstaður Nonna í Frakklandi er sannkallaður „sælustaður“ og honum líður betur og betur dag frá degi enda finnur hann til ástúðar og vinsemdar auk þess sem fólkið er „gott í sér og hugsandi“. Þá er öllu svo haganlega fyrir komið, piltarnir „gláðir og glensmiklir“ auk þess sem skólabyggingunum er lýst sem „töfrahöll“.⁵⁹⁷ Miðað við lýsingarnar hefur Nonni sannarlega dottið í lukkupottinn!

Upphaflega stóð til að Nonni færi í skóla Foresta í Avignon, eða svo segir að minnsta kosti í Nonnabókunum, en þangað fer hann aldrei heldur í skóla í Amiens í Norður-Frakklandi. Sögumaður segir ástæðu þess að hann fer ekki til hins tigna greifa í Avignon einfaldlega vera loftslagið, Nonni væri „óvanur loftslagi suðrænna landa“ og því hefði greifinn gert ráð fyrir að hann dveldi í Amiens þar sem ekki er jafn heitt.⁵⁹⁸ Eftir nokkurra vikna dvöl í Amiens fer Nonni að hafa áhyggjur af því að ekkert sé á það minnst að hann haldi ferð sinni áfram suður á bóginn og hann man svo vel eftir „tigna greifanum“ sem bíður hans þar. Hann ræðir þetta við skólastjórann sem spyr þá Nonna

⁵⁹⁵ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 151–152.

⁵⁹⁶ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 103.

⁵⁹⁷ Sama rit, 105–106.

⁵⁹⁸ Sama rit, 103.

hvort hann hafi gert sér grein fyrir hinum gríðarlegu hitum í Avignon, raunar sé svo heitt þar að Norður-Frakkar þoli þar varla við og þegar þeir séu þar séu þeir í svitakófi daga og nætur. Nonna líst ekki á að dvelja í óbærilegum hita og tekur því vel í hugmyndir skólastjórans um að vera kyrr í Amiens og halda þar áfram námi. Skólastjórinn segir greifann vel þekkja til skólans og muni ekki hafa neitt á móti þessari ráðagerð. Svo er látið heita sem Nonna sé gert að ákveða hvort hann fari suður til Avignon eða ekki. Nonni finnur að ráð skólastjórans eru góð og ákveður því að fara hvergi. Þess vegna var Nonni „ekki aðeins fáeina daga í skólanum í Amiens, heldur full átta ár“ og aldrei fékk hann „tílefni til að iðrast þessarar ákvörðunar, það að þarna leið [honum] alltaf vel“.⁵⁹⁹

Það er erfitt að trúa því að Jón Sveinsson hafi ekki fengið að fara til Avignon vegna hitans. Hitt – og öllu mikilvægara – er að Jón Sveinsson eignast aldrei föður í stað fjölskyldunnar sem hann kvaddi heima á Íslandi. Aldrei hitti hann greifann góða sem skipti sér ekki persónulega af drengnum frá Íslandi. Hann stóð ekki heldur straum af upphaldi hans, eins og til stóð. Um það sá auðug, frönsk ekkja. Fæst af því sem lofað hafði verið var staðið við og í Frakklandi varð Jón Sveinsson mikill einstæðingur. Vissulega kemur Manni til Frakklands en eins og Gunnar F. Guðmundsson greinir frá fengu bræðurnir ekki alltaf að vera saman og Manni deyr ungur. Yfir öllu þessu er þagað í Nonnabókunum, breitt yfir það og látið hljóma sem svo að hér hafi örlögin verið við völd og allt hafi farið á besta mögulega veg.

5.3.3 Trúboðinn á Sjálandi

Kapólskar hetjur berjast fyrir Jesú – í nafni trúarinnar – hvar sem er og hvenær sem er. Vígvöllurinn, svo gripið sé til hernaðarlegs orðfæris, var alls staðar og því ekki nauðsynlegt að berjast í raunverulegu stríði til að öðlast dýrð drottins. Sumar hetjur börðust með sverði og skildi, aðrar með biblíuna að vopni og enn aðrar pennann. Sums staðar var það jafnvel talið jafnast á við að deyja píslarvættisdauða að gerast trúboði.⁶⁰⁰

Mikil karlmennska fólst jafnframt í því að vera kapólskur trúboði enda voru kapólskir menn fordæmdir og kirkja þeirra bönnuð í mótmælendalöndum. Kapólskir trúboðar voru því ekki alls staðar velkomnir og sums staðar kallaði návist þeirra yfir þá háska. Sérstaklega þótti karlmannlegt að boða kapólska trú á Norðurlöndum. Þar ríkti

⁵⁹⁹ Sama rit, 113.

⁶⁰⁰ Osselaer, „Heroes of the Heart“, 27; Maurits og Osselaer, „Heroic Men and Christian Ideals“, 69.

mótmælendatrú eða heiðni, þar var strjálbýlt, kalt, hættulegt og dimmt. Yvonne Maria Werner, sem hefur skoðað sendibréf frá trúboðum á norðurslóðum, segir frásagnir þeirra af dvöl sinni í norðri einkennast af tali um hve spennandi og hættulegt trúboðið sé og að trúboðinn þurfi að vera duglegur og hugrakkur til að þola við á þeim slóðum.⁶⁰¹

Það voru þó ekki aðeins náttúran og veðráttan sem gerðu trúboð á Norðurlöndum sérlega hættulegt. Í skandinavískum fjölmiðlum var „kaþólska ógnin“ vinsælt umfjöllunarefni og kaþólsk trú var talin grafa undan samfellu norrænnar mótmælendatrúar, menningar og samfélags. Kaþólikkar voru álitnir hættulegir, einkum þó jesúítar sem taldir voru hræðilegasta birtingarmynd kaþólsku hættunnar. Svona hafði þetta verið öldum saman en um miðja 19. öld fóru mótmælendur í Skandinavíu þó að láta af andstöðu sinni. Einkum var kaþólskt trúboð árangursríkt í Danmörku þar sem trúfrelsi hafði ríkt frá 1849.⁶⁰²

Jón Sveinsson dreymdi um að verða hugrakkur trúboði á norðurhjara veraldar en varð það aldrei. Hann var sendur til Íslands árið 1894 til að athuga hvort hægt væri að endurreisa trúboð meðal Íslendinga en þegar til kastanna kom vildu jesúítar þar hvergi nærri koma. Þetta urðu Jóni sár vonbrigði enda hafði hann tekið ýmsar ákvarðanir um framtíð sína og nám á þeim forsendum að norræna trúboðið yrði að veruleika.⁶⁰³ Hann sneri aftur til Danmerkur og hélt áfram að kenna í Sankti Andrésarskólanum. Yfir öllu þessu þegir Jón Sveinsson í Nonnabókum sínum eða orðar á þann hátt að allt virðist þetta vera forsjóninni að þakka. Eina raunverulega trúboðið sem hægt er að tala um í tilviki Jóns Sveinssonar var á Sjálandi og um það skrifar hann í *Nonni segir frá*. Hér er ekki um að ræða samfellda sögu eins og í öðrum Nonnabókum heldur er hún saman sett úr köflum sem áður höfðu birst í ýmsum tímaritum og annaðist útgáfufyrirtækið Herder það verk. Jón Sveinsson kom þar hvergi nærri.⁶⁰⁴

Á þeim árum þegar Jón Sveinsson var kennari í Ordrup var útpensla kaþólsku í Danmörku hvað mest en á árunum 1895–1920 bættust 15.000 manns við söfnuði kaþólskra þar í landi. Kaþólikkar lögðu sig fram um að byggja upp sóknir, skóla, spítala, elliheimili og aðrar samfélagsstofnanir og í upphafi þriðja áratugarins voru í Danmörku 35 kaþólskar sóknir, 16 sjúkrahús og um 30 skólar. Kaþólskir skipulögðu einnig

⁶⁰¹ Werner, „Catholic Mission and Conversion in Scandinavia,“ 69–77.

⁶⁰² Werner, „Manliness and Catholic Mission in the Nordic Countries,“ 4–7; Werner, „Alternative Masculinity?,“ 166–167.

⁶⁰³ Um þetta er rætt á nokkrum stöðum í bók Gunnars F. Guðmundssonar, til að mynda 200–203, 221–222, 253–256, 263–264.

⁶⁰⁴ Freysteinn Gunnarsson, „Formáli,“ 5. Flestir kaflanna höfðu áður birst í franska tímaritinu *La Croix* árið 1926 og þýska tímaritinu *Kölnische Volkzeitung* árið 1927.

fyrirlestra til að auka þekkingu fólks á kaþólskri trú og menningu.⁶⁰⁵ Það kemur því ef til vill ekki á óvart að Jóni Sveinssyni skyldi vera boðið að stunda kaþólskt trúboð á Sjálandi. Jesúítar í Danmörku fengu marga til að skipta um trú og skóli þeirra í Ordrup var auk þess mjög vinsæll meðal mótmælenda.

Á árunum 1899–1904 gegndi séra Jón Sveinsson trúboðsstörfum á Sjálandi. Þetta var aukastarf hans samhliða kennslunni í Ordrup og öfugt við það sem hann sjálfur heldur fram, að enginn annar hafi verið talinn nógu góður í starfið, var það einfaldlega svo að enginn annar fékkst til að taka það að sér.⁶⁰⁶ Í upphafi *Nonni segir frá* kynnrir sögumaður efnivið bókarinnar fyrir lesendum og kveðst ætla að segja frá því sem fyrir hann kom „á fullorðinsárum [sínun] í Danmörku, en þar búi afkomendur hinna herskáu og sjóhraustu norrænu víkinga“.⁶⁰⁷ Af frásögninni að dæma líkar Jóni Sveinssyni ákaflega vel við Danmörku. Landið er honum hjartfólgið því það er „mjög fagurt og aðlaðandi“ og þjóðin höfðar til hans því að hún er „vingjarnleg og glöð, vel gefin og hæversk, menntuð, blátt áfram og berst ekki á, þar að auki elskuleg og góð“.⁶⁰⁸

Samkvæmt frásögn Jóns Sveinssonar velur skólastjórinn hann til að fara í trúboðsferðir um Sjáland af því að hann er „norrænn að uppruna“ og þess vegna „sá eini, sem til greina getur komið“.⁶⁰⁹ Verkefnið er útskýrt vandlega fyrir Jóni, honum gerð grein fyrir því að trúboðið sé fátækt og hann verði sjálfur að útvega sér fé til fararinnar ásamt því að verða sér úti um reiðhjól. Eftir nokkuð langa frásögn um sögu Sankti Andrésarskólans og afstöðu Dana í trúmálum, ásamt útskýringu á því hvernig Jón Sveinsson aflar fjár til trúboðsins og lærir að hjóla við mikinn fögnuð námssveina sinna, heldur hann af stað í trúboðið.

Ljóst er að trúboðsstarfið reyndi á Jón Sveinsson. Hann varð að hjóla um langan veg í hvaða veðri sem var ásamt því að láta prenta út auglýsingar og halda fyrirlestra. Ferðirnar voru hver annari líkar og eðli málsins samkvæmt er *Nonni segir frá* alls ólík sögunum sem fjalla um drenginn Nonna, enda aðalpersónan fullorðinn kaþólskur prestur og jesúíti. Hann reyndi þó að glæða sögurnar lífi með því að gera sjálfan sig að hálfgerðum Robinson Crusoe þar sem hann eldar sér mat í skóginum, með frásögnum af óðum hundum og fleira. Það tókst þó ekki betur en svo að hann var gagnrýndur fyrir

⁶⁰⁵ Werner, „Catholic Mission and Conversion in Scandinavia,“ 69–70.

⁶⁰⁶ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 265 o.áfr.

⁶⁰⁷ Jón Sveinsson, *Nonni segir frá*, 7.

⁶⁰⁸ Sama rit, 7.

⁶⁰⁹ Sama rit, 89.

að hafa týnt hinum sanna Nonna.⁶¹⁰ Óneitanlega eru þessar frásagnir heldur dauflegar eins og sú sem rakin er þegar Jón Sveinsson kemur hjólandi til Ringsted eftir langa ferð í rigningu:

Til þess að mér yrði ekki kalt, lét ég færa mér heitt kaffi. Svo fór ég út í borgina til að ganga mér til hita og athuga, hvort samkoman daginn eftir hefði verið auglýst.

Allt virtist vera í lagi og ég hélt ánægður heim í gistihúsið aftur.

Og nú gat ég undirbúið allt fyrir guðspjónustuna, sem ég ætlaði að halda í samkomusalnum morguninn eftir. Ég þurfti að koma fyrir altari og búa það og tók það mig alllangan tíma.

Þegar öllu var lokið, var tími til kominn að taka á sig náðir eftir erfiði dagsins.⁶¹¹

Jón Sveinsson boðaði kaþólska trú á Sjálandi í tæplega sex ár. Því sinnti hann auk annarra starfa og neitaði aldrei neinu, enda hefði hann þá snúið baki við trúboðsheiti sínu. Hjólreiðarnar, „ár eftir ár, hvernig sem viðraði, í stormum, regni og snjókomu“ urðu honum smám saman ofviða þótt hann væri hreystimenni og hann neyddist til að „binda stálfákinn við stall“.⁶¹² Hver var svo árangurinn eftir 193 trúboðsferðir? Tólf sálir höfðu látið skírast til kaþólskrar trúar og ekki þótti sjálfum trúboðanum það mikið.⁶¹³ Sjálfur var Jón Sveinsson gigtarsjúklingur á efri árum og segir það hafa verið hjólreiðunum að kenna í hvaða veðri sem var.

Augljóst er af lestri *Nonni segir frá* að trúboðsstarfið var honum erfitt og hann varð fyrir vonbrigðum með afrakstur þess. Hann reynir að klóra í bakkann undir lok bókar og segir að „orðrómur“ um trúboðsstarfið hafi borist „út fyrir dönsku sundin“ og honum hafi boðist að gerast staðgöngumaður kaþólska prestsins á eyjunni Norðströnd í nokkrar vikur.⁶¹⁴ Það eru engu að síður aum laun fyrir margra ára þrekraunir og vanþakklátt starf. Tilraun Jóns Sveinssonar til að gera Danmerkurvist sína og trúboðsstarf á Sjálandi hluta af örlögum sínum, tengja það við æskuárin á Íslandi og boð franska greifans um að koma til Frakklands blekkir hvorki lesendur hans né hann sjálfan. Þessi „örlög“ eru varla annað en yfirklor til að fela vonbrigði og sárindi og alls ekki í samræmi við þá trúboðsdrauma sem hann hafði alið í brjósti sér og vonina um að komast aftur heim til Íslands. Að auki hafði hann vafalaust lesið sögur – bæði sannar og skáldaðar – um trúboð á norðurslóðum þar sem ævintýralegum og hættulegum

⁶¹⁰ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 266–267.

⁶¹¹ Jón Sveinsson, *Nonni segir frá*, 109.

⁶¹² Sama rit, 154.

⁶¹³ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 272.

⁶¹⁴ Jón Sveinsson, *Nonni segir frá*, 154.

ferðalögum er lýst í smáatriðum. Í samanburði við þær voru hjólreiðaferðir í rigningu smámunir einir.

5.3.4 Eigin örlög

Patrick Riley hefur bent á að allir höfundar sjálfsævisagna spyrji sig nokkurra spurninga: Hvers vegna skrifa ég ævisögu mína? Hvernig á ég að skrifa hana? Hverju á ég að segja frá og hvernig? Þetta eru spurningar sem allir höfundar sjálfsævisagna spyrja sig og ekki síst spyrja þeir sig hvernig þeir geti sett fram heildstæða og trúverðuga mynd af sjálfum sér sem er í samræmi við markmið þeirra. Markmið skrifanna eru hluti af sjálfsm mynd höfundar⁶¹⁵ og yfirlýst markmið Jóns Sveinssonar er að „gleðja“ aðra eins og hann segir í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*. Hið dulda markmið er að skapa ímynd rithöfundar og ljá um leið lífinu merkingu – að Nonna hafi frá upphafi verið ætla að verða rithöfundur og boða kaþólska trú með bókum sínum.

Massimo Leone talar um trúskipti sem ferli og sögu sem trúskiptingar segja ítrekað í því skyni að leita jafnvægis í eigin sjálfsm mynd sem hefur farið kollsteypu.⁶¹⁶ Í tilviki Nonna var það ekki aðskilnaðurinn við kirkju mótmælenda á Íslandi sem olli straumhvörfum í lífi hans heldur aðskilnaðurinn við móðurina. Þá sögu sagði hann hvað eftir annað á fyrirlestraferðum sínum. Ávallt komst hann við og ávallt runnu tár úr augum. Svo mjög fékk það á hann að rifja þetta upp áratugum síðar. Móðirin var upphaf og endir í tilveru drengsins og mikið þurfti til að fylla það skarð. Enda varð hann hræddur þegar hann gerði sér grein fyrir því að „þessi víða og fjarlægja veröld, sem hann átti að hverfa til, myndi líklega aldrei sleppa honum aftur“⁶¹⁷ í faðm mömmu. Honum finnst eins og dimmir skugga rísi í meðvitund sinni, sálin fyllist af ískyggilegum hugmyndum, óveðursský hrannast upp:

„Guð minn góður“, sagði ég hið innra með sjálfum mér. „Ef ég játa þessu glæsilega boði, þá fylgir því mikill sársauki og harmur“.

Af því myndi leiða, að ég yrði að skilja við beztu vinina sem ég átti í heiminum, við móður mína, sem ég elskaði af öllu hjarta.

Við hana varð ég að skilja. Ekki í nokkrar vikur, mánuði eða ár, heldur sennilega fyrir fullt og allt.⁶¹⁸

⁶¹⁵ Riley, *Character and Conversion in Autobiography*, 11–12.

⁶¹⁶ Sjá 4.4.1, Þrjú stig trúskipta.

⁶¹⁷ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 28.

⁶¹⁸ Sama rit, 28.

Þegar hann leggur af stað út í heim er hann þó orðinn sannfærður um að það sé rétt og að guð vaki yfir honum. Uppbyggingartímabilið á sér stað í Danmörku og trúskiptunum, frá móður til kaþólsku kirkjunnar, er svo að fullu náð þegar Jón Sveinsson, 13 ára gamall, gerist kaþólskur við hátíðlega athöfn með skriflegu leyfi móður sinnar sem veit og skilur að hún hefur misst elsta son sinn.

Jón Sveinsson hitti móður sína aldrei framar en þeir Manni bróðir hans sameinuðust að nýju í Frakklandi árið 1872. Manni lést árið 1883 og Jón tók lát hans mjög nærri sér. Árið 1910 lést Sigríður móðir hans í Kanada, eldri systir hans Bogga var líka dáin og þar með voru öll tengsl Jóns Sveinssonar við íslenskan veruleika rofin. Yngri systkini sín tvö hafði hann aldrei þekkt. Leiðin til baka – til Íslands – var endanlega lokuð en Nonni átti þó heimili og fjölskyldu meðal kaþólskra og gat skapað lífi sínu tilgang meðal þeirra.

Í Nonnabókunum má lesa drauma, vonir og væntingar Nonna milli línanna. Margt varð að veruleika en fleira varð hann að gefa upp á bátinn. Honum tekst þó ávallt að takast á við mótlætið og Jón Sveinsson frá Möðruvöllum fórnar móðurlandi sínu, sambandinu við fjölskylduna og voninni um að gerast trúboði á Íslandi. Hann þarf að láta af eigin metnaði, gefa drauma sína upp á bátinn og helga líf sitt trú, fátækt og skírlífi. Það er ekki sigurinn á óvini, herfang eða veraldleg velgengni sem gera Jón Sveinsson að kaþólskri hetju heldur er það sigurinn á mótlætinu sem honum tekst að snúa sér í vil. Það er auðmýktin sem hann sýnir þegar hann felur sína persónulegu sorg og fyllir líf annarra af gleði sem rithöfundur og trúboði.

Þegar verk hins aldurnigna Jóns og störf eru skilin „réttum skilningi“ kemst hann í mikla geðshræringu eins og lesa má um í frásögn af heimsókn hans í skóla einn í Japan. Þar flytur ungur námsmaður ávarp Jóni Sveinssyni til heiðurs og segir þá meðal annars þetta:

Sú list, sem yður er af guði gefin til þess að hafa djúptæk áhrif á börn og æskulýð allra landa, hún getur sameinað og samtengt allar þjóðir, hvað sem líður landamærum og ríkjaskiptum. Það er heitasta ósk vor nú yður til handa, að sá draumur megi rætast.⁶¹⁹

Jón Sveinsson varð svo hræður að þessum lestri loknum að hann gat ekki staðið upp og þakkað fyrir sig. Aldrei kveðst hann hafa verið svo „vel og rétt skilinn“ eins og af

⁶¹⁹ Jón Sveinsson, *Ferð Nonna umhverfis jörðina*, 149.

„Þessum æskumönnum lengst austur í álfunni“. Enginn, segir hann, hefur séð „jafnskýrt“ tilgang þess sem hann hefur gert og „þrá hjarta“ hans.⁶²⁰

Með skrifum sínum efnir Jón Sveinsson heit sitt við guð: Að feta í fótspor Franz Xavier. Lífsstarf hans verður að öflugra trúboði en margra féлага hans. Að kveikja lífsgleði í brjóstum þeirra sem eru bugaðir er meginmarkmið Nonna. Sögurnar um Nonna færðu lesendum gleði og með þeim gefur Jón Sveinsson sínu eigin lífi nýja merkingu. Þetta er það sem fyrst og fremst gerir hann bæði að kaþólskri – og karlmannlegri – hetju.

Í bókinni *Pater Jóns Sveinsson* rifjar Gunnar F. Guðmundsson upp þær lífsreglur sem Jón Sveinsson setti sér en þar á meðal ætlaði hann að „verða eins og barn, „barnslegur“ í einlægni sinni“.⁶²¹ Síðan spyr Gunnar hvort dálæti Jóns Sveinssonar á öllu því sem var einfalt og barnslegt hafi stafað af því að þar hafi hann fundið „flóttaleið undan formerkjum kristilegrar dygðar“ og hvort hann ætlaði, í stað þess að takast á við þau vandamál sem við honum blöstu, „að auðmýkja sjálfan sig, vera eins og barn og láta allt yfir sig ganga þegjandi og hljóðalaust“.⁶²² Sé þetta raunin er vissulega um að ræða kaþólska fórn af hendi Jóns Sveinssonar og líta mætti á þetta sem hluta af píslarvætti hans. Því má þó ekki gleyma að Jón Sveinsson lét alls ekki „allt yfir sig ganga“. Hann lagði sig fram við að gerast trúboði á Íslandi, eins og víða kemur fram í ævisögu Gunnars F. Guðmundssonar, og að láta aðra drauma sína rætast. Í lifanda lífi var hann mjög virkur í því að móta eigin ævi og í bókum sínum setur hann það fram, sem hann gat ekki breytt, sem sigra eða örlög. Þetta er síður en svo það sama og flýja undan „formerkjum kristilegrar dygðar“ auk þess sem það er alls ekki svo að það að vera barnslegur eða einlægur sé það sama og vera leiksoppur annarra – láta traðka á sér í stað þess að taka málin í eigin hendur. En það gerði hann bæði í bókum sínum og fyrirlestrum.

Sviðsetning hans á sjálfum sér í bókum sínum og fyrirlestrum er með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða náttúrubarnið og ævintýrahetjuna Nonna og hins vegar hinn hvíthærða, kaþólska öldung. Nonni litli er baldinn, ákveðinn, óhlýðinn, áhættusækinn, framhleyppinn og skemmtilegur. Hann er fólkinu í Kaupmannahöfn meira að segja til nokkurrar armæðu. Gamli maðurinn, pater Jón Sveinsson, er hins vegar blíður, vænn, elskulegur og vinsæll. Þeir eru gjörólíkir en samt eins, fullyrðir Jón

⁶²⁰ Sama rit, 149.

⁶²¹ Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, 234.

⁶²² Sama rit, 235.

Sveinsson: Ég er barnið sem ég var og ég er öldungurinn sem ég er. En hvert er verið að fara með þessu? Gengur þetta upp?

Í því að gefa skrifunum merkingu felst þráin eftir því að frysta sjálfið í tíma og rúmi og kynna það sem einskonar andlegan kjarna einstaklingsins; eins og hann vilji segja: Svona var ég, svona er ég og svona mun ég ávallt vera. Patrick Riley heldur því fram að það sé spenna á milli þess hvernig við sjáum sjálfið myndrænt bæði sem óhagganlega mynd og sem hluta af sögu. Þessi spenna sýnir ósamræmið sem er á milli þess kjarna, sem látinn er mynda sjálfið, og svo frásagnanna af ævinni og því hvernig þetta sjálf varð til.⁶²³ Með öðrum orðum, hvernig er hægt að búa yfir einhverjum kjarna – sjálfi – sem er grundvöllur þess sem ég er en segja um leið sögu af því hvernig maður varð, sá sem maður er? Jóns Sveinsson kemur sér undan þessum átökum með því skipta sjálfinu í tvennt. Hann þarf varla að takast á við ósamræmið milli mynda og sögu, eins og Riley kallar það, því að í bókunum er varla um nokkra þróun eða breytingu sjálfsins eða sálarlífsins að ræða – fyrir utan trúskipti hans frá mótmælendatru til kaþólskrar trúar. Aðeins er sögð saga drengsins og síðan öldungsins sem ferðast um heiminn og segir frá íslenska piltinum en miðbik ævinnar vantar. Með þessu móti þarf hann ekki að takast á við sambandið milli myndar og sögu, stöðugleika og hreyfingar, afurðar og ferlis.

Í Nonnabókunum er ekki aðeins sköpuð hetja heldur leggja þær grunninn að því hvernig hann skapar sjálfan sig sem rithöfund. Frá þessu greinir Dagný Kristjánsdóttir ítarlega í *Bókabörnum* þegar hún segir frá því sem gerist þegar Nonni er tvisvar sinnum lokaður niðri í káetu á meðan óveður gengur yfir seglskútuna á siglingunni frá Íslandi til Danmerkur.⁶²⁴ Í fyrra skiptið stendur óveðrið yfir í þrjá daga og á meðan skrifar Nonni móður sinni löng bréf. Aftur lendir skipið í ofsaveðri út af Noregi og í þetta sinn er drengurinn lokaður einn niðri í káetu í sex sólarhringa. Dagný segir textann sem þessu lýsir vera tvíbentan. Samkvæmt sögumanni leið Nonna ekki illa, hann vandist einsemdinni og kunni vel við sig í klefanum þar sem hann er lokaður inni eins og í þröngu fangelsi.

Inni í þröngum og dimmum klefanum, á meðan skipið tekur hverja dýfuna á eftir annarri og sjómennirnir berjast við að halda því á floti, drepur Nonni tímann með lestri bóka sem mamma hafði fært honum. Það færir hann „hátíðleg rósemi“ og hann

⁶²³ Riley, *Character and Conversion in Autobiography*, 12.

⁶²⁴ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 147–151.

ákveður að vera ætíð „góður og guðhræddur drengur, biðja til guðs oflega og lifa dyggðugu líferni og láta aldrei illar hvatir ná tökum á [sér]“. ⁶²⁵ Þegar hann loks fær að yfirgefa daunillt fangelsi sitt hefur hann lesið allt sem í káetunni er, kann skáldamál Eddu og skilur mannkynssögu og guðsorðabækur. Nonni er umbreyttur, eins og Dagný segir, „fæddur sem höfundur og talandi skáld“ og sagan hefur að auki augljósa vísun til helgisagna því að sjálfur Ignatius Loyola var lokaður inni í litlum klefa í klaustri einu, særður eftir einvígi og bað um skáldsögur að lesa en fékk guðsorðabækur og snerist þá til trúar og frá veraldaramstri. Og ekki minni manni en Robinson Crusoe tókst að halda viti í einangrun sinni með lestri. ⁶²⁶

Þess utan er þetta, eins og Dagný Kristjánsdóttir ræðir ítarlega í *Bókabörnum*, saga af sálfræðilegu áfalli eða tráma og „barninu liggur við sturlun í einangrunarklefa sínum“. Hún tengir þessa frásögn við atriði í *Sólskinsdögum* þar sem Nonni þarf að grafa sig í fönn og bíður þar dauða sín. Auk þess finnur hún tengsl við frásagnir úr tveimur ferðabókum Jóns Sveinssonar. Sú fyrri er í *Yfir holt og hæðir* þar sem öldungurinn Nonni getur ekki hugsað sér að sofa í svefnklefunum í skipinu og sefur í reykklefa uppi á þilfari. Þá síðari er að finna í *Nonna í Ameríku* en þá þarf hann að sofa í koju í svefnklefa í næturlest og er þar að finna eina „af sjaldgæfum lýsingum á þunglyndi Jóns Sveinssonar“ og martraðarlýsingar. ⁶²⁷ Í síðustu bók Jóns, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, er lítið eftir af þeim hryllingi sem lýst er í fyrstu bók hans, *Nonna*, og innilokuninni í káetunni lýst sem indælli „lestrarstund“. Náttúrubarnið Nonni hefur sem sagt löngu lært að vel skrifuð bók getur breytt martröð í ljúfa lestrarstund, að minnsta kosti síðar.

Þar með voru örlögin, sem Jón Sveinsson skóp sér sjálfur ákveðin og Nonni reiðubúinn að sinna því verki sem guð ætlaði honum – að verða skáldið og rithöfundurinn Jón Sveinsson sem talar til barna um allan heim. Hann er skapaður í fórn, þjáningu, ófrelsi og innilokun. Þetta er það sem Jón Sveinsson leggur á sig fyrir lesendur sína til að færa þeim gleði. Hann lagði sig fram við að tala við öll börn á máli sem þau skildu, enda vildi hann vera vinur þeirra allra.

⁶²⁵ Jón Sveinsson, *Nonni*, 241.

⁶²⁶ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 148.

⁶²⁷ Sama rit, 149.

6 „Að sigra eða ekki, þar liggur efinn“

Jón Sveinsson þráði að verða sannkallaður sálahirðir og hafa áhrif á fjölda barna og fullorðinna. Því markmiði vildi hann ná með skrifum sínum. Rithöfundarstarfið veitti honum forréttindi; hann ferðaðist víða, naut vinsælda og aðdáunar og hafði af störfum sínum nokkrar tekjur. Starf rithöfundarins var jafnframt leið út úr sorginni yfir að vera einstæðingur og eiga ekki afturkvæmt til Íslands en einnig flóttaleið undan þungum armi þýsku Jesúítareglunnar sem Jóni Sveinssyni fannst ekki kunna að meta sig.⁶²⁸ Vinsældir bókanna byggðust á vandlega mótaðri ímynd bókmenntapersónunnar Nonna sem Jón Sveinsson fullyrti að væri hann sjálfur og jafnframt að allt sem stæði í Nonnabókunum væri sannleikur. Í þessum staðhæfingum felast margar mótsagnir eins og fjallað hefur verið um í fyrri köflum.

Í þessum kafla eru dregnir saman þræðir úr ritgerðinni um aðdráttarafi Nonnabókanna og rætt hvort og hvaða erindi þær eigi við börn nútímans. Í ímynd Nonna koma saman íslenska náttúrubarnið, ævintýrahetjan í Danmörku og kristni fyrirmyndarpilturinn. Allt eru þetta jákvæðar ímyndir og sögupersónan þannig úr garði gerð að um hana gátu allir sameinast. Við nánari skoðun koma þó fljótt í ljós sprungur á yfirborðinu og veruleiki hins móðurlausa barns skín í gegn. Sá veruleiki átti ekki síður greiða leið að hjörtum lesenda þótt það hafi ekki verið ætlun höfundar.

Bæði hin jákvæða og neikvæða ímynd, saga þess sem sigrar og þess sem bíður ósigur, höfðuðu til evrópskra barna langt fram eftir liðinni öld. Þær endurspeglu evrópskt samfélag þessa tíma, barnabókmenntumræðu tímabilsins og hugmyndirnar sem uppi voru um börn og bernsku. Báðar ímyndirnar töluðu til lesenda og saman gerðu þær Nonna að sögupersónu sem öll börn löðuðust að.

6.1 Öld barnsins

Í Nonnabókunum má finna enduróm þeirra hugmynda og kenninga sem ríkjandi voru um börn og stöðu þeirra í Evrópu. Má þar nefna hugmyndina um hæfa barnið, hugmyndafræði þjóðernishyggju sem og skilning á alþjóðlegri bernsku og túlkun á sáttasemjarahlutverki barnsins. Barnið naut mikillar athygli og í upphafi nýrrar aldar

⁶²⁸ Gunnar F. Guðmundsson rekur þessa sögu ítarlega í ævisögu Jóns Sveinssonar. Um frelsisþrá Nonna er rætt í kaflanum 4.5, Fórni Nonna í þessari ritgerð.

átti sérstaklega að huga að velferð, menntun og lífsgæðum barna. Þessar áherslur komu fram á nær öllum sviðum samfélagsins og hjá fjölda rithöfunda og fræðimanna, meðal annars í verkum Ellenar Key (1849–1926) sem endurspeglar þær hugmyndir um „barnið“ sem áberandi voru í upphafi nýrrar aldar. Í verkum hennar ægði saman rómantík, raunsæi og einstaklingshyggju en fyrst og fremst lagði hún áherslu á rétt barnsins til menntunar og þess að tileinka sér þekkingu með sjálfstæðum hætti. Menntun og einstaklingshyggja vinna saman og eru lykill að betri framtíð. Áhrifamesta verk Ellenar Key er bókin *Barnets århundrade* (Öld barnsins, 1900) þar sem hún lætur í ljós þá einlægu ósk að 20. öldin verði helguð barninu. Undir þessa ósk tóku menntamenn og hugsuðir um álfuna alla, svo og þá yfirlýsingu hennar að börnin væru lykillinn að framtíðinni og því væru svik við þau jafnframt svik við framtíðina, ávísun á kreppur og hrun.⁶²⁹

Þrátt fyrir góðar fyrirætlanir og bjartsýna trú á framtíðina í upphafi aldar hrönnuðust óveðursskýin upp. Þetta voru miklir ólgu tímar í stjórnámum á meginlandi Evrópu uns styrjöld allra styrjalda braust út árið 1914 og stóð í fjögur ár. Key skrifaði bæði um hrylling þess og siðleysi og horfði með óhug til þess sem við tæki að styrjöldinni lokinni en hún sá þó einnig fyrir sér bjarta og betri framtíð þar sem börn væru sett í fyrsta sæti og konur við stjórnvölinn.⁶³⁰ Friðarsamningar voru undirritaðir þegar styrjöldinni lauk og fögur loforð ekki spöruð en öll loforð til barna reyndust hjómið eitt. Þau höfðu verið svikin um þá umhyggju, vernd og ást sem fullorðna fólkið átti að veita þeim á ófriðarárum og eftir styrjöldina var erfitt að tína upp brotin og halda áfram. Þessi svik höfðu mikil áhrif á börn og umræðu um bókmenntir fyrir börn á næstu áratugum.⁶³¹

Eins og Dagný Kristjánsdóttir kemst að orði þá hnitaðist „skömm og sektarkennd árána eftir stríð um barnið sem menn hefðu átt að standa vörð um en gerðu ekki“.⁶³² Áherslan á börnin og þráin eftir einfaldari tímum, friði og betri heimi var eflaust ástæða þess að nú voru það ekki aðeins barnabókahöfundar sem leituðu til eigin æsku eftir

⁶²⁹ Arnbjörnsson, „Ellen Key and the Concept of Bildung,“ 136, 156; Hällström, Jansson og Pironi, „Ellen Key and the Birth of a New Children’s Culture,“ 4–8. Key var mjög vinsæl í Þýskalandi, einkum meðal kennslu- og uppeldisfræðinga og hugmyndir hennar hafa haft áhrif á þýskt skólakerfi. Bókin var þegar í stað þýdd á fjölda tungumála, þar á meðal ensku (1909), frönsku (1910) og þýsku (1902) – tungumál sem Jón Sveinsson las – og árið 1903 hóf hún vel sóttar fyrirlestraferðir til Þýskalands.

⁶³⁰ Hällström, Jansson og Pironi, „Ellen Key and the Birth of a New Children’s Culture,“ 7; O’Sullivan, „Discourses of Internationalism in Children’s Literature,“ 34.

⁶³¹ Reynolds, „A Prostitution Alike of Matter and Spirit,“ 121–123. Rætt er um barnabókmenntir á stríðsárunum í 5.1, Barnabækur í stríði og milli stríða.

⁶³² Dagný Kristjánsdóttir, „Frá Laugamýri til Lundúna,“ 564.

söguþefni. Höfundar efnis fyrir fullorðna um álfuna alla gerðu það einnig í síauknum mæli og mikill fjöldi endurminninga og ævisagna, bæði á stríðsárum og eftirstríðsárum, staðfestir það svo og umfjöllun um bernskar persónur og nostalgíska sýn á æskuna í skáldsögum.⁶³³ Ímynd barnsins í þessum bókum er áhugaverð og mikil áhersla er lögð á „hið hæfa barn“, barnið sem tekst á við þær áskoranir og þau vandamál sem það stendur frammi fyrir, sýnir þrautseigju og hugrekki og leysir sjálft úr þeim málum sem upp koma án aðstoðar hinna fullorðnu og jafnvel *þrátt fyrir* tilvist þeirra. Þeir fullorðnu koma sér undan hlutverki sínu, neita að axla ábyrgð og börnin verða því að standa á eigin fótum.⁶³⁴ Með öðrum orðum breytir hið hæfa barn „óvirkri stöðu sinni í virka, tekur málin í eigin hendur og snýr stöðunni sér í vil“.⁶³⁵

Birtingarmyndir hins hæfa barns geta verið mismunandi og þær hefur Áse Marie Ommundsen rannsakað og greinir að minnsta kosti fjórar birtingarmyndir þess í norrænum barnabókmenntum. Það eru:

- hið hæfa, hlýðna og dyggðum prýdda barn siðbætandi barnabóka (fyrir um 1850),
- hið hæfa og frjálsa náttúrubarn frá því um 1851 og til 1940,
- hið hæfa barn nútímans sem neytandi og verðandi borgari, frá því um 1941 til 2000,
- hið hæfa aldamótubarn um 2000 þar sem skilin á milli hinna fullorðnu og barna eru óðum að mást út.⁶³⁶

Það er hið hæfa og frjálsa náttúrubarn sem birtist í ævisögum og endurminningum millistríðsáranna og árána eftir síðari heimsstyrjöldina, nostalgískum barnabókum og bjartsýnum sögum um framtíðina. Þetta er jafnframt sú birtingarmynd hæfa barnsins sem birtist í Nonnabókunum – en þó alls ekki sú eina.

⁶³³ Taylor, „Disruption and Disappointment,“ 3–11.

⁶³⁴ Kåreland, „Det är precis som om du var min mamma,“ 165–172; Ommundsen, „Competent Children,“ án blaðsíðutals (rafræn bók).

⁶³⁵ Dagný Kristjánsdóttir, „Frá Laugamýri til Lundúna,“ 564–565. Í íslenskum barnabókum má nefna sem dæmi sögupersónuna Hjalta í Hjaltabókunum eftir Stefán Jónsson en fyrsta bókin kom út árið 1948. Dagný Kristjánsdóttir greinir bækurnar í *Íslenskri bókmenntasögu IV* („Frá Laugamýri til Lundúna,“ 574–578). Um barnabækur á ensku á millistríðsárunum má lesa í Thacker og Webb, *Introducing Children's Literature*. Þar er meðal annars fjallað um endurminningabækur Lauru Ingalls Wilder (108–111). Af öðrum sjálfstæðum og hæfum barnabókapersónum má nefna Bíbí í Bíbí-bókunum dönsku eftir Karin Michaëlis sem komu út á árunum 1929–1938.

⁶³⁶ Ommundsen, „Competent Children,“ án blaðsíðutals (rafræn bók).

6.2 Hinn hæfi Nonni

Nonni tekur sér stöðu hins hæfa barns og fullyrðir að það sé að hans frumkvæði en fyrir guðs vilja að hann takist á við það hlutverk. Þær ímyndir sem Nonni skapar, Íslendingurinn, ævintýrahetjan og kristna fyrirmyndarbarnið, eru allar dæmi um hið virka, jákvæða og hæfa barn sem er smiður eigin örlaga.

Uppruninn er grundvöllur ímyndarsköpunar hans og Jón Sveinsson skapaði goðsögn um hann sem fellur vel að því sem hann vildi trúna og vildi að aðrir tryðu að væri sannleikurinn um hans eigin ævi. Upprunasögn (e. *origin narrative*) er í grundvallaratriðum sagan á bak við einstakling, sagan sem útskýrir af hverju maður er sá sem maður er. Sannfærandi lífssaga er oft forsenda félagslegrar viðurkenningar í hinu vestræna samfélagi og það útskýrir meðal annars hví svo margir ættleiddir einstaklingar leggja mikið á sig til að finna heimildir um uppruna sinn: Lífssaga þeirra hefur verið rofin, fylgir ekki hinu hefðbundna formi, og hinir ættleiddu finna þörf til að skapa samfellda mynd af sjálfum sér, sýna að ættleiðingin hafi verið örlög, merkingin með lífi þeirra.⁶³⁷ Slíka sögu segir Jón Sveinsson í Nonnabókunum.

Macarena García González hefur rannsakað mikilvægi upprunasagna í barnabókum, einkum hve stóru hlutverki upprunasagnir gegna við uppbyggingu sjálfsmyndar ættleiddra einstaklinga, bæði í því að skapa þeim sess innan nýrra fjölskyldna, útskýra ættleiðinguna og koma í veg fyrir þá óbærilegu og stríðu streitu (tráma) sem tengist þeirri reynslu að hafa verið yfirgefinn.⁶³⁸ Jón Sveinsson var yfirgefinn þótt aldrei væri hann ættleiddur í eiginlegum skilningi, en sögu Nonna í Nonnabókunum svipar að mörgu leyti til alþjóðlegra ættleiðingarfrásagna og ekki er langt seilst þótt fullyrt sé að skáldsagnapersónan Nonni hafi þrátt fyrir allt verið „ættleiddur“ af kaþólsku kirkjunni.

García González skiptir grunnfrásögn ættleiðingarminnisins í þrennt að hætti Aristótelesar. Fyrst er kynning aðstæðna sem felst í kynningu á (fóstur)foreldrunum tilvonandi, enda skipta þeir miklu máli fyrir hinn ættleidda einstakling. Síðan kemur fléttan sem felst í sjálfri ættleiðingunni og ferð söguhetju til nýja landsins. Þriðji liðurinn og ris sögunnar er svo þegar foreldrarnir tilvonandi hitta barnið í fyrsta skipti. Frásögninni lýkur þegar foreldrar og barn fara saman „heim“.⁶³⁹ Til að ættleiðingarsaga

⁶³⁷ García González og Wesseling, „The Stories We Adopt By,“ 2.

⁶³⁸ Sama rit, 1–2; García González, *Origin Narratives*, 25–26, 36.

⁶³⁹ Sama rit, 40.

sé möguleg þarf munaðarlaus einstaklingur vitaskuld að vera til staðar og árið 1870 var Jón Sveinsson svo gott sem munaðarlaus.

Upprunasögn bókmenntapersónunnar Nonna er ákaflega jákvæð en hún sameinar örlög, frjálst val og trú. Það er ítrekað hvað eftir annað, bæði í *Nonna* og *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, að drengnum sé ætlað að fara að heiman og framtíðin sé björt. Þetta kemur berlega fram í kveðjuorðum móðurinnar:

Ég fel þig guði á hendur, og það eru ekki orðin tóm, Nonni. Héðan af verður guð þér faðir og móðir og eitt og allt. Og ef þú heldur loforðin, sem þú hefur gefið móður þinni að skilnaði, þarftu ekkert að óttast, því að guð mun sjá fyrir þér – miklu betur en móðir þín gæti séð fyrir þér. Hann mun bera þig á höndum sér og gera þig að gæfumanni allt til æviloka.⁶⁴⁰

Nonni hefur blessun móður sinnar en hinir nýju foreldrar eru ekki hefðbundnir heldur er hann ættleiddur af kaþólsku kirkjunni og almáttugum föður sem vakir yfir honum. Stór hluti upprunagoðsagna snýr að því að sannfæra lesendur um að munaðarleysið og ættleiðingin séu hluti af örlögum barnsins og hafi verið til hins besta fyrir alla. Að lokinni þessari kynningu aðstæðna leggur Nonni af stað.

Á leið til Kaupmannahafnar er grunnur lagður að lífsstarfi hans með endurfæðingu hans sem skálds.⁶⁴¹ Í Kaupmannahöfn er gengið formlega frá „ættleiðingunni“ þegar hann játar kaþólska trú. Samkvæmt hefðbundinni ættleiðingarfrásögn ætti barnið nú að ferðast „heim“ með nýju foreldrunum. Nonni fer einn til Frakklands þar sem hin nýja fjölskylda hans í Skóla forsjónarinnar tekur honum með kostum og kynjum.⁶⁴² Þegar bróðir hans kemur til hans er hamingja hans fullkomin.⁶⁴³ Trúin og ritstörfín verða hornsteinar tilvistar og sjálfsmyndar Nonna og saga hins fátæka barns, sem er hrakið að heiman, er gerð að sögu sigurvegara.

Örlög og saga Nonna eru tilbrigði við kolbíts- eða öskubuskuminnið sem er afar algengt í ættleiðingarfrásögnum. Þá er lögð áhersla á þemað „frá örbirgð til allsnægta“. Í upphafi afneita allir kolbítinum eða öskubuskunni sem byrjar smátt en rís svo hátt.⁶⁴⁴

⁶⁴⁰ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 47.

⁶⁴¹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 146–148.

⁶⁴² Umfjöllun um móttökur hins ættleidda þegar hann kemur til hinna nýju heimkynna: García González, *Origin Narratives*, 69–70. Um viðtökur Nonna þegar hann kom til Frakklands í kaflanum „Nonni í Frakklandi“ í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 102–108.

⁶⁴³ Sjá kaflann „Manni kemur, og hamingja mín er fullkomnuð“ í *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 125–129.

⁶⁴⁴ García González og Wesseling, „The Stories We Adopt,“ 12–13. Saga Nonna minnir um margt á innflytjendasögur frá þessum tíma þar sem innflytjandinn (kolbítur eða öskubuska) kemst, oft við illan leik, frá gamla landinu, sem einkennist oft af erfiðleikum og örbirgð, til fyrirheitna landsins. Oft er þessu lýst þannig að nýtt líf hefjist við komuna til fyrirheitna landsins og að hið gamla líf líði undir lok.

Ættleiðingarsagan sjálf er trúarleg hvað byggingu varðar, eins og García González bendir á.⁶⁴⁵ Foreldrar Jesú ferðuðust um langan veg til Betlehem til að „eignast“ hann og þótt María fæddi Jesú var hann að vissu leyti ættleiddur, að minnsta kosti af Jósef. Að fæðingu lokinni ferðaðist svo fjölskyldan saman alla leiðina „heim“ til Nasaret. Þegar þetta er haft í huga fær „ættleiðingarsaga“ Nonna enn einn merkingaraukann og festir Nonna enn betur í sessi sem sigurvegara, útvalinn einstakling sem nýtur ástar og verndar guðs.

Á þessum grunni hvíla náttúrubarnið á Íslandi, athafnasama drengjahetjan í Danmörku og kristni fyrirmyndarpilturinn með sjálfstæða viljann. Lesendur dáðust að hinu sterka, úrræðagóða og góðhjartaða náttúrubarni sem bjó á Íslandi, lenti þar í ótrúlegustu atvikum og átti bestu mögulegu æsku í stórbrotinni náttúru. Nonni var fundvís á ævintýri og leysti þrautir eins og hetja. Ævintýrasögurnar voru vel þekktar í evrópskri bókmenningu og Nonnabækurnar eiga greiða leið í þá dáðu hefð. Ævintýrahetjan Nonni var kunnugleg bókmenntapersóna sem lesendur þekktu og elskuðu, en eins og Nodelman hefur gert grein fyrir byggjast aðdráttarafl og vinsældir barnabóka að miklu leyti á kunnugleika og endurtekningum.⁶⁴⁶ Þess vegna áttu Nonnabækurnar greiða leið að hjörtum lesenda.

Sögurnar um hinn sérstaka Íslending sem jafnframt var ævintýrahetja höfðu til allra, rétt eins og Jón Sveinsson hafði vonað. Kristni fyrirmyndarpilturinn, sem minnir raunar meira á hið hæfa og dyggðum prýdda barn siðbætandi barnabóka en frjálsa náttúrubarnið, féll foreldrum og uppalendum í geð sem og kristilega þenkjandi lesendum. Kaþólskur áróður bókanna var ef til vill ekki ýkja áberandi en var kaþólskum lesendum – og kaþólsku kirkjunni – þóknanlegur. Þannig gat Jón Sveinsson siglt á milli skers og báru, þjónað tveimur herrum og séð til þess að bækur hans yrðu gefnar út og bærust bæði til kaþólskra og lútherskra manna. Með vandlega mótaðri upprunasögn og þrískiptri ímynd bjó Jón Sveinsson til sögu sigurvegarans sem svo sannarlega var þörf fyrir á styrjaldarárunum fyrri og næstu áratugum.

Sjálfsævisaga Mary Antin, *The Promised Land* (1912), er gott dæmi um þetta. Sjá Jolie A. Sheffer, „Recollecting, Repeating, and Walking Through.“

⁶⁴⁵ García González, *Origin Narratives*, 40.

⁶⁴⁶ Rætt er um hugmyndir Perrys Nodelman um aðdráttarafl barnabóka í 2.5.1, Yfirborð og undirtextar barnabókanna.

6.3 Svik og sameining

Í Nonnabókunum er nánast ekkert unnið úr þeim staðreyndum að faðirinn var dáinn, heimilið í upplausn og móðurinni um megn að hafa son sinn hjá sér sökum fátæktar þótt minnst sé á hið síðastnefnda. Nonni var alls ekki sérstaklega valinn af kirkjunnar mönnum til að fara til Frakklands í nám. Vissulega kom faðir Baudoin til Íslands í umboði Stephans Stephanovitsj Dzunkovskíjs, fyrsta prefekts Norðurheimskautstrúboðsins, sem Íslendingar kölluðu Djúnka,⁶⁴⁷ og eitt af hlutverkum hans var að finna hæfa pilta til að stunda nám í Frakklandi. Svo fór að Nonni hélt utan en hann var hvorki fyrsta né annað val Baudoins heldur hið þriðja.⁶⁴⁸ Það er aldrei viðurkennt að Nonni var í raun yfirgefinn af móður sinni, sem sóttist fast eftir því að hann fengi að fara, né heldur að hann hafi ekki beinlínis verið boðinn velkominn til Frakklands.

Nonni dvelur fyrst um sinn hjá vandalausum í Kaupmannahöfn, óviss um hvað muni taka við. Dvölin þar einkennist af vonbrigðum, tímabundnu fóstri og trúskiptum sem að sumu leyti má líta á sem vanmáttuga tilraun til að falla inn í fyrsta hópinn sem býðst.⁶⁴⁹ Hann hitti aldrei franska greifann í Frakklandi sem lét hann afskiptalausn alla tíð. Hann þurfti að sjá um sig sjálfur og hafði á engan annan að treysta. Augljóst er að Nonni, tólf ára, er í hlutverki „hins hæfa barns“ af neyð. Hann er svikinn og yfirgefinn. Hið svikna barn er aðeins gerandi af því að það neyðist til þess en það er aldrei viðurkennt í Nonnabókunum, enda myndi slík viðurkenning sundra ímynd Nonna.

Í Nonnabókunum kallast á ímyndir fórnarlambins og hetjunnar, viðfangsins og gerandans, hins yfirbugaða og sigurvegarans. Allt eru þetta ákveðnar birtingarmyndir eða túlkanir á hinu hæfa barni, barninu sem sér um sig sjálft og leysir úr málum. Hetjan, gerandinn og sigurvegarinn gera það að eigin frumkvæði og af gleði, fórnarlambið, leiksoppurinn og hinn yfirbugaði því að þau neyðast til þess. Jón Sveinsson fullyrti að hið „jávæða“ hæfa barn væri Nonni en það þarf ekki að lesa Nonnabækurnar lengi til að sjá að svo er ekki.

Hugmyndir um barnið tengdust alþjóðahyggju á fyrri hluta 20. aldar, og kenningum um það hvernig heimurinn hlyti að minnka, landamæri að þurrkast út og lönd að sameinast. Alþjóðahyggjunni óx enn fiskur um hrygg í Evrópu allri á árunum

⁶⁴⁷ Sjá nmgr. 391. Dzunkovskíj var einn þeirra sem Marie-Albéric de Foresta, greifinn góði í Nonnabókunum, fékk til að starfa á Norðurslóðum og freista þess að snúa fólki til kaþólskrar trúar.

⁶⁴⁸ Sjá 5.3.2, Nonni í Frakklandi.

⁶⁴⁹ Fjallað er um trúskipti í 4.4, Saga af trúskiptum.

eftir báðar heimsstyrjaldirnar og hugmyndir um sameiginlegan brunn tilfinninga, gilda og áhugamála voru ofarlega á baugi. Allir gátu sameinast um að vernda „barnið“ eða „hið alþjóðlega barn“ sem varð táknberi allra þeirra góðu gilda sem nauðsynleg eru til að halda friðinn. Goðsögnin um alþjóðaporpið varð mjög vinsæl og þar átti barnið að fá nægt rými.⁶⁵⁰

Kenningar um sameiningu og frið áttu einnig upp á pallborðið hjá barnabókahöfundum, fræðimönnum og uppeldisfrömuðum, til að mynda hjá fyrrnefndri Ellen Key og fræðimanninum Paul Hazard (1878–1944). Kenningar hans birtust í bókinni *Les livres, les enfants et les hommes* (Bækur, börn og menn, 1932) sem naut mikillar hylli og var þýdd á fjölda tungumála. Þar setur Hazard fram hugmyndir um „alþjóðlega bernsku“ og fullyrðir að bernskan sé æðri öllum pólitískum landamærum, hafin yfir ólík tungumál og eigi að losna undan hömlum hinna fullorðnu.⁶⁵¹ Þess vegna geti bækur stuðlað að umburðarlyndi, vináttu og samkennd og hann segir að í heimi bernskunnar séu hvorki til fordómar né stríð, auk þess sem allir höfundar séu jafnir og allar bækur jafnar í augum barna.⁶⁵² Öllu sem greinir okkur að er afneitað í bók Hazard, en því er hampað sem sameinar okkur, jafnvel þótt það sé byggt á ótraustum grunni.

Kenningar Hazard um hina alþjóðlegu bernsku höfðu mikil áhrif um miðbik 20. aldar. Einkum var það hinn útópíski og mannbætandi þáttur bókar hans sem fólk hreifst af og eftir heimsstyrjöldina síðari varð hugmyndin um nýtt lýðræðissamfélag, þar sem börnin væru valdamikil, að einskonar mótvægi við hernaðarhyggju og kalt stríð.⁶⁵³ Börnin skyldu verða bjargvættir þjóðanna.

Ímynd Nonna sem sameiningarafsls, drengs sem talar til allra, fellur vel að kenningum Hazards, hugmyndum Ellenar Key og þeim væntingum til barna sem ríktu um miðja öldina. Nonnabækurnar eru alþjóðlegar og Nonni sjálfur er sögupersóna byggð á raunverulegri persónu og fyrirmynd allra barna um að hægt sé að breyta lífi

⁶⁵⁰ O’Sullivan, „Discourses of Internationalism in Children’s Literature,“ 34–35. Fjallað er um alþjóðavæðingu, alþjóðaporpið eða alheimsporpið svo og þverþjóðleika í 1.4.1, Rannsóknaraðferðir og fræðileg afstaða.

⁶⁵¹ Þarna er Hazard alls ekki fjarri Ellen Key sem í *Barnets århundrede* og víðar lagði áherslu á nauðsyn þess að leyfa börnum að hugsa sjálf, mynda sér eigin skoðanir og fá frelsi til að vera sjálfstæðar verur. Hugmyndir Hazard um alþjóðlega bernsku voru heldur ekki nýjar af nálinni heldur áttu þær sér langa sögu sem rekja má alla leið til kristilegra hugmynda um barnið sem frelsara og sannleiksboðanda. Húmanistar, sem stóðu fyrir alþjóðlegum hreyfingum gegn átökum fyrri heimsstyrjaldarinnar, lögðu til dæmis mikla áherslu á þennan boðskap.

⁶⁵² Hazard, *Books, Children & Men*, 145–148.

⁶⁵³ O’Sullivan, „Discourses of Internationalism in Children’s Literature,“ 30.

sínu ef þau reiði sig á trú og von. Í Nonnabókunum er að finna enduróm af hugmyndum Hazards um hið alþjóðlega lýðræði bernskunnar þar sem tungumál og landamæri skipta engu máli og jafnframt hugmyndinni um alheimsþorpið – hugmyndinni um heiminn sem „einn stað“ þar sem frelsi, jafnrétti og bræðralag eru í fyrirrúmi.⁶⁵⁴ Nonnabækurnar eru hins vegar hvorki einu barnabækurnar sem reyna að breiða yfir stéttaskiptingu og ójöfnuð, né heldur þær einu sem varpa ljósi á hvort tveggja þegar skyggst er undir yfirborðið.

Barnabókahöfundar sem halda á lofti ímyndinni um algóðan heim smætta oft eða þagga niður vandamál hinna fullorðnu, líka erfið úrlausnarefni sem þeir hafa skapað og vísa áfram til barnanna. Svikin loforð um alþjóðlegan skilning og veraldarfrið eru hluti af arfleifð eftirstríðsárabarnanna.⁶⁵⁵ Alþjóðþorpið er goðsögn sem hefur beðið skipbrot, hnattvæðingin hefur haft í för með sér mikla mismunun, gagnstætt því sem henni var ætlað að gera, og talsmenn hnattvæðingar hafa verið sakaðir um að horfast ekki í augu við staðreyndir, þ.e. að takast ekki á við mismunun, aðskilnað og órétt, heldur stinga höfðinu í sandinn.

Bent hefur verið á að jafnframt því sem alþjóðahygga leggur áherslu á vináttu og sameiningu, líkt og í Nonnabókunum, birtist þar jöfnum höndum mismunun og „öðrun“ (e. *othering*). Barnabækur sem reyni að halda fram veraldarvináttu falli þannig oft á eigin fordómum, bæði menningarlegum og þjóðernislegum, alþjóðahyggan nái ekki nægilega vel utan um reynslu og stöðu fólks víða um heim, hunsir menningarmun og afneiti ýmsu sem óhjákvæmilega skipti fólki í hópa. Hugtakið „þverþjóðleiki“ (e. *transnationality*), sem andstæða alþjóðaleika, hefur verið notað í tilraun til að ná utan um reynslu og stöðu fólks í fjölþjóðlegu samhengi.⁶⁵⁶

Bradford heldur því fram að þverþjóðlegar sjálfsmyndir verði til þegar einstaklingar og hópar fara þvert yfir ólíka menningarheima og tungumál og er þá átt við að fólk, sem fæðist í einu landi en elst upp í öðru eða öðrum löndum, byggi sjálfsmynd sína bæði á menningu upprunalandsins og landsins eða löndunum sem það býr í. Í þverþjóðlegum textum blandast síðan reynsla úr ólíkum menningarheimum og það telur Bradford að bjóði upp á mismunandi aðferðir við að lesa textana auk þess sem

⁶⁵⁴ Bullen og Mallan, „Local and Global,“ 57–59; O’Sullivan, *Comparative Children’s Literature*, 7; Sands-O’Connor, „Introduction: Stepping Out into the World,“ 7.

⁶⁵⁵ Bradford, „Children’s Literature in a Global Age,“ 24–25; O’Sullivan, „At the Periphery of the Periphery,“ 244; O’Sullivan, *Comparative Children’s Literature*, 8.

⁶⁵⁶ Bradford, „Children’s Literature in a Global Age,“ 27–28; Helga Birgisdóttir, „Þrír heimar – hið minnsta“; Jay, *Global Matters*, 3, 73; O’Sullivan, „At the Periphery of the Periphery,“ 243; Sands-O’Connor, „Introduction: Stepping Out into the World,“ 7–10.

skilningur lesenda fari ávallt eftir bakgrunni hans og uppruna, líkt og sjá má í þessari ritgerð þegar Nonni er túlkaður sem Íslendingur, kaþólikki og hetja. Þegar ólíkir menningarheimar og menningarsvæði koma saman í einni og sömu manneskju verða þverþjóðlegar sjálfsmyndir til.⁶⁵⁷

Við lestur barnabóka þarf að hafa í huga að þar takast á yfirborðstexti og undirtexti eða „skuggatexti“ eins og Nodelman kallar það.⁶⁵⁸ Þegar rýnt er í skuggana við nærlestur Nonnabókanna má sjá brotafletina í sjálfsmynd höfundar. Nonni er einskonar forboði hins hæfa og þverþjóðlega nútímabarns sem lagar sig að breyttum aðstæðum, tungumálum, flutningum og vanhæfum foreldrum sem ekki geta verndað það.

6.4 Mikilvæg þemu

Ekki verður deilt um aðráttarafl Jóns Sveinssonar og Nonnabókanna á fyrri hluta 20. aldar. Fjöldi útgefna bóka, þýðinga og fyrirlestra ber vitni um það, sömuleiðis ótal sendibréf og vitnisburðir frá lesendum og áheyrendum sem kunnu að meta sögurnar um Nonna. Hið sama er að segja um greinar og frásagnir hans í dagblöðum, bæði hér á landi og erlendis. Nonnahús á Akureyri nýtur enn vinsælda og á níunda áratug liðinnar aldar létu landsmenn heillast af þýsk-íslensku sjónvarpsþáttunum um bræðurna Nonna og Manna (Ágúst Guðmundsson, 1988–1989). Nonnabækurnar hafa hins vegar ekki verið endurútgefnar hér á landi áratugum saman, æ færri lesa þær, þá helst fullorðin fólk og af sögulegum áhuga.⁶⁵⁹

Síðasta Nonnabókin, *Nonni í Ameríku*, kom út árið 1945, nokkru eftir lát höfundar, og um svipað leyti lognaðist útgáfa kristilegra barnabóka í álfunni algjörlega út af, en upp úr 1930 eða nokkru fyrr hafði útgefnum kristilegum barnabókum fækkað verulega.⁶⁶⁰ Nonnabækurnar eru ævintýrabækur en líka trúarlegar barnabækur – kristileg og kaþólsk trúboðsrit. Meðal annars þess vegna eiga þær erfitt uppdráttar í óbreyttu formi og afar ólíklegt að þær verði gefnar út á ný fyrir nútímabörn. Áberandi

⁶⁵⁷ Bradford, „Children’s Literature in a Global Age,“ 22–27; Unnur Dís Skaptadóttir, „Ólíkar raddir,“ 46–48.

⁶⁵⁸ Sjá umfjöllun um bók Nodelmans, *The Hidden Adult*, í 2.5.1, Yfirborð og undirtextar barnabókanna.

⁶⁵⁹ Undantekning frá þessu eru þrjár Nonnabækur í endurgerð Brynhildar Pétursdóttur. Um er að ræða stytta og myndskreyttar útgáfur sem nefnast *Nonni og Manni* (2002), *Á Skipalóni* (2003) og *Útilegumaðurinn* (2004).

⁶⁶⁰ Sjá umfjöllun um kristilegar og kaþólskar barnabækur í 4.1, Útgáfa kaþólskra barnabókmennta í Evrópu.

kristilegur tónn bókanna sem og hinn kaþólski undirtónn talar til dæmis ekki til lesenda dagsins í dag.

Nonnabækurnar voru mótaðar af menningu og samfélagi síns tíma og byggðar á bókmennta- og sagnahefð sem þá naut vinsælda. Þær töluðu beint til barna á árunum eftir heimsstyrjaldirnar tvær enda eru þau innbyggðir lesendur bókanna. Bækurnar voru ekki skrifaðar til barna dagsins í dag enda virðast þær ekki vekja áhuga þeirra.⁶⁶¹ Þau þekkja ekki þann söguheim sem bækurnar byggjast á, finna hvorki til skyldleika við Nonna né sögumanninn sjálfan og finnst textinn líkast til óþjáll og langdreginn auk þess sem orðaforðinn er þeim eflaust að einhverju leyti framandi. Hið frjálsa og hæfa náttúrubarn gæti þó verið að koma aftur í kjölfar vistfræðibylgjunnar en þó í breyttri mynd.⁶⁶²

Nonnabækurnar eru sögulegar skáldsögur sem rata tæpast óbreyttar til lesenda okkar daga en saga hans, einkum sú í skugganum, hefur aldrei verið brýnni og á vissulega erindi til nútímabarna eins og sýnt er fram á í þessari ritgerð. Mikilvægustu þemu Nonnabókanna eru svikin og yfirgefin börn, vald og valdaleysi barna, og síðast en ekki síst, seigla, hæfileiki til að lifa af og nauðsynleg von og trú á hið góða. Þetta eru jafnframt viðfangsefni barna- og unglingsbókahöfunda dagsins í dag og eiga fullt erindi við lesendur nútímans. Þemun sem nú tala til ungra lesenda eru þemu þverþjóðleika og alþjóðavæðingar. Þemu sem tengjast fólksflutningum, nauðungarflutningum, einmanaleika og þrá eftir ást og sameiningu.

Söguhetjur á borð við Nonna sýna að hið þverþjóðlega er síður en svo nýtt af nálinni á sviði barnabókmennta og segja má að hann sé einskonar forboði hins hæfa fjölmenningsbarns. Sögupersónur eins og drengurinn Nonni eru óteljandi og bækur um „hin hæfu börn“, sem þurfa að sjá um sig sjálf, og einmanaleika þeirra, vanhæfa foreldra og ólýsanleg vandamál eru margar. Kannski er hið einmana hæfa barn þó hvergi jafn áberandi og í bók Jens Sigsgaards, *Palli var einn í heiminum*. Líka má nefna munaðarleysingja og börn sem hinir fullorðnu hafa brugðist. Hér má nefna þekktar og vinsælar persónur á borð við Línu Langsokk, Litlu prinsessuna í samnefndri bók Frances Hodgson Burnett og munaðarleysingjann Harry Potter í bókum J. K. Rowling.

⁶⁶¹ Fjallað er um innbyggðan lesanda í barnabókum í 2.5.2, Innbyggði lesandinn.

⁶⁶² Hér má til að mynda hafa í huga norsku bækurnar um Tonju Glimmerdal eftir Mariu Parr. Hér á Íslandi hafa komið út nokkrar bækur um eldri börn sem berjast fyrir náttúruna. Þetta á til dæmis við um bókina *Fjallaverksmiðja Íslands* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur (2019) og *Rottarnar* eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur (2018).

Afskipt og örvingluð innflytjendabörn er til dæmis að finna í þrífleik Simons Stranger sem fjallar um Emelie, norska millistéttastúlku, og flóttapiltinn Samuel frá Ghana. Hann er einn á ferð, hrakinn, landlaus og hundeltur, en hefði gefið mikið fyrir að fá að vera kyrr í þorpinu sínu í stað þess að neyðast til að taka sig upp. Í nokkrum bókum er þannig tekist á við þá misskiptingu og einmanakennd sem alþjóðavæðingin hefur haft í för með sér. Af nýlegum íslenskum bókum má nefna bækurnar *Vertu ósýnilegur* (2018) eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, þar sem fjallað er um raunveruleika flóttabarna, og bókina *Með heiminn í vasanum* (2011) eftir Margréti Örnólfsdóttur þar sem saman fléttast saga íslensks pílts sem býr við allsnægtir, á allt nema tíma og ást foreldra sinna, og kínverskrar stúlku sem þrælur í verksmiðju dag og nótt.

Það sem Nonni og þær sögupersónur, sem nefndar hafa verið hér að framan, eiga sameiginlegt er að þrá öryggi, ástúð og heimili. Sögur þeirra allra eru um leiðina – eða leitina – að heimili og raunar er það á einn eða annan hátt umfjöllunarefni allra barnabóka.⁶⁶³ Það sem Nonni hefur fram yfir hin sviknu börn nútímabarnasagna er staðföst trú á guð til að styðjast við og á þeirri trú þurfti hann að halda.

Þegar Jón Sveinsson hélt út í heim kvaddi hann móður sína og eftirlifandi systkini.⁶⁶⁴ Í huganum hefur hann vafalaust einnig kvatt þau sem hvíldu í gröfum sínum, föður sinn og systkini. Hann kvaddi Danmörku eftir ár og var sendur til Frakklands. Er þá aðeins fátt eitt nefnt af öllum þeim flutningum og ferðalögum sem einkenndu líf Jóns Sveinssonar. Ekki er ofsögum sagt að líf hans hafi einkennst af aðskilnaði og söknuði, enda eru Nonnabækurnar markaðar af leit að samastað eða því sem við erum vön að kalla heimili.

Jón Sveinsson segir að tilgangur sinn með því að segja frá æskudögum sínum hafi verið „sá einn að gleðja aðra“ og láta bækurnar verða „öllum þeim, sem lesa þær, til sannrar, djúprar og hjartanlegrar gleði“.⁶⁶⁵ Hann skrifaði fyrir trúna, vonina, og kærleikann sem færa ljós inn í myrkrið. Hann varð talsmaður barnsins á tímum þegar oft var lítið um von og fólk vissi ekki hverju það ætti að trúa.

⁶⁶³ Sjá 3.6, Heima á Möðruvöllum.

⁶⁶⁴ Þrjú barna þeirra Sveins og Sigríðar dóu úr barnaveiki árið 1860, Sigríður (1853–1860), Ármann (1855–1860) og Ármannía Sigríður (1860–1860). Börnin sem komust á legg voru Björg (Bogga, 1854–1882), Jón Stefán (Nonni, 1857–1944), Ármann (Manni, 1861–1885), Friðrik (1864–1942) og Sigríður Guðlaug (1868–1916).

⁶⁶⁵ Jón Sveinsson, *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, 128.

*

Í upphafi þessarar ritgerðar (kafla 1.3) var rætt um það hve viljugir fyrstu lesendur Nonnabókanna í íslenskri þýðingu voru til að trúa sannleiksgildi þeirra, einlægni sögumanns og sakleysi í lýsingu hans á bernskuárum sínum á Íslandi. Í ritgerðinni hefur verið sýnt fram á tengsl Nonnabókanna við alþjóðlegar bækur fyrir börn og unglunga á ritunartíma þeirra og þögn höfundar um raunverulega bernsku sína. Hvort tveggja felur í sér róttæka endurskoðun á ímynd og bókmenntalegri stöðu Jóns Sveinssonar. Nútímabörn hafa ekki greiðan aðgang að Nonnabókunum þó að þær eigi erindi við nútímann. Fyrsta hindrunin er næstum aldagamlar íslenskar þýðingar þeirra, önnur er sú hve langdregnar þær eru og sú þriðja hversu fjarlægur sá heimur, sem sagt er frá, er börnum nútímans.

Hér að framan hafa engu að síður verið færð rök fyrir því að sagan sem Jón Sveinsson segir eigi sér fjölmargar alþjóðlegar hliðstæður sé horft til veruleika nútímabarna. Ef hægt væri að endurskapa Nonnabækurnar á faglegan hátt í miðlunarformi sem hentaði nútímabörnum (teiknimyndum, sjónvarpsþáttum, tölvuleikjum) myndu þær áreiðanlega draga börn að sér. Jafnframt er ljóst að líf, verk og goðsagnir Jóns Sveinssonar kunna vissulega að draga að sér fræðimenn á ýmsum sviðum hugvísinda – í sagnfræði, þjóðfræði, trúfræði og bókmenntum.

Að lokum er boðskapur höfundarins sígildur. Manneskjurnar verða að hafa eitthvað til að trúa á og rækta með sér hugrekki og úthald til að berjast fyrir lífi sínu. Það hefur enginn sigrað með því að gefast upp.

7 Summary

This dissertation, *The Irresistible North: Image and attraction in the Nonni books by Jon Svensson*, is centered on the childhood memories of Jón Sveinsson (1857-1944) and the so-called Nonni books. Jón Sveinsson (Jon Svensson) was a Catholic priest and a Jesuit who is considered as one of the most well-known and popular Catholic children's literature authors in Europe in the early 20th century.

The first book of the Nonni book series, *Nonni*, was published in German in 1913. At the time, Jón Sveinsson was in his early sixties and resided in the Netherlands. He had given up his profession of teaching after a period of sickness and then started composing novels. Eleven books were published after *Nonni*, so the series counts twelve books in total. The final one was published in 1949, five years after the death of the author. None of the books were originally written in Icelandic, but in Danish, German and French, and published in German. His works are nevertheless regarded as one of the first Icelandic children's literature and have greatly influenced the evolution of the genre in Iceland.

The books of Jón Sveinsson can be categorized as childhood memoirs and travel literature. His childhood memoirs are found in seven books that happen in Iceland and Denmark and tell of Nonni's and his friends' various adventures. They also tell of the causes of his departure from Iceland to France, through Denmark. These are the books *Nonni*, *Nonni og Manni*, *Á Skipalóni*, *Sólskinsdagur*, *Borgin við Sundið*, *Ævintýri úr Eyjum* and *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*. The five travel books are of a different type. They tell of the world travels of the adult Nonni. The protagonist is the clever and experienced pater Jon Svensson, and the books are not considered as children's literature.

The books based on Jón Sveinsson's childhood memories are regarded as the author's most popular works and are the ones usually referred to when mentioning the Nonni books. Nonni, the literary proxy of Jón Sveinsson and the book series' main protagonist, supports the hypothesis of this dissertation that the attraction and popularity of the Nonni books is primarily based on the carefully constructed literary persona of Nonni, and the books positive message, which was taken with open arms in an era occupied with world wars. Jón Sveinsson made use of three main themes in his stories, which are *childhood*, *nationality*, and *religion*.

In this dissertation it is argued that these three themes are closely interwoven with the image of Nonni, as created by Jón Sveinsson in his books and lectures. This image served his own interests and was based on personal myths and a homogenous image of Iceland and Icelanders. It attracted the interest of Europeans in the interwar years and has reappeared in many shapes and form in Iceland and other countries. Even though the Nonni books have lost their popularity among modern day readers, the themes of *childhood*, *nationality* and *religion* remain important in children's literature. The effect of these themes on international and modern children's literature is established in the dissertation. The images created by Nonni: The Icelander, the adventure hero and the Christian exemplary child are a testimony of the active, positive, and capable child who is the creator of its own fortune.

*

This research is in the field of children's literature studies. One of the main characteristics of children's literature is that the books themselves are written for children by adults. This generation gap becomes an essential and aesthetic element in the books that are different than adult literature in the sense that it presents the voices of two readers, the child, and the implied adult reader. It has been argued that the adult in a sense *smuggles* himself into literature written for children and this is clearly evident in the works of Jón Sveinsson.

The history of children's literature research is relatively short and up until 1960 international research on this literary genre barely existed. Children's literature as an academic subject was almost non-existent until the sixth and seventh decade of the 20th century. Academics have used various theories and practice in the research and analysis of children's literature. The research presented in this dissertation is primarily based on research on autobiographical theory, narratology, reader response theory, postcolonial studies, and international studies. The theories and concepts of these disciplines are used to research into the images of Nonni; to carefully submerge into his adventures to understand better what he is "made of". The Nonni books are also discussed in the historical sense for the purpose of providing a quick summary of the origins of the children's literature genre on the European mainland and Iceland.

The concepts *child* and *children's books* are of great importance in this research. The argument of what is a child and what is not does not translate into whether

children's literature actually exists as a genre, but that the child in children's books is created by an adult author and that children's books evolve around the unthinkable relationship between the adult and the child. Nevertheless, this is never addressed in the books. This question is of pivotal importance in the analysis of the complex identity of Nonni in the Nonni books.

In this dissertation, *The Irresistible North*, special attention is brought to the four main features of children's literature and its discourse, and they serve as guidance in the literary analysis of the Nonni books. These features are: 1) The statement that children's literature are simple in form and content, and the attitude towards this simplicity, 2) the declared objectives of authors of children's books and the implied readers, 3) attitude towards the quality of children's books, and finally, 4) the power relations presented in all children's books.

In researching the Nonni books and the character of Nonni and his images, three myths are considered: the one of the Icelander, the Catholic and the hero. The chapter "Íslendingurinn" looks at how Nonni and the Nonni books can be interpreted using the theories of the autobiographical studies and postcolonial studies. It establishes that the childhood memories of Jón Sveinsson are based on a long tradition of European life stories that are first and foremost based on Christian, Western and masculine values. The Nonni books are interpreted as autobiographical texts and the chapter asks what this *I* is appearing in the text and its relation to the *truth*, which is far from being simple. The complex identity creation of Jón Sveinsson is accounted for, as well as his assertion that he *is* and always has been the boy Nonni. The image of Iceland and Icelanders is discussed as well as how Nonni is marketed as the ideal Icelander, and the inevitable question asked whether the *Icelandic identity* actually exists, as presented by the author. It is established that the Icelandic self is comprised of mythological images related to the Icelandic nature, nation, and culture, but Jón Sveinsson is elective in his approach, picks what he considers best and leaves the rest. These myths are tested against theories and methods of images and colonization.

The *other* is important in both disciplines and whether that person is marginalized or centralized, with or without power. Jón Sveinsson attempts to select images that enable him to act as a double agent, he is special and yet common. In the Nonni books there is a continuing attempt to eliminate the othering of Nonni and convince the reader that Nonni belongs to a privileged group instead of a marginalized one. Using the words

of Homi Bhabha, one can say that Nonni attempts from an early start to convince the readers that he is *quite the same, not different*. Jón Sveinsson establishes the image of his Nonni character on this unstable and unclear foundation, he is the Icelandic boy who is, as is the country he says he belongs to, somehow located between *us* and *them*.

In the chapter “Kaþólikkinn”, the Nonni books are placed within the Catholic children’s literature genre of the early 20th century. It covers the publication of Catholic children’s books, characterization, and main themes, as well as to discuss how the Nonni books fit within this category of literature. It also discusses how Jón Sveinsson kept away from trouble and sang to it simultaneously, by writing stories that appealed both to Catholic publishers and his Jesuit guardians, as well as Protestant children of Europe. He always aspired to write for all children, regardless of religious preference, and yet find an outlet for his missionary work. He had the approval of his superiors and the culturally minded Jesuit church that emphasized evangelization, and his writings became an accepted part of his missionary duties. Jón Sveinsson not only preached about Catholicism in his words to spread joy in the world, but to counteract what he thought to be a pandemic in the character of people, dispiritedness, and sadness. He deliberately omitted references to Catholicism in his books so that all the world’s children could enjoy their message, as he otherwise believed fewer children would read his works, fewer would buy them and libraries would not make them as readily accessible. This does not only speak of Jón Sveinsson’s practicality but also his desire to be successful in his writing career. Nonni’s religious conversion is described in detail in the chapter as well as all his life’s sacrifices but giving up his precious freedom was the hardest task of all.

Jón Sveinsson aspired to become a successful author and in the chapter “Hetjan” we read about how the Nonni books were considered to belong to the ever popular tradition of European adventure stories for children, which dates back to medieval times. There is a clear evidence of the influence of Daniel Defo’s *Robinson Crusoe*, dating back to the 18th century. Jón Sveinsson seems to have been well read in European children’s literature, which comes at a no surprise given that he resided with European boys from the age of twelve, initially in *École libre de la Providence* in France, later as a teacher in Denmark.

The adventure story was a popular genre in the early years of World War II and even though it changed with time, the war itself became a popular theme of authors of

children's literature. Jón Sveinsson never addressed the war in his Nonni books. The war, interrupting the rhapsody and Nonni's group of readers, as was the case with other authors, affected the publication of the books, character creation and the books' acceptance, as well as the author himself. The Nonni books were so acclaimed that even entrenched soldiers were encouraged to read them, and Jón Sveinsson had to make sure that his works were thrilling and exciting adventures and the protagonist a heroic character. The hero image of the Nonni books is closely related to the image of the Catholic hero who makes sacrifices for others. The object is not an enemy feat, a loot or other kinds of worldly success making Jón Sveinsson a Catholic hero, but the overturn of adversity. It is the humbleness he displays in hiding his own personal grief and bring joy to others as an author and a missionary.

Jón Sveinsson started writing about Nonni in the early years of the 20th century, which ironically, was intended to be the age of the child. In the books we can find a resonance of the ideas and theories on children and their status in Europe. One is the idea of the capable child, the ideology of nationalism as well as the understanding of international youth and the interpretation of the child as a negotiator. Jón Sveinsson had great anticipation of the 20th century which was meant to bring people progress, peace and prosperity. In the final chapter, "Að sigra eða ekki, þar liggur efninn", this era, and the status of the child, are discussed from the standpoint of the ideology of the capable child; the child who needs to stand up to responsibility and succeed in a way that adults are not cable of, do not want to or sidestep in some manner.

Jón Sveinsson managed to tell a story of the conqueror by carefully constructing an original story about the free, Icelandic child of nature adopted by the Catholic church and a ternate image of the brave and resilient Nordic child. This was a much-needed task during and after the war. Nevertheless, it is stated here that the foundation of the image of Nonni is unstable, that his origin narrative is not based on free choice, faith, and destiny. On the contrary, he has no say over his destiny and takes on the role of the capable child out of need.

The image of Nonni as the capable child is connected to theories on globalization and transnationalism and it is argued that the character of Nonni serves as a symbol of the capable and transnational modern child who adapts to various circumstances, languages, migration and poor parental figures incapable of protection. The Nonni books do not translate well in its originality to the modern child, but the most important

themes, i.e., betrayed and abandoned children, power and powerlessness of children, and last but not least, resilience, the ability to survive in the essential hope and faith for the good, are classics in the writings of authors of children's and young adult literature to this day and very applicable to modern day readers. The themes that resonate with today's readers are the themes of transnationalism and globalization. Themes that are connected to the migration of people, displacement, loneliness and longing for love and unity.

8 Heimildaskrá

- Abrams, M. H. og Geoffrey Galt Harpham. *A Glossary of Literary Terms*. Boston: Wadsworth, 2009.
- Adams, Gillian. „Medieval Children’s Literature: Its Possibility and Actuality.“ *Children’s Literature* 26 (1998): 1–24. doi: 10.1353/chl.0.0499.
- AL. „Íslenskar barnabækur í tvær aldir: Tímamótaverk eftir Silju Aðalsteinsdóttur.“ *Dagblaðið* 7 (13. febrúar 1981): 22.
- Althusser, Louis. „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnæki ríkisins (rannsóknarpunktur).“ Í *Af marxisma*, ritstýrt af Magnúsi Þór Snæbjörnssyni og Viðari Þorsteinssyni, þýtt af Agli Arnarsyni, 175–228. Reykjavík: Nýhil, 2012.
- Anderson, Linda. *Autobiography, The New Critical Idiom*, ritstýrt af John Drakakis. London, New York: Routledge, 2001.
- Ariés, Philippe. *Centuries of Childhood: A Social History of Family Life*, þýtt af Robert Baldick. New York: Alfred A. Knopf, 1962 (1. útgáfa 1960).
- Arnbjörnsson, Ronny. „Ellen Key and the Concept of Bildung,“ *Confero: Essays on Education, Philosophy and Politics* 2, nr. 1 (2014): 133–160, doi: 10.3384/confero.2001-4562.140515.
- Ashcroft, Bill, Gareth Griffiths og Helen Tiffin. *Key Concepts in Post-Colonial Studies*. London og New York: Routledge, 1998.
- Austin, Linda M. „Children of Childhood: Nostalgia and the Romantic Legacy,“ *Studies in Romanticism* 42, nr. 1 (2003): 75–98. doi:10.2307/25601604.
- Avery, Gillian. „The Beginnings of Children’s Reading to c. 1700.“ Í *Children’s Literature: An Illustrated History*, ritstýrt af Peter Hunt, 1–25. Oxford og New York: Oxford University Press, 1995.
- Azari, Ehsan. *Lacan and the Destiny of Literature*. London: Bloomsbury, 2011.
- Ágústa Pálsdóttir. „Icelandic Children’s Literature.“ Í *Text, Culture and National Identity in Children’s Literature: International Seminar on Children’s Literature: Pure and Applied*, ritstýrt af Jean Webb, 224–236. Helsinki: Nordinfo, 2000.
- [án höf.]. „Barnabækur.“ *Tíminn*, 18. desember 1971.
- [án höf., án titils]. *Þjóðólfur*, 6. júní 1857.
- Árni Sigurjónsson. „Inngangur.“ Í *Íslensk bókmenntasaga IV*, ritstýrt af Guðmundi Andra Thorssyni, 21–27. Reykjavík: Mál og menning, 2006
- Árni Sigurjónsson. „Nokkrir aðrir höfundar.“ Í *Íslensk bókmenntasaga IV*, ritstýrt af Guðmundi Andra Thorssyni, 121–124. Reykjavík: Mál og menning, 2006.
- Árni Sigurjónsson. „Sagnagerð á þriðja áratug aldarinnar.“ Í *Íslensk bókmenntasaga IV*, ritstýrt af Guðmundi Andra Thorssyni, 21–124. Reykjavík: Mál og menning, 2006

- Ársæll Árnason. „Jón Sveinsson.“ *Eimreiðin*, 5–6 (1. september 1920): 352–361.
- Baden-Powell, Robert. *Scouting for Boys: A Handbook for Instruction in Good Citizenship*. Oxford: Oxford University Press, 2005.
- Bates, Laura Raidonis. „Sweet Sorrow”: The Universal Theme of Separation in Folklore and Children’s Literature.“ *The Lion and The Unicorn* 31, nr. 1 (2007): 48–64.
- Benstock, Shari. „Authorizing the Autobiographical.“ Í *The Private Self: Theory and Practice of Women’s Autobiographical Writings*, ritstýrt af Shari Benstock, 11–33. North Carolina: The University Press of North Carolina, 1988.
- Benton, Michael. „Reader-Response Criticism.“ Í *International Companion Encyclopedia of Children’s Literature*, ritstýrt af Peter Hunt, 113–128. 2. útgáfa. London og New York: Routledge, 2004.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. *Hugraun: Nútímabókmenntir og hugræn fræði*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun, Háskólaútgáfan, 2015.
- Bettelheim, Bruno. *The Uses of Enchantment: The Meaning and Importance of Fairy Tales*. London: Penguin Books, 1991.
- Bhabha, Homi K. *The Location of Culture*. London og New York: Routledge Classics, 1994.
- Bhabha, Homi K. „Tvístrun þjóðarinnar: Tími, frásögn og jaðar nútímaþjóðarinnar,“ þýtt af Steinunni Haraldsdóttur og Ólafi Rastrick. *Ritið* 5, nr. 2 (2005): 177–220.
- Bjarni Guðnason. „Bjarni Thorarensen og Montesquieu.“ Í *Afmælisrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969*, ritstýrt af Jóni Samsonarsyni, Jakobi Benediktssyni, Jónasi Kristjánssyni, Ólafi Halldórssyni og Stefáni Karlssyni, 27–33. Reykjavík: Heimskringla, 1969.
- Blaschke, Olaf. „The Unrecognised Piety of Men: Strategies and Success of the Re-Masculinisation Campaign Around 1900.“ Í *Christian Masculinity: Men and Religion in Northern Europe in the 19th and 20th Centuries*, ritstýrt af Yvonne Maria Werner, 47–60. Leuven: Leuven University Press, 2011.
- Boehmer, Elleke. *Colonial and Postcolonial Literature: Migrant Metaphors*. New York: Oxford University Press, 2005.
- Boehmer, Elleke. „Introduction.“ Í *Scouting for Boys: A Handbook for Instruction in Good Citizenship*, ritstýrt af Elleke Boehmer, xi–xl. Oxford: Oxford University Press, 2004.
- Bosmajian, Hamida. „Psychoanalytical Criticism.“ Í *International Companion Encyclopedia of Children’s Literature*, ritstýrt af Peter Hunt og Sheila Ray, 129–139. London og New York: Routledge, 2005.
- Boym, Svetlana. „Nostalgia and its Discontents.“ *Hedgehog Review* 9, nr. 2 (sumar, 2007): 7–18.
- Boym, Svetlana. *The Future of Nostalgia*. New York: Basic Books, 2001.
- Bradford, Clare. „Children’s Literature in a Global Age: Transnational and Local Identities.“ *Nordic Journal of ChildLit Aesthetics* 2 (2011): 20–34.

- Bradford, Clare. „There’s No Place Like Home: Unhomely Moments in Three Postcolonial Picture Books.“ Í *Cinderella Transformed: Multiple Voices and Diverse Dialogues in Children’s Literature: Proceedings of the 2001 Australasian Children’s Literature Association for Research Conference*, ritstýrt af John Mckenzie, Doreen Darnell og Anna Smith. Nýja-Sjáland: Centre for Children’s Literature 2003. doi: <https://orcid.org/0000-0001-8620-540X>.
- Bradford, Clare. *Unsettling Narratives: Postcolonial Readings of Children’s Literature*. Kanada: Wilfrid Laurier University Press, 2007.
- Bradford, Clare og Raffaella Baccolini. „Journeying Subjects: Spatiality and Identity in Children’s Texts.“ Í *Contemporary Children’s Literature and Film: Engaging with Theory*, ritstýrt af Kerry Mallan og Clare Bradford, 36–56. New York: Palgrave Macmillan, 2011.
- Brown, Penny. *A Critical History of French Children’s Literature. Volume One: 1600–1830*. Children’s Literature and Culture, ritstýrt af Jack Zipes. New York og London: Routledge, 2007.
- Brown, Penny. *A Critical History of French Children’s Literature: Volume Two: 1830–present*, Children’s Literature and Culture, ritstýrt af Jack Zipes. New York og London: Routledge, 2007.
- Bryant, M. Darrol. „Conversion in Christianity: From Without and from Within.“ Í *Religious Conversion: Contemporary Practices and Controversies*, ritstýrt af Christopher Lamb og M. Darrol Bryant, 177–190. London og New York: Cassell, 1999.
- Buell, Lawrence. *The Environmental Imagination: Thoreau, Nature Writing, and the Formation of American Culture*. Cambridge, MA, og London: The Belknap Press of Harvard University Press, 2005.
- Bullen, Elizabeth og Kerry Mallan. „Local and Global: Cultural Globalization, Consumerism, and Children’s Fiction.“ Í *Contemporary Children’s Literature and Film: Engaging with Theory*, ritstýrt af Clare Bradford og Kerry Mallan, 57–78. New York: Palgrave Macmillan, 2011.
- Butts, Dennis. *Children’s Literature and Social Change: Some Case Studies from Barbara Hofland to Philip Pullman*. Cambridge: The Lutterworth Press, 2010.
- Butts, Dennis. „Shaping Boyhood: British Empire Builders and Adventurers.“ Í *International Companion Encyclopedia of Children’s Literature*, ritstýrt af Peter Hunt og Sheila Ray, 340–351. London: Routledge, 1996.
- Butts, Dennis. „The Birth of the Boys’ Story and the Transition from the Robinsonades to the Adventure Story.“ *Revue de littérature comparée* 4 (2002): 445–454.
- Böðvar Guðmundsson. „Laust mál á lærdómsöld.“ Í *Íslensk bókmenntasaga II*, ritstýrt af Vésteini Ólasyni, 488–519. Reykjavík: Mál og menning, 1993.
- Carpenter, Humphrey og Mari Prichard. *The Oxford Companion to Children’s Literature*. Oxford: Oxford University Press, 1999.
- Chang, Li Ping. „(Re)location of Home in Louise Erdrich’s *The Game of Silence*.“ *Children’s Literature in Education*, 24, nr. 2 (2010): 132–147.

- Chatman, Seymour. *Story and Discourse: Narrative Structure in Fiction and Film*. Cornell: Cornell University Press, 1978.
- Christensen, Nina. *Videbegær: Oplysning, børnelitteratur, dannelse*. Árósar og Kaupmannahöfn: Aarhus Universitetsforlag, 2012.
- Clark, Katherina og Michael Holquist. *Mikhail Bakhtin*. Cambridge og London: Harvard University Press, 1984.
- Clifton, Nicole. „Of Arthur and of Merlin as Medieval Children’s Literature.“ *Arthuriana* 13, nr. 2 (2003): 9–22.
- Coats, Karen. *Looking Glasses and Neverlands: Lacan, Desire, and Subjectivity in Children’s Literature*. Iowa City: University Iowa Press, 2004.
- Cocks, Neil. „The Implied Reader. Response and Responsibility: Theories of the Implied Reader in Children’s Literature Criticism.“ Í *Children’s Literature New Approaches*, ritstýrt af Karin Lesnik-Oberstein, 93–117. London og New York: Palgrave, 2004.
- Coillie, Jan Van. „The Impact of In-Group/Out-Group Stereotypes: The Image of Foreign Cultures in Flemish Youth Literature in the Nineteenth Century.“ *International Research in Children’s Literature*, 4, nr. 1 (2011): 29–44.
- Connell, R. W. *Masculinities*. Cambridge: Polity Press, 1995.
- Corby, R. og Joep Leerssen. „Studying Alterity: Backgrounds and Perspectives.“ Í *Alterity, Identity, Image, Selves and Others in Society and Scholarship*, ritstýrt af Joep Leerssen og R. Corbey, vi–xviii. Amsterdam: Rodopi, 1991.
- Cowman, Krista. „“There are Kind Germans as well as Brutal Ones”: The Foreigner in Children’s Literature of the First World War.“ *The Lion and The Unicorn* 31, nr. 2 (2007): 103–115.
- Cubitt, Geoffrey. *The Jesuit Myth: Conspiracy Theory and Politics in Nineteenth-Century France*. Oxford: Clarendon Press, 1993.
- Cunningham, Hugh. *The Invention of Childhood*. London: BBC Books, 2006.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Barnamenning: Menning hveira, fyrir hvern.“ Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna: Erindi flutt á málþingi Umboðsmanns barna og Háskólarektors 5. nóvember 2004*, 31–38. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005.
- Dagný Kristjánsdóttir. *Bókabörn: Íslenskar barnabókmenntir verða til*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun, Háskólaútgáfan, 2015.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn.“ Í *Í Guðrúnarhúsi*, ritstýrt af Brynhildi Þórarinsdóttur og Dagnýju Kristjánsdóttur, 9–32. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Vaka-Helgafell, 2005.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Frá Laugamýri til Lundúna: Árin eftir seinna stríð.“ Í *Íslensk bókmenntasaga IV*, ritstýrt af Guðmundi Andra Thorssyni, 654–585. Reykjavík: Mál og menning, 2006.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Hugsýki.“ Í *Undirstráumar: Greinar og fyrirlestrar*, 326–342. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.

- Dagný Kristjánsdóttir. *Kona verður til: Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir fullorðna*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnum Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 1996.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Skólaljóð,“ *Ritið* 11, nr. 2 (2011): 131–148.
- Dagný Kristjánsdóttir. *Öldin öfgafulla: Bókmenntasaga tuttugustu aldarinnar*, ritstýrt af Bjarna Þorsteinssyni og Kristjáni Jóhanni Jónssyni. Reykjavík: Bjartur, 2010.
- Davidson, Peter. *The Idea of North*. Topographics, ritstýrt af Stephen Bann og Joseph Leo Koerner. London: Reaktion Books, 2005.
- Dilthey, Wilhelm. *Dilthey: Selected Writings*, ritstýrt og þýtt af H. P. Rickman. Cambridge: Cambridge University Press, 1976.
- Dujardin, Carine. „The Missionary Novel: A Modern Medium for an Anti-Modern Message. The Belgian Case: A Comparative Analysis.“ Í *Religion, Children's Literature and Modernity in Western Europe 1750–2005*, ritstýrt af Patricia Quaghebeur, Pat Pinsent, Michel Manson, Rita Ghesquiére, Hans-Heino Ewers og Jan De Maeyer, 271–280. Leuven: Leuven University Press, 2005.
- Eakin, Paul John. *How Our Lives Become Stories: Making Selves*. Ithaca og London: Cornell University Press, 1999.
- Eakin, Paul John. *Living Autobiographically: How We Create Identity in Narrative*. Ithaca og London: Cornell University Press, 2008.
- Egill Arnarson. „Um Louis Althusser.“ Í *Af marxisma*, ritstýrt af Magnúsi Þór Snæbjörnssyni og Viðari Þorsteinssyni, 168–174. Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.
- Eriksson, Katarina. *Life and Fiction: On Intertextuality in Pupils' Booktalk*. Linköping Studies in Arts and Science. Linköping: The Department of Child Studies, 2002.
- Eva Szuba Snorrason. „Að vera tvítyngdur: Hvernig er unnið með tvítyngd börn í leikskóla?“ B.Ed.-ritgerð. Háskólinn á Akureyri, 2011.
- Flothow, Dorothea. „Popular Children's Literature and the Memory of the First World War, 1919–1939.“ *The Lion and The Unicorn* 31, nr. 2 (2007): 147–161.
- Freeman, Mark og Jens Brockmeier. „Narrative Integrity: Autobiographical Identity and the Meaning of the “Good Life”.“ Í *Narrative and Identity: Studies in Autobiography, Self and Culture*, ritstýrt af Jens Brockmeier og Donal Carbaugh, 75–99. Amsterdam og Philadelphia: John Benjamins Publishing Company, 2001.
- Freud, Sigmund. „Sjálfið og þaðið.“ Í *Ritgerðir*, ritstýrt og þýtt af Sigurjóni Björnssyni, 237–296. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002.
- Freud, Sigmund. *Um sálgreiningu*, þýtt af Maiu Sigurðardóttur. Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1976.
- Freud, Sigmund. *Ritgerðir*, þýtt af Sigurjóni Björnssyni. Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 2002.

- Freysteinn Gunnarsson. „Formáli.“ Í *Nonni segir frá: Atburðir og frásagnir frá Eyrarsundi*, ritstýrt af Freysteini Gunnarssyni, 5–6. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1952.
- Freysteinn Gunnarsson. „Formáli fyrir annarri útgáfu.“ Í *Nonni: Brot út æskusögu Íslendinga, eigin frásögn*, ritstýrt af Freysteini Gunnarssyni, 5–7. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1958.
- Freysteinn Gunnarsson. Inngangur að *Ferð Nonna umhverfis jörðina: Nonni í Japan*, eftir Jón Sveinsson, 5–6. Þýtt af Freysteini Gunnarssyni. Reykjavík: Ísafold, 1971.
- Garcia-Gonzalez, Macarena. *Origin Narratives: The Stories We Tell Children about Immigration and International Adoption. Children's Literature and Culture*. New York og London: Routledge: Taylor and Francis, 2017.
- Ghesquiére, Rita. „Between Evangelisation and Economy: A Profile of Averbode Publishers (1920–2000).“ Í *Religion, Children's Literature and Modernity in Western Europe 1750–2005*, ritstýrt af Patricia Quaghebeur, Pat Pinsent Michel Manson, Rita Ghesquiére, Hans-Heino Ewers og Jan de Maeyer, 381–406. Leuven: Leuven University Press, 2005.
- Ghesquiére, Rita. „Contemporary Religious Writing.“ Í *International Companion Encyclopedia of Children's Literature*, ritstýrt af Peter Hunt, 306–317. London: Routledge, 2004.
- Gilmore, Leigh. *The Limits of Autobiography: Trauma and Testimony*. Ithaca: Cornell University Press, 2018.
- Glotfelty, Cheryll. „Introduction: Literary Studies in an Age of Environmental Crisis.“ Í *The Ecocriticism Reader: Landmarks in Literary Ecology*, ritstýrt af Cheryll Glotfelty og Harold Fromm, xv–xxxvii. Athens, GA: University of Georgia Press, 1996.
- Goga, Nina, Lykke Guanio-Uluru, Björg Oddrun Hallås og Aslaug Nyrnes. „Introduction.“ Í *Ecocritical Perspectives on Children's Texts and Cultures: Nordic Dialogues*, ritstýrt af Nina Goga, Lykke Guanio-Uluru, Björg Oddrun Hallås og Aslaug Nyrnes, 1–23. Sviss: Palgrave Macmillan, 2018.
- González, Macarena og Elisabeth Wesseling. „The Stories We Adopt By: Tracing “The Red Thread” in Contemporary Adoption Narratives.“ *The Lion and the Unicorn* 37, nr. 3 (2013): 31–61. doi: <https://doi.org/10.5167/uzh-91982>.
- Goswami, Supriya. *Colonial India in Children's Literature*. New York og London: Routledge, 2012.
- Grenby, Matthew O. „Children's Literature: Birth, Infancy, Maturity.“ Í *Children's Literature: Approaches and Territories*, ritstýrt af Janet Maybin og Nicola J. Watson, 39–56. Basingstoke: Palgrave Macmillan og The Open University, 2009.
- Grenby, Matthew O. *The Child Reader 1700–1840*. Cambridge: Cambridge University Press, 2011.
- Griffiths, Gareth, Helen Tiffin og Bill Ashcroft. *Key Concepts in Post-Colonial Studies*. London og New York: Routledge, 1998.

- Guðmundur Hálfðanarson. *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*, Íslensk menning: Ritróð ReykjavíkurAkademíunnar og Hins íslenska bókmenntafélags, ritstýrt af Adolf Friðrikssyni og Jóni Karli Helgasyni. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, ReykjavíkurAkademían, 2001.
- Gunnar F. Guðmundsson. *Kapólskt trúboð á Íslandi 1857–1875*, Ritsafn Sagnfræðistofnunar 17, ritstýrt af Jóni Guðnasyni. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1987.
- Gunnar F. Guðmundsson. „Nonni fer til náms: Um skólanám rithöfundarins Jóns Sveinssonar í Frakklandi 1871–1878.“ *Merki krossins: Kapólska kirkjan á Íslandi* 1 (2006): 49–67.
- Gunnar F. Guðmundsson. *Pater Jón Sveinsson: Nonni*. Reykjavík: Opna, 2012.
- Gunnar J. Gunnarsson. „Hvað eru kristileg gildi og hver er munurinn á þeim og gildum annarra trúarbragða?“ *Vísindavefurinn*. Sótt á <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=64442>.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. *Borderlines: Autobiography and Fiction in Postmodern Life Writing*. Amsterdam: Rodopi, 2003.
- Gusdorf, Georges. „Conditions and Limits of Autobiography.“ Í *Autobiography: Essays in Theoretical and Critical*, ritstýrt af James Olney, 51–61. Princeton, NJ: Princeton University Press, 1980.
- Hall, Stuart. „Cultural Identity and Diaspora.“ Í *Colonial Diaspora and Post-Colonial Theory: A Reader*, ritstýrt af Patrick Williams og Laura Christmann, 392–403. New York: Columbia University Press, 1994.
- Halldór Laxness. *Í túninu heima*. Reykjavík: Helgafell, 1971.
- Halldór Laxness. „Við Nonni.“ Í *Af skáldum*, Hannes Pétursson valdi efnið, 156–172. Reykjavík: Menningarsjóður, 1972.
- Hanawalt, Barbara A. „Medievalists and the Study of Childhood.“ *Speculum* 77, 2 (apríl, 2002): 440–460.
- Hazard, Paul. *Books, Children & Men*, þýtt af Marguerite Mitchell. Boston: The Horn Book, 1944.
- Hällström, Catharina, Hedda Jansson og Tiziana Poroni. „Ellen Key and the Birth of a New Children’s Culture.“ *Ricerche di Pedagogia e Didattica* 11, nr. 2 (2016): 1–26. doi: 10.6092/issn.1970-2221/6373.
- Helga Birgisdóttir. „Gunnar F. Guðmundsson, Pater Jón Sveinsson – Nonni [ritdómur].“ *Saga* 51, nr. 1 (2013): 178–183.
- Helga Birgisdóttir. „Searching for a Home, Searching for a Language: Jón Sveinsson, the Nonni Books and Identity Formation.“ Í *The Postcolonial. North Atlantic. Iceland, Greenland and the Faroe Islands*, ritstýrt af Lill-Ann Körber og Ebbe Volquardsen, 127–142. Berlín: Nordeuropa-Institut der Humboldt-Universität, 2014.
- Helga Birgisdóttir. „Þrír heimar – hið minnsta.“ *Bókmenntavefur*, 2011. <https://www.cityofliterature.is/umfjollun/med-heiminn-i-vasanum>.

- Heywood, Sophie. *Catholicism and Children's Literature in France: The Comtesse de Ségur (1799–1874)*, Studies in Modern French History, ritstýrt af Mark Greengrass og Pamela Pilbeam. Manchester: Manchester University Press, 2011.
- Hirsch, Marianne og Leo Spitzer. „‘We Would Not Have Come Without You’: Generations of Nostalgia.“ *American Imago* 59, nr. 3 (haust 2002): 253–276. doi: <https://doi.org/10.1353/aim.2002.0018>.
- Hjalti Hugason. „Af hverju urðu siðaskiptin hér á Íslandi?“ *Vísindavefurinn*, 24. febrúar 2010. Sótt á <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=16219>.
- Homer, Sean. *Jacques Lacan*, Routledge Critical Thinkers, ritstýrt af Robert Eaglestone. London og New York: Routledge, 2005.
- Houriha, Margery. *Deconstructing the Hero: Literary Theory and Children's Literature*. London og New York: Routledge, 1997.
- Hughes, Felicity. „Children's Literature: Theory and Practice.“ *ELH* 45, nr. 3 (1978): 542–561.
- Hunt, Peter. *An Introduction to Children's Literature*. Oxford, New York: Oxford University Press, 1994.
- Hunt, Peter. „Instruction and Delight.“ Í *Children's Literature: Approaches and Territories*, ritstýrt af Janes Maybin og Nicola J. Watson, 12–26. Basingstoke: Palgrave Macmillan, The Open University, 2009.
- Hunt, Peter. „Narrative Theory and Children's Literature.“ *Children's Literature Association Quarterly* 9, nr. 4 (1984–1985): 191–194. doi:10.1353/chq.0.0415.
- Hunt, Peter. „Prophecy War: The Hidden Agendas of Children's Literature, 1900–1914 ... and 2015.“ Í *Children's Literature and Culture of the First World War*, ritstýrt af Rosemary Ross Johnston, Emma Short og Lissa Paul. *Children's Literature and Culture*, 318–328. New York og London: Routledge, 2016.
- Hutcheon, Linda. „Irony, Nostalgia, and the Postmodern.“ Sótt á <http://www.library.utoronto.ca/utel/criticism/hutchinp.html>
- Ingibjörg Sigurðardóttir. *Sjálf í sviðsljósi: Ingibjörg Steinsdóttir leikkona (1903–1965) og sjálfsmyndasafn hennar*, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 25, ritstýrt af Davíð Ólafssyni, Má Jónssyni og Sigurði Gylfa Magnússyni. Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2020.
- Íris Ellenberger. „Somewhere Between ‘Self’ and ‘Other’: Colonialism in Icelandic Historical Research.“ Í *Nordic Perspectives on Encountering Foreignness*, ritstýrt af Anne Folke Henningsen, Leila Koivunen og Taina Syrjämaa, 99–114. Turku: University of Turku, 2009.
- Íslensk orðsifjabók*. Ritstjóri Ásgeir Blöndal Magnússon. Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989.
- Jackson, Mary V. *Engines of Instruction, Mischief, and Magic: Children's Literature in England from its Beginnings to 1839*. Lincoln, NE: University of Nebraska Press, 1989.

- Jay, Paul. *Global Matters: The Transnational Turn in Literary Studies*. Ithaca og London: Cornell University Press, 2010.
- Jon Svensson. *Nonni: Erlebnisse eines jungen Isländers von ihm selbst erzählt* (a). Freiburg: Herder, 1. útgáfa. 1913.
- Jon Svensson. *Nonni: Erlebnisse eines jungen Isländers von ihm selbst erzählt* (b). Freiburg: Herder, 3. útgáfa. 1916.
- Jones, Katharine. „Getting Rid of Children’s Literature.“ *The Lion and The Unicorn* 30, nr. 3 (september, 2006): 287–315.
- Jóhann Hjálmarsson. „Stríðið við Andrés önd.“ *Morgunblaðið* 68, nr. 71 (26. mars 1981): 12.
- Jón Hjaltason. *Nonni og Nonnahús*. Akureyri: Hólar, 1993.
- Jón Sveinsson. *Andlegar æfingar mínar með yngstu nemendum í Stella Matutina haustið 1916*, þýtt af Haraldi Hannessyni. Akureyri: Nonnahús á Akureyri og Zonta-klúbbur Akureyrar, 1986.
- Jón Sveinsson. *Á Skipalóni*, þýtt af Freysteini Gunnarssyni. Reykjavík: Ísafold, 1948.
- Jón Sveinsson. *Borgin við sundið: Framhald af Nonna. Ný ævintýri*, þýtt af Freysteini Gunnarssyni. Reykjavík: Ísafold, 1951.
- Jón Sveinsson. *Hvernig Nonni varð hamingjusamur*, þýtt af Freysteini Gunnarssyni. Reykjavík: Ísafold, 1956.
- Jón Sveinsson. „Í Weingarten: Heimsókn hjá særðum frönskum stríðsföngum í Schwaben á Þýzkalandi.“ *Eimreiðin* 27, nr. 1–2 (1. janúar 1921): 21–36.
- Jón Sveinsson. *Nonni: Brot úr æskusögu Íslendinga, eigin frásögn*, þýtt og ritstýrt af Freysteini Gunnarssyni. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1958.
- Jón Sveinsson. *Nonni og Manni*, þýtt af Magnúsi Jónssyni og Freysteini Gunnarssyni. Reykjavík: Bókaverslun Ársæls Árnasonar, 1925.
- Jón Sveinsson. *Nonni segir frá: Atburðir og frásagnir frá Eyrarsundi*. Reykjavík: Ísafold, 1952.
- Jón Sveinsson. *Sólskinsdagur*, þýtt af Freysteini Gunnarssyni. Reykjavík: Ísafold, 1949.
- Jón Sveinsson. *Yfir holt og hæðir: Ferðaminningar frá Íslandi sumarið 1894*, þýtt af Haraldi Hannessyni, ritstýrt af Freysteini Gunnarssyni. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1954.
- Jón Sveinsson. *Ævintýri úr Eyjum: Nonni ferðast um Sjáland og Fjón*, þýtt af Freysteini Gunnarssyni. Reykjavík: Ísafold, 1953.
- Jón Yngvi Jóhannsson. „Af reiðum Íslendingum: Deilur um Nýlendusýninguna 1905.“ *Í Þjóðerni í þúsund ár?*, ritstýrt af Kolbeini Óttarssyni Proppé, Jóni Yngva Jóhannssyni og Sverri Jakobssyni, 135–150. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003.
- Jung, Carl Gustav. *Four Archetypes: Mother, Rebirth, Spirit, Trickster*. Routledge og Kegan Paul, 1972 (1. útgáfa 1953).

- KÁ. „Eins og æsispennandi morðsaga: Rætt við Silju Aðalsteinsdóttur cand. mag. um íslenska barnabókmenntasögu.“ *Þjóðviljinn* 46, nr. 75 (31. mars 1981): 8.
- „Kennslubækur og önnur kennsluáhöld.“ *Ísafold* 24, nr. 12 (898): 45.
- Kidd, Kenneth B. *Making American Boys: Boyology and the Feral Tale*. Minnesota: University of Minnesota Press, 2004.
- Kliemann-Geisinger, Hendriette. „Kortlagning Norðursins – Norður-Evrópa sem breytilegt rými og landfræðihugtak.“ Í *Ímyndir og ímyndafræði*, ritstýrt af Clarence E. Glad, þýtt af Árna Óskarssyni og ÍNOR, 79–94. Reykjavík: ÍNOR og ReykjavíkurAkademían, 2011.
- Kline, David T. „Medieval Children’s Literature: Problems, Possibilities, Parameters.“ Í *Medieval Literature for Children*, ritstýrt af David T. Kline, 1–11. New York: Routledge, 2003.
- Kreutzer, Gert. „Nonni und die Isländische Literatur.“ *ISLAND. Zeitschrift der Deutsch-Isländischen Gesellschaft Köln* 1, nr. 1 (október 1995): 5–21.
- Kristín Loftsdóttir. „Republishing ‘The Ten Little Negros’: Exploring Nationalism and ‘Whiteness’ in Iceland.“ *Ethnicities* 13, nr. 3 (2013): 295–315.
- Kristján Jóhann Jónsson. *Grímur Thomsen: Þjóðerni, skáldskapur, þversagnir og vald*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2014.
- Kåreland, Lena. „Det är precis som om du var min mamma. Det kompetenta barnet – ett tema i barnlitteraturen.“ *Nedslag i börnelitteraturforskningen* 7, (2006): 163–186.
- Kümmerling-Meibauer, Bettina. „Images of Childhood in Romantic Children’s Literature.“ Í *Romantic Prose Fiction*, ritstýrt af Manfred Engel, Gerald Ernest, Paul Gillespie og Bernard Dieterle, 183–203. Amsterdam: John Benjamins Publishing, 2008.
- Laufey Einarisdóttir. „Það sem er gott og göfugt. Barnablaðið Æskan 1897–1941.“ MA-ritgerð. Háskóli Íslands. Sótt á <http://hdl.handle.net/1946/26612>.
- Lejeune, Philippe. „Autobiographical Pact (bis).“ Í *On Autobiography*, ritstýrt af Jonn Paul Eakin, þýtt af Katherine Leary. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1989.
- Lejeune, Philippe. *On Autobiography*, ritstýrt af Jonn Paul Eakin, þýtt af Katherine Leary. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1989.
- Leone, Massimo. *Religious Conversion and Identity*. London og New York: Routledge, 2004.
- Lerer, Seth. *Children’s Literature: A Reader’s History, from Aesop to Harry Potter*. Chicago og London: The University of Chicago Press, 2008.
- Lesnik-Oberstein, Karín. „Introduction. Children’s Literature: New Approaches.“ Í *Children’s Literature: New Approaches*, ritstýrt af Karín Lesnik-Oberstein, 1–24. London: Palgrave Macmillan, 2004.

- Loftur Guttormsson. *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld: Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*, Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10, ritstýrt af Jóni Guðnasyni. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1983.
- Loftur Guttormsson. *Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Kristni á Íslandi, ritstýrt af Hjálta Hugasyni. Reykjavík: Alþingi, 2000.
- Loftur Guttormsson. „Náms- og kennsluhættir.“ Í *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945*, ritstýrt af Guðmundi Hálfðanarsyni og Lofti Guttormssyni, 212–226. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008.
- Lucas, Gavin og Angelos Parigoris. „Icelandic Archaeology and the Ambiguities of Colonialism.“ Í *Scandinavian Colonialism and the Rise of Modernity: Small Time Agents in a Global Arena*, ritstýrt af Magdalena Naum og Jonas M. Nordin, 89–104. New York: Springer, 2013.
- MacCallum-Stewart, Esther. „If they ask us why we died”: Children’s Literature and the First World War, 1970–2005.“ *The Lion and the Unicorn* 31. 176–188. doi: 10.1353/uni.2007.0022.
- Man, Paul de. „Autobiography as De-Facement.“ *MLN* 94, nr. 5 (1979): 919–930.
- Manson, Michel. „The Editorial Strategies of Provincial Catholic Publishing Houses for the Young in the 19th Century France.“ Í *Religion, Children’s Literature and Modernity in Western Europe 1750–2005*, ritstýrt af Jan de Maeyer, Hans-Heino Ewers, Rita Ghesquiére, Michel Manson, Pat Pinsent og Patricia Quaghebeur, 423–444. Leuven: Leuven University Press, 2005.
- Margrét Tryggvadóttir. „Íslenskar barnabækur eftir 1970.“ Í *Íslensk bókmenntasaga V*, ritstýrt af Guðmundi Andra Thorssyni, 313–372. Reykjavík: Mál og menning, 2006.
- Mason, Michael A. „The Cultivation of the Senses for Creative Nostalgia in the Essays of W. H. Hudson.“ *ARIEL: A Review of International English Literature* 20, nr. 1 (1989): 23–37.
- Maurits, Alexander og Tine van Osselaer. „Heroic Men and Christian Ideals.“ Í *Christian Masculinity: Men and Religion in Northern Europe in the 19th and 20th Centuries*, ritstýrt af Yvoenne Maria Werner, 63–94. Leuven: Leuven University Press, 2011.
- May, Michele Ann. „The Republic and its Children: French Children’s Literature, 1855–1900.“ Doktorsritgerð. University of Illinois at Urbana-Champaign, 2010.
- McCulloch, Fiona. *Children’s Literature in Context*. London og New York: Continuum, 2011.
- McGillis, Roderick. „Fantasy as Epanalepsis: ‘An Anticipation of Retrospection’.“ *Papers: Explorations into Children’s Literature* 18, nr. 2 (2008): 7–14.
- McGillis, Roderick og Meena Khorana. „Introductory Notes: Postcolonialism, Children and their Literature.“ *ARIEL: A Review of International English Literature* 55, nr. 2 (1997): 7–15.
- Misch, Georg. *A History of Autobiography in Antiquity, Volume 2*. Cambridge, MA: Harvard University Press, 1951.

- Mjør, Ingeborg, Tone Birkeland og Gunvor Risa. *Barnelitteratur: Sjangrar og Teksttypar*. Landslaget for norskundervisning (LNU) 131. Ósló: Cappelen Akademisk Forlag, 2000.
- Molson, Francis J. „Francis J. Finn, S.J.: Pioneering Author of Juveniles for Catholic Americans.“ *Journal of Popular Culture* 11 (1977): 28–41.
- Monteiro, Marit. „Repertoires of Catholic Manliness in the Netherlands (1850–1940): A Case Study of the Dutch Dominicans.“ Í *Beyond the Feminization Thesis: Gender and Christianity in Modern Europe*, ritstýrt af Patrick Pastrue, Jan Art og Thomas Buerman, 137–156. Leuven: Leuven University Press, 2012.
- Mooren, Piet og Karen Ghonem-Woets. „The Trinity on Educational Publishing: The Constant Factors in the History of the Dutch Catholic Publishing Houses Zwijsen and Malmberg.“ Í *Religion, Children’s Literature and Modernity in Western Europe 1750–2005*, ritstýrt af Jan De Maeyer, Hans-Heino Ewers, Rita Ghesquiére, Michel Manson, Pat Pinsent og Patricia Quaghebeur, 407–422. Leuven: Leuven University Press, 2005.
- Mulloch, Fiona. *Children’s Literature in Context. Texts and Contents*. Continuum: London og New York, 2011.
- Murfin, Ross og Supryia M. Ray. „Postcolonial Literature and Postcolonial Theory.“ Í *The Bedford Glossary of Critical and Literary Terms*, ritstýrt af Supryia M. Ray og Ross Murfin. Boston og New York: Bedford/St. Martin’s, 2003.
- Myers, Lindsay. „“Flying the flag”: Arturo Rossato’s Fantasy Novel, L’aeroplano di Girandolino.“ Í *Children’s Literature and Culture of the First World War*, ritstýrt af Rosemary Ross Johnston, Emma Short og Lissa Paul. *Children’s Literature and Culture*, 30–47. New York og London: Routledge, 2016.
- Myers, Mitzi. „Storying War: An Overview.“ Í *Under Fire: Childhood in the Shadow of War*, ritstýrt af Elizabeth Goodenough og Andrea Immel, 19–28. Detroit: Wayne State University Press, 2008.
- Naseh, Leila. „Codeswitching Between Persian and Swedish.“ *Eurosla 7 Proceedings* (1997): 201–211.
- Nikolajeva, Maria. *Aesthetic Approaches to Children’s Literature: An Introduction*. Lanham, ML, og Toronto, Oxford: The Scarecrow Press, 2005.
- Nikolajeva, Maria. „Beyond the Grammar of Story, or How Can Children’s Literature Criticism Benefit from Narrative Theory?“ *Children’s Literature Association Quarterly* 28, nr. 1 (2003 (vor): 5–16.
- Nikolajeva, Maria. *Børnebogens byggeklodser*, þýtt af Nanna Gyldenkærne. Kaupmannahöfn: Høst & Søn, 2001.
- Nikolajeva, Maria. *Children’s Literature Comes of Age: Toward a New Aesthetic*. New York og London: Garland Publishing, 1996.
- Nikolajeva, Maria. *Reading for Learning: Cognitive Approaches to Children’s Literature*. Amsterdam og Philadelphia: John Benjamins Publishing Company, 2014
- Nodelman, Perry. „Interpretation and the Apparent Sameness of Children’s Literature.“ *Studies in the Literary Imagination* 18, nr. 2 (1985): 5–16.

- Nodelman, Perry. *The Hidden Adult: Defining Children's Literature*. Baltimore: Johns Hopkins University Press, 2008.
- Nodelman, Perry. „The Other: Orientalism, Colonialism, and Children's Literature.“ *Children's Literature Association Quarterly* 17, nr. 1 (1992): 29–35.
- Nodelman, Perry. *The Pleasures of Children's Literature*. New York, London: Longman, 1992.
- „Nonni eptir sjera Jón Sveinson“ (a). *Vísisdrengurinn* 1, nr. 1 (1913): 2–3.
- „Nonni eptir sjera Jón Sveinsson“ (b). *Vísisdrengurinn* 1, nr 2 (1914): 6–8.
- „Nonni eptir sjera Jón Sveinsson“ (c). *Vísisdrengurinn* 1, nr 3 (1914): 9–11.
- „Nonni eptir sjera Jón Sveinsson“ (d). *Vísisdrengurinn* 1, nr 4 (1914): 14–16.
- Norton, Donna E. *Through the Eyes of a Child: An Introduction to Children's Literature*. Columbus, Toronto, London, Sydney: Charles E. Merrill Publishing, 2011.
- „Nýtt rit.“ *Fjallkonan* 12, nr. 46 (13. nóvember 1895): 187.
- O'Malley, Andrew. *Children's Literature, Popular Culture, and Robinson Crusoe. Critical Approaches to Children's Literature*. England: Palgrave Macmillan, 2012.
- Ommundsen, Ása Marie. „Childhood in Nordic Children's Literature from 1850 to 1960.“ Í *Nordic Childhoods 1700–1960: From Folk Beliefs to Pippi Longstocking*, ritstýrt af Reidar Aasgaard, Marcia Bunge og Merethe Roos, án blaðsíðutals (rafræn bók). New York og London: Routledge, 2018.
- Osborne, John og Michael Wintle. „The Construction and Allocation of Identity Through Images and Imagery: An Introduction.“ Í *Image Into Identity: Constructing and Assigning Identity in a Culture of Modernity*, ritstýrt af Michael Wintle, 15–30. Amsterdam og New York: Rodopi, 2006
- Oslund, Karen. „Narrating the North: Scientific Exploration, Technological Management, and Colonial Politics in the North Atlantic Islands.“ Doktorsritgerð. Háskóli Íslands, 2000.
- Osselaer, Tine van. „‘Heroes of the Heart’: Ideal Men in the Sacred Heart Devotion.“ *Journal of Men, Masculinities and Spirituality* 3, nr. 1 (janúar, 2009): 22–40.
- O'Sullivan, Emer. „At the Periphery of the Periphery: Children's Literature, Global and Local.“ Í *Global Fragments: (Dis)Orientation in the New World Order*, ritstýrt af Anke Bartels and Dirk Wiemann, 241–258. Cross Readings in the Post / Colonial Literatures in English, Amsterdam, New York: Rodopi, 2007.
- O'Sullivan, Emer. „Children's Literature.“ Í *Imagology: The Cultural Construction and Literary Representation of National Characters*, ritstýrt af Joep Leerssen og Manfred Beller, 290–294. Amsterdam, New York: Rodopi, 2007.
- O'Sullivan, Emer. *Comparative Children's Literature*, þýtt af Anthea Bell. London og New York: Routledge, 2005. Byggt á bókinni *Kinderliterarische Komparatistik*.

- O'Sullivan, Emer. „Comparing Children's Literature.“ *GFL – German as Foreign Language* 2 (2002): 33–56.
- O'Sullivan, Emer. „Discourses of Internationalism in Children's Literature.“ Í *Child Autonomy and Child Governance in Children's Literature: Where Children Rule*, ritstýrt af Christopher Kelen og Björn Sundmark, 30–42. New York og London: Routledge, 2017.
- O'Sullivan, Emer. „Fun and Military Games: The War in German Picturebooks, 1914–1915.“ Í *Children's Literature and Culture of the First World War*, ritstýrt af Rosemary Ross Johnston, Emma Short og Lissa Paul, 197–213. New York og London: Routledge, 2016.
- O'Sullivan, Emer. „Imagology Meets Children's Literature.“ *International Research in Children's Literature* 4, nr. 1 (2011): 1–14.
- P. Pétursson. „Bókafregn í hag prestaekknasjóðnum.“ *Þjóðólfur* 21, nr. 45–46 (23. september 1869): 191.
- Paris, Michael. *Over the Top: The Great War and Juvenile Literature in Britain*. Westport, Connecticut og London: Prager, 2004.
- Paul, Lissa. „Enigma Variations: What Feminist Theory Knows about Children's Literature.“ Í *Children's Literature: the Development of Criticism*, ritstýrt af Peter Hunt, 148–165. England: Routledge, 1990.
- Paul, Lissa. „Feminist Criticism: From Sex-Role Stereotyping to Subjectivity.“ Í *International Companion Encyclopedia of Children's Literature*, ritstýrt af Peter Hunt og Sheila Ray, 98–109. New York og London: Routledge, 2005.
- Paul, Lissa. „Learning to be Literate.“ Í *The Cambridge Companion to Children's Literature*, ritstýrt af Matthew O. Grenby og Andrea Immel, 127–142. Cambridge, 2009.
- Pinsent, Pat. „British Catholic Children's Fiction between Vatican I and Vatican II.“ Í *Religion, Children's Literature and Modernity in Western Europe 1750–2005*, ritstýrt af Patricia Quaghebeur, Pat Pinsent, Michel Manson, Rita Ghesquiére, Hans-Heino Ewers og Jan de Maeyer, 145–164. Leuven: Leuven University Press, 2005.
- Proctor, Tammy M. „Introduction: Building and Empire of Youth: Scout and Guide History in Perspective.“ Í *Scouting Frontiers Youth and the Scout Movement's First Century*, ritstýrt af Nelson R. Block og Tammy M. Proctor, xxvi–xxxviii. Cambridge: Cambridge Scholars Publishing, 2009.
- Ragnhildur Richter. *Lafað í röndinni á mannfélaginu: Um sjálfsævisögur kvenna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2002.
- Renan, Ernest. „What is a Nation?“ Þýtt af Ethan Rundell. Sótt á http://ucparis.fr/files/9313/6549/9943/What_is_a_Nation.pdf.
- Reusch, Johann J. K. „Germans as Noble Savages and Castaways: Alter Egos and Alterity in German Collective Consciousness during the Long Eighteenth Century.“ *Eighteenth-Century Studies* 42, nr. 1 (2008), 91–129.

- Reynolds, Kimberley. „A Prostitution Alike of Matter and Spirit”: Anti-War Discourses in Children’s Literature and Childhood Culture before and during World War I.“ *Children’s Literature in Education* 44, nr. 2 (2012): 120–139.
- Reynolds, Kimberley. *Children’s Literature: A Very Short Introduction*. New York: Oxford University Press, 2011.
- Reynolds, Kimberley. „Introduction.“ Í *Children’s Literature Studies: A Research Handbook*, ritstýrt af Matthew O. Grenby og Kimberley Reynolds, 123–127. New York og England: Palgrave Macmillan, 2011.
- Reynolds, Kimberley. „Word about War for Boys: Representations of Soldiers and Conflict in Writing for Children before World War I.“ *Children’s Literature Association* 34, nr. 3 (2009): 255–271.
- Richardson, Alan. „Cognitive Literary Criticism.“ Í *Literary Theory and Criticism: An Oxford Guide*, ritstýrt af Patricia Waugh, 544–545. Oxford og New York: Oxford University Press, 2002.
- Riley, Patrick. *Character and Conversion in Autobiography: Augustine, Montaigne, Descartes, Rousseau, and Sartre*. Charlottesville og London: University of Virginia Press, 2004.
- Rose, Jacqueline. *The Case of Peter Pan, or, The Impossibility of Children’s Fiction*. London: Macmillan, 1984.
- Ross Johnston, Rosemary. „Gender.“ Í *Children’s Literature Studies: A Research Handbook*, ritstýrt af Matthew O. Grenby og Kimberley Reynolds, 151–161. London: Palgrave Macmillan, 2011.
- Ross Johnston, Rosemary. „Reader Response.“ Í *Children’s Literature Studies: A Research Handbook*, ritstýrt af Matthew O. Grenby og Kimberley Reynolds, 133–140. London: Palgrave Macmillan, 2011.
- Rousseau, Jean-Jacques. *Emile*, þýtt af Barböru Huxley. Project Gutenberg, 2011. Sótt á <http://www.gutenberg.org/files/5427/5427-h/5427-h.htm>.
- Rousseau, Jean-Jacques. *The Confessions of Jean Jacques Rousseau*. London: Privately Printed for the Members of the Aldus Society, 1903. Sótt á <http://www.gutenberg.org/files/3913/3913-0.txt>.
- Rudd, David. „Border Crossings: Carrie’s War, Children’s Literature and Hybridity.“ Í *English, Film and Media and Creative Writing: Book Chapters*, án blaðsíðutals. Bolton: University of Bolton, 2004.
- Rudd, David. „Children’s Literature and the Return to Rose.“ *Children’s Literature Association Quarterly* 35, nr. 3 (haust, 2010): 290–310.
- Rudd, David. „The Development of Children’s Literature.“ Í *The Routledge Companion to Children’s Literature*, ritstýrt af David Rudd, 3–13. Abingdon og New York, 2010.
- Rudd, David og Anthony Pavlik. „The (Im)Possibility of Children’s Fiction: Rose Twenty-Five Years On.“ *Children’s Literature Association Quarterly* 35, nr. 3 (2010): 223–229. doi:10.1353/chq.2010.0001.

- Said, Edward W. *Orientalism: Western Conceptions*. Indland: Penguin Books India, 1994 (frumútgáfa 1978).
- Sands-O'Connor, Karen. „Introduction: Stepping Out into the World: Series and Internationalism.“ Í *Internationalism in Children's Series*, Critical Approaches to Children's Literature, ritstýrt af Karen Sands-O'Connor og Marletta A. Frank, 1–16. London: Palgrave Macmillan, 2014.
- Schaer, Karin. „From Hell to Homeland: Eggert Ólafsson's *Reise igiennem Island* and the Construction of Icelandic Identity.“ Í *Images of the North: Histories – Identities – Ideas*, Studia Imagologica: Amsterdam Studies on Cultural Identity, ritstýrt af Sverri Jakobssyni, 131–138. Amsterdam og New York: Rodopi, 2009.
- Sebba, Mark og Tony Wooton. „We, They and Identity: Sequential Versus Identity-Related Explanation in Code-Switching.“ Í *Code-Switching in Conversation: Language, Interaction and Identity*, ritstýrt af Peter Auer, 262–286. London og New York: Routledge, 1998.
- Shavit, Zohar. *Poetics of Children's Literature*. Athens, GA: University of Georgia Press, 1986.
- Shavit, Zohar. „The Historical Model of the Development of Children's Literature.“ Í *Aspects and Issues in the History of Children's Literature*, Contribution to the Study of World Literature, ritstýrt af Maria Nikolajeva, 27–38. Westport, Connecticut og London: Greenwood Press, 1995.
- Sheffer, Jolie A. „Recollecting, Repeating, and Walking Through: Immigration, Trauma, and Space in Mary Antin's *The Promised Land*.“ *MELUS: Multi-Ethnic Literature of the U.S* 35, nr. 1 (vor 2010): 141–166. doi: <https://doi.org/10.1353/mel.0.0079>
- Sigríður Matthíasdóttir. *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.
- Sigprúður Gunnarsdóttir. *Fjósakona fór út í heim: Sjálfsmynd, skáldskapur og raunveruleiki í ferðasögum Önnu frá Moldnúpi*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 1998.
- Silja Aðalsteinsdóttir. *Íslenskar barnabækur 1780–1979*. Reykjavík: Mál og menning, 1981.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Íslenskar barnabækur: Sögulegt yfirlit.“ Í *Raddir barnabókanna*, ritstýrt af Silju Aðalsteinsdóttur, 9–37. Reykjavík: Mál og menning, 1999.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Raddir barnabókanna: Um frásagnartækni í barnabókum.“ Í *Raddir barnabókanna*, ritstýrt af Silju Aðalsteinsdóttur, 79–100. Reykjavík: Mál og menning, 1999.
- Silja Aðalsteinsdóttir. *Þjóðfélagsmynd íslenskra barnabóka: Athugun á barnabókum íslenskra höfundna á árunum 1960–1970*, Studia Islandica 35, ritstýrt af Sveini Skorra Höskuldssyni. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1975.
- Sky, Jeanette. „Myths of Innocence and Imagination: The Case of the Fairy Tale.“ *Literature and Theology* 16, nr. 4 (2002): 363–376.

- Slettan, Svein. „Ski Tracks in the Wilderness: Nature and Nation in Norwegian Young Adult Books from the 1930s.“ Í *The Nation in Children's Literature: Nations of Childhood*, ritstýrt af Christopher (Kit) Kelen og Björn Sundmark, 23–38. New York og London: Routledge, 2013.
- Smith, Anthony D. *The Ethnic Origins of Nations*. Oxford: Basil Blackwell, 1986.
- Smith, Sidonie og Julia Watson. *Reading Autobiography: A Guide for Interpreting Life Narratives*. Minneapolis, London: University of Minnesota Press, 2001.
- Soffía Auður Birgisdóttir. *Ég skapa – þess vegna er ég: Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*. Reykjavík, Opna, 2015.
- Soffía Auður Birgisdóttir. „Samferðamenn mínir mega fylkjast um mig og hlýða á játningar mínar: Nokkur orð um uppruna, eðli og þróun sjálfsævisagnaritunar.“ *Andvari* 126, nr. 1 (2001): 158–168.
- Spivak, Gayatri Chakravorty. „Can the Subaltern Speak?“ Í *Marxism and the Interpretation of Culture*, ritstýrt af Cary Nelson og Lawrence Grossberg, 271–313. London: Macmillan Education, 1988.
- Stadius, Peter. „Southern Perspectives on the North: Legends, Stereotypes, Images and Models.“ *BaltSeaNet Working Papers* 3 (2001): 1–16.
- Stanford Friedman, Susan. „Women's Autobiographical Selves.“ Í *The Private Self: Theory and Practice of Women's Autobiographical Writings*, ritstýrt af Shari Benstock, 34–63. North Carolina: The University of North Carolina Press, 1988.
- Stephens, John. „Introduction: The Politics of Identity: A Transcultural Perspective on Subjectivity in Writing for Children.“ Í *Subjectivity in Asian Children's Literature and Film: Global Theories and Implications*, ritstýrt af John Stephens, 1–18. New York og London: Routledge, 2012.
- Stewart, Susan. *On Longing: Narratives of the Miniature, the Gigantic, the Souvenir, the Collection*. Durham og London: Duke University Press, 1993
- Stott, Jon C., og Christine Doyle Francis. „“Home” and “Not Home” in Children's Stories: Getting there – and being worth it.“ *Children's Literature in Education* 24 (1993): 223–233.
- Stybe, Vibeke. *Fra Askepot til Anders And: Børnebogen i kulturhistorisk perspektiv*. Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1970.
- Sumarliði Ísleifsson. „Iceland.“ Í *Imagology: The Cultural Construction and Literary Representation of National Characters*, ritstýrt af Joep Leerssen og Manfred Beller, 177–179. Amsterdam, New York: Rodopi, 2007.
- Sumarliði Ísleifsson. „Icelandic National Images in the 19th and 20th Centuries.“ Í *Images of the North: Histories – Identities – Ideas*, Studia Imagologica: Amsterdam Studies on Cultural Identity, ritstýrt af Sverri Jakobssyni, 149–158. Amsterdam, New York: Rodopi, 2009.
- Sumarliði Ísleifsson. „Imaginations of National Identity and the North.“ Í *Iceland and Images of the North*, ritstýrt af Sumarliða Ísleifssyni með aðstoð Daniel Chartier, 3–22. Québec, Reykjavík: Presses de l'Université du Québec, ReykjavíkAkademían, 2011.

- Sumarliði Ísleifsson. *Í fjarska norðursins: Ísland og Grænland. Viðhorfssaga í þúsund ár*. Reykjavík: Sögufélag, 2020.
- Sumarliði Ísleifsson. „Villimenn Norðursins verða Hellenar Norðursins.“ Í *Ímyndir og ímyndafræði*, ritstýrt af Clarence E. Glad, þýtt af ÍNOR og Árna Óskarssyni, 110–123. Reykjavík: ÍNOR – Ísland og ímyndir norðursins, ReykjavíkurAkademían, 2011.
- Sutherland, Robert D. „Hidden Persuaders: Political Ideologies in Literature for Children.“ *Children’s Literature in Education* 16, nr. 3 (1985): 143–157.
- Sveinn Yngvi Egilsson. „Inngangur.“ Í *Náttúra ljóðsins: Umhverfi íslenskra skálda*, 7–11. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2014.
- Sveinn Yngvi Egilsson. „Myndmál sálma: Tilraun til túlkunar mreð hliðsjón af sálgreiningu Jacques Lacan.“ Í *Kynlegir kvistir tíndir til heiðurs Dagnýju Kristjánsdóttur fimmtugri*, ritstýrt af Soffíu Auði Birgisdóttur, 143–171. Reykjavík: Uglur og ormar, 1999.
- Sveinn Yngvi Egilsson, „„Og andinn mig hreif upp á háfjallatind“: Nokkrar birtingarmyndir hins háleita á 19. öld.“ Í *Náttúra ljóðsins: Umhverfi íslenskra skálda*, 67–95. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2014.
- Tatar, Maria. *The Hard Facts of the Grimm’s Fairy Tales*. Önnur útgáfa, aukin og endurbætt útgáfa. Princeton og Oxford: Princeton University Press, 2003.
- Taylor, Elspeth Anne. „Disruption and Disappointment: Relationships of Children and Nostalgia in British Interwar Fiction.“ MA-ritgerð, University of Iowa, 2011. doi: <https://doi.org/10.17077/etd.geskufcm>.
- Thomas Crane, Mary. „Cognitive Historicism: Intuition in Early Modern Thought.“ Í *The Oxford Handbook of Cognitive Literary Studies*, ritstýrt af Lisa Zunshine, 15–32. Oxford og New York: Oxford University Press, 2015.
- Tompkins, Jane P. „An Introduction to Reader-Response Criticism.“ Í *Reader-Response Criticism: From Formalism to Post-Structuralism*, ritstýrt af Jane P. Tompkins, xi–xxvi. Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press, 1980.
- Torfi K. Stefánsson Hjaltalín. *Eldur á Möðruvöllum: Saga Möðruvalla í Hörgárdal frá öndverðu til okkar tíma. Síðara bindi*. Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2001.
- Townsend, John Rowe. *Written for Children: An Outline of English-Language Children’s Literature*. Lanham, MA: Scarecrow Press, 1996.
- Unnur Dís Skaptadóttir. „Ólíkar raddir: Afstaða innflytjenda til íslenskrar tungu.“ *Ritið* 7, nr. 1 (2007): 45–61.
- Üçerler, M. Antoni J. „The Jesuit Enterprise in Sixteenth- and Seventeenth-Century Japan.“ Í *The Cambridge Companion to The Jesuits*, ritstýrt af Tomas Worcester, 153–168. Cambridge: Cambridge University Press, 2008.
- Vann, Richard T. „The Youth of Centuries of Childhood.“ *History and Theory* 21, nr. 2 (maí, 1982): 279–297. doi:10.2307/2505249.

- Vilborg Auður Ísleifsdóttir. *Siðbreytingin á Íslandi 1537–1565*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997.
- Voeltz, Richard A. „Reflections on Baden-Powell, the British Boy Scouts and Girl Guides, Racism, Militarism and Feminism.“ *Weber – The Contemporary West* 14, nr. 2 (1997). Sótt á https://www.weber.edu/weberjournal/JournalArchives/Archive_B/Vol_14_2/RVoeltzEss.html
- Vries, Jan de. „The Industrial Revolution and the Industrious Revolution.“ *Journal of Economic History* 54, nr. 2 (1994), 249–270.
- Waddey, Lucy. „Home in Children’s Fiction: Three Patterns.“ *Children’s Literature Association Quarterly* 8, nr. 1 (1983): 13–15.
- Wall, Barbara. *The Narrator’s Voice: The Dilemma of Children’s Fiction*. London, New York: Macmillan, 1991.
- Watson, Victor. *Reading Series Fiction: From Arthur Ransome to Gene Kemp*. Bandaríkin og Kanada: Taylor & Francis, 2000.
- Weinreich, Torben. *Børnelitteratur – en grundbog*. Kaupmannahöfn: Høst & Søn, 2000.
- Weinreich, Torben. *Historien om børnelitteratur: Dansk børnelitteratur gennem 400 år*. Kolding: Branner og Korch, 2006. Sótt á <https://bornelitteratur.lex.dk/>.
- Weintraub, Karl Joachim. *The Value of the Individual: Self and Circumstance in Autobiography*. Chicago: University of Chicago Press, 1978.
- Werner, Yvonne Maria. „Alternative masculinity? Catholic Missionaries in Scandinavia.“ Í *Christian Masculinity: Men and Religion in Northern Europe in the 19th and 20th Century*, ritstýrt af Yvonne Maria Werner, 165–187. Leuven: Leuven University Press, 2011.
- Werner, Yvonne Maria. „Catholic Mission and Conversion in Scandinavia.“ *Scandinavian Journal of History* 35, nr. 1 (2009): 65–85. doi: <https://doi.org/10.1080/03468750903132784>.
- Werner, Yvonne Maria. „Manliness and Catholic Mission in the Nordic Countries.“ *Journal of Men, Masculinities and Spirituality* 1, nr. 1 (janúar, 2007): 3–18.
- Werner, Yvonne Maria. „Studying Christian Masculinity: An Introduction.“ Í *Christian Masculinity: Men and Religion in Northern Europe in the 19th and 20th Centuries*, ritstýrt af Yvonne Maria Werner, 7–17. Leuven: Leuven University Press, 2011.
- Wilson, Adrian. „The Infancy of the History of Childhood: An Appraisal of Philippe Ariés.“ *History and Theory* 19, nr. 2 (febrúar, 1980): 132–153. doi:10.2307/2504795.
- Wilson, Melissa B. og Kathy G. Short. „Goodbye Yellow Brick Road: Challenging the Mythology of Home in Children’s Literature.“ *Children’s Literature in Education* 43, nr. 2 (2011).
- Winge, Mette. *Dansk Børnelitteratur 1900–1945 med Særligt Henblik på Børneromanen*. Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1.

- Wisker, Gina. *Key Concepts in Postcolonial Literature*. London: Palgrave Macmillan, 2007.
- Worcester, Thomas. „Introduction.“ Í *The Cambridge Companion to the Jesuits*, ritstýrt af Thomas Worcester, 1–12. Cambridge: Cambridge University Press, 2008.
- Zunshine, Lisa. „Introduction to Cognitive Literary Studies.“ Í *The Oxford Handbook of Cognitive Literary Studies*, ritstýrt af Lisa Zunshine, 1–9. Oxford og New York: Oxford University Press, 2015.
- Ørjasæter, Kristin. „Wild Nature Revisited: Negotiations af the National Self-Imagination.“ Í *The Nation in Children's Literature: Nations of Childhood*, ritstýrt af Christopher (Kit) Kelen og Björn Sundmark, 39–51. New York og London: Routledge, 2013.